

**ÚRSKURÐUR  
ÓBYGGÐANEFNDAR**

**Mál nr. 1/2013**

**Skagi**



**19. desember 2014**



---

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>4</b>
<b>2</b>	<b>MÁLSMEDFERÐ</b> .....	<b>4</b>
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar.....	4
2.2	Norðvesturland tekið til umfjöllunar.....	4
2.3	Lýstar kröfur og kynning.....	5
2.4	Mál nr. 1/2013, Skagi.....	6
<b>3</b>	<b>KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>9</b>
3.1	Kröfur íslenska ríkisins.....	9
3.1.1	Þjóðlenda.....	9
3.1.1.1	Samliggjandi svæði Reynistaðarafréttar, Skrapatunguafréttar og Höskuldsstaðarafréttar.....	9
3.1.1.2	Almenningur á Skagaheiði.....	9
3.2	Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Staðarafréttar / Reynistaðarafréttar og Skálahnjúks.....	10
3.3	Kröfur Blönduósbæjar vegna Fannlaugarstaða.....	11
3.4	Kröfur Blönduósbæjar vegna Skálahnjúks.....	11
3.5	Kröfur Blönduósbæjar vegna Skrapatunguafréttar.....	12
3.6	Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar og fleiri vegna Almennings á Skaga.....	12
<b>4</b>	<b>GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>14</b>
4.1	Inngangur.....	14
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar.....	14
4.3	Vettvangsferð.....	15
4.4	Skýrslutökur.....	15
<b>5</b>	<b>SAGA LANDSVÆÐA</b> .....	<b>16</b>
5.1	Landnám.....	16
5.2	Fannlaugarstaðir.....	17
5.2.1	Aðliggjandi og tengd landsvæði.....	25
5.2.1.1	Þórðarsel/Veðramót.....	25
5.2.1.2	Heiði í Gönguskörðum / Dalsá.....	25
5.2.1.3	Illugastaðir í Laxárdal nyrðri.....	28
5.3	Skálahnjúkur.....	30
5.3.1	Aðliggjandi og tengd landsvæði.....	35
5.3.1.1	Trölleyrar í Gönguskörðum.....	35
5.3.1.2	Selhólar í Gönguskörðum.....	36
5.3.1.3	Kálfárdalur.....	37
5.3.1.4	Þórðarsel/Veðramót.....	38
5.3.1.5	Sneis.....	43
5.3.1.6	Kirkjuskarð.....	44
5.4	Skrapatunguafrétt.....	44
5.4.1	Aðliggjandi og tengd landsvæði.....	57
5.4.1.1	Skrapatunga.....	57
5.4.1.2	Höskuldsstaðir / Höskuldsstaðaafrétt.....	60
5.4.1.3	Hvammshlíð í Norðurárdal.....	66
5.4.1.4	Kirkjuskarð.....	67
5.4.1.5	Núpsöxl.....	68
5.4.1.6	Núpur á Laxárdal.....	68
5.4.1.7	Mánaskál á Laxárdal.....	69

5.4.1.8	Barð í Norðurárdal .....	69
5.4.1.9	Kirkjubær í Norðurárdal .....	70
5.4.1.10	Þórðarsel/Veðramót .....	71
5.5	Reynistaðarafrétt (Staðarafrétt) .....	72
5.5.1	Aðliggjandi og tengd landsvæði .....	89
5.5.1.1	Reynistaður / Staður í Reyninesi .....	89
5.5.1.2	Atlastaðir í Víðidal .....	95
5.5.1.3	Helgastaðir í Víðidal .....	96
5.5.1.4	Þúfnavellir .....	98
5.5.1.5	Rauðagil .....	100
5.5.1.6	Þverá í Víðidal .....	101
5.5.1.7	Hrafnagil .....	102
5.5.1.8	Gvendarstaðir á Staðarfjöllum undir Hryggjafjalli .....	102
5.5.1.9	Hryggir í Hryggjadal á Staðarfjöllum .....	103
5.5.1.10	Kimbastaðir .....	106
5.5.1.11	Gil í Borgarsveit .....	106
5.5.1.12	Hólkot / Birkihlíð .....	107
5.5.1.13	Vík í Sæmundarhlíð vegna Víkursels .....	108
5.5.1.14	Geirmundarstaðir .....	109
5.5.1.15	Dúkur .....	109
5.5.1.16	Hóll í Sæmundarhlíð .....	110
5.5.1.17	Bessastaðir í Sæmundarhlíð .....	111
5.5.1.18	Árgerði í Sæmundarhlíð .....	111
5.5.1.19	Sólheimar í Sæmundarhlíð .....	112
5.5.1.20	Þverárdalur á Laxárdal .....	112
5.5.1.21	Mjóidalur .....	113
5.5.1.22	Hvammur á Laxárdal .....	114
5.5.1.23	Mörk .....	115
5.5.1.24	Móbergssel .....	116
5.5.1.25	Vesturá .....	116
5.5.1.26	Sneis .....	117
<b>6</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....</b>	<b>118</b>
6.1	Efnisskipan og sameiginleg atriði .....	118
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar .....	118
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	118
6.1.2.1	Yfirlit .....	118
6.1.2.2	Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir 119	
6.1.2.3	Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis .....	122
6.1.2.4	Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna .....	125
6.2	Landnám .....	129
6.3	Fannlaugarstaðir .....	129
6.3.1	Inngangur .....	129
6.3.2	Sjónarmið aðila .....	129
6.3.3	Niðurstaða .....	131
6.4	Skálahnjúkur .....	142
6.4.1	Inngangur .....	142
6.4.2	Sjónarmið aðila .....	142
6.4.3	Niðurstaða .....	144

---

6.5	Skrapatunguafrétt .....	154
6.5.1	Inngangur .....	154
6.5.2	Sjónarmið aðila .....	154
6.5.3	Niðurstaða .....	156
6.6	Reynistaðarafrétt (Staðarafrétt) .....	169
6.6.1	Inngangur .....	169
6.6.2	Sjónarmið aðila .....	169
6.6.3	Niðurstaða .....	171
6.7	Almenningur á Skaga .....	185
6.8	Um málskostnað .....	188
<b>7</b>	<b>ÚRSKURÐARORÐ .....</b>	<b>189</b>

---

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn, 19. desember 2014, er tekið fyrir mál nr. 1/2013, Skagi, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður óbyggðanefndar og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Hulda Árnadóttir.

Aðilar máls eru<sup>1</sup>:

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Andri Árnason hrl.)

Sveitarfélagið Skagafjörður og fleiri vegna Almennings á Skagaheiði.

Sveitarfélagið Skagafjörður vegna Staðarafréttar/Reynisstaðaafréttar og Skálahnjúks.

Landsbankinn vegna Hvammshlíðar

(Ólafur Björnsson hrl.)

Blönduósbær vegna Fannlaugarstaða, Móbergssels og Skrapatunguafréttar.

(Stefán Þórarinn Ólafsson hrl.)

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

### 2.2 Norðvesturland tekið til umfjöllunar.

Með bréfi, dagsettu 21. febrúar 2008, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á Norðvesturlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

---

<sup>1</sup> Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

---

Landsvæði þetta, hið níunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, tók til Sveitarfélagsins Skagafjörður, Sveitarfélagsins Skagastranda, Skagabyggðar, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps vestan Blöndu, Húnaþings vestra, Borgarfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar. Með bréfi til fjármálaráðherra, dags. 28. október 2008, tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hafi verið að breyta fyrirhugaðri röð næstu svæða á þann veg að taka svæði 7 norður (einnig nefnt 7 b) til umfjöllunar á undan svæði 8 og, að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, hafi einnig verið ákveðið að skipta svæði 8 í tvennt. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt Norðvesturland (8 norður). Vestur hluti hins upprunalega svæðis nefndis nú Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (8 vestur).

Landsvæðið Norðvesturland afmarkast svo:

Að vestan ræður Hrutafjarðará sem fylgt er að sýslumörkum Húnavatnssýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu á Arnarvatnsheiði. Sýslumörkum er fylgt austur að sýslumörkum Árnassýslu og er þeim einnig fylgt til austurs í Blöndu. Blöndu er fylgt norður að norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps og er þeim fylgt austur að norðurmörkum fyrrum Seyluhrepps og þeim fylgt austur í Héraðsvötn. Héraðsvötnum er svo fylgt til ósa. Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. júlí 2009 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða.

Fjármálaráðherra var tilkynnt með bréfi, dags. 6. júlí 2009, að sbr. bráðabirgðaákvæði VII í lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, myndi óbyggðanefnd ekki taka til meðferðar ný svæði né fjármálaráðherra lýsa kröfum ríkis um þjóðlendur fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2012. Hafði þetta í för með sér að fyrri ákvörðun óbyggðanefndar, um að veita íslenska ríkinu kröfulýsingarfrest til 31. júlí 2009, var úr gildi fallin.

Þann 23. júní 2011, var fjármálaráðherra tilkynnt um að mál þetta væri aftur tekið til meðferðar og honum veittur frestur til 9. janúar 2012 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Húnaþings vestra, Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 31. mars 2012 og síðar til 30. júní sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

### **2.3 Lýstar kröfur og kynning**

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Norðvesturlandi bárust 2. júlí 2012. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð

---

á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingarblaðinu 5. júlí 2012, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 7. janúar 2013. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur þar til í febrúar 2013.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki og á Blönduósi, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki og á Blönduósi, frá 15. apríl til og með 15. maí 2013, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 22. maí 2013. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdarfrests.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í einum hluta. Á móti bárust 16 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

#### **2.4 Mál nr. 1/2013, Skagi.**

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fjögur mál, þ.e. mál nr. 1/2013, Skagi; mál nr. 2/2013, Húnavatnshreppur; mál nr. 3/2013, Húnaþing vestra, syðri hluti og mál nr. 4/2013, Vatnsnes.

Mál nr. 1/2013 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 4. mars 2013. Gerð var grein fyrir skiptingu svæðisins í mál og því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Karl Axelsson, formaður, Allan V. Magnússon og Ása Ólafsdóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl til upplýsinga fyrir lögmenn, ásamt skjalaskrá, og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir tiltekin atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna



---

að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. Þjóðlendulaga.

Við aðra fyrirtöku málsins, 21. mars 2013, var lögð fram, af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra og bókun um breytingar á kröfulínum ríkisins, dags. 21.3.2013. Að auki gerðu lögmennt aðila grein fyrir sáttum aðila sem leitt hafi til þess að ekki væri lengur gerðar kröfur inn á jarðir heldur nái kröfur ríkisins um þjóðlendur einungis til afrétta. Efnislegur ágreiningur væri þó uppi varðandi tiltekin landsvæði. Loks var íslenska ríkinu veittur frestur til að skila greinargerð í málinu.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 29. apríl 2013, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til skila á greinargerðum. Að lokum var farið yfir tilhögun fyrirhugaðrar aðalmeðferðar.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 12. júní 2013, voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar. Að beiðni lögmanns aðila var veittur frestur til að skila greinargerð vegna Almennings á Skaga þar sáttarferli vegna hans stóð yfir.

Við fimmtu fyrirtöku málsins, 29. júní 2013, gerðu lögmennt aðila grein fyrir stöðu á sáttarferli vegna Almennings á Skaga. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Við sjöttu fyrirtöku málsins, 17. júlí 2013, voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Lögð var fram sátt aðila um þá niðurstöðu að Almendingur á Skagaheiði, eins og hann er afmarkaður í sátt þeirri er lögð var fram við fyrirtökuna, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., samanber einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, en jafnframt afréttur jarða í umræddum sveitarfélögum, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Gerð er grein fyrir efni sáttarinnar í kafla 6.7.

Sáttin var gerð með fyrirvara um að gagnaöflun var ekki að fullu lokið af hálfu óbyggðanefndar og með fyrirvara um staðfestingu af hálfu umbjóðenda lögmannna. Lögmennt kváðust munu afla undirritana sinna umbjóðenda og leggja sáttina fram undirritaða síðar.

Málskostnaðarkröfur aðila vegna Almennings á Skagaheiði voru lagðar í úrskurð óbyggðanefndar en lögmennt töldu ekki þörf á að flytja málið sérstaklega um þær.

Við 7. fyrirtöku, 9. ágúst 2013, voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Einnig var farið yfir stöðu gagnaöflunar hjá óbyggðanefnd. Veittur var frestur til að skila inn undirritaðri sátt vegna Almennings á Skagaheiði.

Við 8. fyrirtöku, 30. ágúst 2013, lögðu lögmennt málsaðila fram undirritaða sátt umbjóðenda sinna um eignarréttarlega stöðu Almennings á Skagaheiði, ásamt

---

korti. Óbyggðanefnd staðfesti sáttina með undirritun sinni. Með undirrituninni felst ekki afstaða til mögulegs ágreinings um staðarmörk sveitarfélaga innan Almennings á Skagaheiði. Einnig var úrskurðað um málskostnað.

Lögmaður íslenska ríkisins tók fram að í greinargerð ríkisins í málinu, skjal. nr. 1(18), í umfjöllun um afmörkun gagnvart Móbergsseli, sé gerð grein fyrir breytingu á kröfulínunni á bls. 3, lið nr. 4. Feli sú breyting í sér að miða skuli við ytri Grjótárbotn í stað syðri en þessi breyting hafi ekki skilað sér inn í kröfupunktalýsingu á bls. 2 þar sem segi að við punkt 18 að miðað sé við syðri Grjótárbotn. Þar eigi að standa ytri en ekki syðri. Einnig var tekið fram að ekki sé uppi ágreiningur um afmörkun lands Reynistaðar milli pkt. nr. 5 og 7 í kröfulínu íslenska ríkisins. Lögmenn boða að þeir muni samræma staðsetningu kennileita og láta laga kröfulínurnar á kröfulínukortinu. Hið sama á við varðandi norðurmörk Fannlaugarstaða á milli pkt. nr. 2 og 4 í kröfulínu ríkisins en lögmaður ríkisins gerir ráð fyrir að línur verði væntanlega samræmdar á þá leið að Ambáttará ráði afmörkuninni.

Að lokum var farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar og ferðatilhögun vettvangsferðar.

Aðalmeðferð fór fram dagana 9.-10. september 2013 og skiptist í vettvangsskoðun, skýrslutökur og málflutning. Fundað var í Miðgarði, Varmahlíð. Um fyrstnefndu atriðin tvö vísast nánar til kafla 4.3. og 4.4. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Loks var málið endurupptekið 9. desember 2014 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Engar athugasemdir komu fram og ekki var talin þörf á endurflutningi og var málið því tekið til úrskurðar að nýju.

---

## 3 KRÖFUGERÐ<sup>2</sup>

### 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda en um er að ræða Almennung á Skagaheiði, Skrapatunguafrétt, Fannlaugarstaði, Skálahnjúk og Reynistaðarafrétt.

#### 3.1.1 Þjóðlenda

##### 3.1.1.1 Samliggjandi svæði Reynistaðarafréttar, Skrapatunguafréttar og Höskuldsstaðarafréttar

Upphafspunktur er Sjónarhóll í Ambáttardal (2). Þaðan er fylgt Ambáttaránni og þaðan er farin sjónhending í Laxá (4), og henni fylgt í suður (5) þar til hún verður Tröllá sem er áfram fylgt alveg að Tröllafossi (6). Þaðan er farin sjónhending suður í Þverárgil (7), og Þverá fylgt þar til hún fellur í Víðidalsá (8). Ræður svo Víðidalsá þar til hún rennur í Rangalaá (9), og Rangalaá í suður þar til Miðdalsá rennur í hana (10). Miðdalsá er svo fylgt til upptaka hennar (11). Þaðan er farin sjónhending suður yfir vatnsvikið í læk er rennur úr Vestari-Hólsvatni (12), og er honum fylgt suður í miðja Urriðatjörn (Aurriðatjörn) (13). Ræður svo Vatnadalsá úr tjörninni suður að svæðamörkum (nyrðri mörkum Bólstaðarhlíðarhrepps) (14), þar sem Vatnadalsá mætir læk öðrum er rennur í Þröngadal (15). Ræður nefndur lækur í norður þar til er farin sjónhending í norður yfir Víðidalsflóa í upptök Víðidalsár (16). Er Víðidalsá svo fylgt í norður þar til Grjótá fellur í hana (17), og er Grjótá fylgt í ytri Grjótárbotn (18). Þaðan er farin sjónhending upp á eggjar Laxárdalsfjalls (19), og er þeim fylgt í norðvestur að Digurbungu (20). Þaðan er farin sjónhending yfir Vesturárskarð í vörður á svokölluðum Kambi (21). Þaðan er farið áfram í norður í Stimpulækjardrög (22) og er þaðan farið vestur fjallið, þar til komið er í Kirkjuskarðsbotninn (23). Þaðan er farið beint norður í Mjódalsbotn (24). Mjódalsá er svo fylgt í norður þar til hún rennur í Bárðardalsá (Hvammshlíðardalsá) (25). Þaðan er svo farið austur í Ambáttará í upphafspunktinn Sjónarhól í Ambáttardal (2).

##### 3.1.1.2 Almennungur á Skagaheiði

Upphafspunktur er Miðárós í Þverárvötnum (1). Þaðan er Miðá fylgt í norður að Miðárfossi (2). Frá Miðárfossi ræður sjónhending í vörðu austan við Hrauná framanvert við Fremstuhaga (3). Þaðan er farin sjónhending norður í vörðu er stendur norðanvert við ytra-Hnausabrekkuhorn (4). Frá þeim punkti er haldið áfram norður í vesturenda tjarnar þeirrar sem er norðanvert við Fossbreið (5), og þaðan í Urðarskál

---

<sup>2</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna Hvammshlíðar, Móbergssels og Mjóadals. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að landsvæði þessi falla utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum, nema að því er varðar ákvörðun málskostnaðar, eftir því sem við á.

---

norðan við Andavatnabreið (6). Svo er haldið áfram beina línu norður í vörðu á Vörðuhálsi á austari Brunabrún (7). Þaðan er farið í beina línu í norður að syðra-Hágbrekkuhorni (8). Frá syðra-Hágbrekkuhorni norður austari Bruna brún til Káraháls í Ketugrænum (9). Þaðan er dregin lína norður í Aravatnshaug (10) og haldið áfram norður í Aravatnaskjöl þar til kemur í mitt Trafalaskarð (11). Síðan er haldið enn áfram norður í Hrafnabjargarárgljúfur (12). Síðan er Hrafnabjargará til Skákavatns (13), þá Skákarvatn til Aravatnsár (14), svo er Aravatnsár fylgt til Aravatns (15), svo Aravatn til Holdjúpshóls (16). Úr Holdjúpshól er dregin bein lína í hól á norðara Svínafellshorni þar til komið er móts við Stuttalæk (17). Úr nefndum hól á norðara Svínafellshorni er dregin lína í vestur þar til Grettistak ber í Þorgilslækjarós (18). Svo í suður sem Svínafell ræður að vestan í Langalækjarhól (19), þaðan í stein er stendur í, eða við Laxá og nefndur er Sladdur (20). Þaðan er farið beint suður í klöpp á norðanverðum Skjaldbreiðarhól (21), og þaðan í suður þvert yfir Skjaldbreiðavatn að Langavatnsós (22). Ánni er svo fylgt suður að Langavatni sem ræður svo suðurenda þess (23). Úr vatninu ræður Fjallabaksá þar til Fossdalsá rennur í hana, suður í einkennilegt steinbjarg með grasi vöxnum jarðvegi að ofan sem er skammt norður undan norðausturhorni Bergstaðarvatns (26). Þaðan er svo dregin lína sjónhending í austur í átt að vörðu á urðum (27) og þaðan að áðurgreindum upphafspunkti við Miðárós í Þverárvötnum (1).

### **3.2 Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Staðarafréttar / Reynistaðarafréttar og Skálahnjúks**

Þess er krafist að framkominni þjóðlendukröfu verði hafnað og viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan landamerkja þess landsvæðis sem íslenska ríkið hefur gert kröfu til að verði úrskurðað þjóðlenda sbr. kröfulýsingu íslenska ríkisins dags. 2. júlí 2012, þ.e. innan landamerkja fyrrgreindra jarða enda séu þau undirorpin óslitnum beinum eignarrétti landeigenda frá fornu fari.

Þá er sérstaklega mótmælt þeim sjónarmiðum er fram koma í greinargerð íslenska ríkisins dagsettri 29. apríl 2013 og þess krafist að kröfu íslenska ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.

Krafist er viðurkenningar á að landamerki þrætusvæðisins séu í samræmi við fyrirliggjandi landamerkjaskrár, hornpunktaskrá og uppdrætti landeigenda sbr. fyrirliggjandi gögn.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra á þrætusvæðinu, fari svo að einhver hluti þess verði talinn til þjóðlendu. Í þeim afnotarétti felist öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, eða hver þau afnot sem möguleg eru eða verða.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

---

### 3.3 Kröfur Blönduósbæjar vegna Fannlaugarstaða

Þess er krafist að viðurkennt verði að Blönduósbær hafi beinan eignarrétt að öllu landi sem tilheyrir Fannlaugarsöðum og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og merkjum er lýst í dómsmálabók Skagafjarðarsýslu 1820-1823, Skag. GA/4-1820 til 1823, bls. 247-249, en um var að ræða áreið og útmælingu Fannlaugarstaðalands dags. 10. júlí 1823: „En Fannstóðsland er eftir allra gamalla manna sögu milli Rauðagils (1) og Ambáttarár (2). Var riðið á þetta land og það skoðað. Var gengið út frá því að það lægi í sömu línu og aðrar jarðir vestan fram í Laxárdal og heyrði til þeirrar sveitar og eðlilega til sýslunnar — þótt það væri ekki stutt af skjalgögnum — einnig mörgum öðrum líkindum, að allt það land sem vötn falla af (4) til Laxár að vestan, að svo miklu leyti sem snertir þetta umtalaða Fannlaugarstaðaland, ræður Fífugil (3) að utan til Bárðardals (5) sem kemur heim og saman við Skrapatungu máldaga. Er þetta nýbýli metið og skoðaðir sjáanlegir kostir, lestir, ágangur og túnleysi. Álist jörðin sanngjarnlega metin 8 hundruð.“

Með öðrum orðum er gerð krafa til þess að viðurkennt verði að allt landsvæði milli ofangreindra punkta sé háð beinum eignarrétti. Laxá ræður merkjum að vestan milli Rauðagils og Ambáttarár.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### 3.4 Kröfur Blönduósbæjar vegna Skálahnjúks

Þess er krafist að viðurkennt verði að Blönduósbær hafi upprekstar- og beitarrétt að öllu landi sem tilheyrir Skálahnjúki og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og landinu er lýst í landamerkjaskrá fyrir Skálahnjúk nr. 302 frá 20. ágúst 1885: „Að austan ræður Vatnaöxl (1) hvar hlaðið skal hornmerki, allt suður í Jörundarlæk (2). Þaðan í Tröllá (3) sem ræður uppí botninn. Þaðan beint upp úr botninum á háfjall (4), hvar setja skal útsuður hornmerki. Þaðan ræður háfjallið norður eptir og síðan Miðaftansfjallið (5) móti bænum, allt þar til komið er út á móts við landamerkjagarð þann, er liggur upp frá Tröllá að austan og skal þar hlaða útnorðurhornmerki á fjallinu. Þaðan niður fjallið beint í fyrnefndan garð (6), sem ræður merkjum uppá Bakdalsháls. Þaðan eftir sömu stefnu í fyrnefnda vörðu á Vatnaöxl (1).“

Með öðrum orðum er gerð krafa til þess að viðurkennt verði að allt landsvæði milli ofangreindra punkta sé háð óbeinum eignarrétti Blönduósbæjar.

Blönduósbær krefst þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

---

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.5 Kröfur Blönduósbæjar vegna Skrapatunguafréttar**

Þess er krafist að viðurkennt verði að Blönduósbær hafi beinan eignarrétt að öllu landi sem tilheyrir Skrapatunguafrétti og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og landinu er lýst í dómi 12 presta í Fornbréfasafni V. bindi, bls. 676 og áfram og afmarkast af landamerkjum aðliggjandi jarða með eftirfarandi hætti: „Punktur nr. 1 er Fífugil, þaðan er farið í Mjóadalsá við Gálgagil (2), síðan í Mjóadalsbotn (3) og þaðan í Kirkjuskarðsbotn (4), þaðan vestur í Strimpulækjardrög (5) og þaðan er fylgt landamerkjum Skálahnjúks í punkt nr. 6 sem er Tröllabotnar, punkt nr. 7 sem er Miðaftansfjall og í punkt nr. 8 sem er Landamerkjagarður, þaðan í Rauðagil við Laxá (9) og þaðan fylgt merkjum Fannlaugarstaða í punkt nr. 10 sem er Rauðagilsbornar og að lokum um punkt nr. 11 sem er Fannstöð í punkt nr. 1, Fífugil sem áður er nefnt.“

Með öðrum orðum er gerð krafa til þess að viðurkennt verði að allt landsvæði milli ofangreindra punkta sé háð beinum eignarrétti í samræmi við ofangreindan dóm og landamerki aðliggjandi jarða.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur Blönduósbæjar í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.6 Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar og fleiri vegna Almennings á Skaga**

Af hálfu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar og Skagabyggðar ásamt eigendum jarðanna Foss, Hóls, Selár, Hvalness, Kleifar, Syðra-Mallands, Ytra-Mallands og Hrauns á austanverðum Skaga og Árbakka, Sæunnarstaða, Bergsstaða, Þverár í Hallárdal, Spákonufells, Mánavíkur, Víkur, Kaldrana, Tjarnar, Bjarga, Syðri-Bjarga, Hólma, Örlygsstaða I, og II, Hlíðar, Fjalls, Hofs og Bakka á Vestanverðum Skaga var í upphafi gerð krafa um eignarréttindi á Almennings á Skaga. Eins og gerð er grein fyrir í kafla 2.4 var við 6. fyrirtöku málsins þann 17. júlí 2013 lögð fram sátt aðila um að Almenningsur á Skagaheiði, eins og hann er afmarkaður í sátt þeirri er lögð var fram við fyrirtökuna, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., samanber einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, en jafnframt afréttur jarða í umræddum sveitarfélögum, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Við 8. fyrirtöku málsins þann 30. ágúst 2013. lögðu lögmenn málsaðila fram undirritaða sátt umbjóðenda sinna um eignarréttarlega stöðu Almennings á Skagaheiði, ásamt korti.

---

Óbyggðanefnd staðfesti sáttina með undirritun sinni. Gerð er grein fyrir efni sáttarinnar í kafla 6.7.

---

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-15 ásamt undirskjöllum eða samtals 385 skjöl, auk 31 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatirði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáiast um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Pau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands og um þetta efni, skjal nr. 2. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.



---

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins mánudaginn 9. september 2013, í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för fulltrúi frá Þjóðskjalasafni Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Ekið var frá Sauðárkróki í Kálfárdal og riðið upp úr honum í ágætu skyggni inn að Tröllá þar sem hún rennur í Laxá. Litið var yfir á kröfuvæði íslenska ríkisins um þjóðlendu en þar sá m.a. í Miðaftansfjall, Tröllabungu og Rauðagilshnjúk. Einnig sá í punkt nr. 6 í kröfulínu íslenska ríkisins í Tröllárfossi og hvar línan liggur svo niður eftir Tröllá í Laxá og eftir henni til norðurs. Litið var yfir forn bæjarstæði Trölleyra, Selhóla, Þórðarsels og Skálahnjúks. Land var mjög gróið beggja megin Laxár sem og beggja megin Tröllár. Riðið var til suðurs inn Víðidal þar sem ummerki fornra bæjarstæða voru skoðuð. Farið var þangað sem talið er að kirkjugarður Helgastaða hafi staðið og farið yfir staðhætti. Víðidalur var vel gróinn og flatlendi í dalbotninum er mikið. Farið var til baka út Víðidalinn og til austurs um Hryggi eftir Gönguskarði heim að Tungu. Frá Tungu var ekið norður eftir vegi nr. 744 og vestur Laxárdal. Af veginum var farið suður eftir slóða sem liggur innan Illugastaða og gengið upp á hól austur undir Hvammshlíðarfjalli. Þaðan var horft til suðurs inn á kröfuvæði íslenska ríkisins og sá í gil Ambáttarár og vesturhlíðar Fannstóðar. Sá í fornan garð þar sem bæjarstæði Fannlaugarstaða er talið hafa staðið og fjallað er um í lögfestu Höskuldsstaða 1713.

### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Valgarður Hilmarsson fyrrverandi sveitarstjóri Engihlíðarhrepps og f.v. oddviti sveitarstjórnar Blönduósbæjar; Ingvar Páll Ingvarsson starfsmaður Sveitarfélagsins Skagafjarðar; Arnór Gunnarsson þjónustufulltrúi landbúnaðarnefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og fyrrverandi fjallskilastjóri Seyluhrepps.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

---

## 5 SAGA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu nær til, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Þar á eftir verður fjallað um jarðir og önnur landsvæði sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Er þar að mestu fylgt tímaröð.<sup>3</sup>

### 5.1 Landnám

Um landnám á Skaga, hermir svo í *Landnámu*, talið frá suðvestri til norðurs og svo suður eftir austurhluta Skaga:

Ævarr kom skipi sínu í Blönduós; þá váru numin lond fyrir vestan Blöndu. Ævarr fór upp með Blöndu at leita sér landnáms, en er hann kom þar sem heita Móbergsbrekkur, setti hann þar niðr stong háva ok kvezk þar taka Vefroði syni sínum bústað. Síðan nam hann Langadal allan upp þaðan ok svá þar fyrir norðan háls, þar skipti hann londum með skipverjum sínum. Ævarr bjó í Ævarsskarði.<sup>4</sup>

[...]

Holti hét maðr, er nam Langadal ofan frá Móbergi ok bjó á Holtastöðum<sup>5</sup>

[...]

Hólmgöngu-Máni hét maðr er nam Skagaströnd fyrir vestan inn til Forsár, en fyrir austan til Mánafúfu ok bjó í Mánavík.<sup>6</sup>

[...]

Eilífr orn hét maðr, son Alta Skíðasonar ens gamla, Bárðarsonar í Ál. Son Eilífs arnar var Koðrán at Giljá ok Þjóðólfr goði at Hofi á Skagaströnd ok Eysteinn, faðir Þorvalds tinteins ok Þorsteins heiðmennings ok Arnar í Fljótum. Eilífr nam land inn frá Mánafúfu til Gonguskarðsár ok Laxárdal ok bjó þar.<sup>7</sup>

[...]

Skefill hét maðr, er skipi sínu kom í Gonguskarðsárós á enni somu viku ok Sæmundr. En meðan Sæmundr fór eldi um landnám sitt, þá nam Skefill land

---

<sup>3</sup>Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 12. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

<sup>4</sup> *Íslensk fornrit I*, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 224-225.

<sup>5</sup> *Íslensk fornrit I*, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 226.

<sup>6</sup> *Íslensk fornrit I*, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 227.

<sup>7</sup> *Íslensk fornrit I*, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 227-228.

---

allt fyrir útan Sauða; þat tók hann af landnámi Sæmundar at ólofi hans, ok lét Sæmundr þat svá búit vera.<sup>8</sup>

[...]

Sæmundr enn suðreyski, félagi Ingimundar ens gamla, sem ritat er, hann kom skipi sínu í Gonguskarðsárós. Sæmundr nam Sæmundarhlíð alla til Vatsskarðs, fyrir ofan Sæmundarlæk, ok bjó á Sæmundarstodum; hans son var Gerimundr, er þar bjó síðan.<sup>9</sup>

[...]

Þorkell vingnir, son Skíða ens gamla, hann nam land um Vatsskarð allt ok Svartárdal.<sup>10</sup>

## 5.2 Fannlaugarstaðir

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Rípurhrepp í Skagafjarðarsýslu, sem tekin var saman árið 1713, segir eftirfarandi í kafla um jörðina Ás í sama hreppi:

Selstöðu á jörðin vestur á Fannstaði fyrir vestan Skolahnjúk.<sup>11</sup>

Á manntalsþingi að Viðvík, höldnu þann 7. júní árið 1806, var upplesin lögfesta Björns Illugasonar í Ási, fyrir Hólum í Hjaltadal. Björn þessi vill ekki lesa upp lögfestu fyrir Ásseli á sama þingi, nema til komi stefna um það. Þar segir nánar tiltekið:

Upplesin [...] Logfesta fyrir Holum i Hialltadal, Mr. Biorn i Asi segist ecki agta Logfestuna uppá Ássels Land, nema frammfylgt verði með fimtarstefnu.<sup>12</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Sauða þann 23. maí 1823, var upplesin lögfesta Jóhanns Þorleifssonar á Skrapatungu fyrir Skrapatungufrétt og tekið fram að Fannstöð væri innifalin þar í. Í dómabók Skagafjarðarsýslu var eftirfarandi klausa færð til bókar:

Upplesinn lögfesta Jóhans Þorleifssonar á Skrapatungu, f(yrir) tedrar jardar afrett, og segir hann þar í se innifalid Fannstód sem sé í lögfestu mr. Biarna.<sup>13</sup>

Þann 10. júlí 1823 var gerð áreið í svokallað Fannstöð eður Fannlaugarstaði sem sumir kalla Ássel, til að skera úr um hver á þar land og til meta nýbýli sem þar skyldi reisa. Áreiðinni er lýst svo í dómabók Skagafjarðarsýslu:

Ár 1823 þann 10<sup>da</sup> Julii var sýslumadur með undirskrifudum áður lögfestum mönnum til stadar í svokölluðu Fannstödi eður Fannlaugarstöðum, er sumir

---

<sup>8</sup> *Íslenzk fornrit I*, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 229.

<sup>9</sup> *Íslenzk fornrit I*, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 228.

<sup>10</sup> *Íslenzk fornrit I*, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 230.

<sup>11</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, Skagafjarðarsýsla, bls. 64.

<sup>12</sup> Skjal nr. 2(129) a-b.

<sup>13</sup> Skjal nr. 2(123) a-b.

---

kalla Assel, til að áqveda þar land, þaræð mr. Biarni Þorleifsson á Reinistad hefir þau skjöl, sem eigna það utþryckilega Vík, og flejri lönd þar nærverandi, enn enginn hefir getað þar á móti haft, og hann hefir þessarar areidar óskað við bygging á téðu landi til Sigurðar Gislasonar. Vestann menn, einkum bóndinn Jóhan Þorleifsson í Skrapatungu, sem afrettarbondi hefir viljað eigna landid teðri afrétt, er h(ann) þ(ví) aðvaraður að mæta á stadnum þennan dag, og flejri vestanmenn ef vilja, og þetta kémur fyrir sem hærst sannsynilegt að giört sé, og óyggiandi að þeir hafi fengid það að vita. Var beðid eptir þeim til nóns, og komu ecki; höfðu þeir og eckert haft hingað til fyrir sig að bera, og svo synist sem lióst liggi f(yrir) að með því landamerkja lysingar frá ímsum Jördum fara að svokölludu Fannstóðslandi enn engin helgar ser það, muni Víkur skjöl einsömul verða að rada. enn Fanstóðarland er eptir allra gamallra manna sögn milli Ambáttarár og Raudagils; var ridid á þetta land og skodad og álitid hærst líklegt, sem á sömu línu og aðrar jarðir vestann fram í Laxárdal, að heyra til þeirrar sveitar, og sialfsagt til systlunnar, þó ej væri styrkt af skjölunum, og svo mörgum öðrum líkum, og allt það land sem vötnum hallar til Laxár, að vestan og þetta er, svo vidt þ(ví) umtalada land vidkemur, það sem Fifugil ræður að utan og til Bardardals, sem kemur saman við Skr(apa)tungu maldaga. er sidan þetta nybyli metid og skodadir kostir, lestir, ágángur og vallarleisi, og von til hans synileg. Alost jördinn sanngiarnlega metinn 8 hndr. Actum ut supra.<sup>14</sup>

Á fyrri hluta árs 1827 sendi Bjarni Þorleifsson á Reynistað séra Jóni Péturssyni presti á Höskuldsstöðum afrit af áreiðargjörðinni ásamt eftirfarandi bréfi:

Velæruverdugi Domine Pastor

Yðar sérdeilis lempna og mér líka kiærkomeð bréf af 21 Febr. þ.a. innhendt nú fyrst í efstu viku fyrir Páskana, þacka eg ástsamlega. Strax lét eg mér annt um, að útvega hjá systlum(anni) hr. Espolin þá af yður umbeðnu útskrift af areidarforrettíngunni hér um árid á Fanlaugarst(adi), því svosem eg í fyrstunni vildi dyggil(ega) tilsiá, að mér tilheyrandi Fanlaugarst(ada) land væri svo skýrlega ransakad, takmarkad, og útskipt, að eckert kynni nærliggjandi lönd að meida, eins eg nú líka fús að meðdeila yður hér áfastan og umgétin utdrátt, af hverjum þér glögglega sjáed alt hvað framfarid hefur við skodunina, eins og eg líka vil forsvara, að að Sigurði hefi hvorki fyrr né síðar neitt leyfi géfid annað land að yrkja eðr brúka, heldr enn þér nú sjáed að tilteked er, og eg meina ey géti, eptir afstöðu plátsins hid minsta skaddað yðar eðr k(ir)kjunnar land. Sigurðr frambar f(yrir) ockr öllum, að það advörunar bréf, sem Johanni í Skr(apa)tún[gu] var tilskrifað, að hann hefde það sama afhendt honum snemma morguns í Rúmi hans, og í vissri von um einhverjer koma kynnu vestanad á[00]inn, var forgefins beðed til nóns. Frekari upplýsingu gét eg ecki géfed yðr hér um, og vona, að þér rétt álitid, að hún er af mér hid hreinferduglegasta og greinilegasta géfin sem verða má. Nú bid eg yðar

---

<sup>14</sup> Skjöl nr. 2(98) a-b og 2(116) a-b.

---

Velæruverðugst aptur við fyrsta hendtugleika meðdeila mér ydar skriflegt álit um, hvort hér tilteked og afmarkad land meydur nockud edur skérdir kyrkjunnar eignir, því það Document vildi eg gjarnan vidfesta forréttinguna hjá mér, svo sjást mætti eptir ockar Dag, að hreint hofum bádir til verks gengid. Tilgefed hastin.

Ydar Velæruverðugsta

Reinistad þ. 21 Apríl 1827.

Þénustuskuldugum

B. Þorleifsson.<sup>15</sup>

Þann 24. apríl árið 1832 keypti Guðmundur Ólafsson á Hellulandi landspart þann sem mældur var út í áreiðinni á Fannlaugarstaðaland 10. júlí 1823. Kaupsamningurinn hljóðaði svo:

Anno 1832 þann 24<sup>da</sup> Aprilis framfór að Utanverðunesi í Hegranesi og Skagafirði sofeldur Jarðakaupagjörningur: að Mr. Bjarni Þorleifsson á Utanverðunesi selur Mr. Guðmundi Ólafssyni á Hellulandi með viðkomandi samþykki þann landspart sem með forréttingunni af 10<sup>da</sup> Júlí 1823 tileinkaðist jörðunni Vík í Sæmundarhlíð, nefnilega milli Ambáttar ár og Rauðagils fyrir vestan Laxá og liggjandi við Skrapatungu afréttarland, fyrir 70 ríkisbankadali Reiðisylfurs, hvörjir sjötyger Ríkisbankadalir Reiðisylfurs kaupandinn hefir útbetalað og erso hér með af seljanda qvitteraður. Ofanskrifuðum kaupgjörningi til frekari staðfestu eru hlutaðeigenda samt tilkallaðra votta undirskrifuð nöfn og hjá þrykkt signet.<sup>16</sup>

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Hvamms- og Ketusókna, frá 31. desember árið 1839, er Fannlaugarstaða getið á meðal bæja. Þar segir:

**30. Bæir** eru þessir:

1. Fannlaugarstaðir, byggðir fyrir 16 árum [þ.e. árið 1823], fremsti bær í Hvammssókn, stendur austan Fannstöðsfjallinu, vestan til við Laxá. Landkostir eru helzt gott beutiland á sumrum.<sup>17</sup>

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* yfir Reynistaðarprestakall, frá 10. febrúar árið 1842, kemur eftirfarandi fram um Fannlaugarstaði í kafla um sel í sókninni:

**31. Sel.** [...] Nefnd er og selstöð Víkur í fornum skjölum norður á *Fannlagastöðum* (Fannlaugarstöðum), sem nú [1842] eru byggðir, [...].<sup>18</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Vindhæli í Vindhælishreppi þann 31. maí árið 1845, var lesið upp forboð Sigurðar Gíslasonar á Fannlaugarstöðum í Skagafirði á móti hrossarekstri. Í dómabók sýslunnar er eftirfarandi fært inn:

12. Lesid forboð Sigurdar Bonda Gislasonar a Fannlaugarstodum móti hrossarekstri hér um til skada, dagsett 28<sup>da</sup> þ.m.<sup>19</sup>

---

<sup>15</sup> Skjal nr. 2(116) a-b.

<sup>16</sup> Skjal nr. 11(10) a-b.

<sup>17</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873* II, (1954), bls. 13.

<sup>18</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873* II, (1954), bls. 52.

---

Í Jarðatali Johnsens, frá árinu 1847, fylgir eftirfarandi skýring við Fannstaði, í neðanmálsgrein:

Jörðu þessa nefna jarðabækurnar eigi, en þar á móti bæði prestur og hreppstjóri, og telur hreppstjóri hana 8 h. að dýrleika, en nefnir hana „Fannlagastaði“.<sup>20</sup>

Í Jarðamatinu 1849-50, kemur eftirfarandi fram um Fannlaugarstaði:

**426. Fannlaugarstaðir**, bóndaeign, eptir viðteknum dýrleika 8 hndr. Túnið er hérumbil 5 dagsláttur, og liggur það á mel og tekur því mjög illa rækt, fóðrar til jafnaðar 1 kú. Utheýisslægjur eru nokkrar að víðáttu, en reitingslegar og fremur heyléttar, því torveldt er að þurka heý á sumrum, þar jörð þessi liggur uppí fjöllum í óviðraplátsi. Sumarhagar eru allgóðir til nytja, en vetrararbeit stopul sökum snjóþingsla. Torfrista brúkanleg, hrísrif lítið; Þessari jörð er ætlað að framfleyta til jafnaðar 1 kú, 18 ám, 20 saudum og 9 lömbum, er samgýldir 6 ½ hndr.<sup>21</sup>

Í sóknarlýsingu séra Eggerts Ó. Brím á Höskuldsstaðasókn, frá árinu 1873, segir svo um Fannstaði, og er þar átt við Fannlaugarstaði:

Olavíus telur meðal eyðijarða í Höskuldsstaðasókn (bls. 218 Ássel við Laxá, er menn ætli að býli verið hafa. En eigi hafa menn nú sögur um byggð þar til forna, en gömul sögn (vottorð gamalla manna árið 1831) segir, að Ássel hafi Skrapatungu-bóndi léð bóndanum að Ási í Hegranesi (fyrir selstöðu) fyrir hrossabeit (í Hegranesi) á vetrum. Það segja gamlir menn víst, að Ássel sé hið sama, sem og er nefnt Fannlaugarstaðir (sumir rita – vafalaust ranglega – Fannlaugastaðir) eða Fannstaðir. Nú nefnir Ólavíus (bls. 265) Fannlaugarstaði meðal eyðijarða í Fagranessókn, og mun það eflaust vera sama jörð og nú er nefnd Fannlaugarstaðir og um hríð hefur verið selstöðujörð frá Ási og þá nefnd Ássel. Má því telja víst, að hann tvítelji hið sama eyðiból, sem bæði hafði tvö nöfn og vafasamt var um, hvar telja skyldi. Á þessari öld (fyrir og eftir 1840) var þar byggð, en var aftur lagt í eyði til þess að rýmka afréttina [þ.e. Skrapatunguafrétt], og tók Skrapatungu eigandi afgang af, meðan byggð var, en ágreiningur var um milli Vindhælinga og Skefilsstaðahrepps og eins milli Hvammssóknar og Höskuldsstaðasóknar, í hvorn stað greiða skyldi tolla þaðan, og munu Laxdælingar hafa orðið hlutskarpari. [...] En þar sem jörðin hefur verið talin 8. hndr. að dýrleika [...], þá virðist sá dýrleiki illa koma heim við, er allt afréttarlandið er talið 10 hndr., en vera mætti, að afréttin hefði verið talin 10. Hndr. auk Fannlaugarstaða lands, og hefði það legið að réttu til Skagafjarðarsýslu og ef til vill fremur til Fagranessóknar [...], því að það liggur litlu norðar en eyðibýlið Þórðarsel og jörðin *Skálarhjnjúkur* í Fagranessókn eða þá í Reynistaðarsókn [...] Fannlaugarstaðir standa á Laxárbökkum vestan fram undir Fannstöði á svonefndri Tungugrund, litlu

---

<sup>19</sup> Skjal nr. 2(131) a-b.

<sup>20</sup> Skjal nr. 4(63).

<sup>21</sup> Skjal nr. 2(87).

---

neðar en Þórðarsel austan fram, sem fyrr segir, en miklu framar en Illhugastaðir í Laxárdal vestan fram. Selstaða frá Fannlaugarstöðum var í *Fannstöðsöxlinni* við Fifugilslæg, niðri á eyrunum, og segir að það væri sett þar í bága við Höskuldsstaðaprest allnærri landamerkjum Höskuldsstaða afréttar og væri kritur af, en eigi málaferli.<sup>22</sup>

Í sóknarlýsingu séra Eggerts Ó. Brím á Höskuldsstaðasókn, frá árinu 1873, eru Fannlaugarstaðir (Ássel) taldir upp á meðal eyðijarða í sókninni og sagðir vera í Skrapatunguafrétt. Þar segir:

**38. Eyðijarðir.**

[...] Fannlaugarstaðir (eða Ássel) í Skrapatungu afrétt (Höskuldsstaða sókn?);<sup>23</sup>

Þann 11. maí árið 1895 seldu Guðmundur Pétursson Hofdölum og Jón Sigurðsson Skúfstöðum, Árna Á. Þorkelssyni á Geitaskarði jörðina Skrapatungu með þrætulandi, ásamt eyðijörðinni Fannlaugarstöðum fyrir 1.800 krónur. Í afsalinu segir svo:

Við undirskrifaðir Guðmundur Pétursson óðalsbóndi á Hofdölum og Jón Sigurðsson bóndi á Skúfstöðum gjörum hjermeð kunnugt að við með þessu brjefi seljum og afsölum til sýslunefndarmanns Árna Á. Þorkelssonar á Geitaskarði í Húnavatnssýslu fasteignir og lönd þessi:

a. Jörðina Skrapatungu 19 hndr. með þrætulandi 4,2 hndr. alls 23,2 hndr. að dýrleika innan Vindhælishrepps í Húnavatnssýslu.

b. Eyðijörðina Fannlaugastaði 9,2 hndr., alls 32,4 hndr. eptir jarðabókinni 1861 innan Skefilsstaðahrepps í Skagafjarðarsýslu með öllum því sem fasteignum þessum fylgt hefur og fylgja ber til lands og vatns að eingu undanskyldu til ystu ummerkja gagnvart annara jarða löndum sem að liggja og lög standa til að rjett sjeu sett og ákveðinn landamerki fyrir, og öllu því er jörðinni Skrapatungu tilheirir samkvæmt síðustu úttekt með öllu álagi fyrir um samið og ákveðið kaupverð 1.800 kr. [...]<sup>24</sup>

Afsal þetta var síðan þinglesið á manntalsþingi að Skefilsstöðum 2. júní 1896.

Á manntalsþingi, höldnu að Skefilsstöðum þann 2. júní árið 1896, var þinglesið kaupbréf fyrir eyðijörðinni Fannlaugastöðum. Inntaks er ekki getið en eftirfarandi var fært inn í dómabók sýslunnar:

7. Þinglesin þessi skjöl:

a, Kaupbrjef Árna Þorkelssonar, Geitaskardi, fyrir eyðijörðinni Fannlaugastodum, dags. 11. maí 1895.<sup>25</sup>

---

<sup>22</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 138.

<sup>23</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 158-159.

<sup>24</sup> Skjöl nr. 10(2) og 11(18).

<sup>25</sup> Skjal nr. 2(130) a-b.

---

Í svari hreppstjóra Engihlíðarhrepps, dagsettu 5. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu kemur fram að land Fannlaugarstaða sé í eigu og notkun Engihlíðarhreppsmanna.<sup>26</sup>

Hinn 29. nóvember 1985 sendi sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi í Reykjavík, ljósrit af skrá yfir afréttarlönd í Skagafirði. Í skránni um afréttarland Skefilsstaðahrepps á Skagaheiði er að finna eftirfarandi athugasemd um Fannlaugarstaði:

Innan Skefilsstaðahrepps er eyðibýlið Fannlaugarstaðir. Það er vestan Laxár í botni dalsins fyrir framan Illugastaði. Árið 1895 11. maí keypti Árni Þorkelsson bóndi á Geitarskarði Fannlaugarstaði og kaupinu þinglýst 2. júní 1895. Skömmu síðar seldi Árni Engihlíðarhreppi land þetta, sem brúkaðist eftir það fyrir afréttarpening.

Að sögn sveitarstjórnarmanna í Engihlíðarhreppi keypti Árni með Fannlaugarstöðum þrætupart sem liggur frá Fannlaugarstaðalandi að sunnan, að Tröllá. Að sögn sömu manna, keypti Engihlíðarhreppur spildu af landi Illugastaða að sunnan árið 1923.

Ýmsar upplýsingar frá Gunnsteini Steinssyni hreppstjóra í Ketu og Lárusi Björnssyni oddvita í Neðra-Nesi.<sup>27</sup>

Í *Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781–1958*, segir, að hjónin Sigurður Gíslason og Ingibjörg Vigfúsdóttir hafi búið á Fannlaugarstöðum frá árinu 1823 fram um miðja sömu öld. Sigurður andaðist þann 30. júní árið 1851 og brá Ingibjörg búi árið 1852. Fram kemur að Fannlaugarstaðir hafi upp frá því legið í eyði fram til ársins 1899 en þá mun þessi eyðijörð hafa verið gerð að afréttarlandi samkvæmt þessari heimild. Þar segir:

#### **FANLAUGARSTAÐIR Í LAXÁRDAL**

Býli þetta var byggt upp á eyðilandi um 1823 og því ákveðin sérstök landamerki með skoðun og samþykki sýslumanns Jóns Espólín, og annara hlutaðeiganda. Býlið byggði ábúandinn Sigurður bóndi Gíslason „tröllí“, og stóð sú byggð fram um 1850. Eftir það réð býlinu Klemenz Sigurðsson bóndi að Skrapatungu í Húnaþingi og fl. Býlið átti kirkjusókn að Fagranesi á Reykjaströnd, en með samþykki hlutaðeigandi kirkjuvalda, var veitt leyfi til þess, að Hvammsprestar framkvæmdu embættisverk fyrir heimilið, og sóknargjöld býlisins greiddust í Hvammskirkjusókn.<sup>28</sup>

Greinargóðan og ítarlegan kafla um Fannlaugarstaði er að finna í I. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar*, eftir Hjalta Pálsson, frá árinu 1999.<sup>29</sup> Þar er fjallað um

---

<sup>26</sup> Skjal nr. 4(7).

<sup>27</sup> Skjal nr. 4(10).

<sup>28</sup> Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958, hefti I, bls. 30.

<sup>29</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I*, (1999), bls. 176-178.



---

staðsetningu Fannlaugarstaða, landamerki, nafngift, byggðarmerki, selstöðu, stofnun býlisins og fleira. Þar segir m.a. eftirfarandi um Fannlaugarstaði:

Fannlaugarstaðir (65.45.26/19.55.23) er eyðibýli efst á Laxárdal vestan Laxár. Land jarðarinnar var talið milli Rauðagils að sunnan og Ambáttarár að norðan og tilheyrir nú Skrapatunguafrétt en er í Skagafjarðarsýslu. Fellið vestur af bænum heitir Fannstóð eða Fannstöð en einnig kölluðu menn Fannlaugarstaðahlíð. Jörðin átti þá land að Laxá að austan, Skrapatunguafrétt að sunnan og vestan, Illugastöðum að norðan.

Bæjarnafnið var fyrrum nokkuð á reiki. Bæði var talað um Fannstóð eftir fjallinu fyrir ofan en einnig Fannstaði og Fannlagastaði og hefur það verið réttnefni. Fannlaugarstaðir urðu samt það nafn er festist í sessi. [...].

Ofan og vestan við hólrann eru fornar rústir, e.t.v. af stórum kvíum og skýtur það þá stoðum undir sagnir um selstöðu á þessum stað. Síðan taka við hallandi mýrar og víðáttumiklar breiðar þar til dregur í aflíðandi hlíðar Fannstöðsins. Hér er grösugt víðlendi og sumargott en snjóþyngsli afskapleg á vetrum. Norðan til á brúninni dregur í lægð eða lítið skarð og heitir Nónskarð, eyktarmark frá Fannlaugarstöðum. Þar liggja götur yfir á Ambáttardal og niður norðan við Fífugil.

U.þ.b. 100 metrum norðar (65.45.33/19.55.24) er annar þýfður hólrani lægri og þar rústir eftir fimmhólfa byggingu, u.þ.b. 13-14 m langar en heildarbreidd um 7 m. Ekkert verður fullyrt hvaða bygging þetta hefur verið en hugsanlegt að það séu rústir Ássels sem nefnt er í dómabók við áreið á landið [...]. Jarðabókin 1713 segir að Ás í Hegranesi eigi selstöðu vestur á Fannstaði fyrir vestan Skálahnjúk.

Fannlaugarstaðir eru að líkindum fornbyli sem lagst hefur í eyði um aldir og orðið selstaða frá Vík í Staðarhreppi og síðar Ási í Hegranesi. Olavius telur Fannlaugarstaði með eyðibýlum í Skefilsstaðahreppi 1775-1777 en nefnir einnig Ársel [svo] við Laxá. Menn hafa talið Fannlaugarstaði og Ássel eitt og hið sama og eru öll líkindi til að svo sé. Eggert Brím prestur á Höskuldsstöðum hefur eftir vottorðum gamalla manna 1831 að Ássel hafi Skrapatungubóndi léð bóndanum að Ási í Hegranesi til selstöðu fyrir Hrossabeit (í Hegranesi) á vetrum. „Það segja gamlir menn víst, að Ássel sé hið sama, sem nefnt er Fannlaugarstaðir... eða Fannstaðir.

Á 19. öld var byggð á Fannlaugarstöðum um 30 ára skeið. Þar bjó einn og sami maður alla tíð, Sigurður Gíslason og hafði auknefnið tröllli, ekki þó fyrir vaxtar sakir, en undarlegur þótti hann um margt, „óðlatur“ og fékk misjafna dóma. Býlið var í um 230 m hæð og átti kirkjusókn að Hvammi.

**Stofnað býli.** Hinn 10. júlí 1823 kom Jón Espólín sýslumaður að Fannlaugarstöðum og setti þar rétt í landaskoðunarmáli samkvæmt ósk Bjarna Þorleifssonar á Reynistað sem beiðst hafði áreiðar til að skoða land og meta til nýbýlisstofnunar til handa Sigurði Gíslasyni. Hafði Bjarni meðferðis skjöl

---

um landið „sem eigna það útpykkilega Vík og fleiri lönd þar nærverandi, en enginn hefur getað þar á móti mælt.“ Húnvetningar höfðu viljað telja þetta land til Skrapatunguafréttar en enginn þeirra mætti í áreiðina og þar sem enginn gat helgað sér þetta land var talið að Víkurskjöl yrðu að ráða. Varð sú niðurstaða að jörðin teldist sanngjarnlega metin til 8 hundraða.

**Selstaða og deilur.** Fannlaugarstaðabóndi hafði að sögn í seli á Ambáttardal við Fífugilslæk niðri á eyrunum, norðvestan í Fannstöðsöxl. Segir að selið hafi sett verið í bága við Höskuldsstaðaprest á Skagaströnd og yrði krytur af en eigi málaferli. Ekki hefur textahöfundur tekist að finna selrústimar. Prestsetrið á Höskuldsstöðum á Skagaströnd átti afreitt að selinu en eigandi Skrapatungu tók afgjald af jörðinni á meðan byggt var, enda töldu margir landið tilheyrja Skrapatunguafrétt. Varð Sigurður tröllur og býli hans lengi bitbein sýslna, sókna og hreppa því ágreiningur varð milli Vindhælishrepps og Skefilsstaðahrepps hvar greiða skyldi skatta og einnig kom Staðarhreppur við sögu um landsnytjar. Þá varð ágreiningur milli Hvammssóknar og Höskuldsstaðasóknar um kirkjusókn. Í biskupsbréfi frá 1832 kemur fram að Sigurður tröllur hefði ritað Grími Jónssyni amtmanni bréf, dagsett 24. ágúst 1832, og farið fram á að býlið, „sem hingað til hafi legið til Skefilsstaðahrepps og Hvammssóknar megi leggjast til Sauðárhrepps og Fagranessóknar.“<sup>30</sup> Þessu var þó aldrei breytt.

Eftir daga Sigurðar trölla, 1852, sótti hreppstjóri Vindhælishrepps og fleiri fast að fá jörðina til uppreksturs og hún yrði ekki byggð aftur. Var niðurstaðan að eigendur jarðarinnar þá, Áss- og Hofdalamenn, leigðu hana til Skrapatunguafréttar og réði Skrapatungubóndi landinu. Guðmundur Pétursson bóndi á Hofdölum seldi loks jörðina Árna Þorkelssyni á Geitaskarði með bréfi dagsettu 11. Maí 1895, þinglýst 2. Júní sama ár. Árni mun hafa viljað kaupa hana fyrir sveitarfélagið en fékk ekki að því sinni, keypti þá sjálfur og seldi ári síðar upprekstrarfélaginu með afsalsbréfi útgefnu 8. september 1896. Hefur Fannlaugarstaðaland síðan legið undir Skrapatunguafrétt.

**Minjar og jarðarlýsing.** Utan frá Ambáttará og langt fram Fannlaugarstaðahlíðina mótast fyrir fornu garðlagi, trúlega til vörslu engjalanda en hefur líklega einnig hentað vel sem göngugarður. Garðurinn er mjög sokkinn því hann liggur lengst af í flötum mýrum, fram fyrir ofan Dysina og áfram suður neðan við hlíðarbrekkuna allt suður unir Fannlaugarstaði þar sem hann beygir niður með læk fram á hólbrún ofan við Laxá. Garðurinn er a.m.k. kílómeterslangur og skýtur frekari stoðum undir kenninguna að Fannlaugarstaðir hafi verið fornbyli. Enn fremur er sagður landamerkjagarður Illugastaða og Fannlaugarstaða upp frá Laxá u.þ.b. 600 metrum framan við Ambáttará.<sup>31</sup>

---

<sup>30</sup> Hjalti Pálsson vísar hér til prófastsskjalasafns í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.

<sup>31</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I*, (1999), bls. 176-177.

---

Um tengsl eða eignarhald Víkur í Sæmundarhlíð á Fannlaugarstaðalandi segir Hjalti Pálsson í II. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar*:

Þegar býlið Fannlaugarstaðir á Laxárdal ytri var endurreist 1823 komu fram skjöl er þóttu sanna eignarrétt Víkur á landinu milli Ambáttarár og Rauðagils. Bjarni Þorleifsson eigandi Víkur, þá bóndi í Utanverðunesi, seldi Guðmundi Ólafssyni á Hellulandi þetta land árið 1832 fyrir 70 ríkisdali. Afkomendur Guðmundar bjuggu á Syðri-Hofdölum og þannig gekk Fannlaugarstaðaland til Hofdálanna sem seldu það árið 1895 til Húnvetninga er lögðu það til Skrapatunguafréttar.<sup>32</sup>

Í riti Sigurjóns Bjarnasonar, *Skaginn og Skagaheiði* frá árinu 2005, segir eftirfarandi um Fannlaugarstaði:

Þar [þ.e. í Skefilsstaðahreppi] er nyrsti bær Hraun úti á Skagatá og syðsti bær Fannlaugarstaðir, en þar var seinast búið árið 1852. Fannlaugarstaðir eru allmiklu sunnar er Illugastaðir.<sup>33</sup>

Aftar í sama riti, ritar Sigurjón svo á þessa leið:

Harrastaðaá á upptök sín austast í Brandaskarði við svonefndan Selhrygg. Vestan undir þeim hrygg var eitt sinn sel, sem ég hef ekki nafn á. Mun eitthvað sjást fyrir tóttum þess. Þar upp af selinu heitir Smjörskál og hefur þar líklega verið gott til beitar.<sup>34</sup>

Í neðanmálsgrein við undanfarandi klausu segir svo eftirfarandi:

Skv. upplýsingum heimamanna var á þessum slóðum býli, sem nefndist Fannlaugarstaðir, og mun hafa verið búið þar á síðari hluta níttjándu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu.<sup>35</sup>

Landamerkjabréf fyrir Fannlaugarstaði í Laxárdal hefur ekki fundist.

## 5.2.1 Aðliggjandi og tengd landsvæði

### 5.2.1.1 Þórðarsel/Veðramót

Landamerkjabréf fyrir Þórðarsel hefur ekki fundist. Þórðarsel er sagt hafa verið gömul hjáleiga frá Veðramóti sem fylgdi heimajörðinni.

Nánari umfjöllun um Þórðarsel og Veðramót er í kafla 5.3.1.4.

### 5.2.1.2 Heiði í Gönguskörðum / Dalsá

Í próventusamningi frá 11. janúar árið 1394, á milli Loðins Skeggjasonar og frú Ingibjargar abbadísar á Reynistað, lagði Loðinn á borð með sér, m.a., jörðina Heiði í Gönguskörðum. Landamerkja Heiðar er getið í skjalinu. Þau voru þessi:

---

<sup>32</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar II*, (2001), bls. 104.

<sup>33</sup> Sigurjón Björnsson, *Skaginn og Skagaheiði*. Reykjavík, 2005, bls. 11.

<sup>34</sup> Sigurjón Björnsson, *Skaginn og Skagaheiði*. Reykjavík, 2005, bls. 47.

<sup>35</sup> Sigurjón Björnsson, *Skaginn og Skagaheiði*. Reykjavík, 2005, bls. 47 nmgr.

---

j fyrstu við skardz iord. at redi almenninggotur. vt fra lambaa at hestgili oc þar ofan j aa. En firir vestan aa redi leysingslækr sem fellr firir sunnan langdæla aa. oc sua vestr til motz við merkigil.<sup>36</sup>

Í elsta hlutanum af Sigurðarregistri frá árinu 1525, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju, þegar Jón biskup Arason tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land, er Heiði talin upp á meðal jarða Reynistaðaklausturs.<sup>37</sup>

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709, er Heiði konungseign og liggur undir Reynistaðaklaustur. Afrétt er sögð vera engin.<sup>38</sup>

Landamerkjabréf Heiðar var útbúið 6. maí 1886 og það var þinglesið ellefu dögum síðar:

Að autan ræður háfjall frá hæsta högginu austan við Hrafnadal, suður á móts við miðjan Lambárbotn. Þaðan ræður Lambá niður til Skarðsdalslækjar. Þaðan ræður lækurinn suður til Þröskulds, hvar setja skal hornmerki. Þaðan niður á syðri Kambarlág. Þaðan eftir merkjunum milli Sauðárteigs og Oddsteigs niður í Kallá. Þaðan upp í Ytra – Gránugil. Þaðan beint vestur í Bakdalsskarð. Þaðan eptir líkri stefnu í Bakdalsá sem ræður niður í Laxá. Þaðan ræður Laxá norður að Mörá og er þar útvestur horn á landinu. Þaðan ræður Mörá upp á móts við Mörárbungu, þaðan ræður bein stefna sunnan vert við bingu þá, sem er sunnan við Reyðskarð vestanvert. Þaðan yfir fjallið beina stefnu á höggið austan við Hrafnadal niður í Harmarsgil, sem ræður niður í Kallá. Þaðan austur sunnan ~~hið~~ vert við Siggulágargil. Þaðan í syðri Kjöls haus Þaðan í langan moldskurð vestan í fjallinu. Þaðan í hæsta höggið austan við Hrafnadal. –<sup>39</sup>

Ólafur Sigurðsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stefáni Stefánssyni ábúanda Veðramóta og Sn. Sölvasyni ábúanda Skarðs.

Árið 1919 var Heiði seld úr eigu ríkisins ásamt hjáleigunni Breiðstöðum. Afsalsbréfið var gefið út 5. maí það ár en í því hefur verið strikað yfir setninguna að jörðin sé seld „með þeim landamerkjum, sem tiltekin eru í landamerkjaskrá jarðarinnar.“<sup>40</sup>

Rúmum mánuði áður eða þann 20. mars 1919 hafði Ólafur Briem umboðsmaður Reynistaðarklausturs, gefið eftirfarandi skýringu á ósamræmi í landamerkjaskrá fyrir Heiði í bréfi til Stjórnarráðs Íslands. Bréfið hljóðar svo:

Í bréfi dags. 22. f.m. hefir hið háa stjórnarráð beiðst umsagnar minnar út af ósamræmi í landamerkjaskrá fyrir Heiði dags. 6. maí 1886 og byggingarbréfi Þorbjarnar Björnssonar dags. 20. febr. 1915, þar sem landamerkjaskráin nefnir Ytra-Gránugil, en byggingarbréfið á tilsvarendi stað Syðra-Gránugil.

---

<sup>36</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>37</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>38</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 46-47.

<sup>39</sup> Skjal nr. 2(34).

<sup>40</sup> Skjal nr. 2(138).

---

Ofangreind örnefni, Ytra- og Syðra-Gránugil, snerta merki milli Heiðar og Veðramóts, og er alveg sama ósamræmi í landamerkjaskrá og byggingarbréfi fyrir Veðramóti. En á hvorugum staðnum stafar það frá misritun í byggingarbréfunum, heldur af breytingu á landamerkjaskránum, eftir að þeim var þinglýst. Téð breyting „Syðra“ í staðinn fyrir „Ytra“ Gránugil, er auðsjáanlega gerð, af frumritara merkjaskrána, umboðsmanni Ólafi Sigurðssyni í Ási, og að sjálfsögðu á tímabilinu frá þinglýsingu skrána vorið 1886 til afhendingar umboðsins í mínar hendur í fardögum 1888.

Eftir atvikum verð eg að líta svo á, að breytinguna beri að skoða sem leiðréttingu, og liggja til þess þau rök, er nú skal greina:

1° Breytingin er gerð af sjálfum frumsemjanda merkjaskrána, er hafði bæði rétt og skyldu til að setja merkin eftir því, er hann áleit sannast og réttast.

2° Breytingin er yngri en frumrit merkjaskrána, og getur því hafa stuðst við nýrri upplýsingar og nánari athugun.

Að merkjunum í landamerkjabók sýslunnar var ekki jafnframt breytt í samræmi við merkjaskrár þær, er fylgdu umboðinu, með þinglýsingu áminstrar leiðréttingar, hlýtur að stafa af vangá, enda þótt hér ætti í hlut glöggur og gætinn skýrleiksmaður.

Fylgiskjölín endursendast 2 að tölu.

Ólafur Briem<sup>41</sup>

Dalsá er spilda úr landi Heiðar. Þar var selstaða til forna frá Heiði og hét þá Heiðarsel. Dalsá fylgdi Heiðareigninni allt til 1919 þegar Heiði var seld úr eigu ríkisins.<sup>42</sup>

Þann 6. nóvember 1921 keyptu Pálmi Pétursson og Kristján Gíslason kaupmenn á Sauðárkróki jörðina Dalsá af Daníel Davíðssyni bónda á Dalsá (áður Heiðarsel). Landamerki eru tilgreind í kaupsamningi, þessi:

Karlá að sunnan, framm á Þvergil á Karlárdal, og þaðan út Kolugafjallsbrúnir að Skiðastaðamerkjum í Hamarsgil, og þaðan austur í ána, sem svo ræður merkjum framm dalinn, samkvæmt Landamerkjabrjefi þinglesnu, árið [...] <sup>43</sup> er líka getur um ítak til beitar er fylgi jörðunni, í Heiðarlandi.<sup>44</sup>

Samningurinn var þinglesinn á manntalsþingi á Sauðárkróki þann 16. júní 1928.

Þann 24. maí 1928 seldu Pálmi Pétursson og Kristján Gíslason kaupmenn á Sauðárkróki síðan jörðina Dalsá í Skarðshreppi Steinunni Hansen frá Sauðá. Þá var tekið fram í kaupsamningi að jörðin sé:

---

<sup>41</sup> Skjal nr. 2(139).

<sup>42</sup> Sbr. Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* I, 1999), bls. 267-268.

<sup>43</sup> Eyða í handriti, ártal vantar.

<sup>44</sup> Skjal nr. 11(24).

---

seld í því ástandi sem hún nú fyrirfinst, með þeim landamerkjum og ítökum sem jörðinni voru ánöfnuð er henni var skift úr Heiðarlandi.<sup>45</sup>

Hjalti Pálsson lýsir takmörkum jarðarinnar Heiði eftirfarandi í *Byggðasögu Skagafjarðar I* frá 1999:

Heiði á land að Veðramóti og Mosfelli að sunnan, Laxá að vestan, Skíðastöðum og Herjólfstöðum að norðan, Fagranesi og Skarði að austan. Innan þessara marka liggja hjáleigurnar Breiðstaðir og Dalsá.<sup>46</sup>

Og takmörkum Dalsár lýsir hann eftirfarandi í sömu bók:

Dalsá er spilda úr landi Heiðar og á land að Breiðstöðum að sunnan um Kallá fram að Þvergili á Kallárdal, Heiði að vestan, Skíðastöðum að norðan um Hamarsgil, Heiði að austan og ræður gamall farvegur Kallár, Lambár og Grímsár þar sem þær féllu um landið til norðurs áður en rennsli þeirra var breytt og Kallá og Lambá veitt til suðurs til aukningar vatnsrennsli í Gönguskarðsá.<sup>47</sup>

### 5.2.1.3 Illugastaðir í Laxárdal nyrðri

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 höfðu Illugastaðir verið í eyði í tvö ár þá og á sú jörð enga afrétt.<sup>48</sup>

Landamerkjabréf Illugastaða var útbúið 31. janúar 1890 og þinglýst 28. maí sama ár:

Milli jarðanna Hrafnagils og Illugastaða ræður merkjum gil það, er kallað er Stóragil, frá gilinu ræður merkjum bein lína vestur Sandfell á hæsta hnjúk að norðanverð við Smjörskál. Þaðan á milli Þverár í Hallárdal og Illugastaða ræður merkjum bein [ofan línu, lína] ofan hlíðina með Moldskurði til Skínanda skálarlækjar og með læknum til Engjalækjar, sem er hornmerki. Þaðan ræður merkjum bein lína á Klöpp, sem grjótvarða er hlaðin á, á miðju há-Pokafelli. Þaðan ræður merkjum á milli Höskuldsstaða kirkjujarða landa Þverár og Hvammshlíðar og Illugastaða frá nefndri klapparvörðu bein lína í Járnhryggjarhöfuð, þaðan suður á Ambáttardal á hól þann er nefndur er Sjónarhóll, sem er hornmerki, þaðan austur í garð sem liggur fram eptir mýrunum norður frá Árbæli (Fannlaugarstöðum). Þaðan á milli Skrapatungu afrejtjarlands, og Illugastaða beina leið til Laxár; og ræður hún þaðan merkjum til fyrrnefnds Stóragils.<sup>49</sup>

Jóh. Ólafsson og Hjörtur Hjartarsson skrifuðu undir vegna Illugastaða. Landamerkjabréfið var einnig samþykkt af Eggert Ó. Briem vegna Höskuldsstaðakirkjulands og Árna Jónssyni eiganda Þverár.

---

<sup>45</sup> Skjal nr. 11(23).

<sup>46</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I*, 1999), bls. 259.

<sup>47</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I*, 1999), bls. 267.

<sup>48</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 25.

<sup>49</sup> Skjal nr. 2(70).

---

Í fasteignamatinu 1916, kemur eftirfarandi fram í kafla um Illugastaði í Laxárdal:

Jörðin á upprekstur í sitt eigið land [...] Landamerki ágreiningslaus.<sup>50</sup>

Í afrétta- og örnefnaþætti Bjarna Ó. Frímanssonar í *Húnaþingi III*<sup>51</sup> segir m.a. eftirfarandi um Illugastaðapart:

Landspildu þessa eignaðist Engihlíðarhreppur með afsalsbréfi, útgefnu af eiganda Illugastaða í Skefilsstaðahreppi, Lúðvík R. Kemp, 22. október 1921. Er landstykki þetta allt land Illugastaða, norðan frá Engjalæk, og fram að Ambáttará og vestan frá sýslumörkum, þ.e. frá merkjum afréttarlands Vindhælishrepps (Hvammshlíðarlands).<sup>52</sup>

Umrætt afsalsbréf fyrir Illugastaðaparti frá 22. október 1921, hljóðar eftirfarandi:

Eg undirritaður Ludvig Kemp bóndi á Illugastöðum í Skefilsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu gjöri hér með kunnugt að eg með brjefi þessu sel og afsala Engihlíðarhreppi í Húnavatnssýslu allt það land sem eignarjörð mín Illugastaðir í Skefilsstaðahreppi eiga og átt hafa fyrir sunnan Engjalæk svo sem vötn að draga vestan í sýslumerki.

Landspilda þessi er borguð þannig að Engihlíðarhreppur hefir gefið út skuldabrief fyrir andvirðinu kr. 750,00 – sjö hundruð og fimmtíu krónur, sem eg tek gilt.

Skal áðurnefnd landspylða öll fyrir sunnan Engjalæk sem Illugastöðum hefir tilheyrt upp frá þessum degi vera óátalin eign Engihlíðarhrepps, og svara eg til lagariftinga.

Ef ábúandi Illugastaða þarf á að halda, þá má hann sækja um til hreppsnefndar Engihlíðarhrepps að fá slægju í áðurnefndri landspylðu norðan Járnhryggjar, og skal það jafnan veitt á almennum grasleysis árum.

Þess skal getið að jörðin Illugastaðir er veðsett Sparisjóði Skagafjarðarsýslu og Skefilsstaðahreppi, og lofa eg að annast um að losa öll veðbönd af þessari landspylðu.

Kaupanda ber að annast um þinglestur á skjali þessu og borga hann.

Til staðfestu rita eg nafn mitt hjer undir í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Fyrir riftingu á kaupmum þessum skal hver aðili er riftar greiða 250 kr.

Gjört að Illugastöðum 22. oktob. 1921.

Ludv. R. Kemp

---

<sup>50</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>51</sup> Bjarni Ó. Frímansson, „Örnefnaþáttur. Lýsing á afréttarlöndum Engihlíðarhrepps, Skrapatunguafrétt og Illugastaðaparti, og örnefni þar“. *Húnaþingi III*, (1989), bls. 21-30.

<sup>52</sup> Bjarni Ó. Frímansson, „Örnefnaþáttur. Lýsing á afréttarlöndum Engihlíðarhrepps, Skrapatunguafrétt og Illugastaðaparti, og örnefni þar“. *Húnaþingi III*, (1989), bls. 30

---

Vitundarvottar:

Jónatan J. Líndal

Einar Guðmundsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Fremstagili þ. 16. júní 1922 og innf. í afsals- og veðmálabók sýslunnar ltr. J, nr. 4347, bls. 121-122.<sup>53</sup>

### 5.3 Skálahnjúkur

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709, er Skálahnjúkur hjáleiga Kálfárdals, og hefur legið í eyði síðan um 1690 en hafði þar áður byggst upp um 1675. Þar segir:

**Skolahniukur**, eyðihjáleiga, byggð upp á fornum seltóttum í úthögum, þar sem ekki hafði áður byggð verið, fyrir 34 árum og varaði byggðin í 15 ár. [...] Þetta land brúkar nú enginn, því það er í fjarska við heimajörðina. Ekki má aftur byggja fyrir vetrarríki og heyskaparleysi, því þetta kot stendur fram í óbygða fjöllum.<sup>54</sup>

Á manntalsþingi að Sauðá hinn 29. apríl 1751 var upplesin lögfesta Sveins Þorlákssonar á Sjávarborg fyrir sellandi hans í Skálahnjúk, en hann hugðist koma sér upp seli þar síðar um sumarið. Lögfestan hljóðaði svo:

Jeg underskrifadur lögfesti hier í dag að settu manntals þingi að Saudá Selstodu Siafarborgar í Kalfárdals landi, þar sem að fornu verið hefur, er líklegast er og bevýsingar kunna til að fást að vered hafe í þejm stad sem Gisli Gislason núverandi eigandi Kalfardals hefur Bæ sett í Skolahnjúk, fyrer allann minn búfienad sem fædist að Siafarborg og tvo Selhross þar fylgjandi. Fyrerbýd eg hvörjumm manni so vel ádurnefndum Gisla Gislasyini sem odrum þetta mitt selland að biggja, beita edur hús að hafa í þejm stad sem Sætur að fornu vered hafa fyrer utan mitt lof edur lejfe, þar eg ætla mier á næstkomanda sumre sialfur sel að setia þar sem Gisle hefur nú sinn bæ giordann í Skolahnjúk enn giete velnefndur Gisle Gislason fært nockur skilrike, maldaga, vitnesburde eður þesskonar á móti þessari minni lögfestu þá óska eg það hann nú í stad framleggi edur og legge fimmtar stefnu mót þessare Lögfestu ef þurfa þikist. Annars skal þessi mín lögfesta standa næstkomandi tolf manudi. Til merkis mitt nafn að Sauda þann 29. aprilis Anno 1751. Sveinn Thorlaksson.<sup>55</sup>

Á sama þingi var gerð sætt á milli Sveins og Gísla. Í dómabók Skagafjarðarsýslu segir:

Var þetta so aftalad i sattseme og forlykun imillum mr. Sveins Thorlakssonar og Kalfardals Eiganda Gisla Gislasonar ad Gisle lofar ad hier effter arlega

---

<sup>53</sup> Skjal nr. 11(20).

<sup>54</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 47-49.

<sup>55</sup> Skjal nr. 11(7) a-b.



---

betalast skule til velnefnds mr. Sveins Thorlakssonar 10. al. verðaura fyrir honum tilheirande Selstöðu í Skólahnauk, sem viðvara skal beggia þeirra lífstíð, enn vilie mr. Svein brúka Selstöðuna vill hann í tíma aðvara Gísla þar um.<sup>56</sup>

Í *Sögnum um slysfarir í Skefilsstaðahreppi 1800–1950* eftir Ludv. R. Kemp segir frá kvæntum bónda sem bjó í Skólahnjúki, Jóni Gíslasyni, sem lenti niður á milli hafsjaka framan við Sævarlandsvík vorið 1804 og druknaði.<sup>57</sup> Eftir það var jörðin seld Jóni Jónssyni fyrir 45 ríkisdali courant af B. Jónssyni, kaupbréf dags. 15. ágúst 1804 og þinglýst 12. ágúst 1805.<sup>58</sup> Hinn 3. mars 1832 seldi Jón Jónsson síðan Sigurði Árnasyni á Reykjum Skólahnjúkinn fyrir „85 Rixorta speciur.“ Kaupunum þinglýst 1. júní 1832.<sup>59</sup>

Í sóknalýsingum Fagraness- og Sjávarborgarsókna frá árinu 1840 skrifar séra Jón Reykjálín um bæi í sóknunum:

14. Á sömu línu sunnar er Skólahnúkur, 5 hndr., bóndaeign. Þar er völlum ljótur og lítill, en að öllu öðru varið sem í Þórðarseli [þ.e. nægilegar úthejjaslægjur, landrými og landgæði nóg, en votviðri jafnaðarleg og snjóþyngsli].<sup>60</sup>

Stuttu síðar í sama kafla kemur fram hjá séra Jóni að Sjóarborg eigi selstöðu í Skólahnúksdal. Hann skrifar:

Land á Borg ennú kringum og ásamt Brennigerði vestur af fjalli, allt í ána móti Hryggjum, einnig selstöðu uppi í Skólahnúksdal, á eyrunum. Hefir beitin verið vestur í Tröllabotnum, bezta land, en hefir nú í langa tíma ekki verið notað.<sup>61</sup>

Þann 29. maí árið 1841 seldi Sigurður Árnason bóndi á Skólahnjúki eignar- og ábylisjörð sína Skólahnjúk, 5 hndr. að dýrleika, til bóndans Steins Jónssonar á Gvendarstöðum, „með öllum sínum gögnum og gæðum, eignum og ítökum sem téðri jörðu hafa fylgt og fylgja ber“ eins og segir í kaupbréfinu. Kaupverð var 100 speciur danskar. Kaupunum var þinglýst að Sauða sama dag.<sup>62</sup>

Þann 15. mars 1842 seldi Steinn Jónsson Skólahnjúk síðan aftur til Sigurðar Árnasonar bónda í Skólahnjúki fyrir 200 ríkisbankadali. Þeim kaupum var þinglýst árið eftir eða þann 6. júní 1843 að Sauða.<sup>63</sup>

Gísli Konráðsson segir frá þessum viðskiptum þeirra nággranna Sigurðar og Steins í *Sögu Skagstrendinga og Skagamanna*. Var málum þannig háttað að Sigurður í Skólahnjúki hafði stolið tveimur sauðum frá Steini. Varð síðan að sættum með þeim

---

<sup>56</sup> Skjal nr. 2(148).

<sup>57</sup> Ludv. R. Kemp, *Sagnir um slysfarir í Skefilsstaðahreppi á sjó og landi frá 1800–1950*.

<sup>58</sup> Skjal nr. 4(106).

<sup>59</sup> Skjal nr. 4(106).

<sup>60</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II*, (1954), bls. 34.

<sup>61</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II*, (1954), bls. 36.

<sup>62</sup> Skjal nr. 4(102).

<sup>63</sup> Skjal nr. 4(103).

---

að Sigurður skyldi selja Steini Skálarhnjúk en Steinn þegja yfir þjófnaðinum. Málið komst þó upp og kaupin látin ganga til baka. Eftir það seldi Sigurður Skálarhnjúk þeim manni er Ingimundur hét úr Kolbeinsdal.<sup>64</sup>

Þann 17. mars 1848 seldi Guðmundur Ingimundarson vinnumaður á Bjarnastöðum í Kolbeinsdal eignarjörð sína Skálahnjúk til Ásmundar Þorleifssonar húsmanns í Kálfárdal en Guðmundur þessi hefur væntanlega eignaðist hana eftir föður sinn fyrrnefndan Ingimund. Kaupunum var þinglýst að Sauðá þann 6. júní 1849.<sup>65</sup>

Ekkert er tilgreint um takmörk eða landamerki í neinum af ofangreindum kaupbréfum.

Í Jarðamati Skagafjarðarsýslu árið 1849 segir eftirfarandi um þrætupart milli Skálahnjúks og Skrapatungu:

411. Þrætupartur milli Skálahnjúks og Skrapatungu í Húnavatnssýslu, sem liggur fyrir vestan Laxá, er það allstór landspartur, er hefir verið brúkaður frá fyrrnefndri jörðu til slæгна, beitar og grasatekju, álitst hæfilega metin til 3 hndr.<sup>66</sup>

Árið 1856 bjó í Skálahnjúk Hafliði Hafliðason og kona hans Guðríður Pálsdóttir en vorið 1859 er bróðir hans Gunnar Hafliðason „talinn taka við búsför ráðum í Skálahnjúki og bjó hann þar í 44 ár eða til 1903, fyrstu 3 árin í tvíþýli með bróður sínum, en Hafliði dó 1862“ segir í *Skagfirðingabók* 1966.<sup>67</sup>

Landamerkjabréf Skálahnjúks var útbúið 20. ágúst 1885 og því var þinglýst 16. maí 1891:

Að austan ræður Vatnaöxl, hvar ~~varða~~ [ofan línu, hlaða] skal hornmerki, allt suður í Jörundarlæk. Þaðan í Tröllá, sem ræður uppí botninn. Þaðan beint upp úr botninum á háfjall, hvar setja skal útsuður hornmerki.

Þaðan ræður háfjallið norður eptir, og síðan, ~~og síðan~~ í Miðaptansfjallið móti bænum, allt þar til komið er út á móts við landamerkjagard þann, er liggur upp frá Tröllá að austan, og skal þar hlaða útnorðurhornmerki á fjallinu. Þaðan niður fjallið beint í fyrrnefndan garð, sem ræður merkjum uppá Bakdalsháls. Þaðan eptir, sömu stefnu í fyrrnefnda vörðu á Vatnsöxl. –<sup>68</sup>

Ólafur Sigurðsson eigandi Skálahnjúks skrifaði undir landamerkjabréfið, ásamt Gunnari Hafliðasyni ábúanda jarðarinnar.

Þann 25. maí árið 1906 seldi Guðmundur Ólafsson fyrir hönd föður síns Ólafs Sigurðssonar Upprekstrarfélagi Sauðárhrepps Skálahnjúk í Sauðárhreppi að dýrleika eftir mati 9,9 hndr. fyrir 400 krónur með öllum gögnum og gæðum eða eins og segir í kaupbréfinu:

---

<sup>64</sup> Gísli Konráðsson, *Saga Skagstrendinga og Skagamanna* (1941), bls. 141-142.

<sup>65</sup> Skjal nr. 4(104).

<sup>66</sup> Skjal nr. 2(147).

<sup>67</sup> *Skagfirðingabók. Ársrit Sögufélags Skagfirðinga 1966*, bls. 56-57.

<sup>68</sup> Skjal nr. 2(37).

---

Jörðinni fylgja engin hús, en landamerki eru framtekin í þinglýstu landamerkjá bréfi, og er jörðin seld með öllum gögnum og gæðum til lands og vatns sem lög standa til.<sup>69</sup>

Undir kaupbréfið kvitta Guðmundur Ólafsson fyrir hönd föður síns og Jónas Sveinsson fyrir hönd upprekstrarfélagsins. Bréfinu var þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkróki þann 30. maí árið 1906.

Þann 11. mars árið 1907 seldi Upprekstrarfélag Sauðárhrepps 1/3 úr Skálahnjúkslandi til Upprekstrarfélags Staðarhrepps til fullra nota sem afréttarlands. Í kaupbréfinu segir:

Eg undirritaður Jónas Sveinsson oddviti í Sauðárhreppi og húseigandi á Sauðárkrók gjöri kunnugt, að eg fyrir hönd upprekstrarfélags Sauðárhrepps sel af eign þess 1/3 úr Skálahnjúkslandi upprekstrarfélaginu í Staðarhreppi hér í sýslu til fullra nota sem afréttarland. Söluverð er 134 kr. – eitt hundrað þrjátíu og fjórar krónur [...].<sup>70</sup>

Undir kaupbréfið kvittar Jónas Sveinsson fyrir hönd Sauðárhrepps og Jón Jónsson fyrir hönd Staðarhrepps. Bréfinu var þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkróki þann 25. maí 1907.

Þann 11. desember árið 1908 áréttaði Guðmundur Ólafsson að faðir hans hefði selt Sauðárhreppi jörðina Skálahnjúk í Sauðárhreppi og afsalaði sér og sínum erfingum öllu tilkalli til téðrar jarðar. Afsal hans hljóðaði svo:

Jeg votta hjermeð og viðurkenni, að jörðin Skálahnjúkur í Sauðárhreppi er af föður mínum Ólafi sál. Sigurðssyni dbm. í Ási seld Sauðárhreppi hinum forna, og honum föður mínum, sem seljanda, að öllu fyrir andlát hans borguð. Afsala jeg mjer því, sem og mínum samörfum og erfingjum, öllum eignar- og afnotarjetti af tjeðri jörð og lýsi því yfir, að Sauðárhreppur hinn forni er að lögum rjettum orðinn hennar eigandi, og skal því skjali þessu þinglýst sem fullkomnu afsalsbrjefi fyrir nefndri jörð.

p.t. Sauðárkróki 11. desbr 1908

Guðm. Ólafsson<sup>71</sup>

Bréfinu var svo þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkróki þann 22. maí 1909.

Þann 1. maí árið 1935 birtist eftirfarandi klausa í dagblaðinu *Vísi*:

Það er rétt sem Theodór segir, að Skálahnjúkur hafi nýlega verið farinn í eyði er hér var komið. Lagðist byggð þar niður í fardögum 1903. Þá voru flest hús rifin og viðir á brott færðir. Síðan hefir þar ekki verið byggð. Síðast bjuggu í Skálahnjúk langan aldur, líklega fram undir hálfu öld (frá því um eða fyrir 1860 til vordaga 1903) hjónin Gunnar Hafliðason og Ingibjörg Gunnlaugsdóttir. Þau voru fátæk alla tíð og áttu margt barna. Enghlíðingar

---

<sup>69</sup> Skjal nr. 4(90).

<sup>70</sup> Skjal nr. 4(89).

<sup>71</sup> Skjal nr. 4(91).

---

eiga afréttarland um Fannlaugarstaðahlíð og Tröllabotna. Þeir gistu ávalt að Skálahnjúki, er þeir voru í fjárleitum á haustin og þágu þar beina af litlum efnunum hjónanna. Þeir voru margir saman, gangnamennirnir, sennilega ekki færri en 20, en þó líklega heldur fleiri. Ekki var kallað eftir greiðslu fyrir góðgerðir þar í Skálahnjúki, en vera má, að sumir hafi þægt þeim hjónum einhverju. Þegar jörðin var komin í eyði, bygðu Enghlíðingar sér leitarmannakofa vestan árinna. Þótti þeim alt daufara og leiðinlegra norður þar í fjöllum, er bygðin var horfin.<sup>72</sup>

Í ritinu *Göngur og réttir V*, frá árinu 1953, segir svo um Skálahnjúk:

Vestan Hryggjafjalls er mjög grösugur dalur, er þrengist syðst. Heitir hann Skálahnjúksdalur. Dregur hann nafn af býli norðar á dalnum og Skálahnjúkur hét. Fór það í eyði 1903. Landkostir eru þar hinir ágætustu, enda afréttin talin bezt að norðvestanverðu. Síðasti ábúandi Skálahnjúks hét Gunnar Hafliðason. Þjó hann þar yfir 40 ár.<sup>73</sup>

Samkvæmt *Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781–1958* hefur Skálahnjúkur verið í byggð alla 19. öld eða samfellt frá 1791 til 1903 að undanskildum árunum 1804–1805 þegar hann var í eyði.<sup>74</sup>

Í skrá yfir afrétti, eignarheimildir og landamerki innan Skagafjarðarsýslu frá 1985 frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu til Tryggva Gunnarssonar lögfræðings í Reykjavík, segir um afréttarlönd Sauðárkróksbæjar, þ.e. Reynistaðarafrétt og Skálahnjúk:

Afréttarlönd Sauðárkróksbæjar eru: Þrjú hundruð að dýrleika í Reynistaðarafrétt, sem er öll 35 hundruð, og  $\frac{2}{3}$  af eyðibýlinu Skálahnjúk.<sup>75</sup>

Hlut sinn í Staðarafrétt og  $\frac{2}{3}$  Skálahnjúks eignaðist bærinn þegar eignum Sauðárhrepps hins forna var skift milli Sauðárkróks og Skarðshreppa árið 1907. Fram kemur að Upprekstarfélag Sauðárhrepps hafi keypt jörðina Skálahnjúk árið áður, kaup þinglesin á Sauðárkróki 30. maí 1906. Ári síðar, eða 25. maí 1907, seldi Upprekstarfélag Sauðárhrepps síðan Upprekstarfélagi Staðarhrepps  $\frac{1}{3}$  úr Skálahnjúk.

Í *Bygðasögu Skagafjarðar I* frá árinu 1999, skrifar Hjalti Pálsson um landmerki Skálahnjúks og þrætupart milli Húnvetninga og Skagfirðinga:

Þinglesin norðurlandamerki Skálahnjúks vestan Laxár eru ofan úr vörðu á Miðaftansfjalli í fornan landamerkjagard austan Laxár milli Þórðarsels og Skálahnjúks. Þrætulandið er allt að tveggja kílómetra breitt landsvæði frá fyrrnefndum merkjum út að Rauðagilslæk en þangað náði land Fannlaugarstaða. Landsvæði þetta virðist tilheyra Skrapatunguafrétt en er

---

<sup>72</sup> „Samsetningur Theódórs. Eftir Skarða-búa.“ *Vísir*. 117. tbl., 25. árg., bls. 2-3.

<sup>73</sup> Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir V*, (1953), bls. 58.

<sup>74</sup> Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958, hefti I, bls. 48-49.

<sup>75</sup> Skjal nr. 4(10).

---

ennþá óútkljáð þrætuland milli Húnvetninga og Skagfirðinga því ekki munu auðfundnar sönnur á eignarhaldi þessa svæðis.<sup>76</sup>

Í *Byggðasögu Skagafjarðar I*, frá árinu 1999 fjallar Hjalti Pálsson ítarlega um sögu Skálahnjúks í Gönguskörðum. Hann skrifar:

Skálahnjúkur er fyrsta býlið sem vitað er til að byggt hafi verið á Skálahnjúksdal. Þarna var selstaða frá Sjóvarborg en elstu heimildir um búsetu frá því um 1675-1690. Byggð var stopul á 18. öld en á bilinu 1735-1759 var aftur búið í Skálahnjúki en í eyði 1760. Árið 1762 var aftur komin byggð og einnig 1777, sennilega allt fram í móðuharðindin 1784 að jörðin fór aftur tímabundið í eyði. [...] Eftir að byggð reis í Skálahnjúki mun selstaða Sjóvarborgar hafa færst að Trölleyrum.

Jörðin var upphaflega hjáleiga úr landi Kálfárdals. Jón Gíslason bóndi í Skálahnjúki féll niður á milli hafísjaka úti fyrir Sævarlandsvík og druknaði vorið 1804, 2. júní. Bjarni sonur hans, bóndi í Kálfárdal, seldi þá um sumarið Skálahnjúk undan heimajörðinni og var hann í séreign upp frá því. Kaupandi var Jón Jónsson á Rútsstöðum í Svínadal sem seldi hana síðan Sigurði Árnasyni bónda á Reykjum 3. mars 1832 er fluttist þangað ári síðar. Sigurður lenti í klandri 1841 og flæmdist burtu ári síðar, seldi þá jörðina Ingimundi Guðmundssyni á Sviðningi í Kolbeinsdal. Guðmundur Ingimundarson bjó eitt ár í Skálahnjúki og seldi jörðina eftir lát föður síns 17. mars 1848 fyrir 170 spesíur danskar Ásmundi Þorleifssyni húsmanni í Kálfárdal sem þá fór að búa á jörðinni. Ólafur Sigurðsson í Ási var orðinn eigandi jarðarinnar þegar árið 1885 og seldi hana síðan Upprekstrarfélagi Sauðárhrepps fyrir 400 kr. með bréfi dagsettu 25. maí 1906, þinglýstu 30. s. m. Upprekstrarfélag Sauðárhrepps seldi síðan upprekstrarfélagi Staðarhrepps þriðjung jarðarinnar fyrir 134 krónur með bréfi dagsettu 11. mars 1907.<sup>77</sup>

### 5.3.1 Aðliggjandi og tengd landsvæði

#### 5.3.1.1 Trölleyrar í Gönguskörðum

Í sóknarlýsingu Fagraness- og Sjórborgarsókna frá 1840 kemur fram að Sjórborg eigi land og selstöðu í Skálahnúksdal. Í lýsingunni segir:

Land á Borg ennú kringum og ásamt Brennigerði vestur af fjalli, allt í ána móti Hryggjum, einnig selstöðu uppi í Skálahnúksdal, á eyrunum. Hefir beitin verið vestur í Tröllabotnum, bezta land, en hefir nú í langa tíma ekki verið notað.<sup>78</sup>

Trölleyrar byggðust fyrst árið 1852 úr Selhólalandi og fóru í eyði 1863. Í *Byggðasögu Skagafjarðar I*, segir Hjalti Pálsson svo frá:

---

<sup>76</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I*, (1999), bls. 272.

<sup>77</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I*, (1999), bls. 272-273.

<sup>78</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II*, (1954), bls. 36.

---

Trölleyrar (65.42.77/19.52.58) er eyðibýli á Skálahnjúksdal, byggt úr Selhólalandi 1852 af Daníel Þorsteinssyni sem lengi hafði verið á þessu svæði: í Þórðarseli, Selhólum og síðast Skálahnjúki. Býlið er nærri einum og hálfum kílómetri framan við Skálahnjúk, örskammt sunnan við Tröllá, þar sem hún tekur sveig til austurs. Bæjarstæðið er á flatlendi, norðast í stórum mosagrónum þúfnamó. Tún er ekkert en víðáttumikið engja- og flóasvæði austur og suður frá bænum. Líklega hefur þarna um skeið verið selstaða frá Sjávarborg samkvæmt gömlum ítakarétti þeirrar jarðar í Kálfárdalsland, eftir að landið í Skálahnjúki byggðist (sjá umfjöllun þar) og ekki óhugsandi að Daníel hafi upphaflega sest að í selkofum. Byggð hélst í rúman áratug en fór í auðn 1863 og hefur aldrei verið búið þar síðan. Býlið var aldrei sérmetið og ekki er lengur kunnugt um landamerki þess en væntanlega hafa þau afmarkast af Tröllá að vestan en Kvíslinni að austan og suður á hreppamörk. Kirkjusókn var að Fagranesi.<sup>79</sup>

Landamerkjabréf fyrir Trölleyrar í Gönguskörðum hefur ekki fundist.

### 5.3.1.2 Selhólar í Gönguskörðum

Landamerkjabréf Selhóla var útbúið 16. maí 1890 og því var þinglýst samdægurs:

Frá Svörtuklettum ræður Kaldilækur ofan í Kálfá. Ræður þá Kálfá í Kurlæk. Ræður hann til fjallseggja. Ráða fjallseggjar í Jörundarlæk. Ræður Jörundarlækur í Tröllá. Ræður Tröllá í Tröllafoss, þaðan liggja merkin yfir miðja Tröllá bingu eftir há brúnum austur hjá Kjóamýri. Þaðan í fyrnefnda Svörtukletta.<sup>80</sup>

Halldór Stefánsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Árna Jónssyni og Skúla Bergþórssyni. Skúli handsalaði samþykki sitt.

Í *Byggðasögu Skagafjarðar I* frá 1999 segir Hjalti Pálsson frá byggð í Selhólum í Gönguskörðum:

Selhólar (65.42.83/19.49.33) voru byggðir úr Kálfárdalslandi seint á 18. öld. Jarðabókin 1709 getur þeirra að engu og hvorki er þar byggð 1735, 1753 eða 1762. Eftir nokkurra ára búsetu fóru Selhólar í eyði í móðuharðindunum 1784 eins og svo mörg önnur fjalla- og harðbýliskot og byggðust ekki aftur fyrir en 1842. Var það Hálfan sonur Níelsar Jónssonar skálda er reisti þar byggð að nýju og bjó í 20 ár.

[...]

Svo sem nafnið bendir til var hér upphaflega sumarselstaða, trúlega frá Sauða sem átti til forna selstöðurétt í Kálfárdalsland.

[...]

**Eignarhald.** Selhólar tilheyrðu Kálfárdal, fyrst sem selstaða, síðan hjáleiga, en Bjarni Jónsson bóndi í Kálfárdal seldi landspartinn undan heimajörðinni

---

<sup>79</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I*, (1999), bls. 276.

<sup>80</sup> Skjal nr. 2(38).

---

skv. samningi 27. janúar 1825. Hálfðan Níelsson keypti síðan jörðina í tvennu lagi 1843 og 1844 og mun hafa átt meðan hann bjó þar. Hallur Ásgrímsson kaupmaður á Sauðárkróki eignaðist jörðina 1878. Selhólar fóru í eyði 1898 og voru þá í eigu Bjarna Þorlákssonar og Sölva Guðmundssonar í Kálfárdal. Sauðárhreppur keypti Selhóla árið 1902. Voru kaupin samþykkt á fundi hreppsnefndar 20. desember 1901 og rætt um að verðið yrði 450-500 krónur. Var landið þá lagt undir afrétt.<sup>81</sup>

### 5.3.1.3 Kálfárdalur

Samkvæmt ódagsettum máldaga frá 1421 átti Sjávarborg selstöðu í Kálfárdalslandi: „Borg á selfor i Kalfárdalzjord firir bwfie það sem fædist á Siafarborg og tuo selhross.“<sup>82</sup>

Þegar Sauða í Skagafirði var seld árið 1495 var tekið fram í kaupbréfi að jörðinni fylgdi „selför i Kalfardalzjord.“<sup>83</sup>

Árið 1545, 30. mars, seldi Ingveldur Grímsdóttir séra Birni Jónssyni jörðina Skarð á Reykjaströnd og er þá tilgreint að með fylgi í kaupunum það „itak og selfor sem hun sagdi at Grimur Jonsson fader sinn hefði lagt til hennar i Kalfardalsiord.“<sup>84</sup>

Þannig virðast jarðirnar Sjávarborg, Sauða og Skarð allar hafa átt selstöðu í Kálfárdalslandi a.m.k. um tíma á 15–16. öld. Selstaða Sjávarborgar er talin hafa verið í Skálahnjúki (sjá umfjöllun þar) en óljóst er um selstöðu Sauðár, kann að hafa verið í Selhólum, og alls óvíst er um selstöðu Skarðs.<sup>85</sup>

Af kaupbréfi frá 23. september 1439 má sjá að Kálfárdalur var metin á 20 hndr. en þá keypti Björn Þorleifsson jörðina af Eiríki Loftssyni: „kalfardaal firir xx hundred.“<sup>86</sup>

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709, er Kálfárdalur 20 hundraða jörð í einkaeigu, og Skálahnjúkur hjáleiga hennar er í eyði. Afréttur er enginn. Þar segir:

Tólf hrossa beit á jörðin eftir gömlum máldaga á Borgarskóga mót selför í þessar jarðar land. Þessi beit hefur ekki brúkast í manna minni.<sup>87</sup>

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi um landamerki Kálfárdals í kafla um sömu jörð:

Landamerki ágreiningslaus, óþinglesin.<sup>88</sup>

Um upprekstur Kálfárdals segir eftirfarandi í fasteignamatinu 1916:

Upprekstur á afrétt, sem er sveitareign.<sup>89</sup>

---

<sup>81</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I*, (1999), bls. 277-278.

<sup>82</sup> Skjal nr. 2(150).

<sup>83</sup> Skjal nr. 2(151).

<sup>84</sup> Skjal nr. 2(152).

<sup>85</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I*, (1999), bls. 282-283.

<sup>86</sup> Skjal nr. 2(153).

<sup>87</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 47-48.

<sup>88</sup> Skjal nr. 2(88).

---

Ekki hefur fundist eldra landamerkjabréf fyrir Kálfárdal en það sem var útbúið 28. júní 1924 og þinglýst 27. júní 1925. Það hljóðar svo:

Að austan ræður Reiðlág frá Holti, sem stendur í henni miðri með 4 steinum á, suður til Stórhóladrags, þaðan í vetlingaskarð, þaðan í þá norðustu nýpu, þaðan ráða háeggjar suðvestur til Kurlækjadrags, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ræður Kurlækur niður til Kálfár. Upp frá Kálfá að norðan ræður annar lækur, sem stendst á við nefndan Kurlæk. Frá læknum ræður sama stefna uppá fjallið austan við Svörtukletta til vatnaxlar, sem ræður lítinn spöl, norður að vörðu, sem er hornmerki. Þaðan ræður bein stefna norðaustur yfir Tjarnardal fyrir sunnan urðina til Hafnakletta, sem stendur sunnan í Selhnjúk. Frá nefndum kletti niður í garð þann, er stendur ofan til í Marklá, þaðan í skurð þann, er liggur niður til Kálfár. Frá Kálfá ræður síðan bein stefna í fyrst nefnt holt í miðri Reiðlá.<sup>90</sup>

Hallgrímur L. Valberg skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sig. Á. Björnssyni hreppstjóra vegna þjóðjarðarinnar Tungu og eignarjarðar hans Veðramóta.

Í *Byggðasögu Skagafjarðar I* frá 1999 má sjá að Kálfárdalur fór í eyði í Skaftáreldum líkt og fleiri jarðir en hefur byggst aftur skömmu síðar því 1791 fóru Jón Gíslason og Guðný Guðmundsdóttir búferlum frá Kálfárdal að Skálahnjúki. Að Kálfárdal komu Jón Dagsson og Ingunn Jónsdóttir. Eftir það var byggð samfelld í Kálfárdal til ársins 1962 að hann lagðist í eyði.<sup>91</sup> Þar kemur einnig fram að húsið í Kálfárdal sé nú notað sem sumarhús og fyrir gangnamenn í haustgöngum. Hann segir Kálfárdal ávallt hafi verið bændaeign og sátu þar löngum sjálfseignarbændur. Jörðin var lengst af í eigu og ábúð Ingveldarstaðamanna eða allt til ársins 1859. Búið var í Kálfárdal til ársins 1962. Rípurhreppur keypti síðan jörðina árið 1968 og lagði hana til afreftar.<sup>92</sup>

Afsalsbréf til hreppsins fyrir Kálfárdal er undirritað af Sigurði B. Magnússyni Sauðárkróki þann 23. ágúst 1968. Í því er vísað til landamerkjabréfs frá 23. apríl 1925.<sup>93</sup>

#### 5.3.1.4 Þórðarsel/Veðramót

Þórðarsel var byggt upp í landi Veðramóts á gömlum selrústum seint á 18. öld og var hjáleiga þaðan sem síðar fór í eyði.

Í elsta hlutanum af Sigurðarregistri frá árinu 1525, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju þegar Jón biskup Arason tók við, máldaga klaustranna og

---

<sup>89</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>90</sup> Skjal nr. 2(39).

<sup>91</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I*, (1999), bls. 284-285.

<sup>92</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I*, (1999), bls. 281-282.

<sup>93</sup> Skjal nr. 11(21).



---

nokkurra kirkna fyrir norðan land, er jörðin Veðramót talin upp á meðal jarða Reynistaðaklausturs.<sup>94</sup>

Í kaflanum um Veðramót í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709, segir að Veðramót séu í eigu konungs en liggi undir Reynistaðarklaustri. Jörðin á ekki afrétt.<sup>95</sup>

Þórðarsel byggist fyrst um 1780. Í umsókn Halldórs Vídalíns klausturhaldara um verðlaun fyrir endurreisn eyðibýla í landi klaustursins frá 1781 (sjá um Gvendarstaði) er býlið Sel talið upp næst á eftir Gvendarstöðum:

Sel, har aldrig för været byggt Jord, ligger ogsaa høyt oppe paa samme fælde, ikke meget langt fra Gvenderstad.<sup>96</sup>

Í sóknarlýsingu Fagraness- og Sjóarborgarsókna árið 1840 er bærinn Þórðarsel sagður hafa verið gömul selstaða frá Veðramóti eða Mosfelli en léður til ábúðar fyrir 20 árum. Jón Reykjálín skrifar:

13. Stendur þar rúmri bæjarleið framar [þ.e. framar en Fannlaugarstaðir] að vestanverðu í dalnum Þórðarsel, gömul selstaða frá Veðramóti, líklegar þó frá Mosfelli, sem stendur þar á milli, austan undir fellinu, og fyrir marglöngu hefir þaðan verið handsamað og hefðað af ábúendum þar [þ.e. á Veðramóti], án húsbóndans afskipta, léð til ábúðar, án tíunda, nú fyrir meir en 20 árum. Þar er kominn í rækt vel kýrfóðurvöllur og nægilegar úthejjaslægjur, landrými og landgæði nóg, en votviðri jafnaðarleg og snjóþyngsli.<sup>97</sup>

Landamerkjabréf Veðramóta var útbúið 6. maí 1886 og því var þinglýst ellefu dögum síðar:

Að austan ræður Hraksíðuá frá Þröskuldi niður til Gönguskarðsár. Þaðan ræður Gönguskarðsá [ofan línu, upp] til Kallár, þaðan ræður Kallá upp til Kálfár. Þaðan ræður Kálfá suður að Marklágarskurði, sem ræður upp í garðlag sunnan vert við Marklágina. Þaðan suður og upp í Hrafnsklett. Þaðan vestur yfir Tjarnardal fyrir sunnan Urðimmar. Þaðan í vörðu á Vatnaöxl. Þaðan eptir sömu stefnu vestur yfir dragið og Bakdalsháls niður að landamerkjagarði þeim, er liggur upp frá Tröllá (Laxá) skammt fyrir utan Skálarhnjúk. Þaðan ræður garðurinn ~~niður~~ niður að ánni. Þaðan ræður Tröllá norður til Bakdalsár. Þaðan austur í Bakdalsskarð. Þaðan niður í ytra Gránugil, sem ræður niður í Kallá. Þaðan eptir merkjum milli Oddsteigs og Sandárteigs. Þaðan upp í syðri Kambalág. Þaðan í fyrstnefndann Þröskuld. – Á landi jarðarinnar liggja 2, engjateigar, tillagðir öðrum jörðum fyrir önnur hlunnindi 1. Sauðárteigur vestur við merki – ásamt slægjulandinu upp frá honum, afmarkaður með garðlagi að austan, en Kallá að neðan, tillagður Sauðá fyrir vetrarheit í Sauðárhólum. – 2. Skarðsteigur, niður undan túninu, afmarkaður

---

<sup>94</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>95</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 45.

<sup>96</sup> Skjal nr. 2(145).

<sup>97</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873* II, (1954), bls. 34.

---

með garði á þrjá vegu, en Kallá að neðan, tillagður Skarði fyrir frýtt skips uppsátur í Skarð-skrók. –<sup>98</sup>

Ólafur Sigurðsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Birni Jónssyni ábúanda Heiðar og Sv. Sölvasyni ábúanda Skarðs.

Í jarðamati á Veðramóti, dags. 28. apríl 1916 sem gert var í tilefni af væntanlegri sölu jarðarinnar úr eigu ríkisins, segir frá tveimur eyðihjálegum í landi jarðarinnar, Þórðarseli og Mosfelli. Lýsingin hljóðar svo:

Jörðinn Veðramót liggur í hinum svokölluðu Gönguskörðum. Í þeim er mikið vetrarríki og snjór liggur yfir landi jarðarinnar opt frá því snema vetur og fram á vor en þegar upptekur er opt hlítt á vorin í hlíð þeirri er bærinn stendur í. Land jarðarinnar er afar langt frá austri til vestur en ekki breitt. Minni hluti þess er nú notfæfur ábúandanum, áður voru í landi jarðarinnar vestur í fjöllum tvær hjálegur, Þórðarsel og Mosfell, sem báðar eru komnar í eiði og einginn líkindi til að þær byggjist upp aptur því landið liggur fast að afrjetti, bæði utan og innann sýslumanna og þess utann verður engi og sá nothæfi partur af landi jarðarinnar fyrir megnum ágangi af afrjettar peningi.<sup>99</sup>

Árið 1918 voru Veðramót síðan seld úr eigu ríkisins. Kaupandi var ábúandinn Sigurður Á. Björnsson. Afsalsbréf fyrir kaupnum var gefið út 10. júlí það ár og í því var tekið fram að jörðin sé seld „með þeim landamerkjum, sem tiltekin eru í landamerkjaskrá jarðarinnar.“<sup>100</sup>

Í janúar 1920 fór upprekstrarfélag Staðarafréttar þess á leit við sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að Þórðarsels- og Skálahnjúksland yrði framvegis smalað til Staðarréttar en þá stóð fyrir dyrum að upprekstrarfélagið keypti Þórðarselsland. Mörkum landspildunnar sem til stóð að kaupa er lýst í bréfi til sýslunefndar:

Það má teljast fullráðið að upprekstrarfélag Staðarafréttar ásamt útparti Skarðshrepps kaupi Þórðarselsland en svo nefnist vestasti hlutinn af af Veðramótslandi. Land þetta liggur meðfram Laxá vestur á sýslutakmörkum og er áfast og áframhald af Skálahnjúkslandi norðan verðu sem er eign upprekstrarfélags Staðarafréttar, en bæði þessi lönd eru eins og áður er getið allbreið spilda meðfram Laxá að austan, en áfast aðalafrettinni Staðarfjöllum að suðvestan. Samhliða Skálahnjúks- og Þórðarselslandi að austan liggur syðst Selhólaland, sem er eign útparts Skarðshrepps, þá Kálfárdalsland og nyrst Veðramótsland. Lönd þessi öll þar með talið Skálahnjúks- og Þórðarselsland hafa verið gengin til Bakkaréttar, að þessu. Nú leyfum vér oss undirritaðir fyrir hönd upprekstrafélags Staðarréttar að skora á sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að hún veiti samþykki sitt til að Þórðarsels- og

---

<sup>98</sup> Skjal nr. 2(40).

<sup>99</sup> Skjal nr. 2(139).

<sup>100</sup> Skjal nr. 2(139).

---

Skálahnjúksland verði framvegis gengið til Staðarréttar svo framt áður greind kaup fari fram.<sup>101</sup>

Bréfið er dagsett 24. janúar 1920 í Staðarhreppi, Rípurhreppi og Sauðárkrókshr. Undir það skrifa fyrir hönd upprekstrarfélagsins Magnús Guðmundsson fjallskilast., Guðmundur Ólafsson oddviti, Sig. Þórðarson fjallskilast. Jón Sigurðsson og Snorri Stefánsson.

Þann 5. febrúar 1920 ritaði Sigurjón Jónasson oddviti Skarðshreppi sýslunefnd Skagafjarðar einnig bréf vegna fyrirhugaðra kaupa á Þórðarselslandi og mótmælti því að hún veiti samþykki sitt fyrir því að landið yrði smalað til Staðarréttar sem hann taldi ýmis vandkvæði á. Mörkum landspildunnar lýsir hann eftirfarandi í bréfinu:

Landspilda þessi sem um er að ræða, er nefnd Þórðarselsland, en liggur þó mikið lengra austur yfir hnjúkana en Þórðarselsland náði til forna, eða alveg austur á hnjúkabrunir; en að vestan skilur Laxá land þetta frá afrétt Húnvetninga og er hún þar mjög vatnslítill sem lækur. Að sunnan tekur við Skálahnjúksland, sem nú er eign Sauðárkrókshrepps, og framhreppanna að nokkru, og telja þeir því sjálfsagt, að það sé einnig smalað til Staðarréttar. Skálahnjúksland liggur mikið skemra austur, en Veðramótsspildan, eða aðeins til háfjallsins að vestan, á móti því að austan gengur Kálfárdalsland vestur á háfjallið sunnan Veðramótsland.<sup>102</sup>

Annað landamerkjabréf fyrir Veðramótum var útbúið 10. júní 1923 og þinglýst 16. sama mánaðar:

Að austan ræður Hraksíðuá, frá Þröskuldi niður til Gönguskarðsár, þaðan ræður Gönguskarðsá upp til Kallár, þaðan ræður Kallá upp til Kálfár, þaðan ræður Kálfá suður að Marklágarskurði sem svo ræður uppí garðlag sunnanvert við Marklágina. Þaðan skálina suður og uppí Hrafnsklett. Þaðan ræður Mosfellshnúksbrún úti steinvörðu á hnjúkbrúninni nokkuð utan við Miðhnjúk uppundan Dyjahlíð. Þaðan niður í steinvörðu á mel mitt á milli Ytra og Syðra Gránugils, þaðan í torfvorðu austan við Kallá, þaðan uppí syðri Kambalag þaðan í fyrstnefndan Þröskuld.<sup>103</sup>

Sig. Á. Björnsson, eigandi og ábúandi á Veðramóti skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af Þorbirni Björnssyni vegna jarðarinnar Heiði, Hallgrími Valberg eiganda Kálfárdals, G. H. Björnssyni ábúanda á Tungu og Lárusi Stefánssyni ábúanda á Skarði.

Hinn 29. nóvember 1985 sendi sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi í Reykjavík, ljósrit af skrá yfir afréttarlönd í Skagafirði. Í afréttarskrá þessari kemur eftirfarandi fram um afréttarlönd Skarðshrepps, þ.e. eyðibýlin Selhóla og Þórðarsel:

---

<sup>101</sup> Skjal nr. 4(108).

<sup>102</sup> Skjal nr. 4(109).

<sup>103</sup> Skjal nr. 11(16).

---

Afréttarlönd Skarðshrepps eru nú: eyðibýlið Selhólar og eyðibýlið Þórðarsel. Þá á Skarðshreppur 0,9 jarðarhundruð í Staðarafrétt, samkvæmt sveitarbók Staðarhrepss 1900-1933.

[...]

Þórðarsel var byggt úr landi Veðramóts og er vestur við Laxá, næst fyrir sunnan Herjólfsstaði. Skarðshreppur keypti Þórðarsel um 1923 eins og segir í Búendatali Skag. Eignarheimild eða afsal fyrir jarðakaupi þessu fannst ekki í bókum og þótti það ekki nógu gott þegar tímar liðu. Áratugum síðar fékk Skarðshreppur afsal frá seljanda Sigurði Björnssyni hreppsstjóra á Veðramóti. Ljósrit af bréfi þessu fylgir hér með, en það er undirskrifað í Reykjavík 26. apríl 1959 og er bæði afsal og landamerkjabréf.

Í Selhóla og Þórðarselsland eiga upprekstur Reykjaströnd og Gönguskörð, nema Skollatunga, sem á upprekstur í Staðarfjöll. Borgarsveit öll að Gönguskörðum á upprekstur í Staðarfjöll.<sup>104</sup>

Afsal Sigurðar Björnssonar fyrir Þórðarselslandi frá 26. apríl 1959 sem hér getur um var þinglýst 4. júlí 1962. Það er svohljóðandi:

Herra oddviti

Gunnar Guðmundsson.

Út af fyrirspurn yðar eða beiðni í bréfi til mín frá 12. þ. m. um land það, sem eg á sínum tíma seldi Skarðshreppi af heimalandi Veðramóts, og þér kallið einu nafni Þórðarselsland, sem er ekki nema að nokkru leyti réttnefni, þar sem Þórðarselsland er aðeins lítill hluti af því landi, sem eg seldi og Skarðshreppur keypti, vil eg taka fram eftirfarandi.

Mörkin á því landi, sem eg seldi eru þessi: Að vestan, Laxá, að sunnan garðlag í mýri, skammt fyrir utan Skálahnjúkstún, úr því garðlagi beint upp og yfir Skálahnjúkinn austur yfir Bakdal, þá beina stefnu yfir Vatnsöxl og Tjarnadal. alla leið austur í svonefndan Hrafnsklett í Mosfellshnjúk rétt fyrir utan Myrkraskarð, þetta eru mörkin að sunnan, en að norðan frá Laxá að vestan eins og áður segir, ræður merkjum Bakdalsá uppi í Bakdalskarð, þaðan beint austur þvert yfir Kallárdal og Breiðdal austur í vörðu á Mosfellshnjúksbrún rétt fyrir utan svonefndan Miðhnjúk þaðan ræður Mosfellshnjúksbrúnin eystri fram í áðurnefndan Hrafnsklett. Þá hafið þér öll merkin á 4 vegu.

Í þessu landi á engin maður eða hreppur nokkra þúfu, nema Skarðshreppur og ætti þetta að nægja sem afsal til Skarðshrepps, ef annað finnst ekki, sem eg sannast sagt man ekki um hvort eg gaf. Spyrja mætti þó um það Sigurjón á Skefilsstöðum, sem þá var oddviti Skarðshrepps.

Um hitt atriðið í fyrirspurn yðar um eignahlutföll í löndum Skálahnjúks og Selhóla get eg ekki fullyrt en minnir þó, hvað Skálahnjúk snertir, að það land

---

<sup>104</sup> Skjal nr. 4(10).

---

sé sameign Skarðs og Sauðárkróks en Selhólar má ég segja er eign Skarðshrepps. Það ættu Skíðastaðabráður að geta upplýst, því faðir þeirra mun hafa selt Selhólaland.

Reykjavík, 26. apríl 1959

Virðingarfyllst

Sig. Á. Björnsson<sup>105</sup>

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* I frá 1999 segir Hjalti Pálsson að Þórðarsel hafa verið hjáleiga frá Veðramóti sem fylgdi ávallt heimajörðinni:

**Búseta.** Jarðabókin 1709 getur Þórðarsels að engu, hvorki sem eyðibýlis eða örnefnis er bendi til fornra bygginga. Upphaf byggðar verður ekki rakið lengra aftur en til 1770-1780. Þá bjó þar Þórður Jónsson sem hvarf af sjónarsviðinu dauðavorið svokallaða 1784. Býlið nefndist þá Sel og líklega hefur Þórður verið frumbyggi og býlið síðan nefnt eftir honum þegar það byggðist aftur. Þar eð Þórðarsel var hjáleiga frá Veðramóti var það aldrei metið sérstaklega en fylgdi heimajörðinni, var þar af leiðandi eign Reynistaðarklausturs og selt með Veðramóti árið 1918. [...]

Byggð hélst nokkuð samfellt frá 1820-1882 en þá virðist jörðin hafa farið í eyði.

Sigurður Björnsson bóndi á Veðramóti seldi Skarðshreppi Þórðarselsland árið 1923 og var það þá lagt undir Staðarafrétt.<sup>106</sup>

Hjalti Pálsson segir enn fremur í II. bindi *Byggðasögunnar* frá 2001:

Árið 1923 keypti Skarðshreppur Þórðarselsland. Kaupsamningurinn og afsal virðist hafa glatast en hvort tveggja var áréttað með bréfi dagsettu 26. apríl 1959 frá seljanda Þórðarsels, Sigurði Á. Björnssyni frá Veðramóti til þáverandi oddvita Skarðshrepps, Gunnars Guðmundssonar Reykjum.<sup>107</sup>

### 5.3.1.5 Sneis

Landamerkjabréf fyrir Sneis var útbúið 10. maí 1890 og það var þinglesið ellefu dögum síðar:

Merkjalínan að sunnan er úr vörðu á mel niður undir Laxá, og liggur svo merkjalínan þaðan austur í vörðu norðan við Landamerkjálág, og svo þaðan beina sjónhending í vörðu á svo kölluðum Kambi, og svo þaðan rjettlínis yfir Vesturáarskarð og í Digrubungu, svo þaðan á fjall upp og norður fjallið, sem vötn að draga móts við botninn á Vesturáarskarði, svo þar vestur yfir upp á háfjall, og svo fram og vestur í Strimpulækjardrög, sem vötn að draga, ræður svo Strimpulækur, þar til hann fellur fram úr gilinu, þaðan er bein sjónhending í merkjavörðu niður við Laxá móts við læk þann er fellur ofan úr

---

<sup>105</sup> Skjal nr. 11(25).

<sup>106</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* I, (1999), bls. 270.

<sup>107</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II (2001), bls. 21.

---

hlíðinni að vestan, norður við Skollaklett, að vestan ræður Laxá fram að fyrst nefndri vörðu.<sup>108</sup>

Sigríður Pjetursdóttir eigandi Sneisar handsalaði samþykki sitt. Landamerkjabréfið var samþykkt af J. Jónatanssyni eiganda 2/3 úr Höllustöðum og Stefáni Jónssyni eiganda 1/3 úr Höllustöðum.

### 5.3.1.6 Kirkjuskarð

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 á Kirkjuskarð ekki afrétt og gengur geldfé í heimaland.<sup>109</sup>

Landamerkjabréf fyrir Kirkjuskarð var útbúið 13. maí 1890 og það var þinglesið átta dögum síðar:

Merkjum að norðan ræður lækur sá, er fellur ofan í Laxá milli Núpsaxlar og Kirkjuskarðs, og ræður lækur þessi merkjum austur í Kirkjuskarðsbotninn, þaðan liggur merkjalínan suður fjallið eins og vötn að draga, suður í Strimpulækjardrög, gengur svo merkjalínan í vestur eptir Strimpulæk, þar til hann fellur fram úr gilinu, en þaðan ræður bein sjónhending í merkjavörðu niður við Laxá, (móts við læk þann í hlíðinni að vestan er fellur ofan, norðan við Skollaklett), ræður svo Laxá svo landamerkjum út að fyrst nefndum læk.<sup>110</sup>

J. Jónatansson eigandi 2/3 úr Kirkjuskarði og Stefán Jónsson á Kagaðarhóli eigandi 1/3 úr Kirkjuskarði skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Klemens Sigurðssyni frá Skrapatungu umráðamanni Skrapatunguréttar og Á. Á. Þorkelssyni eiganda Núpsaxlar og Tungubakka. Einnig handsalaði Sigríður Pjetursdóttir í Köldukinn eigandi Vesturáar og Sneisar samþykki sitt.

## 5.4 Skrapatunguafrétt

Þann 17. maí árið 1471, vitnaði séra Bersi Svartsson um vottorð tveggja manna, þess efnis að Skrapatunga ætti allan Mjóvadal fyrir austan fram Mjóvadalsá, Gulltungur, Bárðardal og Ambáttardal til móts við Þvera í Norðurárdal. Þar segir m.a.:

Jordin skrapatvnga er liggir j hoskolldzstadaþingvm var eignadr allr miouadalr firir avstan fram miofuadalsa. gulltvngur. bardardal og ambattardal til motz vid þvera j nordrardal. vpp a fioretigevetra eda lengr. Svo ad einge akærde nie eignade sier nema þeir sem j tvngv bioggv.<sup>111</sup>

Þann 4. september 1472 útnefndi Ólafur biskup á Hólum 12 presta til þess að dæma um eignarrétt í Mjóadal. Málsatvik voru þau að Ólafur biskup kærði Þorstein Ormsson bónda að Mánaskál fyrir að gera sel og beita Mjóadal tvö sumur en hann

---

<sup>108</sup> Skjal nr. 2(63).

<sup>109</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 424 og 425.

<sup>110</sup> Skjal nr. 2(64).

<sup>111</sup> Skjal nr. 2(93).

---

taldi dalinn vera eign Skrapatungu. Prestarnir dæmdu sem svo að landareign í Mjóadal, austan við ána, væri Skrapatungu til ævinlegrar eignar. Væri dómurinn í samræmi við eiða sem svarnir höfðu verið um að dalurinn hefði verið talin eign Skrapatungu í yfir 3 tugi vetra ásamt Gulltungum, Bárðardal og Ambáttardal. Þá dæmdu þeir einnig að bóndinn að Mánaskál skyldi greiða fyrir selstöðu sem hann hefði nýtt tvö sumur á svæðinu. Ólafur biskup á Hólum staðfesti dóminn 5 dögum síðar, þann 9. september 1472.<sup>112</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Vindhæli þann 25. júní 1805, var ályktað að bændur allir frá Hallárdalsá og inn að Laxá, allt fram að Núpi skuli reka fé sitt á Skrapatunguafrétt, eins og gert hafði verið að undanfögnu, að viðlagðri sekt. Skrapatunguábúanda var jafnframt til sagt að hreinsa heiðina forsvaranlega. Í dómabók Húnavatnssýslu var eftirfarandi fært til bókar af þessu tilefni:

9. Var talad umm upprekstur fiár á Skrapatungu afrett, og var þannig þar umm talad og ályktad i Réttinum, ad bændur aller frá Hallardalsá og hér innad Laxá, alt framm ad Núpi, skule reka fé sitt á ádur nefnda afrétt, epter sem giört hefur verid ad undanfögnu, eru aller hér med þar tilskildader, eptir ádur sögdu under Fíremarks múlkt, firer þá sem þetta forsóma, ad raunarlausu, ad reka géldfé sitt á ádursagda afrétt. Þar hiá tilsegist Skrapatungu ábúanda ad hreinsa heidina forsvaranlega, so ej þurfi þarum umm ad klagu med rökum.<sup>113</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Vindhæli þann 8. júní 1830, var lesin lögfesta fyrir afréttarlandi Skrapatungu og mótmælti presturinn á Höskuldsstöðum að því leyti sem land á Ambáttardal snerti. Eftirfarandi var fært til bókar í dómabók Húnavatnssýslu af þessu tilefni:

14. Lesinn Lögfesta fyrir Jardarinnar Skrapatungu afréttarlandi af tedar Jarðar Eiganda Bonda Gudmundi Olafssyni á Hellulandi dagsett 3<sup>ia</sup> apríl þ. á. og protesterud af prestinum síra Joni Péturssyni á Hoskuldsstodum ad því leiti sem land á Ambáttardal snertir hvörn Dal hann allann eignar Hoskuldsstada kirkiu.<sup>114</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Sauða þann 9. júní 1831, lét bóndinn Guðmundur Ólafsson á Hellulandi lesa lögfestu fyrir Skrapatunguafréttarlandi. Í dómabókinni kemur eftirfarandi fram:

Sídan var upplesinn logfesta dat. ~~1831~~ Rutstöðum 1831 fyrir Kalfardal í Saudarheppi. Bondinn Gudmundur Ólafsson á Hellulandi protesteradi þessa logfestu og let lesa logfestu af D.D. [þ.e. ditto dags.] fyrir Skrapatungu afrettar landi. [...].<sup>115</sup>

---

<sup>112</sup> Skjal nr. 10(4).

<sup>113</sup> Skjal nr. 2(96) a-b.

<sup>114</sup> Skjal nr. 2(124) a-b.

<sup>115</sup> Skjal nr. 2(125) a-b.

---

Í kafla um fjöll og heiðar í sóknalýsingum á Fagraness- og Sjávarborgarsóknum séra Jóns Reykjalín, sem er frá árinu 1840, kemur eftirfarandi fram um norðvesturmörk Reynistaðarafréttar og Skrapatunguafréttar:

1. Fjöll og heiðar. [...] Tröllá skilur Reynistaðarafréttar NV horn frá Skrapatunguafrétt. Tröllafoss heitir í ánni, og átti Reynistaður þar að fornu hálfu laxveiði móti Skrapatungu.<sup>116</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Vindhæli þann 31. maí 1845, var lesin lögfesta bónda Guðmundar Davíðssonar fyrir Skrapatungu, ásamt hennar afréttarlandi. Í dómabók Húnavatnssýslu kemur eftirfarandi fram:

11. Lesinn lögfesta Bónda Guðmundar Davíðssonar fyrir hans ábylisjardarlandi Skrapatungu og hennar afrettarlandi, dagsett 21<sup>ta</sup> Maíi.<sup>117</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Vindhæli þann 31. maí 1861, var lesið skjal um hrossa- og geldfjárupprekstur á Skrapatunguafrétt. Í dómabókinni kemur eftirfarandi fram:

9. Lesið skjal um hrossaupprekstur og trippatoll á Skrapatunguheiði afrétt og svo um geldfé (sbr. Engihl.þing).<sup>118</sup>

Um afrétti og afréttanot í Höskuldsstaðasókn segir eftirfarandi í sóknarlýsingu séra Eggerts Ó. Brím á Höskuldsstaðasókn, frá árinu 1873:

**32. Afréttir.** Útbæirnir nota *Brunnárdalshnjúka* sem afrétt og hafa rétt nálægt Skagastrandarkaupstað, er nefnist kaupstaðarrétt. Frá Höskuldsstöðum og einstökum bæjum öðrum er rekið á Höskuldsstaðar afrétt, en flestir reka fá á Skrapatungu afrétt og fjöldi Langdæla þar að auki. Er Skrapatungurétt, skammt fyrir ofan Skrapatungu, aðalréttin, en hún er fallin mjög, og hefur lengi verið í ráði að flytja hana þaðan. Réttin við Réttarvatn ætla menn, að notuð hafi verið á fjárfæðararunum fyrir aldamótin af Refsveitum og Langdælum, en engin hafi þá aðalrétt verið. Einstakir menn í Höskuldsstaðasókn reka á Heiðarafrétt í Gönguskörðum og sækja Króksrétt hjá Sævarlandi.<sup>119</sup>

Í sóknarlýsingu séra Eggerts Ó. Brím á Höskuldsstaðasókn, frá árinu 1873, segir svo um Skrapatunguafrétt:

Skrapatungu afrétt. Hana nefnir jarðatal Johnsens (neðanmáls) „almenning í Mjóadal, Gulltungum, Bárðardal og Ambættardal“. Var hún að fornu metin 10 hndr., en verður nú að tiltölu við heimajörðina aðeins 6.33 hndr. Með því að hún liggur fram af *Norðrárdal*, þykir réttast að lýsa henni hér. Eftir uppdrætti Íslands eru sýsluskil á Kirkjuskarði og liggja síðan litlu fyrir sunnan Mjóadalsdrög um Bárðardalsdrög og þaðan fyrir vestan Fannstöð yfir

---

<sup>116</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873* II, (1954), bls. 21-22.

<sup>117</sup> Skjal nr. 2(126) a-b.

<sup>118</sup> Skjal nr. 2(127) a-b.

<sup>119</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873* I, (1950), bls. 157.



---

austanverðan Ambáttardal og fyrir vestan Sandfell og Ranafell norður á Skagaheiði. En séu þau sýsluskil rétt og á rökum byggð, þá á Skrapatunga eftir máldögum og jafnvel Höskuldsstaðir eftir lögfestum land í Skagafjarðarsýslu eða austan meginsýsluskilanna á uppdrættinum. Skrapatungu er eignað land úr Mjóadalsdrögum í Bárðardalsdrög og þaðan í Tröllárdrög eða Tröllárbotna. (Tröllabotnar eru þeir venjulega nefndir.) Þá ræður Tröllá, unz hún rennur í Laxá ytri, þá Ytri-Laxá, unz í hana fellur Ambáttará, þá til vesturs Ambáttará, miður Ambáttardalur og Ambáttarlækur, unz hann fellur í Bárðardalsá, og þá Bárðardalsá, unz hún sameinast Mjóadalsá, og þá Mjóadalsá suður á Kirkjuskarðsþróskuld.

En reyndar er talsvert af þessu þrætuland, sem bráðum mun á vikið [...].

Þann hluta Skrapatunguafréttar, er virðist liggja í Skagafjarðarsýslu, vilja Skagfirðingar (Staðarsveitungar) eigna sér, einkum Tröllárbotna og niður til Rauðagils, en Skrapatunga nýtur þess þó að mestu. Svo er sagt, að Vík í Staðarsveit sé í máldagaskjölum eignað „Fannstöð á fjalli“, og hafi eigandi eða eigendur *Víkar* á dögum Jóns Espólíns [gert tilkall], en ekki áunnið, og kenna sumir ólögkænsku eða óskörungsskap sýslumanns.<sup>120</sup>

Um takmörk Höskuldsstaðaafréttar gagnvart Skrapatunguafrétt, segir svo í sóknarlýsingu séra Eggerts Ó. Brím á Höskuldsstaðasókn, frá árinu 1873:

Takmörk Höskuldsstaða afréttar gagnvart Skrapatungu afrétt eftir lögfestunum koma eigi heim við Skrapatungu máldaga að sögn, því að þær eigna Höskuldsstöðum Ambáttardal sunnanverðan að neðanverðu austur að Sjónarhól og suður í garðlag á mýrunum fyrir norðan Ássel, þaðan í þúfur á Fannstöðsfjalls brúninni, sem eru sín hvorum megin Fífugils, og þaðan ofan í Bárðarstein, en það er allt eignað Skrapatungu. Nú eigna elztu máldagar Höskuldsstaðakirkju henni hálfan Ambáttardal, sem virðist verða að skilja um allan Ambáttardal vestanverðan, og kemur þá þá heim við lögfesturnar, því að ólíklegra er, að Höskuldsstaðir hafi átt dalinn allan sunnanverðan austur í Laxá. Þó er hugsandi, að þá hafi einungis verið nefndur Ambáttardalur vesturhlutinn, þar sem Ambáttarlækur rennur, en eigi að austan, þar sem Ambáttará rennur, enda er þar lítið dalalegt.<sup>121</sup>

Á manntalsþingum að Engihlíð 28. maí 1878 og Viðvík 29. s.m. var lesið upp bann Árna Jónssonar bónda á Þverá (líklega Þverá í Hallárdal) þar sem hann fyrirbauð allan ágang af stóði og fjallafé á land sitt. Einkum kvartar hann yfir ágangi stóðhrossa af Skrapatunguafrétt og að hrossin séu ekki rekin í miðja afréttina. Í bréfinu segir:

Stóðágangur þessi á mitt land er mestur af stóði úr útparti Engihlíðarhrepps og innparti Vindhælishrepps útað Hallárdalsá, sem reka ber á Skrapatunguafrétt, og máske nokkuð norðan úr Skagafirði, sem kannski sje nokkuð af því, að margir stóðeigendur munu hafa verið skeitingarlitlir um að

---

<sup>120</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 136-138.

<sup>121</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 142.

---

reka stóð sitt á miðja afrétt, heldur látið það fara sjálfrátt heimanað frá sjer hvert er það vildi fram til fjalla.

[...]

Því auglýsi jeg hérmeð, að jeg fyrirbýð framvegis allan ágang af stóði og fjallafé á land mitt og hef í hyggju í sumar frá því 11 vikur eru af sumri að taka þau stóðhross, er mestu ásókn gjöra á heimaland mitt og engi, í gæslu, og gjöra eigandanum aðvart um að útleisa þau samkvæt seinni lið 3. gr. nefndrar reglugjörðar [1877], og Jónsb. Llb. 33. og 53 gr.

[...]

Þverá 18. maí 1878. Árni Jónsson.<sup>122</sup>

Um deilur Enghlíðinga og Vindhælinga um skilaréttir, á síðasta aldarfjórðungi 19. aldar, segir m.a. svo í ritinu *Héraðsstjórn í Húnaþingi*:

Strax á árinu 1875 var úrskurðað í deilumáli milli Engihlíðar- og Vindhælishreppa um hvor tveggja rétta, nýbyggð Landsendarétt eða gömul og hálfhrunin Skrapatungurétt, skyldi vera lögrétt (aðalrétt) og um gangnatilhögun til þeirra. Hafði Skrapatungurétt verið skilarétt um langan tíma, en Landsendarétt var ný. Stóð hún undir norðaverðum Spákonufellshöfða, en hún hafði áður verið niðri undir sjó á norðurbakka Hrafnár, skammt sunnan kaupstaðarins. Gekk hún þá undir nafninu Kaupstaðarrétt. Var ákveðið að byggja Skrapatungurétt upp og að til hennar ætti að ganga auk Skrapatunguafrettarins allt svæðið norður að Hallá og þaðan þvert yfir „eins og að undanfögnu hefir verið.“ Líka var ákveðið að Landsendarétt yrði lögrétt fyrst um sinn. Ófriður var um þessa ákvörðun heima fyrir og eins bárust mótmæli úr Rípur-, Sauðár- og Staðarhreppum í Skagafirði. Vildu Skagfirðingar ekki fallast á að hin nýbyggða Landsendarétt yrði skilarétt, nema því aðeins að töfludregið yrði í Skrapatungu. Lauk deilunni að sinni með því að landshöfðingi ákvað að tillögu hreppsnefnda Vindhælis- og Engihlíðarhreppa vorið 1879, að gangnamörkin á milli réttanna tveggja yrðu sem næst landamerkjum Syðri-Eyjar og Höskuldsstaða og þaðan upp á há Dýnufjall. Aftur dró til tíðinda árið 1890 þegar sýslunefndin ákvað að Skrapatungurétt skyldi verða aðalskilarétt Vindhælinga en Landsendarétt aukarétt. Þá hafði réttin á Landsenda verið aðalrétt Vindhælinga um nokkur ár, enda réttin í Skrapatungu að mestu fallin. Hafði sýslunefndin sjálf staðfest það árið 1887 að framvegis skyldi vera aðalrétt hreppsþúa, þótt hún nú skipti skyndilega um skoðun.<sup>123</sup>

Um ágreining Enghlíðinga við nágretta sína í Bólstaðarhlíðarhreppi um fjallskil austan Blöndu, á síðasta aldarfjórðungi 19. aldar, segir m.a. svo í ritinu *Héraðsstjórn í Húnaþingi*:

Enghlíðingar áttu á þessum árum í annarri og ekki síður harðri deilu við nágretta sína í Bólstaðarhlíðarhreppi um fjallskil á Eyvindarstaðaheiði. Að

---

<sup>122</sup> Skjal nr. 2(83).

<sup>123</sup> Bragi Guðmundsson, *Héraðsstjórn í Húnaþingi*, (1992), bls. 34-35.

---

sögn Guðmundar Gíslasonar á Bollastöðum sumarið 1880, höfðu Enghlíðingar hætt að reka á heiðina tíu árum fyrr. Hafði sýslumaður þá að kröfu Bólhliðinga dæmt Enghlíðinga til áframhaldandi fjallskilaskyldu á heiðinni uns réttir aðilar losuðu þá við hana, enda þótt þeir rækju þangað enga kind [...]. Sumarið 1877 var tekið fyrir kærumál oddvita Bólstaðarhlíðarhrepps gegn Enghlíðarhreppi um meinta vanrækslu á þessari fjallskilaskyldu. Enghlíðingar, að Móbergsmönnum undanskildum, vildu eiga upprekstur á Skrapatunguafrétt og vera fjallskilaskyldir þar. ákveðið var til bráðabirgða að Geitaskarð og bæirnir þar fyrir framan í Enghlíðarhreppi, skyldu reka á Eyvindarstaðaheiði. [...] Sumarið eftir var lagt fram kvörtunarbréf frá ábúendum Geitaskarðs, Holtastaða og Hvamms vegna fjallskila á Eyvindarstaðaheiði. Töldu þeir fé af heiðinni „bæði verra að ull og holdum, en af Höskuldsstaða- og Skrapatunguafrejt, þar eð land er ljelegt og afsett á Eyvindarstaðaheiði, auk þess sem kostnaðurinn er margfaldur“ [...].<sup>124</sup>

Á manntalsþingi að Enghlíð 21. maí og að Viðvík 22. maí 1890 var lesið upp skjal, dagsett 10. maí sama mánaðar, um fjallatolla og upprekstur á Skrapatunguheiði frá Klemenz Sigurðssyni ábúanda á Skrapatungu. Skjalið hljóðar svo:

Undirritaður umráðamaður Skrapatunguafrejtta og ábúandi Skrapatungu lýsir hjermeð yfir því, þeim öllum til eptirbreytni er Skrapatungnaafrejt nota, eður og hirða fje sitt á haustum í Skrapatungnaafrejt, að hefi sett og set hjermeð þær reglur um fjallatolla og rjettartolla, sem hjer segir:

1. Hver sem afrejtina notar eður er skyldur að nota, greiði mjer eða rjettum umráðamanni afrejttaarlandsins í rjettum hvert haust, 3 – þrjá – aura fyrir hvert fjallalamb eða dilklamb og 4 – fjóra – aura fyrir hverja veturgamla kind eða eldri, er á afrejt gengur eða skylt er að gangi.
2. Hver sem stóð rekur á afrejtina, eða er skyldur að reka, greiði til afrejttaarbóndans í rjettum hvert haust 80 – áttatíu – aura fyrir hvert tryppi veturgamalt eða eldra og 1 – eina – krónu fyrir hverja folaldsmeri.
3. Þeir sem lönd eiga að afrejtinni og álitid er að nota megi til upprekstrar víðlend heimalönd, en hirða þó fje sitt við Skrapatungurjett, ~~hvert haust~~, greiði ábúanda Skrapatungu í rjettum hvert haust rjettartoll, er nemi 5 – fimm – fiskum fyrir dilk hvern eða dilksfjelag, og áskil jeg mjer aðgang að þeim manni í dilksfjelaginu, sem fjárflestur er, sem aptur gengur að hinum dilkeigendunum eptir tiltölu.
4. Nú vanrækir einhver að greiða áskilda borgun í rjettum þá greiði hann helmingi meiri borgun en ella, og má búast við lögsókn til borgunar á áfallinni skuld sinni.

Reglur þessar verða bindandi fyrir alla hlutaðeigendur, þá er þær hafa verið þinglesnar á Enghlíðar- og Vindhælishreppa- manntalsþingum.

---

<sup>124</sup> Bragi Guðmundsson, *Héraðsstjórn í Húnaþingi*, (1992), bls. 37-38.

---

Skrapatungu 10. maí 1890.

Klemenx Sigurðsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Engihlíð og Viðvík 21. og 22. maí 1890, og innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar Ltr. D. N<sup>o</sup> 1783 fol. 133.<sup>125</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Engihlíð þann 21. maí 1890, var lesið skjal, dagsett 10. sama mánaðar, um upprekstur á Skrapatunguheiði og mótmælti þingheimur hvað upphæð upprekstrartollanna snerti. Í dómabók Húnavatnssýslu segir:

[Upplesið]: 5. Skjal, dags. 10. þ. m. um upprekstur á ~~Ey~~ Skrapatunguheiðar.

6. Í tilefni af upplestri skjalanna um upprekstur á Eyvindastaðaheiði óska allir búendur sem mættir eru á þinginu, bókað að þeir gjörsamlega neiti gildi þeirra, þar sem þeir álitu sig að engu leyti upprekstrar eða fjallskilaskylda á Eyvindarstaðaheiði. - Sömuleiðis mótmælir þingheimur skuldbindandi gildi hins upplesna skjals um Skrapatunguheiði hvað upphæð upprekstrartollanna snertir.<sup>126</sup>

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Vindhælishrepps annars vegar og íbúa Engihlíðarhrepps hins vegar í Skrapatunguafrétt:

#### FRUMVARP FRÁ 1894

til reglugjörðar um notkun afrétta

í Húnavatnssýslu.

#### I. Vindhælishreppur.

[...]

2. Skrapatungufjall skal vera lögafréttarland jarða þessara í innparti hreppsins: Skrapatungu, Efra- og Neðra-Skúfs, Neðstabæjar, Njálstaða, Syðri-Eyjar með Eyjarkoti, Ytri-Eyjar, Kambakots, Kjalarlands og Blálands.

[...]

#### II. Engihlíðarhreppur.

1. Refasveitarbúar, Mýrabændur og Langdælingar fyrir norðan Geitaskarð, samt Laxdælir fyrir vestan Laxá, skulu eiga upprekstur í Skrapatunguafrétt.

[...]

Á aukaneftardarfundum á Blönduósi 24. febr. 1894.

---

<sup>125</sup> Skjal nr. 4(97).

<sup>126</sup> Skjal nr. 2(99) a-b.

---

*B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.*

*P. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.*

Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er

Ósamþykktur

*Á. Á. Þorkelsson*<sup>127</sup>

Þann 11. maí árið 1895 seldu Guðmundur Pétursson Hofdölum og Jón Sigurðsson Skúfstöðum, Árna Á. Þorkelssyni á Geitaskarði jörðina Skrapatungu með þrætulandi, ásamt eyðijörðinni Fannlaugarstöðum fyrir 1.800 krónur. Í afsalinu segir svo:

Við undirskrifaðir Guðmundur Pétursson óðalsbóndi á Hofdölum og Jón Sigurðsson bóndi á Skúfstöðum gjörum hjermeð kunnugt að við með þessu brjefi seljum og afsölum til sýslunefndarmanns Árna Á. Þorkelssonar á Geitaskarði í Húnavatnssýslu fasteignir og lönd þessi:

a. Jörðina Skrapatungu 19 hndr. með þrætulandi 4,2 hndr. alls 23,2 hndr. að dýrleika innan Vindhælishrepps í Húnavatnssýslu.<sup>128</sup>

Afsal þetta var síðan þinglesið á manntalsþingi að Skefilsstöðum 2. júní 1896. (Sjá einnig kafla um Fannlaugarstaði).

Í bréfi dags. 29. febr. 1896 óskaði oddviti Engihlíðarhrepps eftir samþykki sýslunefndar til að mega kaupa fyrir reikning sveitarsjóðs jörðina Skrapatungu með afréttarlandi, ásamt eyðijörðinni Fannlaugarstöðum sem þá var brúkuð fyrir afrétt. Í bréfabók Engihlíðarhrepps segir svo um það:

Til sýslunefndar Húnavatnssýslu.

Á fundi hreppsnefndar Engihlíðarhrepps hinn 7. nóv. f. á. var mér sem oddvita nefndarinnar falið að leita samþykkis hinnar háttvirtu sýslunefndar til þess að kaupa mætti fyrir reikning sveitarsjóðs Engihlíðarhrepps jörðina Skrapatungu í Vindhælishreppi með fylgjandi afréttarlandi ásamt eyðijörðinni Fannlaugarstaði sem brúkuð er fyrir afrétt og liggjandi er í Skefilstaðahreppi og þrætuland það sem í jarðamatinu frá 1861 er talið milli nefndrar jarðar Skrapatungu og Skálahnjúks í Sauðárhreppi. Öll þessi fasteign er 32,4 hndr. að dýrl. eftir jarðamatinu frá 1861 og á að kosta 1800 – eitt þúsund og átta hundruð krónur.<sup>129</sup>

Jarðirnar átti að nota sem afréttarland til uppreksturs fyrir hreppinn og voru ástæður fyrir kaupunum sagðar vera til þess gerðar að eyða allri réttaróvissu þar að lútandi.

---

<sup>127</sup> Skjal nr. 2(154) a-b.

<sup>128</sup> Skjal nr. 10(2).

<sup>129</sup> Skjal nr. 7(4).

---

Í skýrslu um eignir og skuldir sveitarsjóðs Engihlíðarhrepps, dagsettri 4. nóvember 1898, kemur fram að sveitarsjóður eigi eftirfarandi:

2. Arðberandi fasteignir: Skrapatungu með afréttarl(andi), Fannlagarstöðum sem er eyðiland og svo þrætul(and), allt 32,4 (hndr.). 1800.00 kr.<sup>130</sup>

Af reikningum yfir tekjur og útgjöld sveitarsjóðs Engihlíðarhrepps, dags. 4. nóv. 1898, má sjá að hreppurinn hefur haft 5 gemlinga eða 31,68 krónur í tekjur fyrir afgjald af jörðinni Skrapatungu fardagaárið 1897–1898:

6. Afgjald af Skrapatungu í fardögum 1898, 5 gemlingar sem urðu að verðmæti 31,68 kr.<sup>131</sup>

Á útgjaldahlið sama reiknings eru tilgreindar 2,06 kr. sem þinggjald til sýslumanns Skagafjarðarsýslu af afréttarlandi Fannlagarstaða 1898.

Á manntalsþingi að Engihlíð þann 16. maí 1913, létu bændurnir á Mánaskál og Balaskarði þinglýsa eftirfarandi bannskjali um upprekstur um Balaskarð til Skrapatunguafreftar:

Við undirritaðir Jón bóndi Sigurðsson á Balaskarði og Hjálmar bóndi Þorsteinsson á Mánaskál vekjum hjer með athygli þeirra manna sem láta reka eða reka sauðfje sitt og stóðhross til Skrapatungurjettar upp Balaskarð, að vegna þess að sú leið verður ekki rekin til afrjettarinnar nema með því eina móti að skemdar sjeu til muna engjar beggja jarðanna Balaskarðs og Mánaskálar, neiðumst við hjer með til að banna stranglega allan upprekstur til afrjettarinnar um áður nemt skarð.

Brjóti nokkur bann þetta munum við tafarlaust leita lagalega rjettar okkar án frekari aðvörunar. Ennfremur krefjumst við undirritaðir að sauðfje það, sem kemur fyrir í vorleitum Enghlíðinga og rjettað er í Skrapatungurjett, sje alls ekki slept við rjettina eins og komið hefur fyrir að undanfögnu og þar afleiðandi látið eiga sig í heimalöndum okkar tünnum og engjum.

Virðingarfylst

Balaskarði 1. maí 1913

Hjálmar Þorsteinsson

Jón Sigurðsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Engihlíð 16. maí 1913.<sup>132</sup>

Í símskeyti Fossanefndar, dags. 3. apríl 1918, til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum kemur fram að nefndin telji vatnsréttindin ótvíræða almenningseign. Símskeytið er svohljóðandi:

Fossanefndin hefir skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sjeu ótvírætt almenningseign, þó að einstakir

---

<sup>130</sup> Skjal nr. 7(5).

<sup>131</sup> Skjal nr. 7(6).

<sup>132</sup> Skjal nr. 4(100).

---

menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmeta, sem hreppafjelög, er eiga afrjett í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafla í afrjettum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hjer með tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landsstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrjettum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarheit og geldfjárheit.<sup>133</sup>

Í tilefni af þingályktun um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum frá 27. september 1919 óskaði Stjórnarráðið eftir skýrslum frá öllum sýslumönnum landsins um svæði í sýslum þeirra sem talin voru til almenninga og um afréttarlönd sem sannanlega hafa ekki tilheyrt nokkru lögbýli. Sýslumenn fólu svo viðkomandi hreppstjórum að útbúa skýrslur þessar. Í svari hreppstjóra Engihlíðarhrepps, dagsettu 5. febrúar 1920 til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, vegna þessa kemur fram um Skrapatunguafrétt:

[...]Þar á móti á Engihlíðarhreppur svonefnda Skrapatungu afrétt með landi því sem Fannlagastaðum tilheyrði.

Er Skrapatunga í Vindhælishreppi byggð jörð og mun það afréttar land sem til forna hefir fylgt þeirri jörð því teljast í Vindhælishreppi. En á meðan Fannlagastaðir voru lögbýli, sem yfir 50 ár er síðan, þá voru þeir í Skefilstaðahreppi innan Skagafjarðarsýslu.

Land Fannlagastaða á og brúka Engihlíðarhreppsmenn sem afréttarland.<sup>134</sup>

Í svari hreppstjóra Vindhælishrepps, dagsettu 1. apríl 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu kemur fram að hreppurinn hafi keypti eyðijörðina Hvammshlíð og sé hún nú afréttarland þeirra. Þar segir:

Annað afréttarland á hreppurinn ekki, utan jörðina Hvammshlíð – eyðijörð sem sveitin keypti fyrir nokkurru.<sup>135</sup>

Engin svör bárust frá hreppstjórum í Skagafirði en í svarbréfi sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu til Stjórnarráðsins, dags. 14. febrúar 1920, vegna fyrirspurnarinnar frá 29. desember 1919 um almenninga og afrétti, kemur fram að samkvæmt upplýsingum sem sýslumaður hafi aflað sér séu ekki aðrir almenningar eða afréttarlönd í sýslunni „en hin svonefndu Nýjabæjaröræfi austan undir Hofsjökli.“<sup>136</sup>

Í svarbréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 28. apríl 1920, til Stjórnarráðsins vegna fyrirspurnarinnar frá 29. desember 1919 um almenninga og afrétti, kemur fram að sýslumaður hafi aflað umsagna hjá hlutaðeigandi hreppstjórum

---

<sup>133</sup> Skjal nr. 4(1).

<sup>134</sup> Skjal nr. 4(7).

<sup>135</sup> Skjal nr. 4(8).

<sup>136</sup> Skjal nr. 4(9).

---

og telji hann engin landsvæði í umdæmi sínu falla undir þá skilgreiningu nema hina svonefndu Almenninga í Skagaheiði.<sup>137</sup>

Þann 24. maí árið 1944 var jörðin Skrapatunga seld Jóni Stefánssyni á Höskuldsstöðum og var þá afréttarlandið undanþegið sölunni. Upphaf afsalsbréfsins hljóðar svo:

Ég, Bjarni Ó. Frímansson oddviti Engihlíðarhrepps, fyrir hönd Engihlíðarhrepps, sel hér með og afsala Jóni Stefánssyni á Höskuldsstöðum eignarjörð Engihlíðarhrepps Skrapatungu í Vindhælishreppi og er jörðin laus til ábúðar í n. k. fardögum.

Jörðin selst í því ástandi sem hún nú er í, með öllum húsum og mannvirkjum án álags og án tillita til þess hvað af þeim er eign jarðareiganda eða núverandi ábúanda, svo og öllum gögnum og gæðum til lands og vatns og eru landamerki ágreiningslaus.

Undanþegið sölunni er afréttarlandið: Skrapatunguafrétt.<sup>138</sup>

Jörðin var hins vegar seld með þeim kvöðum að þar mætti standa skilarétt eins og verið hafði og rétti til nauðsynlegs umgangs og átroðnings í landi jarðarinnar er hlytist af störfum við réttina. Undir afsalið kvitta Jón Stefánsson og B. Ó. Frímansson að Efri Mýrum 24. maí 1944 og var það þinglesið á manntalsþingi að Höskuldsstöðum 10. ágúst s. á.

Hinn 1. júní 1947 seldi Jón Stefánsson á Höskuldsstöðum síðan Antóníusi Péturssyni í Skrapatungu jörðina Skrapatungu með sömu skilmálum og þegar hann keypti hana 1944. Í afsalsbréfinu 1947 segir:

[...] Þó kvíla þær kvaðir á jörðinni, sem tilskyldar voru, er ég eignaðist hana með gjörningi dags. 24. maí 1944, sem eru:

1. Undanþegið sölunni er afréttarlandið: Skrapatunguafrétt, sem er eign Engihlíðarhrepps.<sup>139</sup>

Einnig hvíldu sömu kvaðir á jörðinni og tekið var fram við söluna 1944 að á jörðinni mætti standa skilarétt og réttur til nauðsynlegs umgangs og átroðnings í landi jarðarinnar er hlytist af störfum við réttina. Undir afsalið kvitta Jón Stefánsson og Antoníus Pétursson sem var þinglesið 1. september 1947.

Tíu árum síðar eða þann 15. ágúst 1957 seldi Antóníus Pétursson svo syni sínum Sophusi bónda eignarjörð sína Skrapatungu og var þá tekið fram í afsali að sömu kvaðir hvíldu á jörðinni vegna Skrapatunguréttar og áður. Í afsalinu segir:

[...] og með þeim kvöðum, sem kvíla á jörðinni vegna Skrapatunguréttar, einsog þær voru er seljandi eignaðist hana.<sup>140</sup>

---

<sup>137</sup> Skjal nr. 4(4).

<sup>138</sup> Skjal nr. 10(3).

<sup>139</sup> Skjal nr. 4(101).

<sup>140</sup> Skjal nr. 4(96).



---

Landamerki eru þá sögð árgreiningslaus.

Í ritinu *Göngur og réttir* II, frá árinu 1949, segir eftirfarandi um smölun afréttarfénaðar í Skrapatungurétt:

Til Skrapatunguréttar er smalað afréttarfénaði Engihlíðarhrepps og Vindhælishrepps nýja að mestum hluta, eða því svæði, sem þangað var gengið áður en deilur komust í algleyming. Þangað hefir komið að jafnaði grúi fjár, og í seinni rétt mikill fjöldi hrossa. Fénaður Skagfirðinga hefir löngum sótt yfir sýslumörkin vestur í fjöllin og komið til réttar í Skrapatungu.<sup>141</sup>

Hinn 20. febrúar 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi.<sup>142</sup> Oddviti Vindhælishrepps, Jónas B. Hafsteinsson, svaraði bréfi ráðuneytisins 28. sama mánaðar. Í svari Jónasar kemur fram að afréttur sveitarfélagsins séu tvö eyðibýli sem hreppurinn hefur keypt:

1. Hvammshlíð keypt af Höskuldsstaðakirkju árið 1898.
  2. Þverá í Hallárdal keypt af Ólafi Björnssyni Árbakka árið 1942.
- Önnur afréttarlönd ekki á vegum sveitarfélagsins.<sup>143</sup>

Mjög ítarlega lýsingu Bjarna Ó. Frímanssonar á afréttarlöndum Engihlíðarhrepps, Skrapatunguafrétt, sem og á örnefnum þar, má lesa í *Húnaþingi* III.<sup>144</sup> Þar segir m.a. eftirfarandi um Skrapatunguafrétt:

Afréttarland þetta, ásamt heimajörðinni Skrapatungu, eignaðist Engihlíðarhreppur með afsalsbréfi útgefnu 8. september 1896 af Árna Á. Þorkelssyni bónda að Geitaskarði, sem þá var oddviti Engihlíðarhrepps. Hafði hann ári áður, þann 11. maí 1895, keypt fasteignir þessar af tveim Skagfirðingum, Guðmundi Péturssyni, Hofsstöðum og Jóni Sigurðssyni, Skúfsstöðum. Hefur það strax verið ætlun hans, að Engihlíðarhreppur fengi fasteignir þessar, þótt vegna ýmissa formsatriða og undirbúnings yrði að hafa þá aðferð, að hann persónulega keypti þær fyrst.

Auk heimajarðarinnar og afréttarlands, fylgdi eyðijörðin Fannlaugarstaðir í Skefilstaðarhreppi.

Eftir að Engihlíðarhreppur eignaðist jörðina, byggði hann heimajörðina, en tók afréttarlandið undan og sameinaði það Fannlaugarstaðalandi til uppreksturs fyrir Enghlíðinga og hefur svo haldist síðan.<sup>145</sup>

Sjá einnig kafla um Fannlaugarstaði og Illugastaði.

---

<sup>141</sup> Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* II, (1949), bls. 195.

<sup>142</sup> Skjal nr. 4(11).

<sup>143</sup> Skjal nr. 4(15).

<sup>144</sup> Bjarni Ó. Frímansson, „Örnefnaþáttur. Lýsing á afréttarlöndum Engihlíðarhrepps, Skrapatunguafrétt og Illugastaðaparti, og örnefni þar“. *Húnaþingi* III, (1989), bls. 21-30.

<sup>145</sup> Bjarni Ó. Frímansson, „Örnefnaþáttur. Lýsing á afréttarlöndum Engihlíðarhrepps, Skrapatunguafrétt og Illugastaðaparti, og örnefni þar“. *Húnaþingi* III, (1989), bls. 21.

---

Landamerkjum Skrapatunguafréttar lýsir Bjarni Ó. Frímannsson svo í sama riti:

Skrapatunguafrétt liggur í fjallgarðinum milli Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna, þar sem hann er einna breiðastur og mest hálandi hans.

Að vestan takmarkast hún af Mjóadalsá, sem hefur upptök í Þröskuldi milli Kirkjuskarðs og Mjóadalsbotns.<sup>146</sup>

Merkin milli Enghlíðinga og Vindhælinga segir hann vera með Ambáttarlæk „og í Sjónarhól“ en austur takmörkin um Ytri-Laxá. „Er þá komið að austur takmörkum afréttarinnar, sem eru Ytri-Laxá.“ Afréttarmörk „Enghlíðinga að sunnan er Trölláin“ segir hann jafnframt.<sup>147</sup>

Í ritið *Húnaþing* III, skrifar Valgarður Hilmarsson eftirfarandi um afrétti Enghlíðinga:

AFRÉTTIR Enghlíðinga eru Skrapatunguafrétt og Laxárdalur. Skrapatunguafrétt eignaðist hreppurinn samkvæmt afsalsbréfi þann 8. september 1896, útgefnu af Árna Þorkelssyni bónda og oddvita á Geitaskarði. Hann hafði árið áður keypt jörðina Skrapatungu ásamt afréttinni og eyðibýlinu Fannlaugarstöðum í Skefilsstaðahreppi. Seldi hann síðan hreppnum alla þá eign. Eftir að hreppurinn eignaðist þessar jarðir byggði hann heimajörðina Skrapatungu en tók undan afréttina og Fannlaugarstaðalandið og nýtti það sem afrétt fyrir Enghlíðinga. Hefur sú skipan haldist síðan.

Þá keyptu Enghlíðingar landspildu úr landi Illugastaða í Skefilsstaðahreppi af Lúðvík R. Kemp þann 22. október 1921. Var hún einnig sameinuð afréttinni.

Land þetta hafa bændur nýtt til upprekstrar á hrossum og sauðfé. Þó hefur þróunin orðið sú að upprekstur hrossa hefur dregist saman en færst hefur í vöxt að fé sé flutt á þetta land eftir að farið var að flytja það þangað á bílum. Afréttin liggur að veginum um Þverárfjall og við hann er lítið sleppihólf.

Sumarhagar eru mjög góðir í Skrapatunguafrétt og er afrétt þessi ein sú grösugasta hér í sýslunni.

Þegar fénaði er smalað af þessu svæði er safnið tekið saman í svokölluðum Gulltungum. Rekið þaðan um Hvammshlíðardal að Þverá í Norðurárdal og síðan um Norðurárdalinn að Skrapatungurétt sem er sameiginleg skilarétt Enghlíðinga og Vindhælinga. Áður var safnað og rekið til réttarinnar um Balaskarð og Laxárdal.<sup>148</sup>

Þann 6. október árið árið 2012, voru landamerki Hvammshlíðar og Skrapatunguafréttar hnitsett með Trimble EZ 250 mælingatæki af Rafni Sigurbjörnssyni. Með honum í för voru Bragi Kárason á Þverá og Baldur Svavarsson

---

<sup>146</sup> Bjarni Ó. Frímannsson, „Örnefnaþáttur. Lýsing á afréttarlöndum Enghlíðarhrepps, Skrapatunguafrétt og Illugastaðaparti, og örnefni þar“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 21-22.

<sup>147</sup> Bjarni Ó. Frímannsson, „Örnefnaþáttur. Lýsing á afréttarlöndum Enghlíðarhrepps, Skrapatunguafrétt og Illugastaðaparti, og örnefni þar“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 26 og 29.

<sup>148</sup> Valgarður Hilmarsson, Fremstagili, „Afréttir Enghlíðinga“. *Húnaþing* III, (1989), bls. 19-20.

---

á Síðu. Hnitsetningin var gerð í samræmi við samkomulag sem gert var milli Engihlíðarhrepps og Vindhælishrepps, lesið á manntalsþingi 6. júlí 1925. Í hnitaskrá Rafns, dags. 25. nóv. s. á., er þess getið að samkvæmt kaupsamningi lesnum á manntalsþingi 20. maí 1898 séu landamerkin töluvert sunnar.<sup>149</sup>

#### 5.4.1 Aðliggjandi og tengd landsvæði

##### 5.4.1.1 Skrapatunga

Í elsta hlutanum af Sigurðarregistri frá árinu 1525, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju, þegar Jón biskup Arason tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land, er Skrapatunga talin upp með jarðagóssi Hólakirkju á Skaga.<sup>150</sup>

Í bréfi frá því um 1601, sendu Birni nokkrum á Mýri, kemur m.a. eftirfarandi fram um selför í Tungudal:

Ecki tala eg so frekt vmm þann reit giegnt [Skrapa]Tungu, þui at þadhafa gamler menn talad ad Myr [svo] ætti þar fyrir selfor j Tunguland, og med þui þeirri selfor er ecki fram halldid, þa tala eg ecki so frekt þar vmm.<sup>151</sup>

Í bréfi Gísla biskups Þorlákssonar frá 1676 kemur eftirfarandi fram um Skrapatungu:

[25. júní 1676]. Jone Sueinssyne, buandj a stoolssins jordu Skrapatungu, skicha eg og befala, ad hallda landj þuj vnder jordena, sem vmm næstu fyrer farandj 70, edur 80, ar hefur hallded verid, somuleides beytar jtake, sem þadann hefur verid brukad [...].<sup>152</sup>

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 var áður hálfkirkja á Skrapatungu. Þar segir ennfremur:

Afrjett á jörðin fyrir sig sjálfa á Mjóadal, sem kallað er x c land að forngildu og eru þar meðtaldar Gulltúngur, allur Bárðardalur og allur Ambáttardalur.<sup>153</sup>

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að jörðin Skrapatunga í Vindhælishreppi eigi afrétt en ekki tilgreint nánar hvar. Kostnaður af afréttinum er sagður meiri en tekjurnar sem af honum fáist.<sup>154</sup>

Þann 17. júní árið 1817 lögfesti Rannveig Sigurðardóttir eignarjörð sína Skrapatungu á manntalsþingi að Vindhæli. Lögfestunni var ekki mótmælt en hún hljóðar svo:

Under skrifud logfesta hier i dag Eignar jord mina og minna Ervingia Skrapatungu, sem liggur jnnan þessarar þingsoknar, ad heima landi 20

---

<sup>149</sup> Skjal nr. 11(13).

<sup>150</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>151</sup> Skjöl nr. 2(100) og 2(114).

<sup>152</sup> Skjal nr. 2(115).

<sup>153</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 431.

<sup>154</sup> Skjal nr. 2(86).

---

h(undruð) i dyrleik. Logfeste eg jordena med ollum synum giædum til lands og vatns ad ollu til teknu, enn aungvo frá, effter sem henne filgt hefir, og filgia ber med rettu Jardarinnar landa Merkenn þess effter filgandi, Ad vestann verdu Rædr laxaa, alt nidur i tungusporð, þadann nordur aa, alt fram i Múrgil, þadann beint jfer tungu hniúk, i svo nefnda Stóru skal, þá bein linis þadann i laxaa, þar svo nefnt þorleifs syke fellur i Ána, milli túngu og bala skards, og med somu atqvædum logfesti eg tieda Jardar af Rett med epter skrifudum merk[j]um, Ad nordann verdu frá ambáttar aa, fram med nordann laxaa, i svokallada trolla aa fornu þadann beint i vestur til Mioa dals ár, Rædur hún svo til gálgagils á móti vid Kyrkiu bæiar land, vid norduraa, nordur [síðuskipti] aa Rædur tilþess ad Ambátta lækur til tekur, og beint frá læknum, eptir midium dalnum i teda ambattaraa. Pettad land hefir ad fornu verid kallad 10 h(undruð). Fyrirbid eg hvorium manni ted heima og af rettar land ad nota utan utan[svo] upprekstur geld fiar frá Hallár dali til laxar, ad nedann nema mitt edur leigulida lof til komi. Ofann og framan skrifud log festa er biggd á því sem finnst liklegt ad minn salade Ecta madr hefir Jordina Keipt effter, og samkvæmt er lifande vitnum, Medal hvorra eg vona ad nokkur siti þennann Res[p]ect[i]ve Riett!

Vindhæles Mann talsþinge, þann 17da Junj 1817. Ranveg Sigurdardóttir.

Sied og samann bored vid sterbúse[n]s pappíra vitnar Dadid Gudmundsson mpp.

Lesed fyrer Manntalsþings Rette á Vindhæli þ. 17. J[un]ni, 1817. J. Jónsson.

Framlagt fyrir Extrarett ad Skrapatungu þann 31ta Aug: 1836. Blondahl.<sup>155</sup>

Í jarðamatinu 1849 kemur fram að Skrapatunga hafi lambatolla af afrétt sem tilheyrir jörðinni. Þar segir m.a. svo:

[S]umar hagar heima um sig notagódir nægilegir og hægir, og óþarfi ad sækja þad fjarlæga fjallland er jörðin á fráskilid heimalandi, nordurí fjöllum, langt frá, og innanum ædi hrjóstugt, en sem þó brúkast af fáeinum fyrir afrétt á móti örfáum lambatollum, sem þó valla meiga teljast jörðinni til verulegs og varanlegs ágóða [...]<sup>156</sup>

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram í kafla um Skrapatungu:

Upprekestur á afrétt, sem er sveitareign. [...] Landamerki óþingl., en munu ágreiningslaus.<sup>157</sup>

Þann 11. maí árið 1895 seldu Guðmundur Pétursson Hofdölum og Jón Sigurðsson Skúfstöðum, Árna Á. Þorkelssyni á Geitaskarði jörðina Skrapatungu með þrætulandi, ásamt eyðijörðinni Fannlaugarstöðum fyrir 1.800 krónur.<sup>158</sup>

---

<sup>155</sup> Skjal nr. 2(78) a-b.

<sup>156</sup> Skjal nr. 2(87).

<sup>157</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>158</sup> Skjal nr. 10(2).

---

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Skrapatungu í kafla um sömu jörð:

Upprekstur á afrétt, sem er sveitareign. [...] Landamerki óþingl., en munu ágreiningslaus.<sup>159</sup>

Þann 24. maí árið 1944 var jörðin Skrapatunga seld Jóni Stefánssyni á Höskuldsstöðum og var þá afréttarlandið undanþegið sölunni.<sup>160</sup> Jörðin var hins vegar seld með þeim kvöðum að þar mætti standa skilarétt eins og verið hafði og rétti til nauðsynlegs umgangs og átroðnings í landi jarðarinnar er hlytist af störfum við réttina. Undir afsalið kvitta Jón Stefánsson og B. Ó. Frímannsson að Efri Mýrum 24. maí 1944 og það þinglesið á manntalsþingi að Höskuldsstöðum 10. ágúst s. á.

Þann 15. ágúst 1957 seldi Antóníus Pétursson syni sínum Sophusi eignarjörð sína Skrapatungu og var þá tekið fram í afsali að sömu kvaðir hvíldu á jörðinni vegna Skrapatunguréttar og áður. Í afsalinu segir:

[...] og með þeim kvöðum, sem kvíla á jörðinni vegna Skrapatunguréttar, einsog þær voru er seljandi eignaðist hana.<sup>161</sup>

Landamerki eru þá sögð árgreiningslaus.

Landamerki Skrapatungu eru svohljóðandi, samkvæmt landamerkjabréfinu frá því í maí 1980:

Að sunnan-suðvestan ræður Laxá merkjum móti Neðri-Mýrum frá Þorleifssýki á Balaskarðsmerkjum að Norðurá. Síðan Norðurá að vestan og norðan móti Njálstöðum, Neðstabæ og Kirkjubæ allt frá því hún fellur í Laxá og upp að Múrgili, sem er gil er nær ofan úr sandi í Tunguhnjúk allt í Norðurá móts við Kirkjubæjartún. Síðan eru merki að austan móti Kirkjubæ áðurnefnt Múrgil og sama stefna í Tunguhnjúk upp allt suður að Moldgili, en svo heitir gilslakki er nær ofan að Tunguhnjúk til austurs á Balaskarðsurðir.

Síðan eru merki móti Balaskarði áfram sama lína frá áðurnefndu Moldgili í Stóruskál sunnan-suðvestan í Tunguhnjúk. Þaðan lækur sá er kemur úr skálinni ofan hlíðina og síðan bein lína í fyrstnefnt Þorleifssýki við Laxá.<sup>162</sup>

Eftirtaldir aðilar samþykktu bréfið í maí 1980. Sófus Guðmundsson eigandi Skrapatungu, Signý Benediktsdóttir eigandi Balaskarðs, Baldur Þórarinnsson eigandi Kirkjubæjar, Einar Guðlaugsson eigandi Neðstabæjar, Jónas B. Hafsteinsson eigandi Njálstaða og eigendur Neðri-Mýra þeir Hallgrímur M. Einarsson og Einar Guðmundsson.

---

<sup>159</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>160</sup> Skjal nr. 10(3).

<sup>161</sup> Skjal nr. 4(96).

<sup>162</sup> Skjöl nr. 2(69) og 4(95).

---

#### 5.4.1.2 Höskuldsstaðir / Höskuldsstaðaafrétt

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 eiga Höskuldsstaðir ekki afrétt og gengur geldfé í heimaland. Í kaflanum segir ennfremur:

Selstöðu á staðurinn, sem kallast Hvammshlíð og kallast Höskuldsstaða seljörð, þetta land liggur áfast við Þverárland fram á fjallinu til marks við Skrapatúngu.<sup>163</sup>

Í vísitasíu að Höskuldsstöðum, þann 27. október árið 1819, kemur m.a. fram, að kirkjan eigi selland fyrir framan Þverá á Norðurárdal. Þar segir:

Höskuldsstaðir

Árid 1819, Þann 27 Octobris, visiteradi Prófatur i Húnavatns Sýsslu Jón Jónsson Kyrkiu á Höskuldsstad. Hún á Heimaland allt, og þar ad auk þessar Jarðir: Sydrahól, 40 hndr. Ytrahól, 20 hndr., Efri Mýrar, 20 hndr., Þverá, 10 hndr. – Svansgrund, 5 hndr. – Sölvabakka Hálfan 5 hndr. Sliettudal fra Kalldalæk og móts vid Niálsstadi. Spákonuarfur er frá Fornu Vör, og Vestur til Deildarhamars – Þá nærst milli Laxár og Fossár – Þá frá Raudaskridu til Hvamsár, þá frá Hellirsvík til marks vid Finnsstadi. Fyrir Finnsstöðum er fimmdeilt, hverfa þrír hlutir til Spákonuarfs, enn tveir til Finnsstada. Fyrir Árbakka er Spákonuarfur ad öllum hluta, enn ekki milli Finnsstada og Árbakka – Þá nærst inn frá Þórlaugardys i midia Selvík. I Spákonuarfi á Höskuldsstada Kyrkia Fimmtúngi minna enn Helmíng. Fiórdúng alls Reka i Básun. – Vidreka ad Hrauni frá Fornu Vör til þriggia Steina Helmíng, enn i Vestri Ossvík Fiórdúng. I Fríðu 16 Málnytu kúgilldi. Enn nú á kyrkian Sel Land fyrir framan Þverá á Nordurárdal, hvar nú er byggt kot eitt, kallad Hvammshlíð, talid ad dýrleika 5 hndr.<sup>164</sup>

Í vísitasíu að Höskuldsstöðum, þann 27. nóvember árið 1824, kemur og fram að kirkjan eigi sellandið Hvammshlíð. Þar segir:

Höskuldsstadur.

Árid 1824, þann 27 Novembris, var Prófatur i Húnavatns Sýsslu Jón Jónsson komin ad Höskuldsstad, til ad athuga þar standandi Kyrkiu og hennar Eigna ásigkomulag, einnig taka hennar Reiknínga. – Hvad því fyrra vidvíkur beheldur Kyrkian allri sinni Fasteign, sem [strikað yfir: er] auk Heimalands, og Sellandsins Hvammshlíðar, er telst 5 hndr., er 100 hndr., og sínum 16 málnytu kúgillum; Eins beheldur hún sínum ad fornu tileinkudu Itökum Hvala- og Vidar Reka.<sup>165</sup>

Í vísitasíu að Höskuldsstöðum, þann 23. ágúst árið 1833, kom m.a. eftirfarandi fram um eignir og réttindi kirkjunnar:

Höskuldsstadir

---

<sup>163</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 435 og 437-438.

<sup>164</sup> Skjal nr. 2(132) a-b.

<sup>165</sup> Skjal nr. 2(133) a-b.

---

Anno 1833 þ: 23da Augusti visiteradi Biskupinn yfir Islandi Steingrimur Jónsson Riddari af Dannebrog kirkjuna að Höskuldsstöðum á Skagaströnd. – Kirkian á allt Heimaland og Hólsland og Þverá alla...<sup>166</sup>

Í vísitasíu að Höskuldsstöðum, þann 8. júní árið 1844, kemur eftirfarandi fram:

Kirkjan

Hún á allt Heimaland, og heldur öllum þeim Eignum og Itökum, sem enir authoriserudu máldagar eigna henni, og sem upptalin eru í Herra biskupsins Vísitatíu af 23 August 1833. Jarðir kirkjunnar eru þessar:

Þverá 10 hndr. með 60 al. Landskuld og 1 ½ ásaudar kúgildum.

Hvammshlíð

Seljörd leigd sem 5 hndr. með 30 al. Landskuld og 1 ásaudar kúgildum.

Höskuldsstadasel með 20 al. Landskuld og ½ ásaudar kúgildum.

Ábúendur síðastnefndrar Jarðar ega nú sjálfir Húsin sem henni fylgja, og Ábúendur allra kirkjujarðanna hafa skuldbundið sig til að ábyrgjast kúgildin fyrir Fódurbresti og handvömmum, og vera ansvarlegir fyrir ábýlum þeirra.<sup>167</sup>

Í júní árið 1844 gaf presturinn V. Reykdal á Höskuldsstöðum út byggingarbréf fyrir Höskuldsstaðakirkjuseli, einnig nefnd Ambáttardalssel. Bréfið er einnig merkt ártalinu 1848 í hægra horni uppi:

Nr. 4. Ambáttardalssel. 1/6 1848.

Höskuldsstada kirkiu Sel, er hérmed byggt og heimilad til allra löglegra leigulida nota, með fylgiandi hálfu kúgyldi, Bændunum Jóni Jónssyni og Gudmundi Gudmundssyni

[...]

Höskuldsstöðum þann 1<sup>ta</sup> Junii 1844.

V. Reykdahl. L.S.<sup>168</sup>

Ekki er tilgreint neitt nánar í bréfinu um staðsetningu þessa sels eða takmörk lands sem byggt er en umrætt sel er leigt til ábúðar fardagaárið 1844–1845 og skilmálar taldir upp.

Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 segir svo um Höskuldsstaði og Höskuldsstaðasel:

Höskuldstaðir, [...] Í selstöðu staðarins er nú byggt lítið býli, Höskuldstaðasel.<sup>169</sup>

---

<sup>166</sup> Skjal nr. 2(109) a-b.

<sup>167</sup> Skjal nr. 2(164) a-b.

<sup>168</sup> Skjal nr. 4(93).

<sup>169</sup> Skjal nr. 4(63).

---

Í Jarðatali Johnsens segir ennfremur svo um Höskuldsstaði og Höskuldsstaðasel:

Höskuldstaðir [...]A. M. segir haft í seli frá Höskuldstöðum í Hvammshlíðar landi (í Norðurárdal), og nefnir hann annað eyðibólið til, með sama nafni, sem var byggt, þá fyrir 38 árum, á sama stað, og þar að auki Fitjarkot (40 al. 1sk. 1 kúg.), en nú er aðeins nefnd ein Hvammshlíð, sem sýslumaður og hreppstjóri báðir telja 5 h. að dýrleika, hreppstjóri með 1 kúg. 30 al. 1sk., og sem prestur í brauðskýrslu sinni 1839 nefnir »seljörð staðarins«. Það hann líka þar, einsog í fólkstölulistanum (1843) nefnir Höskuldstaðasel meðal kirkjujarðanna, er ból þetta, þó hvergi finnist það nefnt annarstaðar, líka talið sem hjáleiga frá staðnum, og segir í fólkstölulistanum, að þar sé tvíþýli.<sup>170</sup>

Í úttekt að Höskuldsstöðum, þann 13. júní árið 1871, kemur eftirfarandi fram:

Höskuldsstaða úttekt

Kirkjan á allt heimaland og heldur öllum sínum eignum og ítökum óátöldum, eptir því sem seinasta Biskupsvísitasía greinir frá 1833. – Jarðir kirkjunnar eru þessar:

Þverá með 60 al. landskuld og 1 ½ kúgildum.

Hvammshlíð með 30 al. landskuld og 1 kúgildum.

Höskuldsstaðasel með ½ kúgildum.<sup>171</sup>

Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar, frá árinu 1873, segir séra Eggert Ólafsson Brím, að Höskuldsstaðaafrétt hafi verið talin til 10 hundraða að fornu, líkt og Skrapatunguafrétt, þrátt fyrir allmikinn stærðarmun.<sup>172</sup> Um takmörk afréttarlandsins og Þverárlandsins segir svo á sama stað:

Takmörk Þverár lands og afréttarlandsins eða sellandsins, sem og er kallað, eru eigi ljóslega ákveðin, en skurður milli tveggja nesja, er ganga út í *Norðrá* milli Þverár og Hvammshlíðar og heita Stóranes vestar og Litlanes austar, er talinn engjamark.<sup>173</sup>

Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar, frá árinu 1873, segir séra Eggert Ólafsson Brím, að rekið sé á Höskuldsstaðaafrétt frá Höskuldstöðum og „einstökum bæjum öðrum.“<sup>174</sup>

Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar, frá árinu 1873, segir séra Eggert Ólafsson Brím, að til séu ýmsar lögfestur fyrir Höskuldsstaðaafrétt og kirkjujörðunum Þverá og Hvammshlíð í sameign, og eru hinar helstu frá árunum 1713, 1762 og 1788. Í umfjöllun sama rits um Höskuldsstaðaafrétt er lögfestan frá árinu 1713 lögð til grundvallar í umfjöllun um afréttina. Í ritinu stendur svo skrifað:

---

<sup>170</sup> Skjal nr. 4(63).

<sup>171</sup> Skjal nr. 2(165) a-b.

<sup>172</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 142.

<sup>173</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 142.

<sup>174</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 157.



---

Að vestan úr *Norðrá*, þar sem lítill lækur að fornu haldinn og enn nefndur *Landamerkjálækur rennur í hana*, réttsýnis í mitt Nautaskarð (sem svo er almennilega kallað) og svo hátt á fjall upp sem vötn draga allt í *Söndugahól*, þaðan í *Hamarshlíð*. Að norðan og austan: norðari leirdrög, sem eru austan [við] *Hamarshlíð*, og réttsýnis eftir þúfum þeim, er ástandast hvor við aðra, og mannaverk *sýnast* á vera, á svokölluðum *Vaglabungum*, upp á mitt *Pokafell*. Af miðju *Pokafelli* ræður sjónhending á *Járnhrygg*, þaðan á *Ambáttardal*, [í] *svokallaðan Sjónarhól*, og svo í *Fannstóðsöxlina*, eftir því sem gömul skjöl segja í garðinn, *er liggur fram eftir mýrunum norður frá Ásseli*. Ræður svo garðurinn merkjum suður á móts við þúfur þær, sem eru vestan í *Fannstóðsfjalls-brúninni*, sín hvorum megin *Fífugils*, og svo rétt sjónhending til suðvesturs í steininn *austan til*, á *hlíðarhorninu*, *síðan rétt eftir garðspartinum niður frá steininum* ofan í *Bárðardalsá*. Þaðan ræður hún, til þess hún kemur í *Norðrá* fyrir sunnan *Höskuldsstaðasel*, þar sem það hefur að fornu staðið og enn sér *ljós* merki til. Úr því er *Norðrá* landamerki ofan eftir dalnum allt til móts við mitt Nautaskarð og *lækjarósinn*, sem áður er um getið.<sup>175</sup>

Afrit lögfestnanna sjálfra sem hér um ræðir frá 1713 og 1762 hafa ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar og lögfestan frá 1788 tekur eingöngu til rekaftaka kirkjunnar en ekki afréttarinnar.

Við úttekt á Höskuldsstöðum, þann 17. júní árið 1890, kom m.a. í ljós að kirkjujörðin *Hvammslíð* væri fallin í eyði.<sup>176</sup>

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur m.a. eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa *Vindhælishrepps* í Höskuldsstaðalandi:

#### FRUMVARP FRÁ 1894

til reglugjörðar um notkun afrétta

í Húnavatnssýslu.

I. *Vindhælishreppur*.

[...]

3. Í innparti hreppsins skulu eftirgreindar jarðir nota heimalönd sín til uppreksturs: *Núpur*, *Mánaskál*, *Balaskarð* og *Hafurstaðir* með *Hafurstaðakoti*. En Höskuldsstaðir með kirkjujörðunum *Þverá*, *Hvammslíð*, *Syðra-Hóli* og *Ytra-Hóli*, [á]samt *Kollugerði*, skulu brúka Höskuldsstaðaland og land jarða þessara til uppreksturs.

[...]

---

<sup>175</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 139-140.

<sup>176</sup> Skjal nr. 2(134) a-b.

---

Á aukanefundarfundum á Blönduósi 24. febr. 1894.

*B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.*

*P. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.*

Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er

Ósamþykktur

*Á. Á. Þorkelsson*<sup>177</sup>

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi um Höskuldsstaði:

Auk þessa engis, er töluvert engi til fjalls í svokölluðu Höskuldsstaða sellandi, en bæði er lítt mögulegt að verja það land fyrir ágangi afréttarpenings og svo er það í mjög mikilli fjarlægð og því tæplega nothæft heiman að, nema að litlu leyti. [...] Upprekstrarland sveitareign. [...] Landamerki óþinglesin.<sup>178</sup>

Í landamerkjabréfi dagsettu 22. júní 1923 kemur fram hvernig samliggjandi hreppar, Vindhælishreppur og Engihlíðarhreppur, ákvörðuðu skiptingu á afréttarlandinu Laxárdal sín á milli. Landamerkjabréfið er svohljóðandi:

Nr. 314.

Vjer undirritaðir Björn hreppstjóri Árnason, Syðri-ey, Ólafur oddviti Björnsson, Árbakka, Jónatan J. Líndal oddviti Holtastöðum og Einar Guðmundsson sjálfseignarbóndi á Neðrimýrum, sem kosnir höfum verið af Vindhælishreppi og Engihlíðarhreppi, til þess að ákveða landamerki, milli afréttarlanda Vindhælis- og Engihlíðarhreppa, höfum í dag orðið ásáttir um svofelld landamerki:

Frá Gálgagili (þar sem Mjóadalsá rennur í Norðurá) ræður Norðurá merkjum til Ambáttará, þá Ambáttará til upptaka (þar sem hún byrjar að mynda gil). Þaðan sjónhending í vörðu á vestari Sjónarhól (sem er neðan við Fífugilseyrar). Þaðan sjónhending í upptök lækjar þess er rennur austur úr Ambáttardal til Laxár. Ræður sá lækur svo merkjum til móts við sérstakan melhól sunnan lækjarins, nokkuð fyrir austan austari Sjónarhól, sem varða er hlaðin á, og sem er hornmerki að suðaustan. Frá vörðu á nefndum hól eru merkin sjónhending í vörðu, sem stendur við háa þúfu á hæsta og vestasta hól Hrossaskálabrúnar. Þaðan sjónhending í Engjalæk miðað við vörðu, sem stendur á grjótlögu á há Pokafelli.

Til staðfestu ritum vjer nöfn vor hjer undir.

Gjört að Skúfi 22. júní 1923

Björn Árnason, Ól. Björnsson. Jónatan J. Líndal

---

<sup>177</sup> Skjal nr. 2(154) a-b.

<sup>178</sup> Skjal nr. 2(88).

---

Einar Guðmundsson.

Vjer undirritaðir hreppsnefndarmenn, erum samþykkir framanrituðum landamerkjum.

Á hreppsnefndarfundi að Holtastöðum 21/11 1923

Agnar B. Guðmundsson. Ari H. Erlendsson. Árni E. Blandon.

Jónatan J. Líndal.

Vjer undirritaðir hreppsnefndarmenn Vindhælishrepps, erum samþykkir framanrituðum landamerkjum.

Á hreppsnefndarfundi að Hólanesi 5. des. 1924.

B.F. Magnússon. A. Guðjónsson. Björn Guðmundsson Björn Árnason Ól. Björnsson. Carl Berndsen.

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Húnavatnssýslu að Hólanesi Þ. 6. júlí 1925 og innfært í landamerkjabók sýslunnar Nr. 314, fol. 170-170b.

Vottar:

B. Brynjólfsson.

Þinglestursgjald

Kr.3.00 –þrjár krónur

Greitt áður stimplað BB.<sup>179</sup>

Annað landamerkjabréf Höskuldsstaða var útbúið 4. júlí 1975:

Úr Arnarstapa við sjó um merkjastein í miðjan Hrafnanúp (eða í Hrafnaklett) um Rjúpnakinn í Kaldalæk, er rennur ofan í Kvíslina á Sléttárdal.<sup>180</sup>

Kristján Sigurðsson samþykkti bréfið fyrir Höskuldsstaði og Björn Jónsson fyrir Ytrahól.

Samkvæmt veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu voru Höskuldsstaðir eign Kirkjujarðasjóðs, þann 4. júlí árið 1975.<sup>181</sup>

Í þætti um afrétti Engihlíðinga frá árinu 1989 eftir Valgarð Hilmarsson, segir að þegar búskapur lagðist niður á þeim hluta Laxárdals sem tilheyrði Engihlíðarhreppi hafi verið farið að nýta dalinn sem afrétt.<sup>182</sup>

Höskuldsstaðasel (nefnt Höskuldsstaðasel „hið gamla“ eða „hið forna“ , til aðgreiningar frá Höskuldsstaðaseli á Sléttárdal) var fremsti bærinn í norðanverðum Norðurárdal.<sup>183</sup>

---

<sup>179</sup> Skjal nr. 2(74).

<sup>180</sup> Skjal nr. 2(67).

<sup>181</sup> Skjal nr. 4(86).

<sup>182</sup> Valgarður Hilmarsson, Fremstagili, „Afréttir Engihlíðinga“. *Húnaþing III*, (1989), bls. 20.

<sup>183</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 139-140.

---

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 2007 segir að Höskuldsstaðasel hafi verið staðsett á dalmótum Ambáttardals og Hvammshlíðardals en frá selinu eru um 4 km niður að Þverá í Norðurárdal.<sup>184</sup>

#### 5.4.1.3 Hvammshlíð í Norðurárdal

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 var Hvammshlíð fornt eyðiból í sellandi Höskuldsstaða sem byggt var í nokkur ár en er nú (1708) aftur komið í auðn:

Hvammshlíjd, eign Höskuldsstaða beneficii, fornt eyðiból; það var selstaða frá Höskuldsstöðum um lángan aldur. En Sr. Bjarni bygði úr auðn. Hvað mörg ár bygðin varaði, er óvíst, líklegast 8 eður 10 ár. [...] Bygðin lagðist af 1680 fyrir vetríki.<sup>185</sup>

Í vísitasíu að Höskuldsstöðum, þann 27. október árið 1819, kemur m.a. fram, að kirkjan eigi selland fyrir framan Þverá á Norðurárdal, og að þar sé nú byggt kot eitt, kallað Hvammshlíð, metið til 5 hundraða.<sup>186</sup>

Í vísitasíu að Höskuldsstöðum, þann 27. nóvember árið 1824, kemur enn fram að kirkjan eigi sellandið Hvammshlíð.<sup>187</sup>

Við úttekt á Höskuldsstöðum, þann 17. júní árið 1890, kom m.a. í ljós að kirkjujörðin Hvammshlíð væri fallin í eyði.<sup>188</sup>

Nánari umfjöllun um ofangreindar vísitasíur og úttektir er í kafla um Höskuldsstaði og Höskuldsstaðaafrétt.

Í sóknalýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 eftir séra Eggert Ó. Brím er Hvammshlíð kölluð seljörð Höskuldsstaða:

Frá Höskuldsstöðum mun lengi fram eftir hafa verið haft í seli á afréttinni bæði í Hvammshlíð, sem kölluð er seljörð staðarins, og í Höskuldsstaðaseli gamla [þ.e. á Ambáttardal] [...]<sup>189</sup>

Um Hvammshlíð segir séra Eggert Ó. Brím enn fremur í sóknalýsingunni:

Hvammshlíð er hinn efsti bær í *Norðurárdal* og er eiginlega heimast í afréttinni og stendur undir suðvesturöxl Hvammshlíðarfjalls við Fosslæg. Hún var í eyði 1789, en mun hafa verið byggð mestalla þessa öld. Nú er hún talin 8.1 hndr.<sup>190</sup>

Landamerki Hvammshlíðar voru tilgreind í kaupsamningi og afsali, dags. 15. júní 1897, en þá seldi Jón Pálsson prestur á Höskuldsstöðum jörðina til hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi fyrir 400 krónur, auk þess sem prestinum á

---

<sup>184</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands*, (2007), bls. 161.

<sup>185</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 431.

<sup>186</sup> Skjal nr. 2(132) a-b.

<sup>187</sup> Skjal nr. 2(133) a-b.

<sup>188</sup> Skjal nr. 2(134) a-b.

<sup>189</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 142.

<sup>190</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 143.

---

Höskuldsstöðum var heimilaður upprekstur þangað fyrir sauðfé sitt og hross án endurgjalds. Landamerki Hvammshlíðar eru tilgreind þessi:

Að vestan milli hennar og Þverár í Norðurárdal, ræður merkjum skurður millum nesja tveggja, er nefnast Stóranes og Litlanes. Þá er skurðinum sleppir ræður sama stefna í austanvert Pokafell. Að norðan og norðaustan eru þessi merki: Af há-Pokafelli ræður bein stefna í Járnhryggjarhöfuð, þaðan suður í Ambáttardal í hól þann, er nefndur er Sjónarhóll, sem er hornmerki. Þaðan ræður bein stefna í garð þann, sem liggur fram eptir mýrunum norður frá Ásseli (Fannlaugarstöðum); ræður svo garðurinn merkjum, allt suður í móts við þúfur þær, sem eru vestan í Fannstöðsfjallbrúninni, sín hvoru megin Fífugils, síðan rjett sjónhending til suðvesturs í steininn, sem stendur austan til í Hlíðarhorninu og frá sama steini bein stefna ofan í Bárðardalsá; þá ræður hún til þess hún kemur í Norðurá fyrir sunnan Höskuldsstaðarsel, þar sem það hefir að fornu staðið og enn sjást merki til. Úr því ræður Norðurá merkjum, allt til móts við skurð þann (millum Stóraness og Litlaness), er áður er umgetið.<sup>191</sup>

Undir bréfið kvitta Jón Pálsson og Árni Jónsson í umboði hreppsnefndarinnar, Höskuldsstöðum 15. júní 1897. Það var þinglesið fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Bergi hinn 20. maí 1898.<sup>192</sup>

Landamerkjabréf fyrir Hvammshlíð hefur ekki fundist.

#### 5.4.1.4 Kirkjuskarð

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 á Kirkjuskarð ekki afrétt og gengur geldfé í heimaland.<sup>193</sup>

Landamerkjabréf fyrir Kirkjuskarð var útbúið 13. maí 1890 og það var þinglesið átta dögum síðar:

Merkjum að norðan ræður lækur sá, er fellur ofan í Laxá milli Núpsaxlar og Kirkjuskarðs, og ræður lækur þessi merkjum austur í Kirkjuskarðsbotninn, þaðan liggur merkjalínan suður fjallið eins og vötn að draga, suður í Strimpulækjardrög, gengur svo merkjalínan í vestur eptir Strimpulæk, þar til hann fellur fram úr gilinu, en þaðan ræður bein sjónhending í merkjavörðu niður við Laxá, (móts við læk þann í hlíðinni að vestan er fellur ofan, norðan við Skollaklett), ræður svo Laxá svo landamerkjum út að fyrst nefndum læk.<sup>194</sup>

J. Jónatansson eigandi 2/3 úr Kirkjuskarði og Stefán Jónsson á Kagaðarhóli eigandi 1/3 úr Kirkjuskarði skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Klemens Sigurðssyni frá Skrapatungu umráðamanni Skrapatunguréttar og Á. Á.

---

<sup>191</sup> Skjöl nr. 11(9) og 4(99).

<sup>192</sup> Skjöl nr. 11(9) og 4(99).

<sup>193</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 424 og 425.

<sup>194</sup> Skjal nr. 2(64).

---

Þorkelssyni eiganda Núpsaxlar og Tungubakka. Einnig handsalaði Sigríður Þjetursdóttir í Köldukinn eigandi Vesturáar og Sneisar samþykki sitt.

#### 5.4.1.5 Núpsöxl

Landamerkjabréf fyrir Núpsöxl var útbúið í apríl 1891 og það var þinglesið 22. maí sama ár:

Að norðan eru merkin úr vörðu neðst í Illagilsskriðu, beint til austurs upp skriðu þessa, og eptir Illagili á fjall upp, þaðan úr miðjum botninum rjettsýnis í austur í Mjóadalsá, sem, ræður merkjum að austan, að sunnan liggur merkjalínan úr Mjóadalsbotni vestur Kirkjuskarð í Hólslæk, sem ræður merkjum til vesturs eptir há skriðunni, allt til Laxár, sem ræður merkjum að vestan.<sup>195</sup>

Á. Á. Þorkelsson eigandi að Núpsöxl og Núpi skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af J. Jónatanssyni eiganda og umráðamanni Kirkjuskarðs.

#### 5.4.1.6 Núpur á Laxárdal

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 er Núpur þá nýlega komin í eyði. Þar segir ennfremur:

Afrjett engin, og var geldfje og lömb í heimalandi þegar jörðin var byggð. [...] Haga urðu ábúendur oftlega að þiggja á vetur af nábúum sínum, og vita þó ekki nálægir að undirretta, að hjer hafi viss tollur fyrir goldist.<sup>196</sup>

Landamerkjabréf fyrir Núp var útbúið í apríl 1891 og það var þinglesið 23. maí sama ár:

Að vestan ræður Laxá landamerkjum. Að norðan ræður bein lína úr vörðu, sem hlaðin er austan megin Laxár neðst á skriðu þeirri, sem fallið hefur úr svo nefndu Tröllaskarði, frá vörðu þessari rjettlínis til austurs í Tröllaskarð, og þaðan til austurs um miðja Smjörskál og beint í Mjóadalsá sem ræður landamerkjum að austan. Að sunnan eru landamerkin hið svo nefnda Illagil til vesturs eptir háskriðunni í vörðu við Laxá, til austurs úr Illagilsbotninum rjettlínis í Mjóadalsá.<sup>197</sup>

Á. Á. Þorkelsson eigandi að Núpsöxl og Núpi skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af eigendum og umráðamönnum næst liggjandi jarða þeim Guðm. Erlendssyni vegna Mánaskálar og Klemens Sigurðssyni ábúanda Skrapatungu en hann handsalaði samþykki sitt.

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi um upprekstur Núps í kafla um sömu jörð.

---

<sup>195</sup> Skjal nr. 2(65).

<sup>196</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 427-428.

<sup>197</sup> Skjal nr. 2(66).

---

Upprekstur á afrétt, sem er sveitareign.<sup>198</sup>

#### 5.4.1.7 Mánaskál á Laxárdal

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 á Mánaskál ekki afrétt og ganga geldfé og lömb í heimaland.<sup>199</sup>

Landamerki jarðarinnar Mánaskálar í Vindhælishreppi eru tilgreind eftirfarandi í kaupbréfi frá 12. maí 1835:

[...] að vestanverdu ræður Laxá allt ut að Balaskarðsá, að nordan Balaskarðsá, og lækur sá eða lækjarfarvegur sem kémur að nordaustan ur svoköllumum Þröskuldi í Balaskarði, svo beinlínis frá þess lækiar upptökum í læk þann er fellur nordaustur í Mióadalsá skamt fyrir utann Mánaskálar sel. Þaðan ræður Mióadalsá allt framm í Smiörskálarlæk, svo beinlínis til útsudurs eptir sem Smiörskálarlækur ræður, þaðann beinlínis yfir fjallid, á Tröllaskarðslæk, enn síðann ræður bein stefna til Laxár.<sup>200</sup>

Seljandi jarðarinnar var Björn Björnsson á Mánaskál og kaupandi Guðmundur Þorleifsson í Bólstaðarhlíð.

Landamerkjabréf Mánaskálar var útbúið 6. júní 1887 og þinglesið 22. maí 1890:

Landamerki fyrir jörðinni Mánaskál liggjandi í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu eru sem hjer segir: Að norðan ræður Balaskarðsá, og úr henni bein lína í vörðu á miðjum Þröskuld, þaðan í læk, sem fellur austur í Mjóadalsá, og ræður svo Mjóadalsá að austan landamerkjum, suður á mótis við svo nefnda Smjörskál eða lækjargil, sem liggur ofan úr áður nefndri Smjörskál. Að sunnan eru merki úr Smjörskál beina línu vestur yfir fjall í Tröllaskarð, vestan í fjallinu, þaðan ræður lækur, sem fellur úr því í Laxá. Að vestan ræður Laxá þangað til áður nefnd Balaskarðsá fellur í hana.<sup>201</sup>

E. Pálmason skrifaði undir landamerkjabréfið fyrir hönd eigenda jarðarinnar. Það var samþykkt af Jóni Guðmundssyni ábúanda á Núpi og Gísla Bjarnasyni eiganda Balaskarðs. Gísli handsalaði samþykki sitt.

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi um upprekstur Mánaskálar í kafla um sömu jörð.

Upprekstur á afrétt, sem er sveitareign.<sup>202</sup>

#### 5.4.1.8 Barð í Norðurárdal

Barðs er ekki getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 en samkvæmt sóknalýsingu séra Eggerts Ó. Brím frá 1873 er Barð fornt eyðibýli í landi Kirkjubæjar og hefur stundum verið haft í seli þar frá Kirkjubæ.<sup>203</sup>

---

<sup>198</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>199</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 428.

<sup>200</sup> Skjal nr. 2(85).

<sup>201</sup> Skjal nr. 2(73).

<sup>202</sup> Skjal nr. 2(88).

---

Í fasteignamatinu 1916 kemur eftirfarandi fram um Barð, í kafla um Kirkjubæ:

Í landi jarðarinnar er eyðibýlið Barð (hefir verið í eyði í mörg ár). [...] Upprekstrarland sveitareign. [...] Landamerki óþingl., en mun ágreiningslaus.<sup>204</sup>

Páll Kolka skrifar svo, um Barð og Hvammshlíðardal, árið 1950:

Út úr botni Norðurárdals liggur þröngur afdalur suður í fjöllin. Það er Hvammshlíðardalur, og voru þar kotbýlin Hvammshlíð og Barð, sem fóru í eyði um síðustu aldamót. Út úr honum gengur Ambáttardalur til austurs sunnan við Hvammshlíðarfjall.<sup>205</sup>

Landamerkjabréf fyrir Barð í Norðurárdal hefur ekki fundist.

#### 5.4.1.9 Kirkjubær í Norðurárdal

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 á Kirkjubær ekki afrétt og gengur geldfé í búfjárhaga. Þar segir ennfremur:

Haga á vetur ljá ábúendur þeim á Pverá og Skúfi, og þiggja annan góðvilja fyrir, eftir samkomulagi.<sup>206</sup>

Árið 1819, þann 26. febrúar, seldi Sveinn Kárason, eignar- og ábýlisjörð sína Kirkjubæ í Vindhælishreppi og Höskuldsstaðakirkjusókn. Kaupandi var Jón Jónsson bóndi á Melum í Hrútafirði. Í kaupbréfinu er vísað til skriflegra skilmála milli seljandans Sveins Kárasonar og Ólafs Ólafssonar í Enni varðandi selstöðu í landi jarðarinnar:

Skriflegir skilmálar inngeingnir milli ofannnefnds Sveins Kárasonar og Sgr. Ólafs Ólafssonar á Enni viðvíkjandi selstöðu í Kyrkiubæar landi, skulu við fyrsta tækifæri tilsendast kaupandanum frá Sveini, og kaupandinn nýtur þeirra af velnefndum Ólafi lofudu 12 rd í sylfri fyrir selstöðuna ef tilkémur, hvar á mót hann skuldbindur sig til að svara 60 pörum pulssocka.<sup>207</sup>

Í sóknalýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 lýsir séra Eggert Ó. Brím Kirkjubæ eftirfarandi:

Kirkjubær er litlu neðar en Skúfur, gagnvart Múrgili, og ná saman tíun [þar] og á Skúfi að kalla. Þar hefur verið kirkja eða bænhús til forna, en engi sjást þar merki til. Mest Kirkjubæjarland er austan ár, [...] Kirkjubær var að fornu 20 hndr., en er nú 21.7 hndr. Brúnir ráða landi að norðan, en að vestan, milli Neðstabæjar og Kirkjubær, er landamerkjagarður lítill, forn. Kirkjubæ á

---

<sup>203</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 136, 159.

<sup>204</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>205</sup> Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 67.

<sup>206</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII*, bls. 433.

<sup>207</sup> Skjal nr. 2(84).



---

Ingvar bóndi í Sólheimum í Svínadal. – Í Húsadal sjást tóttir, og ætla menn þar hafi verið sel eða beitarhús.<sup>208</sup>

Landamerkjabréf fyrir Kirkjubæ í Norðurárdal hefur ekki fundist.

#### **5.4.1.10 Þórðarsel/Veðramót**

Landamerkjabréf fyrir Þórðarsel hefur ekki fundist. Þórðarsel er sagt hafa verið gömul hjáleiga frá Veðramóti sem fylgdi heimajörðinni.

Nánari umfjöllun um Þórðarsel og Veðramót er í kafla 5.3.1.4.

---

<sup>208</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 144.

## 5.5 Reynistaðarafrétt (Staðarafrétt)

Í jarðamatinu 1804 er sagt að Móberg í Engihlíðarhreppi eigi ítök í Reynistaðarafrétt en vegna fjarlægðar séu þau ekki hagnýtt.<sup>209</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Stóru-Seylu þann 27. maí 1809, var uppleið bann við leyfislausri grasatekju í Reynistaðarafrétt. Eftirfarandi var fært til bókar af því tilefni:

[Uppleið] forbod leifislausrar grasatekju í Reinistadar afrétt samt hrossa-  
rekstrar.<sup>210</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Stóru-Seylu þann 30. maí 1825, voru færð til bókar mótmæli vegna ónægs uppreksturs í Reynistaðarafrétt. Þau hljóða svo:

Protest á moti ónægum upprekstri í R(eyni)st(aðar)afrett, og uppá teiknad.<sup>211</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Stóru-Seylu þann 7. júní 1830, var uppleið bann frá 14 bændum í Sæmundarhlíð við því að bændur í Seylu- og Rípurhreppum reki hross á Reynistaðarfjöll. Eftirfarandi var fært til bókar af þessu tilefni:

Síðan var uppleið forbod af 18<sup>da</sup> Maíi 1830 frá 14 bændum í Sæmundarhlýd móti að bændur í Seilu og Rípur hreppum reki hross uppá Reinistadarfjöll.<sup>212</sup>

Í sóknarlýsingu Blöndudalshólaprestakalls, frá árinu 1839, sem samin var af séra Sveini Níelssyni, kemur eftirfarandi fram um Reynistaðaafrétt í kafla séra Sveins um dali í sókninni:

8. Dalir. Allt prestakallið liggur í þessum þremur aðaldölum: 1. Langadal, [...]. 2. Laxárdalur, sem liggur austan fram með Langadalsfjalli. Aðalstefna hans er lítið nær hásuðri og norðir en Langadals, með því að fjallið milli þeirra þykkar því meira, sem utar kemur. Að austan halda að Laxárdal fjöll þau eða hnúkar, sem undir ýmsum nöfnum aðskilja hann frá Reynistaðarafrétt. 3. Blöndudal, [...].<sup>213</sup>

Í *Sýslu- og sóknalýsingum I-II*, eru Reynisstaðafjöll tilgreind sem afréttarsvæði á nokkrum stöðum.<sup>214</sup> Aðeins í einu tilviki er talað berum orðum um „Reynistaðarafrétt“ í *Sýslu- og sóknalýsingum Skagafjarðarsýslu* og þá í kafla um fjöll og heiðar í sóknalýsingum á Fagraness- og Sjávarborgarsóknum frá árinu 1840, eftir séra Jón Reykjalin. Þar segir:

2. Fjöll og heiðar. [...] Liggur þessi sami fjallgarður, hár og mikill, allt fram undir Stóra-Vatnsskarð og kallast almennt Laxárdalsfjöll, takmark Reynistaðarafréttar að vestan; straxnefnt Stóra-Vatnsskarð er það að sunnan,

<sup>209</sup> Skjal nr. 2(86).

<sup>210</sup> Skjal nr. 2(118) a-b.

<sup>211</sup> Skjal nr. 2(119) a-b.

<sup>212</sup> Skjal nr. 2(120) a-b.

<sup>213</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 106.

<sup>214</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 106; *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II*, (1954), bls. 36-37, 52-53, 64 og 121.

---

Gönguskarð og Kálfsárdalur að norðan. Tröllá skilur Reynistaðarafréttar NV horn frá Skrapatunguafrétt. Tröllafoss heitir í ánni, og átti Reynistaður þar að fornu hálfa laxveiði móti Skrapatungu.<sup>215</sup>

Í sóknalýsingum á Fagraness- og Sjávarborgarsóknum frá árinu 1840, skrifar séra Jón Reykjalín eftirfarandi í kafla um afrétti:

32. **Afréttir.** Strandarbúarnir hafa jafnan sleppt sínum fáu lömbum og gemlingum upp í Tindastól, sama gjöra fleiri kringum fjallið, eins gjöra búendur uppi í Skörðum, að nota þar til heimalönd sín í Koluga- og Mosfellsfjöllunum, nema þeir fjárríkustu reka, eins utan fyrir Gönguskarðsá, fram á Reynistaðarfjöll. Þangað hefir Borgarsveit og öll Sæmundarhlíð frúpprekstur, í tilliti sellanda sinna þar uppi. Göngur eru mánudaginn í 21., stundum 22. sumarviku og svo framvegis, fleiri eða færri á viknamótum, eftir sem heimtist. Aðrir gjalda bóndanum þar á Reynistað lamba-, geldfjár og réttartolla.<sup>216</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Stóru-Seylu þann 9. júní 1842, var auglýst bann frá E. Stephanssyni á Reynistað á móti hrossaupprekstri og grasatekju á Staðarfjöllum og var eftirfarandi fært til bókar í dómabók Skagafjarðarsýslu:

7. Forbod dat. 17<sup>da</sup> f. m. frá stud. E. Stephánsyni á Reinistad mót hrossaupprekstri og grasatekju á Stadarfjöllum.<sup>217</sup>

Í sóknarlýsingu á Reynistaðarprestakalli frá árinu 1842, skrifar Gísli Konráðsson, sagnaritari og skáld, eftirfarandi í kafla um afrétti:

32. **Afréttir.** Bændur í prestakalli þessu reka afréttarfé sitt á Reynistaðarfjöll, gjalda þeir lambatoll að Reynistað, er eigi eiga hagaland á fjöllunum. Réttað er á Staðarhóli fyrir austan ána, skammt frá bænum. Er þar oft fjölmenni mikið og stundum róstusamt. Eru hér vanalegar göngur byrjaðar, þá fjórar eða fimm vikur lifa sumars og nú, nokkur fyrirfarandi ár, hið síðara sinn sökum heyanna. Þykir afrétt þessi nauðsynleg og hæg, sökum fjármergðar á Eyvindarstaðaheiði og Háutungum, er mjög uppblásin lönd eru, einkum heiðin, ef þangað væri rekið eftir Eyvindarstaðadómi allt að Gönguskarðsá að norðan og Laxá að vestan, norðan Refasveitar, sem Héraðsvötn og Blanda halda til heiða, þó varla megi Staðarfjöll lögafrétti kallast, því sellönd og heimalönd eru þar ein.<sup>218</sup>

Í sóknarlýsingu Glaumbæjar- og Víðimýrarprestakalls frá árinu 1842, skrifar Gísli Konráðsson, sagnaritari og skáld, eftirfarandi í kafla um afrétti:

---

<sup>215</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II*, (1954), bls. 21-22.

<sup>216</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II*, (1954), bls. 36-37.

<sup>217</sup> Skjal nr. 2(121) a-b.

<sup>218</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II*, (1954), bls. 52-53.

---

**32. Afréttir.** Nær helmingur bænda héðan reka fé sitt á Háutungur eður Stafnsland og Eyvindarstaðaheiði, en aðrir á Reynistaðarfjöll, og gegna sömu göngum og réttum sem aðrir, er á þær afréttir reka.<sup>219</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Stóru-Seylu þann 25. júní 1852, var þinglýst banni frá bændum í Staðarhreppi á móti því að reka á Reynistaðarfjöll og var eftirfarandi fært til bókar í dómabók sýslunnar af því tilefni:

7. Var þinglýst eptirfylgjandi skjölum og bréfum [...] c. Forbod 25<sup>ta</sup> Jun. 1852 frá bændum í Stadarhreppi mót því að reka á Reinistadarfjöll.<sup>220</sup>

Við yfirheyrslur í réttarhaldi, höldnu þann 15. mars 1875 að Auðólfsstöðum, gegn Jóhanni F. Sigvaldasyni bónda í Mjóadal í tilliti til gangnaskila haustin 1873 og 1874, kom fram í máli eins vitnisins, Björns bónda Guðmundssonar á Gautsdal, að Laxdælingar hafi notað Reynistaðarfjöll til geldfjáruppreksturs í 13 ár eða lengur. Í dómabók Húnavatnssýslu kemur m.a. eftirfarandi fram:

Mætti fyrir réttinum Björn bóndi Guðmundsson á Gautsdal, sem var nærverandi hér á staðnum. [...] Hann bætir því við að hann af gangnaseðlum hreppstjórans og síðan farið hafi verið að fjalla um mál þetta er hér um ræðir hafi heyrt<sup>221</sup> að Eyvindarstaðaheiði væri lögafrétt Bólstaðarhlíðarhrepps, en að öðru leyti viti hann til þess að Laxdælingar hafi notað 13 ár eða lengur Reynistaðarfjöll til geldfjár uppreksturs.<sup>222</sup>

Árið 1877 var lagt bann við upprekstri stóðhrossa í heimalönd bænda í Víðidal eða norður á Reynistaðarafrétt, nánar tilgreint „millum Grjótár að norðan og Vatnadalsár að sunnan.“ Skjalinu var þinglýst á manntalsþingi að Bólstaðarhlíð 25. maí 1877 og að Engihlíð 31. s. m. og hljóðaði svo:

Vegna þess að sú óregla hefur átt sjer stað um undanfarin ár, að Langdælingar í Bólstaðarhlíðar og Engihlíðarhreppum hafa ýmist rekið stóðhross sín í heimalönd vor í Víðidal eða norður á Reynistaðarafrejt, án nokkurs manns leyfis eða lagaheimildar og hross þessi gjöra ekki einungis öllu afrjettarfjelaginu mikin skaða með landusla og yfirgangi heldur og sjer í lagi oss, þareð það er ekki ósjaldan, að sumt af þeim spilli túni og engjum vorum, finnum vjer oss knúða til að banna allan upprekstur á heimalönd vor, millum Grjótár að norðan og Vatnadalsár að sunnan, og meðhöndla framvegis þau hross, sem án heimildar ganga í högum vorum á þann hátt sem lög fyrir mæla. [...]<sup>223</sup>

Undir bréfið kvitta fimm bændur samankomnir á fundi að Mjóadal 20. apríl 1877, þar á meðal J. Fr. Sigvaldason bóndi á Mjóadal.

---

<sup>219</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II*, (1954), bls. 64.

<sup>220</sup> Skjal nr. 2(122) a-b.

<sup>221</sup> *hafi heyrt*, ofan línu.

<sup>222</sup> Skjal nr. 2(94) a-b.

<sup>223</sup> Skjal nr. 2(82).

---

Á gamlársdag árið 1886 kom hreppsnefnd Staðarhrepps saman til að ákvarða um afréttarland hreppsins. Ítarlegt lýsing á takmörkum afréttarinnar var færð inn í gjörðabók hreppsnefndar af því tilefni, svohljóðandi:

Ár 1886 á gamlaársdag, komu nefndarmenn samann til að gjöra álit og ákveða um hvað skuli vera aðalrjett hjer í þessu afrjettarfjelagi og hvaða takmörk skuli vera fyrir þeim plássum er undir afrjettina heyra og hver ummerki sjeu á henni samkvæmt áskorun sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu með brjefi af 8<sup>da</sup> febrúar þessa árs.

Reynistaðar afrjett er talinn innan þessara takmarka sem hjer segir, að austan ræður ~~Rangalaá~~ Miðdalsá frá því hún fellur í Víðidalsá fyrir sunnan og neðann Hryggi og það fram alla leið í í syðri enda miðdalsins og þaðan sjónhending yfir hæðir og í Vatnadalsá og ræður hún svo þar til Víðidalsá fremri fellur í hana og er þar suður endi afrjettarinnar og er það kallaður Háheiðarsporður síðann ræður að vestann fremri Víðidalsá norður eptir Víðidal vestann við Háheiði norður að upptökum sínum á láda[l]num og þaðan eptir ladalnum sjónhendin[g] í norðari Víðidalsá í upptök hennar á ládalsinn [svo] og ræður hún svo þar til Grjótá fellur í hana ofan úr botnum og ræður Grjótá þessi uppá eggjar og ráða svo eggjar norður í Tröllá í Tröllabotnum og ræður svo Tröllá í Tröllafoss og þaðann sjónhending í suður eptir lægstu lægðinni suður vestann við Hryggjafjall suður í Þverár gil og ræður svo Þverá þar til hún fellur í Víðidalsá fyrir sunnann Gvendarstaði og ræður svo Víðidalsá norðan við Stakkfell að fyrst töldu takmarki þar sem Miðdalsá og Víðidalsá koma samann suður og ofan undan Hryggjum og er það kallaður Stakkfellsrani og er það norðurendi afrjettarinnar, og á þessa afrjett eiga upprekstur allir þeir sem hjer eru taldir.

1. Allir Staðarhreppsþúar
2. Allir Sauðárhreppsmenn út að Gönguskarðsá og bóndinn frá Skollatungu.
3. Seiluhreppsmenn framm að Litluseilu á Langholtinu og Fjall og Vatnsskarð.

4lagi er orðið að venju að Rípurhreppsmenn reka á Reynistaðar afrjett að undann teknum bóndanum frá Egilsholti sem notar aðrar afrjettir og eru svo allir taldir sem upprekstur eiga og venja er til að reki á afrjettina að undann teknum Laxdælingum, ~~og lætur nefndin~~

Aðalrjett er Reynistaðar Rjett og engar auka rjettir og þeirra engin þörf, og við viðauka greinar er ekkert að athuga verulegt því að 3ja viðaukagrein sem á að verða 7 grein heimila hreppsmönnum þær breitingar er betur fara ef þeir verða ásáttir um það.

Jón Jónsson, hreppstjóri. Jón Björnsson. Þorbergur Jónsson.<sup>224</sup>

Uppteiknað afstöðukort af Hafsteinsstaðalandi, heimalandi Reynisstaðar og Reynistaðarafrétt, var lagt fram við aukaping í Skagafjarðarsýslu þann 22. mars árið

---

<sup>224</sup> Skjal nr. 4(105).

---

1890 og er það dagsett sama dag. Síðar, þann 22. febrúar 1892, var það lagt fram í yfirdómi, vegna landamerkjadeilu Hafsteinsstaða og Reynistaðar.<sup>225</sup>

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur eftirfarandi fram um afréttarnot íbúa Bólstaðarhlíðarhrepps í Staðarafrétt:

FRUMVARP FRÁ 1894  
til reglugjörðar um notkun afrétta  
í Húnavatnssýslu.

[...]

III. Bólstaðarhlíðarhreppur.

Allir íbúar Bólstaðarhlíðarhrepps skulu eiga upprekstur á Eyvindarstaðaheiði, nema Laxdælingar þeir, sem lönd eiga að Reynistaðaafrétti, mega nota heimalönd sín til uppreksturs.

[...]

Á aukanefundarfundum á Blönduósi 24. febr. 1894.

*B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.*

*P. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.*

Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er

Ósamþykktur

*Á. Á. Þorkelsson*<sup>226</sup>

Þann 5. mars árið 1898 keypti Jón Jónsson hreppstjóri á Hafsteinsstöðum „fyrir hönd þeirra er hafa upprekstur á Staðarfjöll“ Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstaðalandi af ekkjufrú Jóhönnu Hallsdóttur á Sauðárkróki. Í kaupbréfinu var ummerkja getið nákvæmlega og hljóðar bréfið svo:

1. Það sem selt er, er eign mín Jóhönnu Hallsdóttur, Reynistaðar afrétt í Skagafjarðar sýslu með landi hjáleigunnar Gvendarstaða – hús og kúgildi undanskilin. – Hið selda land allt er metið 25 hndr. og dragast þannig 15 hndr. frá heimajörðinni Reynistað.

Kaupinu fylgir réttur til að nota Reynistaðarrétt til allra lögboðinna fjallskila, [...].

Ummerki hins selda lands er sem hér segir: Frá merkjalínu þeirri, sem (1) aðskilur lönd Reynistaðar og Geirmundarstaða ræður (1) Miðdalsá í suður fram Miðdalinn, þar til hún beygir upp í (2) Myrkvaskarð, þá er þaðan bein stefna yfir hæðirnar og víkina vestur úr Hólsvatni í læk þann er rennur í Urriðatjörn. Ræður þá merkjum Urriðatjörn og (3) Vatnadalsá suður fyrir

---

<sup>225</sup> Skjal nr. 2(79).

<sup>226</sup> Skjal nr. 2(154) a-b.

---

Háheiðarsporð. Er þar suðurhorn landsins. Þá ræður merkjum norður Víðidalinn lækur sá, er kemur að norðan allt norður að flóa. Þá eru merkin beint norður miðjan flóann, og í jarðfall það er Víðidalsá fellur úr norðast í flóanum. Síðan ræður (4) Víðdalsá merkjum norður Víðidal allt að (5) Grjótá. Þá ræður Grjótá upp með Grjótáröxl að norðan, alla leið að upptökum hennar. Þá ræður bein lína upp í (6) Eggjar. Úr því ráða Eggjarnar merkjum norður eptir móts við (7) Tröllá, og þaðan sjónhending niður af fjallinu til upptaka Tröllár. Ræður Tröllá svo merkjum ofan að (8) Trollafossi. Þá ræður sjónhending eptir hlíðunum móts við Selhóla í (9) Kellingaskarð. Þaðan ganga merkin suðaustur yfir Fellið beina línu í (10) Langakamb að Víðidalsá. Ræður þá (11) Víðidalsá norður fyrir stakkfellsrana þangað sem (12) Ranghalaá fellur í hana, og er það norður horn landsins. Þaðan ræður Ranghalaá suður þangað sem (13) Miðdalsá fellur í hana; úr því ræður Miðdalsá að áðurnefndri línu, sem aðskilur lönd (1) Reynistaðar og Geirmundarstaða.

2. Reynistaður hefir frían upprekstur fyrir fé og hross. Og þótt síðar verði ákveðinn réttartollur, skal ábúandi Reynistaðar undanþegin því gjaldi.

[...]

Sauðárkróki 5. marts 1898.

Jóhanna Hallsdóttir

Jón Jónsson, fyrir hönd afréttarfélagsins

Stepán Jónsson.<sup>227</sup>

Gengið var frá afsali fyrir sölunni á Reynistaðarafrétt og Gvendarstaðalandi hinn 25. febr. 1899. Í því voru skilyrðin í fyrnefndu kaupbréfi ítrekuð og tekið fram að ítök þau sem aðrar jarðir ættu í afréttinni stæðu óhöggðu. Afsalið hljóðaði svo:

Jeg Jóhanna Hallsdóttir gjöri kunnugt, að jeg með brjefi þessu sel og afsala Jóni hreppstjóra Jónssyni á Hafsteinsstöðum Reynistaðarafrjettarland, ásamt Gvendarstaðalandi liggjandi í Staðarhreppi metið 25 hndr. að dýrleika með þeim skilyrðum sem fram eru tekin í kaupbrjefi dagsettu 5. mars 1898, þar með talin afnot rjettarstaðarins við öll lögboðin fjallskil, og með því að velnefndur Jón Jónsson hefur þegar greitt hið umsamda kaupverð þá segi jeg hann rjettan eiganda að nefndum afrjetti og Gvendarstaðalandi með þeim ummerkjum og skilyrðum sem til eru tekin í ofanefndu kaupbrjefi. Eptir sama brjefi fylgir og heimild til að nota rjettarstaðinn, en aðeins við lögboðin fjallskil.

En það skal jafnframt tekið fram, að ítök þau, er aðrar jarðir eiga frá fornri tíð í nefndu Reynistaðarafrjettarlandi standa óhöggðu og eru undanskilin þessari sölu.

[...]

Þinglesið á manntalsþingi að Reynistað 19. maí 1899.<sup>228</sup>

---

<sup>227</sup> Skjal nr. 11(4).

---

Þann 21. desember árið 1907 seldi Jón Jónsson hreppstjóri á Hafsteinsstöðum 7,1 hndr. af afréttarlandi Reynistaðar, sem hann hafði orðið eigandi að með fyrrnefndu afsalsbréfi þinglesnu 19. maí 1899, til jarðeigenda í Staðarhreppi. Öll forn ítök stóðu óhöguð nema Hafsteinsstöðum var áskilið hið forna Staðarsel. Afsalið hjóðar svo:

Jeg undirritaður Jón Jónsson hreppstjóri á Hafsteinsstöðum í Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu gjöri kunnugt: að jeg með brjefi þessu sel og afsala frá mjer og mínum erfingjum til allra jarðeigenda Staðarhrepps til afrjettarnota 7,1 [hndr.] af afrjettarlandi því, er jeg hefi með afsalsbrjefi þinglesnu á Reynistað 19. maí 1899 orðið eigandi að og talið er 25 hndr. af öllum dýrleika Reynistaðar. Kaupi þessu fylgir að tiltölu af landi því, er skilarjettin stendur á og heyrir til löglegs rjettarstarfa við skilarjettina.

Öll þau ítök er jarðir áttu í afrjettina svo sem frían upprekstur stendur óhaggaður að öðru leyti en því er Hafsteinsstaði áhrærir að þeir eiga framvegis húss- og rjettarstæði á hinu forna Staðarseli og beit þar í kring.<sup>229</sup>

Afsalið var þinglesið á manntalsþingi að Reynistað 27. maí 1908 en ítaki Hafsteinsstaða mótmælt af Sigurði Jónssyni á Reynistað. Neðan við bréfið er ritað:

Við þinglestur brjefs þessa bað Sigurður óðalsbóndi Jónsson á Reynistað bókuð mótmæli gegn því að Hafsteinsstöðum bæri nokkuð ítak í Staðarafrjett.<sup>230</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Reynistað þann 27. maí 1908, var þinglesið afsalsbréf Jóns Jónssonar á Hafsteinsstöðum til allra jarðeigenda í Staðarhreppi fyrir hluta úr Staðarafrétt. Sigurður Jónsson bóndi á Reynistað mótmælti. Eftirfarandi var fært inn í dómabók Skagafjarðarsýslu af þessu tilefni:

9. Þinglesið afsalsbrjef frá Jóni Jónssyni hreppstjóra á Hafsteinsstöðum til allra jarðeigenda Staðarhrepps fyrir 7 hndr. af Staðarafrjett.

Sigurður óðalsbóndi Jónsson á Reynistað bað bókuð mótmæli gegn því að Hafsteinsstöðum bæri nokkuð ítak í Staðarafrjett.

Jón hreppstjóri Jónsson á Hafsteinsstöðum bað bókað að samkvæmt lýsing á ljensjörð prestsins, Hafsteinsstöðum, í Johnsens jarðatali ættu Hafsteinsstaðir frían upprekstur í Reynistaðarafrjett, en með sölunni breytir seljandi þessu ítaki, sem nú er orðið verðlaust, á þann hátt sem afsalið ber með sjer.<sup>231</sup>

Í símskeyti Fossanefndar, dags. 3. apríl 1918, til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum kemur fram að nefndin telji vatnsréttindin ótvíræða almenningseign. Símskeytið er svohljóðandi:

Fossanefndin hefir skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sjeu ótvírætt almenningseign, þó að einstakir

---

<sup>228</sup> Skjal nr. 11(3).

<sup>229</sup> Skjal nr. 11(5).

<sup>230</sup> Skjal nr. 11(5).

<sup>231</sup> Skjal nr. 2(95) a-b.



---

menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmeta, sem hreppafjelög, er eiga afrjett í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafla í afrjettum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landsstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrjettum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarheit og geldfjárheit.<sup>232</sup>

Í tilefni af þingályktun um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum frá 27. september 1919 óskaði Stjórnarráðið eftir skýrslum frá öllum sýslumönnum landsins um svæði í sýslum þeirra sem talin voru til almenninga og um afréttarlönd sem sannanlega hafa ekki tilheyrt nokkru lögbýli. Sýslumenn fólu svo viðkomandi hreppstjórum að útbúa skýrslur þessar. Engin svör komu frá hreppstjórum Skagafjarðar vegna fyrirspurnarinnar.

Í svarbréfi skrifstofu Skagafjarðarsýslu, dags. 14. febrúar 1920, til Stjórnarráðsins vegna fyrirspurnarinnar um almenninga og afrétti frá 29. desember 1919, kemur fram að samkvæmt upplýsingum sem sýslumaður hafi aflað sér séu ekki aðrir almenningar eða afréttarlönd í sýslunni „en hin svonefndu Nýjabæjaröræfi austan undir Hofsjökli.“<sup>233</sup>

Í svarbréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 28. apríl 1920, til Stjórnarráðsins vegna fyrirspurnarinnar frá 29. desember 1919 um almenninga og afrétti, kemur fram að sýslumaður hafi aflað umsagna hjá hlutaðeigandi hreppstjórum og telji hann engin landsvæði í umdæmi sínu falla undir þá skilgreiningu nema hina svonefndu Almenninga í Skagaheiði.<sup>234</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 1946, segir m.a. svo frá Reynistað, tengslum staðarins við kirkjuna og klaustrinu þar:

Höfuðbólið í þessari sveit er *Reynistaður* [...] eða *Staður í Reyninesi*, eins og var hið gamla nafn jarðarinnar. [...] Staðurinn er kunnastur fyrir tvennt: Þar var *jarlssetur*, en seinna *klaustur*. Sumarið 1259 fluttist Gissur Þorvaldsson, [...] norður í Skagafjörð í annað sinn. Í þetta skipti keypti hann Stað í Reyninesi fyrir 100 hundraða og reisti þar bú. Níu árum seinna andaðist Gissur, sextugur að aldri, og hafði þá gefið allmikið fé til klausturstofnunar og hugðist að eyða því, sem eftir væri ævinnar, innan klausturhelgarinnar [...].

Árið 1295 komst klaustrið á fót. Stóð að stofnun þess Jörundur Þorsteinsson Hólabiskup. Auk þess, að Gissur hafði gefið jörðina til klausturstofnunar ásamt öðru fémætu, hlaut það þegar í upphafi miklar gjafir úr öðrum áttum. Þar stóð svo nunnuklaustur, eins og kunnugt er, þar til er það var lagt undir konung 1552. Er talið, að þar hafi verið tólf abbadísir alls, og um auðlegð þess er það m.a., að 46 jarðir átti klaustrið, er konungur sló á það eign sinni.

---

<sup>232</sup> Skjal nr. 4(1).

<sup>233</sup> Skjal nr. 4(9).

<sup>234</sup> Skjal nr. 4(4).

---

Reynistaður hefur ávallt síðan verið höfuðból sveitarinnar, enda er jörðin bæði mikil og góð.<sup>235</sup>

Í ritinu *Göngur og réttir* V, frá árinu 1953, segir svo um Staðarfjöll í Skagafirði:

Fjallgarður sá, er gengur frá suðri til norðurs að vestanverðu fyrir miðju Skagafjarðarhéraði, er í daglegu tali nefndur einu nafni Staðarfjöll, þótt hann greinist í sundur með mörgum sérnöfnum.

Fjallgarðurinn takmarkast að sunnan af Reykjaskarði, að vestan af Valbrandsdal, er gengur til norðurs vestast úr Reykjaskarði, þar norður af Víðidalur. Eru dalir þessir sýslumörk Skagafjarðar- og Húnavatnssýslna. Að norðan eru takmörkin Gönguskörð og Gönguskarðsá til sjávar. –Austan fjallgarðsins er óslitin bæjaröð, er nefnist Sæmundarhlíð. Til forna mun öll byggðin meðfram fjallgarðinum, allt norður að Gönguskarðsá, hafa heitið Sæmundarhlíð, (sbr. Hlíðarendi ofan við Sauðárkrók). Hefir hlíðin dregið nafn af landnámsmanninum Sæmundi suðureyska. –En nú á tímum er hlíðin talin enda á Geirmundarstöðum, en þar norðan við breytileg nöfn, en nyrzt heitir Borgarsveit.

Sunnan Reykjaskarðs að Vatnsskarði er stórt og hátt fell, er heitir Grísafell. Er það heimaland frá tveimur bæjum, Vatnsskarði og Fjalli. Stendur bærinn Vatnsskarð sunnan fellsins, skammt norðan Þjóðvegarins, en Fjall austan undir fellinu.

Austasti hluti fjallgarðsins, frá Reykjaskarði allt norður að Gönguskörðum, er nefndur Hnjúkar, nema nyrzt ofan við Sauðárkrók heita Hálsar. Er það heimalönd fyrrnefndrar byggðar meðfram fjallgarðinum. Eru heimalöndin allbreið spilda, en vesturtakmörkin eru Valbrandsdalur fremst og norður af honum Miðdalur. Austan Miðdals rís fell allhátt, er Sauðafell heitir. Sunnan þess eru tvö vötn, er nær liggja saman og Hólsvötn kallast, kennd við Hól í Sæmundarhlíð. Eigi eru þau stór, en vestara vatnið mjög djúpt. Seltunga nefnist flöt tunga fremur lág norður af Sauðafelli, gengur hún í odda nyrzt. Austan hennar er þröngur dalur og djúpur, er Ranghali nefnist. Austan hans rís mjög hátt fjall er Staðaröxl heitir. Er hún austurbrún fjallgarðsins ofan Reynistaðar og norður eftir. Takmörk heimalanda að vestan eru á Ranghala af ytri byggðinni. Sandgil eitt skerst austur í Staðaröxl, syðst af Ranghala, heitir það Þjófagil.

[...]

Allur er fjallgarðurinn töluvert hár og brattur mjög upp af byggð, en hvergi eru klettur að teljandi sé, en víða sandskriður og lausagrjót, sérstaklega norðan til.

[...]

---

<sup>235</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands*, (1946), bls. 110.

---

Eins og áður er sagt, skilja dalir hina eiginlegu afrétt frá heimalöndum, þó að hin víðlendu heimalönd séu nú í rauninni að mestu orðin afrétt, síðan allar selstöður lögðust niður. En áður fyrr voru sel notuð frá flestum bæjum í Sæmundarhlíð, stóðu þau á fjærstu mörkum heimalanda. Sjást víða merki þeirra enn í dag.

Aðalafréttinn liggur vestan heimalandanna. Fremst heitir Háheiði. Liggur hún milli Miðdals og Víðidals frá suðri til norðurs. Er hún há bunga, með jöfnum, grösugum hlíðum, nokkru breiðari nyrzt. Að mestu er hún flöt ofan, en þó rísa hnjúkar tveir upp úr vesturbrún hennar. Syðri hnjúkurinn heitir Fáneyti. Lítið eitt norðar er gróðurlaus urðarhnjúkur, er kallast Fáskrúður. Tvö skörð beggja vegna hans skera hann að mestu frá hlíðinni. Heitir syðra skarðið Myrkaskarð, en það nyrðra Grenskaarð. Eigi eru þar klettur að mun, en lausagrjót mikið, svo að þar er seinfarið með fénað. Vesturhlíð heiðarinnar er allbrött og há, en eigi eru torfærur að mun.

Háheiðin takmarkast að norðan af Gyltuskarði. Norðan þess er fell allstórt, er Stakfell kallast. Vestur úr Gyltuskarði nyrzt skerst niður djúp gil. Fellur eftir því lækjarspræna niður í Víðidalsá. Heitir gilið Helgastaðagil. –Á árbakkanum við lækinn vottar fyrir gömlum tóttum. Gamlar sagnir herma, að margir bæir hafi verið á Víðidal áður fyrr, jafnvel heil kirkjusókn. Átti kirkjan að hafa verið á Helgastöðum. Hvað sem um þetta er, eru sjáanlegar fornar rústir víðar fram á dalnum.

Á norðurbrún Háheiðar heitir Gylta, en austast Speni. Er það dálítill urðarhnjúkur. Sunnan hans heitir Kúagil, með stórum, bröttum botni upp af, samnefndum. Gyltuskarð er mjög grösugt. Austast í því, að norðan, eru miklar, grónar tóttir. Heita þær Staðarsel. Um langan aldur var þar selstaða frá Reynistað. Hygg ég, að selstaða hafi síðast verið þar tíð Einars umboðsmanns Stefánssonar. – Á Reynistað 1837-1871. –Voru á tímabili síðar hafðar ær í selinu fram til jóla og maður látinn hirða um þær. Um skeið var þar einsetukona allt árið, eigi veit ég hvað mörg ár. Hafði hún nokkrar kindur. Hefir hún eigi verið kjarklaus að vera ein uppi í háfjöllum að vetri til, langt frá öðrum bæjum, en nokkru styttra var þá til næstu býla, sem nú eru komin í eyði. –Löng og erfið hefir selgatan verið frá Reynistað, einkum hið bratta fjall sunnan við Staðaröxl. Norðan við Stakfell er Hryggjafjall. Er það stórt um sig. Er það nyrzt í afréttinni, því að Gönguskörð eru norðan þess. Frá Stakkafelli er það aðskilið með alldjúpum en þröngum dal, er Kambar nefnast. Lágu fyrr á tímum götur til Sauðárkróks eftir Kömbum og norður með Hryggjafjalli að austan. Fóru margir þá leið áður fyrr milli Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna, einkum af Laxárdal. Er þá farið í gegnum Laxárdalsfjöll um svokallað Litla-Vatnsskarð.

Hryggir heita eyðibýli við suðausturhorn Hryggjafjalls. Fór það í eyði 1913. – Annað eyðibýli er sunnan undir suðvesturhorni þess. Er það í norðurmynni Víðidals. Hét það Gvendarstaðir. Fór það í eyði 1898.

---

Vestan Hryggjafjalls er mjög grösugur dalur, er þrengist syðst. Heitir hann Skálahnjúksdalur. Dregur hann nafn af býli norðar á dalnum og Skálahnjúkur hét. Fór það í eyði 1903. Landkostir eru þar hinir ágætustu, enda afréttin talin bezt að norðvestanverðu. Síðasti ábúandi Skálahnjúks hét Gunnar Hafliðason. Bjó hann þar yfir 40 ár. Ám sínum færði hann frá. Til marks um kjarna landsins er það, að leggja mátti vettling ofan á rjómaskánina á mjólkurtrogunum án þess sakaði.

Vestan dalsins er stórt hlíðarstykki mót austri, sem Botnar nefnist. Skerast þar niður gil með stórum botnum efst. Bera þeir ýmis sérnöfn. Er Tröllabotn nyrzt. –Voru Botnar og Hryggjafjall lönd áður nefndra eyðibýla, en keyptar til afréttar, er býlin fóru í eyði.

Hefir nú allra ummerkja Staðarfjalla verið getið, einnig nokkurra örnefna.

Afréttin var Reynistaðaeign, sennilega frá klausturtímanum eða fyrr. –Var svo fram að síðustu aldamótum. Árið 1899 seldi þáverandi eigandi, frú Jóhanna Hallsdóttir, ekkja Jóns próf. Hallssonar, viðkomandi hreppum afréttina og Gvendarstaðaland. Mun söluverð hafar [svo] verið kr. 2.000.00.- Stuttu eftir aldamótin var einnig keypt Skálahnjúksland. –Voru eigendur Ásbændur í Hegranesi.

Síðast var keypt Hryggjaland, er var eign Reynistaðar. Var þá afréttarlandið orðið allmikið víkkað, frá því er áður var. Hversu stórt svæði hafði upprekstur á Staðarfjall fyrr á tímum, verður nú eigi vitað með vissu. Gamall dómur mun vera til um það, að allir búendur, allt norður að Gönguskarðsá, skuli greiða Eyvindarstaðabóna í Húnaþingi afréttartoll. –Með öðrum orðum allt svæðið vestan Vatna í Skagafirði að Gönguskarðsá hefir notað upprekstur á Eyvindarstaðaheiði að einhverju leyti.<sup>236</sup>

Í ritinu *Göngur og réttir V*, frá árinu 1953, segir m.a. svo um göngur og réttir, upprekstur og afréttartolla, í Staðarfjöllum í Skagafirði:

Fell eitt stórt um sig gengur austur að Valbrandsdal, sunnan Háheiðar, er Þverfell heitir. Er það eign Húnvetninga, en hefir um langan aldur verið gengið af Háheiðarmönnum. Annað lítið fell er norðan þess, sem heitir Einbúi. Þessir hreppar hafa nú upprekstur á Staðarfjöll: Seyluhreppur, norðurhluti, Staðarhreppur, Skarðshreppur, innri hluti, Sauðárkróksbær og Rípurhreppur.

Afréttartollur var greiddur eiganda á haustin í réttinni, er ég man fyrst eftir. Mun það hafa átt að vera eitt lamb af bæ. Hefir það verið ærið ójöfn greiðsla, jafnt frá fjárríkum bæjum sem þeim fátækustu. Líka mun niðurbjörgun gangnaskila hafa verið allmjög af handahófi á þeim tíma. Gamall maður, sem ég var samtíða, er var fæddur rétt eftir aldamótin 1800, sagði mér, að venja

---

<sup>236</sup> Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir V*, (1953), bls. 55-59.

---

hefði verið, er hann var ungur, að láta menn frá fjárríkustu bæjunum á erfiðustu göturnar. Hefir það átt að jafna metin að nokkru.<sup>237</sup>

Hinn 29. nóvember 1985 sendi sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi í Reykjavík, ljósrit af skrá yfir afréttarlönd í Skagafirði. Í skrá þessari kemur fram að Jón Jónsson hreppsstjóri á Hafsteinsstöðum hafi keypt Reynisstaðarafrétt ásamt Gvendarstaðalandi árið 1898 og í framhaldi hafi Staðar-, Sauðár-, Seylu- og Rípurhreppar eignast afréttinn. Síðar voru Hryggir keyptir og bætt við afréttinn. Í skránni segir um afréttarland Staðarhrepps:

Jón Jónsson hreppsstjóri á Hafsteinsstöðum keypti Reynisstaðarafrétt ásamt Gvendarstaðalandi með kaupsamningi dagsettum 5. mars 1898. Tæpu ári síðar var Jón hreppsstjóri búinn að borga afréttarlandið og fékk þá afsal sem er No. 2182 í afsals og veðmálabók og þinglesið á Reynistað 19. maí 1899. Seljandi Staðarafréttar var frú Jóhanna Hallsdóttir ekkja séra Jóns prófasts Hallssonar.

Það virðist hafa verið ákveðið fyrirfram að Jón á Hafsteinsstöðum yrði milligöngumaður við afréttar kaupin.

Árið 1897 13. mars var hreppsfundur haldinn í Glæsibæ í Staðarhreppi. Þar var rætt um kaup á Staðarafrétt og síðast í fundargerðinni er skrifað: „Var þá og staðfest kaup á nefndri afrétt af öllum þorra atkvæða.“ Heimild: Gjörðarbók Staðarhrepps 1882-1911.

Á sýslufundi árið 1898 var þremur hreppum, Staðar, Sauðár og Rípurhreppum veitt leyfi sýslunefndar til að taka 2000 krónu lán til kaupa Reynisstaðarafréttar með ábyrgð sýslunnar. Árið eftir 1899 fékk Seyluhreppur heimild sýslunefndar til lántöku vegna afréttar kaupa alt að 88 krónum.

Í sveitarbók Staðarhrepps árið 1900 er skifting Reynisstaðarafréttar milli hreppanna þanngi:

Hluti Staðarhrepps 7,1 jarðarhundrað

- Sauðárhrepps 2,3 – –
- Seyluhrepps 6,6 – –
- Rípurhrepps 9,0 – –

Samtals 25 jarðarhundrað

Afsal fyrir afréttar kaupinu fá hrepparnir ekki fyrr en síðar, að líkindum ekki fyrr en búíð var að greiða að fullu.

No. 3010 í afsals og veðmálabók er afsal frá Jóni hreppsstjóra á Hafsteinsstöðum, þar sem hann afsalar til allra jarðeigenda í Staðarhreppi 7,1 jarðarhundrað úr Staðarafrétt. Þinglesið að Reynistað 27. maí 1908.

Afsal frá Jóni á Hafsteinsstöðum fyrir hluta Seyluhrepps í Staðarafrétt er skrifað á Hafsteinsstöðum 22. maí 1909, en ekki þinglesið. Afsalið er til eigenda tiltekinna jarða í útparti Seyluhrepps.

---

<sup>237</sup> Bragi Sigurjónsson, *Göngur og réttir* V, (1953), bls. 59-60.

---

Árið 1913 fór jörðin Hryggir í eyði og þá keypti Upprekstrarfélag Staðarfjalla jörðina 10 hundruð að dýrleika. Kaupverð 1000 krónur. Afsal frá seljanda, Sigurði Jónssyni bónda á Reynistað er No. 3812 í afsalsbók, þinglesið á Reynistað 22. maí 1914 og fylgir ljósrit af því hér með.

Þegar Hryggjaland var keypt voru eigendur Staðarafréttar orðnir fimm, vegna þess að eignum Sauðárhrepps hins forna hafði verið skift milli Sauðárkrókshrepps og Skarðshrepps. Eignarhlutir hreppanna í Staðarafrétt árið 1914 urðu þessir:

Staðarhreppur 11,1 jarðarhundrað

Seyluhreppur 9,2 –

Skarðshreppur 0,9 –

Sauðárkrókshreppur 3,0 –

Rípurhreppur 10,8 –

Samtals 35 jarðarhundruð

Þessi eignahlutföll hreppanna í Staðarafrétt hafa verið í gildi að þessu.<sup>238</sup>

Í sömu skrá yfir afréttarlönd í Skagafjarðarsýslu frá 1985, sem sýslumaðurinn sendi Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi 29. nóvember, segir um afréttarlönd Rípurhrepps sem voru hluti af Staðarafrétt:

Árið 1900 eða árið áður keyptu fjórir hreppar Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstöðum, af Jóni Jónssyni hreppsstjóra á Hafsteinsstöðum. Kaupendur voru: Staðarhreppur, Sauðárhreppur, Seyluhreppur og Rípurhreppur. Afréttarlandið var 25 jarðarhundruð að mati og skiftist milli hreppanna þannig:

Staðarhreppur 7,1 hundrað

Sauðárhreppur 2,3 –

Seyluhreppur 6,6 –

Rípurhreppur 9,0 –

Heimild frumrit: Sveitabók Staðarhrepps 1900-1933.

Árið 1914 keypti Upprekstrarfélag Staðarfjalla jörðina Hryggi 10 hundruð að dýrleika og skiftist jarðarverðið á milli hreppanna fimm þannig að eignarhlutur hvers þeirra í Reynistaðarafrétt varð þessi:

Staðarhreppur 11,1 jarðarhundrað

Seyluhreppur 9,2 –

Skarðshreppur 0,9 –

Sauðárkrókshr. 3,0 –

Rípurhreppur 10,8 –

Heimild: Sveitarbók Staðarhrepps 1900-1933.

N<sup>o</sup> 19505 í afsalsbók. Afsal til Rípurs fyrir jörðinni Kálfárdal í Skarðshreppi.

Kaupverð 332.500 kr. Móttekið til þinglýsingar 12. nóvember 1968.

---

<sup>238</sup> Skjal nr. 4(10).

---

Afréttarlönd Rípurhrepps eru því: Fyrrgreindur hluti í Staðarafrétt, jörðin Kálfárdalur og afréttargirðing er yfir dalinn, og svo á Eyhildarholt upprekstur á Eyvindarstaðaheiði, samkvæmt samning við hreppsnefnd Seyluhrepps árið 1901.<sup>239</sup>

Í sömu afréttarskrá frá 1985 frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu til Tryggva Gunnarssonar segir um afréttarlönd Sauðárkróksbæjar:

Afréttarlönd Sauðárkróksbæjar eru: Þrjú hundruð að dýrleika í Reynistaðarafrétt, sem er öll 35 hundruð, og  $\frac{2}{3}$  af eyðibýlinu Skálahnjúk.<sup>240</sup>

Hlut sinn í Staðarafrétt og  $\frac{2}{3}$  Skálahnjúks eignaðist bærinn þegar eignum Sauðárhrepps hins forna var skift milli Sauðárkróks og Skarðshreppa árið 1907. Fram kemur að Upprekstrarfélag Sauðárhrepps hafi keypt jörðina Skálahnjúk árið áður, kaup þinglesin á Sauðárkróki 30. maí 1906. Ári síðar, eða 25. maí 1907, seldi Upprekstarfélag Sauðárhrepps síðan Upprekstarfélagi Staðarhrepps  $\frac{1}{3}$  úr Skálahnjúk.

Hinn 20. febrúar 1989 sendi Félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi.<sup>241</sup> Bæjarstjóri Sauðárkróks, Snorri Björn Sigurðsson, svaraði bréfi ráðuneytisins 7. nóvember sama ár. Í svari Snorra kemur fram að íbúar sveitarfélagsins eigi upprekstrarrétt á „Staðarafrétt og Úthnjúka.“ Mörk afréttarins eru tilgreind þessi:

Að sunnan Reykjaskarð.

Að vestan sýslumörk Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu.

Að norðan hreppamörk Skarðs- og Skefilsstaðahreppa.

Að austan afgirt heimalönd bæja í fyrrgr. sveitarfél.<sup>242</sup>

Jafnframt kemur fram að Seyluhreppur, Staðarhreppur, Skarðshreppur og Rípurhreppur eigi upprekstrarrétt í afréttinn, auk Sauðárkróks. Sveitarfélögin höfðu komið sér saman um að afrétturinn skyldi teljast til Staðarhrepps og Skarðshrepps.

Í *Byggðasögu Skagafjarðar I*, frá árinu 1999, skrifar Hjalti Pálsson svo um afrétt, í kafla um sveitarfélagslýsingu Skarðshrepps:

**Afrétt.** Sauðárhreppur skiptist frá gamalli tíð um Gönguskarðsá í tvö upprekstrarfélög. Borgarsveit átti til forna upprekstur á Eyvindarstaðaheiði en sá réttur er fyrir löngu aflagður og þess í stað rekið á Staðarfjöll ásamt Staðarhreppsmönnum og Rípurhreppsbum. Afrétt Gönguskarðamanna og Reykstrendinga er á hinn bóginn í löndum eyðibýla á Skálahnjúksdal, Kálfárdal og víðar og einnig í heimalöndum í Tindastóli og Úthnjúkum.<sup>243</sup>

---

<sup>239</sup> Skjal nr. 4(10).

<sup>240</sup> Skjal nr. 4(10).

<sup>241</sup> Skjal nr. 4(11).

<sup>242</sup> Skjal nr. 4(14).

<sup>243</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I*, (1999), bls. 186.

---

Í *Byggðasögu Skagafjarðar II*, frá árinu 2001, skrifar Hjalti Pálsson m.a. svo um Staðarafrétt, í ítarlegum þætti um afrétti og réttir, í kafla um sveitarfélagslýsingu Staðarhrepps:

#### Afrétt og réttir

**Afrétt.** Fjallendið vestur frá Reynistað heitir einu nafni Staðarfjöll og var um aldaðir heimaland Reynistaðar. Stærstur hluti þess fjallendis var og er afréttarland hreppsþúa og hefur verið nefnt Staðarafrétt eða Reynistaðarafrétt. Árið 1886 var Staðarafrétt talin innan eftirtalinna takmarka:

Að austan ræður Miðdalsá, öðru nafni Ytri-Rangalaá, frá því hún fellur í Víðidalsá sunnan og neðan við Hryggi og þaðan fram alla leið í syðri enda dalsins og þaðan sjónhending yfir hæðina og í Vatnsdalsá og ræður hún svo þar til Víðidalsá fremri fellur í hana og eru það suðurmerki afréttarinnar og er það kallaður Heiðarsporður. Síðan ræður að vestan fremri Víðidalsá norður eftir Víðidal vestan við Háheiði norður að upptökum hennar á lágdalnum sjónhending í norðari Víðidalsá í upptök hennar og þaðan ræður áin þar til Grjótá fellur í hana ofan úr Grjótárbotnum og ræður Grjótá uppá eggjar og ráða svo eggjar norður í Tröllá í Tröllafoss og þaðan sjónhending í suður eftir lægstu lægdinni suður vestan við Hryggjafjall suður í Þverárgil. Ræður svo Þverá þar til hún fellur í Víðidalsá fyrir sunnan Gvendarstaði. Ræður svo Víðidalsá fyrir sunnan Gvendarstaði. Ræður svo Víðidalsá norðan við Stakkfell að fyrst töldu takmarki þar sem Miðdalsá og Víðidalsá koma saman suður og ofan undan Hryggjum. Er þar kallaður Stakkafellsrani og er það norðurendi afréttarinnar. Á þessa afrétt eiga upprekstur allir eftirtaldir: *Allir Staðarhreppsþúar*; *Allir Sauðárhreppsmenn* út að Gönguskarðsá og bóndinn frá *Skollatungu*; *Seyluhreppsmenn fram að Litlu-Seylu* (Brautarholti) á Langholtinu og *Fjall* og *Vatnsskarð*. Orðin er venja að *Rípurhreppsmenn* reki á Reynistaðarafrétt að undanteknum bóndanum frá Eyhildarholti sem notar aðra afrétt og eru svo allir taldir sem upprekstur eiga og venja er til að reki á afréttina að undanteknum Laxdælingu.

Staðarafrétt var 1861 metin til 25 hundraða að dýrleika. Hún var seld undan Reynistað árið 1898 þegar Jóhanna Hallsdóttir, ekkja séra Jóns Hallssonar, seldi Jóni Jónssyni hreppstjóra á Hafsteinsstöðum Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstaðalandi, 25 hundruð að dýrleika, fyrir 2000 krónur. Þinglýstur samningur er dagsettur 25. febrúar en vitnað þar til fyrri samnings um söluna frá 5. mars 1898. Tekið er fram að ítök þau er aðrar jarðir eigi í Reynistaðarafréttarlandi frá fornu fari séu undanþegin þessari sölu.

Jón hreppstjóri var þó einungis kaupandi til bráðabirgða því að hann seldi afréttina upprekstrarfélagi fjögurra hreppa og skiptist eignarhaldið þannig:

Staðarhreppur.....	7,1 hundruð	28,4 %
Seyluhreppur.....	6,6 hundruð	26,4 %



Sauðárhreppur.....	2,3 hundruð	9,2 %
Rípurhreppur.....	9,0 hundruð	36,0 %
Samtals	25,0 hundruð	100,0 %

Þó verður ekki annað skilið en Jón hafi sjálfur átt hlut Staðarhrepps fram til ársins 1907 því það ár er þinglýst sölu hans „til allra jarðeigenda Staðarhrepps til afréttarnota 7,1 hundruð af afréttarlandi því er ég hefi með afsalsbréfi þinglesnu á Reynistað 19. maí 1899 orðið eigandi að og talið er 25 hundruð af öllum dýrleika Reynistaðar. ...

Öll þau ítök er jarðir áttu í afréttinni svo sem frían upprekstur stendur óhaggaður að öðru leyti en því er Hafsteinsstaði áhrærir að þeir eiga framvegis hús og réttarstaði á hinu forna Staðarseli og beit þar í kring. Söluverðið er 735 krónur.“

Á 20. öld hefur eftirtöldum löndum verið aukið við afréttina:

Árið 1902 keypti Sauðárhreppur Selhóla og lagði landið undir afrétt.

Árið 1906 keypti Upprekstrarfélag Sauðárhrepps Skálahnjúk og lagði undir afrétt en seldi árið eftir Upprekstrarfélagi Staðarhrepps þriðjung Skálahnjúkslands.

Árið 1913 keypti Upprekstrarfélag Staðarafréttar Hryggi af Sigurði Jónssyni bónda á Reynistað fyrir 1.000 kr. og lagði undir afréttina. Að kaupunum stóðu sveitarfélögin sem áttu hlutdeild í Staðarafrétt. Afsali fyrir þeim var þinglýst 22. maí 1914. Kaupverði var skipt eftir framtalsskýrslum undangenginna 5 ára og skiptist þannig:

Seyluhreppur.....	kr.	266,00 = 26,6 %
Staðarhreppur.....	kr.	396,00 = 39,6 %
Skarðshreppur.....	kr.	86,00 = 8,6 %
Sauðárkrókshreppur.....	kr.	69,00 = 6,9 %
Rípurhreppur.....	kr.	183,00 = 18,3 %
Samtals	Kr.	1000,00 = 100,0 %

Hryggir voru 10 hundruð að dýrleika og varð eignarhlutur hreppanna þannig eftir viðbótina:

Staðarhreppur.....	11,1 hundruð =	31,7 %
Seyluhreppur.....	9,2 hundruð =	26,3 %
Skarðshreppur.....	0,9 hundruð =	2,6 %
Sauðárkrókshreppur.....	3,0 hundruð =	8,6 %
Rípurhreppur.....	10,8 hundruð =	30,8 %
Samtals	35,0 hundruð =	100,0 %

---

Árið 1923 keypti Skarðshreppur Þórðarselsland. Kaupsamningurinn og afsal virðist hafa glatast en hvort tveggja var áréttað með bréfi dagsettu 26. apríl 1959 frá seljanda Þórðarsels, Sigurði Á. Björnssyni frá Veðramóti til þáverandi oddvita Skarðshrepps, Gunnars Guðmundssonar Reykjum. Þar segir:

Út af fyrirspurn yðar eða beiðni í bréfi frá 12. þ.m. um land það, sem ég á sínum tíma seldi Skarðshreppi hluta, heimalandi Veðramóts, og þér kallið einu nafni Þórðarselsland, sem er ekki nema að nokkru leyti réttnefni, þar sem Þórðarselsland er aðeins lítil hluti, sem ég seldi og Skarðshreppur keypti, vil ég taka fram eftirfarandi: Mörkin á því landi, sem ég seldi eru þessi: Að vestan Laxá. Að sunnan garðlag í mýri skammt fyrir utqan Skálahnjúkstún, úr því garðlagi beint upp og yfir Skálahnjúkinn, austur yfir Bakdal, þá beina stefnu yfir Vatnaöxl og Tjarnardal, alla leið austur í svonefndan Hrafnsklett í Mosfellshnjúk rétt fyrir utan Myrkraskarð, þetta eru mörkin að sunnan, en að norðan frá Laxá að vestan eins og áður segir, ræður merkjum Bakdalsá upp í Bakdalsskarð, þaðan beint í austur þvert yfir Kallárdal og Breiðdal austur í vörðu á Mosfellshnjúksbrún rétt fyrir utan svonefndan Miðhnjúk, þaðan ræður Mosfellshnjúksbrúin eystri fram í áðurnefndan Hrafnsklett.

Þá hafið þér merkin öll á fjóra vegu. Í þessu landi á enginn maður eða hreppur nokkra þúfu nema Skarðshreppur og ætti þetta að nægja sem afsal til Skarðshrepps, ef annað finnst ekki.“

Bréfi þessu var þinglýst sem landamerkjabréfi og afsali 4. júlí 1962.

Árið 1968 keypti Rípurhreppur Kálfárdal og lagði undir afrétt.

Eftir öll framangreind jarðakaup til afréttarnota varð eignaraðild viðkomandi sveitarfélaga þessi:

Seyluhreppur 26,3 % í Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstöðum, Hryggjum og sama hlutfall í þriðjungi Skálahnjúks.

Staðarhreppur 31,7 % í Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstöðum, Hryggjum og sama hlutfall í þriðjungi Skálahnjúks.

Skarðshreppur 2,6 % í ásamt Gvendarstöðum, Hryggjum og sama hlutfall í þriðjungi Skálahnjúks. Auk þess Selhóla, Þórðarsel ásamt hluta af Veðramótslandi og hluta af Heiðarlandi.

Sauðárkróksbær 8,6 % í Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstöðum, Hryggjum og sama hlutfall í þriðjungi Skálahnjúks. Auk þess 2/3 í Skálahnjúki.

Rípurhreppur 30,8 % í Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstöðum, Hryggjum og sama hlutfall í þriðjungi Skálahnjúks. Auk þess Kálfárdal allan.<sup>244</sup>

---

<sup>244</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 20-22.

---

## 5.5.1 Aðliggjandi og tengd landsvæði

### 5.5.1.1 Reynistaður / Staður í Reyninesi

Reynistaður var eitt af höfuðbólum Skagafjarðar og höfðingjasetur Ásbirninga á Sturlungaöld. Árið 1259 keypti Gissur Þorvaldsson jarl Reynistað fyrir hundrað hundraða af Páli Kolbeinssyni og flutti þangað um vorið. Sat þar síðan í jarldómi sínum til dauðadags 1268. Sagt er frá kaupunum í *Íslendingasögu* Sturlu Þórðarsonar:

Síðan reið hann [þ.e. Gissur jarl] til Skagafjarðar ok keypti Stað at Páli Kolbeinssyni fyrir hundrað hundraða, ok bauð Páll honum staðinn. Páll keypti þá Úlfsstaði ok fór þangat byggðum, en Gizurr jarl fór til Staðar um várit.<sup>245</sup>

Almennt er talið að stofnað hafi verið til nunnuklaustursins að Reynistað árið 1295. Þá átti kirkjan á Reynistað hálfá jörðina ásamt Holtsmúla og Hvammi en Jörundur Þorsteinsson Hólabiskup lagði klaustrinu til hálf Reynistaðarland og 23 jarðir og jarðarhluta að auki.<sup>246</sup>

Frá árinu 1446 er til önnur skrá yfir jarðeignir klaustursins, sem þá höfðu aukist til muna, en þar eru taldar upp 43 jarðir og 7 eyðijarðir í eigu klaustursins.<sup>247</sup>

Í Sigurðarregistri frá árinu 1525, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna á Norðurlandi, er önnur upptalning á jörðum í eigu klaustursins og er jarðafjöldinn þá hinn sami eða 43 í byggð og 7 eyðijarðir.<sup>248</sup> Klaustrið er þá sagt eiga lambseidi um hálfan Skagafjörð, Hólm og Hegranes en ekki er minnst á nein afréttarítök í neinum af ofangreindum eignaskráum.

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 er jörðin í eigu konungs. Minnst er á eftirfarandi staði í kaflanum um Reynistað:

Helgastaði á Víðidal sem byggðir voru fyrir 40 árum, Gvendarstaði sem menn kalli kirkjustaðinn, Mel sem sé heimaland Reynistaðar, Geitagerði, hjáleigu frá Reynistaðarklaustri, sem sé oftast í byggð en í auðn og Hvammshús, hjáleigu sem fór úr og í byggð.<sup>249</sup>

Í *Jarðabók Reynistaðarklausturs* frá 1728 kemur fram að Holtsmúli hafi átt selstöðu í landi Reynistaðar til forna. Í jarðabókinni segir um Holtsmúla:

... á eckert til fialls, utann ef vera kann selstada i Closturssens lande sem til forna mun hafa brukud vered, þó það hafe ej skied nu í manna minne.<sup>250</sup>

Í sömu jarðabók frá 1728 er Víðidalur talinn tilheyra afrétt staðarins. Í jarðabókinni segir um selstöðu Reynistaðar og afrétt á Víðidal:

---

<sup>245</sup> *Sturlunga Saga*. Fyrri bindi, (1946), bls. 525. Sjá einnig: Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 125 og 134.

<sup>246</sup> Skjal nr. 2(155).

<sup>247</sup> Skjal nr. 2(156).

<sup>248</sup> Skjal nr. 2(157).

<sup>249</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 73-75.

<sup>250</sup> Skjal nr. 2(142).

---

[...] enn til fialls eru góðer og mikler hagar, og þar er selstada sem fyrrum hefur brukud vered, enn er langt og ördugt til að sækia, yfer hátt fiall, og þyrftu stóran kostnad fyrer að hafa ef það være brukad, með fólk, hesta og annad sem þar til þarf. Þar með fylger afrett á Wydedal, land og hage þar mótz við adra menn, sem þar eiga land og itölu i móte, effter máldaganna hliodan, hvörer nu ej fyrer hende eru.<sup>251</sup>

Árið 1787 fékk Halldór Vídalín klausturhaldari á Reynistað verðlaun frá danska Landbúnaðarfélaginu fyrir að láta byggja upp á ný selstöðu klaustursins á fjöllum uppi. Frá því segir í *Riti Lærdómslistafélagsins* það ár:

#### V. Fyri Sel-flutningar.

Klausturhaldari Halldór Vídalín á Reinistadar klaustri í Hegranesþingi, hefir í 10 undanfarin ár notat sér þá ördugu selstöðu klaustursins á fjöllum uppi, hérum 4 mílur úr bygd. Þetta Sel hefir hann látit uppbyggja á ný og hallda þar búsmala sínum öllum á sumrum, fyrir utan 3 eðr 4 kýr og nockra hesta til heimabrukunar á klaustrinu. Fyri þessar Sel-flutningar tilskilr Félagit klausturhaldara Vídalín 5 ríkisdali at verðlaunum.<sup>252</sup>

Þann 18. maí árið 1790 lögfesti Halldór Vídalín klausturland Reynistaðaklausturs. Landamerkja er getið. Lögfestan hljóðar svo:

Útskript

Úr Veðmálabók

Skagafjarðarsýslu

N<sup>o</sup> 175

Jeg Halldór Wídalín kongl. Majestatis klausturhaldari yfir Reynistaðar klaustri, lögfesti hjer í dag allt saman Klausturland ytra og neðra til þessara ummerkja: að norðan og sunnanverðu úr Fergynisdragi, sem kemur úr kýlum þar sem mætist lítill skurður, er rennur úr Stórutjörn norður í Kúakýl vestur með Holtsmúla engi að norðanverðu, þar sem Melsbær sjest af Vatnabökkunum fyrir norðan Svarðarhólinn, þaðan í garð sem liggur sunnantil á Svarðarhólnum, þaðan í garð, sem liggur við Staðará, ræður þá áin fram í Glittingsdal úr honum og í upptökin á Melsgili uppá efri brúninni, þaðan í Sauðafell sunnantil við græurnar, þaðan vestur í Miðdalsá, ræður hún þá fram í Vatnsdalsána, ræður hún þá vestur í Víðirdalsá, ræður hún þá úteptir Víðirdalnum allt að Vatnsskarði, þaðan lögfesti jeg allan Víðirdalinn frá Grjótá, þó helzt að vestanverðu eptir fjallaeggjunum norður eptir og fyrir vestan alla Tröllabungu úti Tröllaa og hálfu laxaveiði í Tröllafossi, þaðan allt austur eptir fyrir norðan Kjóamýri og í Kellingarstaðagil, þaðan í [síðuskripti] gönguskarðsá, ræður hún þá í Sandhólagil, þaðan í tjörnina í Molduxa-skarði, úr henni í Háfagil, ræður það þá í Ranghalaána, ræður hún þá fram að syðri

---

<sup>251</sup> Skjal nr. 2(143).

<sup>252</sup> *Rit þess konunglega íslenska Lærdómslistafélags*, 8. árg. 1787, bls. 284.

---

endanum á Staðaröxl, þaðan ofan í Byrgisgil, þaðan ofanmeð móabardi að norðanverðu, sem liggur fyrir norðan Geitagerðisvöll og Kallast mórinn Hringur, þaðan í Staðará, ræður hún þá norður eptir á móts við litla þúfu á Geirlaugarhamri og Skollagil, þar sem byrjast Víkurland að sunnanverðu, þaðan svo sem þúfan og Skollagil stefnir og austur í Hjeraðsvötnin vestari, ráða þar svo til suðurs fram á móts við áðurgreint Fergynisdrag og Melsbæ. Fyrirbýð jeg hverjum manni þetta landspláts innan áður greindra landamerkjja, að beita, slá, yrja og allar landsnytjar til lands og vatns sjer að hagnýta, nema mitt leyfi sje til, svo lengi, sem jeg þar yfir umráð hefi.

Reynistaðar klaustri d. 18. Maí 1790

Halldór Widalín.

Upplesið fyrir rjetti að Stóruseilu d. 19. maí 1790, test<sup>r</sup> J. Schieving.

Upplesið fyrir tjetti að Sauðá d. 27. maí 1790. Testerar J. Schieving.

Þessi lögfesta var upplestin á Reynistaðar klaustri þann 13. sunnudag eptir Trinitatis, að endaðri guðsþjónustugjörð, í safnaðarins heyrn. Vitnar: að Reynistaðar klaustri þann 20. september 1801, Árni Jónsson búandi á Dúki.

Upplesin fyrir manntalsþingsrjetti að Stóruseilu 1825, og álitin óáfrýuð í svo langan tíma að hafa dómskrapt. J.J. Espólín.

Rjetta útskrift stadfestir:

Skrifstofa Skagafjarðarsýslu 4. júlí 1890.

Gjald í landssjóð: 25 – tutugu og fimm-aurar.

Jóh. Ólafsson.<sup>253</sup>

Þess má geta að í óundirrituðu og ódagsettu afriti af lögfestu þessari frá síðari tímum hafi kennileiti verið númeruð og merkt inn á kort.<sup>254</sup>

Í sóknarlýsingu Reynistaðarprestakalls árið 1842 skrifar Gísli Konráðsson eftirfarandi um sel í sókninni:

**31. Sel.** [...] F. Holtsmúlasel er vestur á Miðdal, vestan árinna, og G. Reynistaðar- (Staðarsel) í austanverðu Gyltuskarði. – Öll þessi sel eru niður lögð fyrir minni þeirra manna, er nú lifa, nema Staðarsel hefir stundum nytjað verið og Holtsmúlasel frá Reynistað litla hríð, þó eru bæði nú niðri.<sup>255</sup>

Reynistaður var seldur úr eigu konungs árið 1843 fyrir 4.000 ríkisdali og fylgdu allar hjáleigur með. Kaupandi var Einar Stefánsson stúdent:

Laurus Thorarensen konúnglegrar hátignar Sýsslumadur í Skagafjardarsýslu Gjörir vitanlegt að heimajörðin Reinistadur 80 hndr. að dýrleika með bigdum hjáleigum Geitagerdi 10 hndr., Gvendarstöðum 10 hndr. og Hriggjum 10 hndr., og óbigdum hjáleigum Mel og Hvamshúsum með öllu því, og innan

---

<sup>253</sup> Skjal nr. 2(77) a-b.

<sup>254</sup> Skjal nr. 11(2).

<sup>255</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873* II, (1954), bls. 52.

---

þeirra takmarka sem í seinustu hefdartíð hefir óátalid legið undir nefnda fasteign, samt þeirri á heimajörðinni standandi kyrkju, er eptir ens konúnglega Rentukammers ráðstöfun þann 27<sup>da</sup> Maíi 1840 uppbodin við opinbera auktion, og tilslegin þeim hæstbjóðanda studiosus Einari Stephanssyni á Reinistad fyrir 4000<sup>rbd</sup> Silfurmint.

[...]

Þessu til stadfestingur er mitt nafn og embædis innsigli

Enni þann 7<sup>da</sup> Marty 1843.

L. Thorarensen

(L.S).<sup>256</sup>

Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 kemur eftirfarandi fram um Reynistaðarklaustur:

Reynistaðar klaustur [...] Jörðin á frí upprekstur í Reynistaðarfjall og selstöðu á fjöllum uppi.<sup>257</sup>

Í jarðamatinu 1849 kemur fram að Reynistaður hafi nokkur hlunnindi af upprekstrartollum. Þar segir:

[...] nægilegt land á jörð þessi til fjalla, fyrir selstöðu og géldfénað, sem yfirhöfuð er kjarngott til nytja, og hefir eigandi hennar nokkur hlynnindi eður arð af upprekstrar tollum.<sup>258</sup>

Heimildir eru fyrir heilsársbúsetu í Staðarsel um tveggja ára tíma árin 1868–1870. Í prestþjónustubók Glaumbæjar og Víðimýrar kemur fram að Rósamunda Guðmundsdóttir flytji frá Barði í Reykjahólslandi „í hokur, að Staðarseli í Staðarhr(eppi)“ vorið 1868. Með henni í för voru Daníel sonur hennar og Guðmundur bróðir hennar. Þar mun hún hafa búið fram á vor 1870 að hún fluttist „frá Reynistaðarseli að Valadal“ í Víðimýrasókn.<sup>259</sup>

Uppteiknað kort af Reynistaðarlandi og Hafsteinsstaðalandi, ásamt landi og jörðum í kring, var lagt fram við merkjadóm að Hafsteinsstöðum þann 7. júlí árið 1890 og er það dagsett sama dag og ár. Kortið var lagt fram í yfirdómi þann 22. febrúar 1892.<sup>260</sup>

Uppteiknað afstöðukort af Hafsteinsstaðalandi, heimalandi Reynisstaða og Reynistaðarafrétt, var lagt fram við aukaping í Skagafjarðarsýslu þann 22. mars árið 1890 og er það dagsett sama dag. Síðar, þann 22. febrúar 1892, var það lagt fram í yfirdómi, vegna landamerkjadeilu Hafsteinsstaða og Reynistaðar.<sup>261</sup>

---

<sup>256</sup> Skjal nr. 11(17).

<sup>257</sup> Skjal nr. 4(63).

<sup>258</sup> Skjal nr. 2(87).

<sup>259</sup> Skjal nr. 2(141).

<sup>260</sup> Skjal nr. 2(81).

<sup>261</sup> Skjal nr. 2(79).

---

Lítið uppteiknað kort er sýnir landmæri milli Hafsteinsstaðalands annars vegar og Reynistaðarlands hins vegar, var lagt fram við merkjadóm að Hafsteinsstöðum þann 2. febrúar árið 1891 og er það dagsett sama dag og ár. Kortið var lagt fram í yfirdómi þann 22. febrúar 1892.<sup>262</sup>

Stórt uppteiknað kort (kallað „Afstöðu uppdráttur“) af landi Reynistaðar og landi Hafsteinsstaða, sem og landi nokkurra jarða í kring, var lagt fram við merkjadóm að Hafsteinsstöðum þann 2. febrúar árið 1891 og er það dagsett sama dag og ár. Kortið var lagt fram í yfirdómi þann 22. febrúar 1892.<sup>263</sup>

Lítið uppteiknað kort af Bjálfaseli í Hafsteinsstaðalandi, er sýnir mörk Reynistaðarlands, var lagt fram við merkjadóm að Hafsteinsstöðum þann 3. febrúar árið 1891 og er það dagsett sama dag og ár. Kortið var lagt fram í yfirdómi þann 22. febrúar 1892.<sup>264</sup>

Þegar Jón Jónsson hreppstjóri á Hafsteinsstöðum seldi 7,1 hndr. af afréttarlandi Reynistaðar árið 1907 var Hafsteinsstöðum áskilið hið forna Staðarsel. Nánar var fjallað um það í kafla um Reynistaðarafrétt.

Landamerkjabréf Reynistaðar var útbúið 12. apríl 1916 og þinglesið 22. maí sama ár:

Að vestan ræður Miðdalsá á móts við Holtsmúlasel, þaðan beint austur yfir Sauðafell sunnan við Sauðafellsgrænur ofan í Melsgil framan í fjallinu, síðan ræður Melsgil niður í fjallsrætur, svo bein stefna úr því ofan í vörðu á eyrinni við Sæmundará ~~ú~~ fram undan Glyttingsdalslæknum; þaðan ræður Sæmundará út að vörðu, er hlaða skal á árbakkanum, þar sem áin gerir bugðu á sig í vestur skamt fyrir sunnan Staðarrjett, þaðan austur yfir Svarðarhól og síðan eptir sömu stefnu fyrir utan Lómatjörn austur eptir mýrunum í merkjaskurðkjaftinn austur við Hjeraðsvötn. Þaðan ráða Hjeraðsvötn út að vörðu, er stendur á vesturbakka Hjeraðsvatna og er það norðausturhornmerki landsins, þaðan ræður svo bein lína vestur yfir mýrarnar í merkjaskurðinn þar sem hann liggur í [ofan línu, gegnum] tjörnina austan við árbakkann, þaðan í Staðará eptir sömu línu á vörðuna á Geirlagarhamri. Þaðan ræður Sæmundará eða Staðará þar til Hvammurinn og Syðri-Bakkamýrin mætast, þaðan eptir garði, er liggur fyrir sunnan syðri Bakkamýrina yfir melana í Krók á Grófarlæknum syðri, þar sem Hlíðarmannaleitavaðið hefur legið yfir, nú austan við akbrautina. Þaðan ræður svo Grófarlækurinn og Byrgisgilið upp undir fjallsbrún og úr efri enda þess bein stefna vestur í Ranghalaá, þaðan ræður Ranghalaá þar til hún fellur í Miðdalsá, þaðan ræður Miðdalsá fram á móts við Holtsmúlasel, eins og áður er sagt.

---

<sup>262</sup> Skjal nr. 2(80).

<sup>263</sup> Skjal nr. 2(75).

<sup>264</sup> Skjal nr. 2(76).

---

Hafsteinstaðir eiga tilkall til beitar í Sauðafelli eða norðurhallanda þess mánaðartíma að sumrinu fyrir allt að 80 ær borgunarlaust.<sup>265</sup>

Sigurður Jónsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Sigurðssyni vegna Geirmundarstaða, Árna J. Hafsteð vegna Víkur, Ellerti Jóhannssyni vegna Holtsmúla og Jóni Björnssyni vegna Ögmundarstaða.

Takmörkum Reynistaðar lýsir Hjalti Pálsson svo í *Byggðasögu Skagafjarðar* frá 2001:

Reynistaður á land að Holtsmúla, Ármúla og Geirmundarstöðum að sunnan, Miðdalsá á Staðarfrétt að vestan, Hafsteinsstöðum að norðan, vestan Staðarár, en Gýgjarhóli, Vík og Ögmundarstöðum austan árinna, Héraðsvötnum að austan.<sup>266</sup>

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* II, segir Hjalti Pálsson Holtsmúlasel vera í fornu heimalandi Reynistaðar og lýsir því á eftirfarandi hátt:

**Holtsmúlasel** (65°38'787/19°43'910) er í 370 metra hæð yfir sjávarmáli vestur á Miðdal í Þrætutungum, fornu heimalandi Reynistaðar, vestan Miðdalsár milli Grenskarðs og Kúagils. Þar eð Holtsmúli var löngum uppheldisjörð klausturprestanna hefur staðurinn úthlutað jörðunni þessari selstöðu. Selið er í dálitlum þúfnahvammi fast sunnan við Kúagilslæk. Rústir eru óglöggar en þó örugglega á fjórum stöðum. Selkofarnir eru þar sem hæst ber á aflöngum rústahól frá suðaustri til norðvesturs á tveimur aðskildum stöðum. Tvennar kvíar má sjá frá mismunandi tíma, báðar stórar, 9-10 metra langar. Lítilsháttar rækt er hér í rústum svo að til að sjá bera þær ögn sterkari lit en hvammurinn umhverfis. Árið 1842 segir Gísli Konráðsson að selið hafi verið notað frá Reynistað litla hríð í minni manna sem þá voru uppi, væntanlega um aldamótin 1800 eða á fyrstu áratugum 19. aldar.<sup>267</sup>

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* II, segir Hjalti Pálsson miklar mannvistarleifar sjáanlegar í Staðarseli og að það hafi verið brúkað langt fram eftir 19. öld. Hann lýsir því eftirfarandi:

**Staðarsel** (65°39'91/19°44'88) er vestur í Staðarfjöllum, norðan lækjar, austan í Gyltuskarði. Selið stendur á hallandi þúfnarana milli tveggja lækja og hefur þar verið smátún. Miklar mannvirkjaleifar eru á Staðarseli á þremur smáhólum í túninu hvorum upp af öðrum. Á efsta hólnum er t.d. geysilega stór rétt, 16x10 metrar að utanmáli. Á næsta hól spölkorn fyrir neðan eru nokkrar stórar kvíarústir og á þriðja neðsta hólnum er enn stór ferhyrnd rúst, sem kann að hafa verið kvíar einnig. Eru um 60-80 m á milli efsta og neðsta hóls. Þess utan sjást tóftir á mörgum fleiri stöðum. Í mýrunum vestan við selið lítur út fyrir að hafa verið mótekja.

---

<sup>265</sup> Skjal nr. 2(45).

<sup>266</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 124.

<sup>267</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 180.



---

Ljóst er af mannvirkjaleifum að mikið hefur verið umleikis í Staðarseli oft á tíðum og þar var brúkuð selstaða langt fram eftir 19. öld, eftir að slíkir búskaparhættir voru víðast aflagðir og jafnvel var þar fólk með fasta búsetu.<sup>268</sup>

Um selför og búsetu í Staðarseli á 19. öld skrifar Hjalti Pálsson:

Vitað er að árið 1844 var höfð selför í Staðarsel (sbr. mál Guðrúnar Þorvaldsdóttur í Stóru-Gröf) og sumarið 1853 voru í Staðarseli um fárra vikna skeið Jón Sigurðsson og Elísabet Þorláksdóttir en hröktust þaðan út á Skaga og voru í Kleifarseli um sumarið. Árið 1868 fór Rósamunda Guðmundsdóttir ásamt Guðmundi Guðmundssyni bróður sínum og Daníel Árnasyni og Rósu frá Barði að Staðarseli. Þau voru í Staðarseli 1868-1870 og er ekki vitað um mannvist þar eftir þetta. Haft var eftir Jón Jónssyni hreppstjóra á Hafsteinsstöðum, að Staðarsel hafi verið notað í tíð Einars Stefánssonar (d. 1871) og síðasta selráðskona þar hafi verið Jóhanna Bergsdóttir sem dó öldruð á Ögmundarstöðum rétt fyrir aldamótin 1900. Önnur munnmæli telja að Eggert Briem sýslumaður, sem bjó á Reynistað 1872-1884, hafi síðast haft selför í Staðarsel.<sup>269</sup>

### 5.5.1.2 Atlastaðir í Víðidal

Atlastaða á Víðidal er ekki getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 né öðrum heimildum eins og skýrslum Ólafs Olavíusar um eyðibýli, sóknarlýsingum Bókmenntafélagsins frá 19. öld eða Jarðatali Johnsens 1847, þar sem annarra býla/eyðibýla á Víðidal er getið enda óvíst um tilvist Atlastaða.

Ögmundur Helgason sem hefur gert ítarlega rannsókn á örnefnum og byggð á Víðidal og birti grein í *Sögu* 1969 segir að örnefnið Atlastaðir á Víðidal komi ekki fram í heimildum fyrr en í munnmælum á 20. öld og efast um tilvist Atlastaða. Hann segir:

Um önnur ný bæjarnöfn er það að segja, að Atlastaðir og Hrafnagil eiga samsvaranir úti á Laxárdal ytri og gætu hæglega hafa flutzt til í munnmælum, a.m.k. Atlastaðir, sem eru löngu komnir í eyði.<sup>270</sup>

Í *Byggðasögu Skagafjarðar II*, frá árinu 2001 fjallar Hjalti Pálsson um forna byggð á Víðidal á Staðarfjöllum. Hann telur töluverða óvissu ríkja um tilvist Atlastaða, enda ekki fundist neinar skjallugar heimildir um tilvist þeirra né mannvistarleifar. Hjalti skrifar:

Óvissa er um tilvist Atlastaða á Víðidal. Atlastaðir eru á Laxárdal ytri og kann nafnið að hafa flust í hugum manna fram á Víðidal. Það er fyrst að finna í munnmælum 20. aldar. Í oftnefndri ritgerð Ögmundar Helgasonar nefnir hann

---

<sup>268</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar II*, (2001), bls. 138-139.

<sup>269</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar II*, (2001), bls. 139.

<sup>270</sup> Ögmundur Helgason, „Bæjarnöfn og byggð á Hryggjadal og Víðidal, Skagafjarðarsýslu.“ *Saga VII* (1969), bls. 216.

---

Atlastaði norðan Illagils og hefur eftir Helga Magnússyni bónda í Tungu. Egill Helgason á Sauðárkróki, sonur Helga, hefur sömu sögu að segja og nefnir heimildamann sinn Jón Gíslason refaskyttu á Sauðárkróki sem var við grenjavinnu á svæðinu í hálföld. Egill fullyrðir að þar hafi sést lítilfjörleg veggjabrot en er nú ekki öruggur um staðsetningu þeirra því að áratugir eru síðan hann var þar á ferð.

Stærsta gilið vestan í Stakkfellinu er Illagil, drjúga vegalengd norðan við Helgastaði, því sem næst miðja veginni milli Rauðagils og Svartagils vestan árinna. Norðan við Illagil gengur fram dálítill höfði eða framhlaup og er þar hrunbakki að ánni. Sunnan við eða sunnan í þessum höfða, öðru hvoru megin við Illagilslækinn, eiga Atlastaðir að hafa verið. Suður og niður frá læknum er verulegt graslendi og gróðurælt að ánni og kann vel að hafa borið litla bújörð. Höfundur gerði þarna ítarlega leit sumarið 2000 án þess að finna nokkur veruleg líkindi til mannvistarleifa. En sá möguleiki er fyrir hendi að áin hafi grafið burtu allar húsarústir því að hún hefur sýnilega brotið verulegt land til austurs á þessu svæði.<sup>271</sup>

### 5.5.1.3 Helgastaðir í Víðidal

Elsta heimild sem nefnir byggð á Víðidal á Staðarfjöllum berum orðum er Sigurðarregistur frá árinu 1525 og var byggðin þá komin í eyði: „Jtem eyðijarder. hrygger med ollum vididal.“<sup>272</sup>

Elsta heimild sem getur um Helgastaði á Víðidal er varnarbréf Björns Jónssonar á Skarðsá, dags. 13. október 1654, vegna gruns um tíundarsvik. Í bréfinu eru jarðirnar Helgastaðir og Þúfnavellir taldar á meðal eyðijarða á Víðidal, ásamt fleirum, en einhver vafi virðist vera um hvort líta beri á jarðirnar sem eign klaustursins eða sem heimaland þess. Björn ritar:

Jörd liggur upp a fialle i gaunguskordumm er Hrigger heita, [...] og ad su Jord hafe vered Claustursins eign en ei heimaland so sem adrar eijde Jarde er liggia á Vjdedal og á gaunguskordumm, þessar Jarde eru so nafnkiendar, þufnaveller, þveraa, Helgastader, Gvendastader(!), og þa þessar, Hrigger, Kiellingarstader, Hrolfsveller, Stopull, [...] þessar allar nefndar Jarde hefur Claustred átt, hveria med sýnum landamerkiumm en vered ecki heimalönd ad minne higgiu.<sup>273</sup>

Í kaflanum um Reyninesstað í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1713, segir að Helgastaður á Víðidal hafi verið byggður fyrir 40 árum:

---

<sup>271</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 169-170.

<sup>272</sup> Skjal nr. 2(93).

<sup>273</sup> Hér tekið eftir: Ögmundur Helgason, „Bæjarnöfn og byggð á Hryggjadal og Víðidal, Skagafjarðarsýslu.“ *Saga* VII (1969), bls. 201. Frumrit er í: A.M. 216 c, 4to.

---

Ábúandi hafi heitið Egill Grettisson um eitt ár, en 2 ár áður Ólafur nokkur, sem þar fyrir þjó um eitt ár á Þúfnavöllum, tók þaðan hús öll og færði til Helgastaða, og meinar þar verið hafa.<sup>274</sup>

Samkvæmt þessu hefur verið búið á Helgastöðum í a.m.k. þrjú ár einhvern tíma í kringum árið 1673 og jörðin verið í eigu Reynistaðarklausturs.

Í *Ferðabók Ólafs Olavíusar frá 1775–77* eru Helgastaðir í Víðidal nefndir í skýrslu um eyðibýli í Skagafjarðarsýslu. Sagðir í kirkjusókn Reynistaðarklausturs og merktir með þremur stjörnum sem merkir að þeir hafi verið taldir öðrum eyðibýlum fremur hæfir til endurbyggingar og ábúðar.<sup>275</sup>

Í lýsingu Reynistaðarprestakalls frá árinu 1842 telur séra Gísli Konráðsson jörðina Helgastaði upp á meðal eyðijarða í sókninni. Hann skrifar:

### 38. Eyðijarðir.

[...] 10. Helgastaðir, þeim megin við Helgastaðagil, þ.e. sama megin sem Þúfnavellir, að austanverðu. Þar er mælt að kirkja verið hafi. Nú er aurmálið nær afbrotið.<sup>276</sup>

Í *Byggðasögu Skagafjarðar II*, frá árinu 2001 fjallar Hjalti Pálsson um forna byggð á Víðidal á Staðarfjöllum en hann telur líklegt að byggðin þar hafi eyðst í annarri hvorri plágunni á 15. öld, þ.e. Svarta dauða 1402 eða Plágunni síðari 1495–1496. Því verður þó aldrei svarað nema e.t.v. með fornleifarannsóknum.<sup>277</sup> Á Helgastöðum eru miklar mannvistarleifar, segir hann, og líklegt að kirkja hafi staðið þar um tíma, a.m.k. hálfkirkja eða bænhus. Ekki getur hann um heimildir fyrir búsetu þar utan þess sem Jarðabókin 1713 greinir frá að þar hafi verið byggt fyrir 40 árum. Nokkrar mannvistarleifar hafa fundist þar í bæjarstæðinu m.a. mannabein, brons-hnappur og rýtingur.<sup>278</sup> Helgastöðum lýsir hann annars svo:

Ætla má að bærinn hafi staðið syðst á brekkubrúninni suður við lækjargilið (65°39'850/19°49'593). Þar er glögg húsatóft á brúninni en sunnan og austan við hana dálítill grafningur þar sem lækurinn hefur verið tekinn upp úr sjálfu bæjarlækjargilinu og leiddur heim undir bæ vegna þess að gilið er svo djúpt að illmögulegt hefur verið að komast þar að vatni í snjó á vetrum. Læknum hefur sýnilega verið veitt með grefti, tekinn upp í gilinu og veitt meðfram brekkunni niður sunnan við bæjarhólinn. Á parti suður og upp í gilinu hefur skriðið fram jarðvegur svo að hann hefur lokað fyrir efsta hluta af vatnsgrafningnum.

Enginn veit nú lengur hvar kirkjan hefur staðið eða hvar nákvæmlega beinin komu úr bakkanum því að nú er hann algróinn. [...]

---

<sup>274</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 74.

<sup>275</sup> Ólafur Olavíus, *Ferðabók I*, bls. 316; Ögmundur Helgason, „Bæjarnöfn og byggð á Hryggjadal og Víðidal, Skagafjarðarsýslu.“ *Saga VII* (1969), bls. 207.

<sup>276</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II*, (1954), bls. 53.

<sup>277</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar II*, (2001), bls. 165-166.

<sup>278</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar II*, (2001), bls. 168.

---

Árið 1842 nefnir Gísli Konráðsson í sóknarlýsingu sinni þá sögn að kirkja hafi verið á Helgastöðum og segir síðan: „Nú er aurmálið afbrotið.“ Fullvíst er að síðan hefur áin brotið mikið land og benda því allar líkur til að grunnur kirkjunnar sé með öllu horfinn fram af bakkanum.

Loks er að telja litla tóft út og niður á nessoddanum þar sem bakkinn þverbeygir aftur til norðurs. Áin hefur á sínum tíma brotið sunnan af þeirri tóft. Út frá henni má e.t.v. greina sokkinn garð í sveig út og upp mýrina upp að dálitlum hávaða, mjög grösugum, neðan undir hlíðarbrekkunni. Þar er garðurinn rofinn á kafla í laut sunnan við en verður síðan greinilegur suður eftir mounum og endar við bæjartóftirnar svokölluðu. Á þeim kafla er hann mjög siginn og víða 2-3 m breiður en götur eftir honum miðjum og endilöngum.

Sunnan við lækjargilið er tóft af fjárhúsi með lítilli heytóft ofan við (65°39'816/19°49'538).<sup>279</sup>

Landamerkjabréf fyrir Helgastaði í Víðidal hefur ekki fundist.

#### 5.5.1.4 Þúfnavellir

Elsta heimild sem getur um Þúfnavelli á Víðidal er bréf Björns Jónssonar á Skarðsá, dags. 13. október 1654, en í bréfinu eru jarðirnar Helgastaðir og Þúfnavellir taldar upp á meðal eyðijarða á Víðidal.

Af bréfi sem kom fyrir lögmann Þorleif Kortsson á Alþingi árið 1672 má sjá að a.m.k. einn bær hefur verið í byggð á Víðidal, þá nýuppbyggður og tilheyrandi Reynistaðarklaustri. Í bréfinu segir:

Um hús í klausturs landi á Víðirsdal.

Fyrir lögmanninn herra Þorleif Kortsson hafði á þessu ári sett verið með dómi heiðurlegs Benedikts Halldórssonar um hús á Reyninesstaðarklausturs jörðu á Víðirsdal, sem uppbyggð verið höfðu af Ólafi heitnum Þorlákssyni á eyðiplázi í fyrstu, hvort þau skyldu kongs eign og klaustrinu fylgja eður ei. Var lögmanns og nærverandi lögréttumanna svar, [...] að engin hús eður bygging skuli af kongl. majestats jörðum af brjótast, utan svo sé, að nokkur náðan þar upp á fáist af þeim, það veita eiga eða mega.<sup>280</sup>

Ólafur hefur samkvæmt þessu byggt jörðina úr auðn en ábúð hans hélst stutt. Bærinn sem hér um ræðir er Þúfnavellir samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713.

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 1713 eru Þúfnavellir eyðibýli í Reynistaðarlandi en þar má líka sjá að Ólafur nokkur hafði búið í Víðidal fyrir um 40 árum. Fyrst á Þúfnavöllum í eitt ár og flutt sig þaðan að Helgastöðum og búið þar í tvö ár:

---

<sup>279</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 169.

<sup>280</sup> Skjal nr. 2(149).

---

... en tvö ár áður Ólafur nokkur, sem þar fyrir bjó um eitt ár á Þúfnavöllum, tók þaðan hús öll og færði til Helgastaða, og meinar þar verið hafa.<sup>281</sup>

Samkvæmt þessu hefur Ólafur Þorláksson búið í Víðidal í þrjú ár einhvern tíma skömmu fyrir 1672.

Í *Ferðabók* Ólafs Olavíusar frá 1775–77 eru Þúfnavellir nefndir í skýrslu um eyðibýli í Skagafjarðarsýslu. Sagðir í kirkjusókn Reynistaðarklausturs og merktir með þremur stjörnum sem merkir að þeir hafi verið taldir öðrum eyðibýlum fremur hæfir til endurbyggingar en með þeirri athugasemd að bæinn þurfi að flytja.<sup>282</sup>

Í lýsingu Reynistaðarprestakalls frá árinu 1842 telur séra Gísli Konráðsson jörðina Þúfnavelli upp í kafla um eyðijarðir í sókninni. Hann skrifar:

9. Þúfnavellir í Víðidal austan til, gegnt Litla-Vatnsskarði, komið í flag.<sup>283</sup>

Margeir Jónsson fræðimaður á Ögmundarstöðum, sem kynnti sér sögu og minjar á Víðidal í byrjun 20. aldar, segir munnmæli herma að bæirnir á Þúfnavöllum hafi verið tveir, Ytri- og Syðri-Þúfnavellir. Hann bætir við:

Þetta er mjög sennilegt, því túnið hefur verið mjög stórt, [...] Sunnan við það rennur lítil lækur, – bæjarlækurinn. Á norðubakkanum eru greinilegar rústir af bæjarhúsum, – og húsarústir eru á 5 stöðum á túninu, en óglöggar. Kippkorn norðar á árbakkanum er rústarhrúga, um 18 merta löng. Hefur áin brotið af þeim rústum, og þykir mér sanni næst, að þar hafi Ytri-Þúfnavellir staðið.<sup>284</sup>

Ekki hafa fundist aðrar heimildir um Ytri-Þúfnavelli.

Þegar Hjalti Pálsson skoðið ummerki í Víðidal í lok aldarinnar voru allar minjar um Ytri-Þúfnavelli horfnar vegna landbrots af völdum Víðidalsár.<sup>285</sup>

Í grein í tímaritinu *Sögu* frá 1969 telur Ögmundur Helgason mögulega skýringu þess að Helgastaða og Þúfnavalla séu ekki getið í skrárnámi Reynistaðarklausturs fyrir siðskiptin, líkt og t.d. Hryggja, geta verið þá að jarðirnar hafi alltaf verið hjáleigur Reynistaðar, en hjáleigna er yfirleitt ekki getið í eignaskrárnámi og jarðatölum líkt og lögbýla.<sup>286</sup> Úr því fæst þó líklega aldrei skorið vegna heimildaskorts.

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* II, frá árinu 2001 fjallar Hjalti Pálsson um forna byggð á Víðidal á Staðarfjöllum en hann telur líklegt að byggðin þar hafi eyðst í annarri hvorri plágunni á 15. öld. Um Þúfnavelli skrifar hann:

Fremsti bær á Víðidal, austan ár, var Þúfnavellir (65°38'450/19°49'400) út á móti Litla-Vatnsskarði. Á að giska 300 metrum norður frá Þúfnavallaskála Ferðafélags Skagfirðinga eru rústir bæjarins á Þúfnavöllum. Þar á lágri hæð

---

<sup>281</sup> *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 74.

<sup>282</sup> Ólafur Olavíus, *Ferðabók* I, bls. 316; Ögmundur Helgason, „Bæjarnöfn og byggð á Hryggjadal og Víðidal, Skagafjarðarsýslu.“ *Saga* VII (1969), bls. 207.

<sup>283</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873* II, (1954), bls. 53.

<sup>284</sup> Margeir Jónsson, „Víðidalur í Staðarfjöllum.“ *Blanda* III (1924-27), bls. 312.

<sup>285</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 167.

<sup>286</sup> Ögmundur Helgason, „Bæjarnöfn og byggð á Hryggjadal og Víðidal, Skagafjarðarsýslu.“ *Saga* VII (1969), bls. 203.

---

utan við þurran lækjarfarveg er greinileg tvískipt tóft en út frá henni þúfnakragi sem vafalítið geymir fleiri veggjaleifar þótt þær verði ekki greindar nákvæmlega. Með örstuttu millibili eru þarna þrír misstórir þúfnakraagar, efalítið minjar fornra bygginga þótt veggjaskil sjáist engin lengur. Talsvert gil er í hlíðinni skammt sunnan og ofan við bæjarstæðið og fellur lækur úr því beint niður til árinna. Gamall, þurr farvegur er þó frá gilsmynninu út og niður að bæjarstæðinu og hefur skorið sig gegnum túnið. Sunnan við farveginn má glögglega sjá fornan túngarð, ofan frá farveginum í sveig niður á bakkann, um 60 metrar á lengd. Engar húsarústir eru þar sjáanlegar nema e.t.v. sunnan undir garðinum, neðst niður við bakkann. Norðan farvegarins verða ekki greind nein garðlög og engar frekari mannvistarleifar sjáanlegar en þegar hefur verið greint.<sup>287</sup>

Ekki getur Hjalti annarra heimilda um búsetu á Þúfnavöllum utan þess sem Alþingisbók 1672 og Jarðabók 1713 greina frá og að fram er getið. „Eftir þetta er ókunnugt um nokkra mannvist á Þúfnavöllum þar til Ferðafélag Skagfirðinga setti þar niður skála,“ segir hann, en skálinn var byggður veturinn 1995 og „settur niður á gróinn mel skammt sunnan við bæjarrústir Þúfnavalla.“<sup>288</sup>

Landamerkjabréf fyrir Þúfnavelli hefur ekki fundist.

#### 5.5.1.5 Rauðagil

Rauðagils á Víðidal er ekki getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 né öðrum heimildum eins og skýrslum Ólafs Olavíusar um eyðibýli, sóknarlýsingum Bókmenntafélagsins frá 19. öld eða Jarðatali Johnsens frá 1847, þar sem annarra býla/eyðibýla á Víðidal er getið.

Bæjarnafnið Rauðagil kemur fyrst fram í munnmælum í byrjun 20. aldar. Margeir Jónsson fræðimaður á Ögmundarstöðum ritar í grein í *Blöndu* III frá 1927:

Munnmæli herma, að þarna hafi einn bærinn verið og heitið Rauðagil, en rústir sjást þar engar, nema óveruleg garðbrot, – afaróljós. Hefur Guðmundur Gíslason, sem lengi bjó á Gvendarstöðum (nú til heimilis á Sauðárkróki) sagt mér frá þessu.<sup>289</sup>

Ögmundur Helgason kannast líka við munnmæli um bæ við Rauðgil. Í grein um bæjarnöfn á Víðidal í *Sögu* 1969 ritar hann: „Rauðagil. Munnmæli herma, að þar hafi einn bærinn verið“<sup>290</sup> og hefur eftir Margeiri Jónssyni á Ögmundarstöðum. Ekki greinir Ögmundur frá frekari heimildum um bæ að Rauðgili í greininni.

Töluverður vafi leikur líka á um mannvistarleifar við Rauðagil. Hjalti Pálsson segir svo frá í *Byggðasögu Skagafjarðar* II frá 2001:

---

<sup>287</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 167.

<sup>288</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 167-168.

<sup>289</sup> Margeir Jónsson, „Víðidalur í Staðarfjöllum.“ *Blanda* III (1924-27), bls. 313.

<sup>290</sup> Ögmundur Helgason, „Bæjarnöfn og byggð á Hryggjadal og Víðidal, Skagafjarðarsýslu.“ *Saga* VII (1969), bls. 213.

---

Rústir af bænum Rauðagili verða vart fundnar með neinni vissu, en upp við gilsmynnið, rétt utan við lækinn, er lítill ávali eða hæð með stórþýfi sem hugsanlega gæti dulið veggjaleifar (65°40'164/19°49'976) en um það verður ekkert fullyrt án uppgrafar.<sup>291</sup>

### 5.5.1.6 Þverá í Víðidal

Elsta heimild sem getur Þverár á Víðidal er bréf Björns Jónssonar á Skarðsá, dags. 13. okt. 1654 og er þar talin upp með öðrum eyðijörðum Reynistaðarklausturs sem liggja á Víðidal og í Gönguskörðum.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1713 segir einungis um Þverá: „Ekki minnst neitt um þverá að undirjetta.“<sup>292</sup>

Í lýsingu Reynistaðarprestakalls frá árinu 1842 telur séra Gísli Konráðsson Þverá upp á meðal eyðijarða í Víðidal. Hann skrifar:

**38. Eyðijarðir.** [...] 11. Þverá, niður undan Þverárbotnum, að vestanverðu á Dalnum. Sýnist stór jörð verið hafa.<sup>293</sup>

Og um fornleifar í sókninni skrifar hann:

Nátthagi forn sést og verið hafa við túnmál á Þverá, eyðijörð vestur á Víðidal; er ærið ummáls aurmál hans. Vottar þar og fyrir miklu túni; en ærnar skriður eru þar umhverfis, á grundunum og túnstæðinu.<sup>294</sup>

Ekki hafa fundist neinar skjallegar heimildir um búsetu í Þverá á Víðidal en hins vegar eru nokkrar mannvistarleifar þar. Hjalti Pálsson lýsir þeim í *Byggðasögu Skagafjarðar II*:

Býlið Þverá (65°41'170/19°49'885, 255 m.h.y.s.) er yst á dalnum vestan megin Víðidalsár þar sem hún fer að beygja til norðausturs. Lítil á eða stór lækur kemur ofan úr svonefndum Þverárbotnum og hefur grafið sér umtalsvert gil. Bæjarstæðið er á breiðu lyngmóanesi sunnan við Þverána þar sem hún fellur til austurs og sameinast Víðidalsá.

Túnið er ekkert tún lengur, allt orðið lyngi- og mosavaxið en hefur vafalaust verið algróið grasi fyrir mörgum öldum. Aðalrústirnar eru mjög umfangsmiklar á lítilli hæð, utan til á miðju nesinu, fremur óljósar og minna lítið á bæjarhús, miklu fremur á óskipulega rétt. Eina graslendið er á þessum rústum og kringum þær en umhverfið allt orðið mosavaxið.<sup>295</sup>

Landamerkjabréf fyrir Þverá í Víðidal hefur ekki fundist.

---

<sup>291</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar II*, (2001), bls. 167.

<sup>292</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 74.

<sup>293</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II*, (1954), bls. 53.

<sup>294</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II*, (1954), bls. 55.

<sup>295</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar II*, (2001), bls. 166.

### 5.5.1.7 Hrafnagil

Hrafnagils á Víðidal er ekki getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 né öðrum heimildum eins og skýrslum Ólafs Olavíusar um eyðibýli, sóknarlýsingum Bókmenntafélagsins frá 19. öld eða Jarðatali Johnsens frá 1847, þar sem annarra býla/eyðibýla á Víðidal er getið enda frekar óljóst um tilvist Hrafnagils. Margeir Jónsson á Ögmundarstöðum sem tók saman stutta grein um byggð og örnefni á Víðidal og birti í *Blöndu* III 1927 telur Hrafnagil ekki upp á meðal hugsanlegra eyðikota á Víðidal.<sup>296</sup> Um náttúruörnefni getur verið að ræða.

Bæjarnafnið Hrafnagil kemur enda ekki fram í heimildum fyrr en í munnmælum á 20. öld, segir Ögmundur Helgason í grein í *Sögu* 1969, og sagt vera: „norðvestan í Stakkfelli, skammt þar frá sem Víðidalsá beygir til austurs.“<sup>297</sup> Ummælin hefur hann eftir Margeiri Jónssyni á Ögmundarstöðum sem hafði þau eftir Jóni Jónssyni yngra á Hafsteinsstöðum en honum sagði Þóra Jónsdóttir sem mörg ár bjó á Gvendarstöðum.

Töluverðar mannvistarleifar hafa hins vegar fundist við Hrafnagil þó frekar óljóst sé um hvers konar minjar sé að ræða. Hjalti Pálsson segir svo frá í *Byggðasögu Skagafjarðar* II:

Nafn Hrafnagils, eins og Atlastaða, kemur ekki fram fyrr en í munnmælum 20. aldar en þó er sá munur á að þar eru ótvíræðar húsarústir á nokkrum stöðum. Bæjarstæðið er norðan í Stakkfellinu, beint á móti Gvendarstöðum, í svo sem 100 metra fjarlægð upp frá ánni. Þar er langur, grösugur hryggur, sem sker sig töluvert úr umhverfinu, grænni og gróskumeiri en graslendið í kring, sem bendir greinilega til gamallar túnræktar. Mikið ber á snarrót og fjalldalafífl.

Rústir eru fjarskalega óljósar og erfitt að átta sig á þeim í kafgresi á sumardeg, en mæld var út ein stór rúst sem kann að vera af tvöföldum beitarhúsum, með tvennum dyrum, sem snúa til norðurs undan brekkunni (65°41'308/19°48'883. Hæðin er 260 m). Framan við virðist hafa verið smákofi. fyrir ofan kunna að vera aðrar rústir á tveimur eða þremur stöðum en þær verða ekki skilgreindar í kafgresinu (65°41'298/19°48'877). Nokkrar líkur eru á að þarna hafi verið beitarhús frá Gvendarstöðum, eða jafnvel Reynistað, því að beitarjörð er miklu betri á þessu svæði heldur en Gvendarstaðamegin.<sup>298</sup>

### 5.5.1.8 Gvendarstaðir á Staðarfjöllum undir Hryggjafjalli

Elsta heimild sem getur Gvendarstaða er varnarbréf Björns Jónssonar á Skarðsá, dags. 13. október 1654 og er þá talin upp með öðrum eyðijörðum Reynistaðarklausturs sem liggja á Víðidal og í Gönguskörðum.

<sup>296</sup> Margeir Jónsson, „Víðidalur í Staðarfjöllum.“ *Blanda* III (1924-27), bls. 316.

<sup>297</sup> Ögmundur Helgason, „Bæjarnöfn og byggð á Hryggjadal og Víðidal, Skagafjarðarsýslu.“ *Saga* VII (1969), bls. 212.

<sup>298</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 170.



---

Í kaflanum um Reyninesstað í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1713, segir m.a. eftirfarandi um Gvendarstaði:

Gvendarstaðir kalla menn kirkjustaðinn, og segir Jón [Philippusson á Páfastöðum] sig minni til kirkjugarðsleifa [...]<sup>299</sup>

Fyrstu heimildir um búsetu á Gvendarstöðum eru frá árinu 1781 en þá sótti Halldór Vídalín klausturhaldari á Reynistað um verðlaun til konungs fyrir endurreisn fimm eyðijarða í landi klaustursins, sem hann hafði látið gera á eigin kostnað. Jarðirnar eru taldar upp í vitnisburði hreppstjórans og meðhjálparans í Staðarhreppi:

Gvenderstad, en meget gammel Öde Jord, ligger höyt oppe paa fiældene over for Reinestad kloster.<sup>300</sup>

Árið eftir fékk Halldór Vídalín 20 ríkisdali í verðlaun fyrir hverja jörð, 100 ríkisdali samtals.<sup>301</sup> Gvendarstaðir hafa því byggst í landi Reynistaðar sennilega árið 1780 eða einhvern tíma skömmu fyrir það, því þær voru komnar í byggð þegar umsóknin var rituð 1781.

Gvendarstaðir héldust síðan í byggð að mestu frá árinu 1781 til 1898, að undanskildum árunum, 1785–86, 1790–93, 1863–64, 1883–84 og 1894–95 sem þeir lágu í eyði.<sup>302</sup>

Búsetu á Gvendarstöðum lauk 1898 og árið eftir voru þeir lagðir undir Staðarafrétt. Hjalti Pálsson segir svo frá í *Byggðasögu Skagafjarðar II*:

Gvendarstaðir fylgdu jafnan Reynistaðareign og gengu ekki undan fyrr en Jóhanna Hallsdóttir seldi Jóni hreppstjóra Jónssyni á Hafsteinsstöðum jörðina með samningi 25. febrúar 1899 og fylgdi hún þá með í kaupunum á Staðarafrétt.<sup>303</sup>

Landamerkjabréf fyrir Gvendarstöðum á Staðarfjöllum hefur ekki fundist.

#### 5.5.1.9 Hryggir í Hryggjadal á Staðarfjöllum

Í elsta hlutanum af Sigurðarregistri frá árinu 1525, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju, þegar Jón biskup Arason tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land, er eyðijörðin Hryggir, með öllum Víðidal, talin upp á meðal jarða Reynistaðaklausturs.<sup>304</sup>

Í varnarbréfi Björns Jónssonar á Skarðsá, dags. 13. október 1654, vegna gruns um túndarsvik, kemur fram nokkur fróðleikur um Hryggi en einhver vafi virðist vera um hvort líta beri á þá sem eign klaustursins eða sem heimaland þess. Björn ritar:

---

<sup>299</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 73-74.

<sup>300</sup> Skjal nr. 2(145).

<sup>301</sup> *Lovsamling for Island IV*, bls. 640. (Kongelig Resolution ang. Islands oeconomicke Forhold, Præmier m. v. Christiansborg 8. April 1782).

<sup>302</sup> Ögmundur Helgason, „Bæjarnöfn og byggð á Hryggjadal og Víðidal, Skagafjarðarsýslu.“ *Saga VII* (1969), bls. 207-208; Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar II*, (2001), bls. 163-164.

<sup>303</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar II*, (2001), bls. 160.

<sup>304</sup> Skjal nr. 2(92).

---

Jörd liggur upp a fialle i gaunguskordumm er Hriger heita, þar af giellst x aurar aarlega i landskuld en allrei golldinn tyund af Jordunne og aungum svarad þurfamanni inn i hreppinn ómagar sem þar verda þrotner koma sydan á hreppinn. þu seiger kannskie ad það sie mælt það sie heimaland Reynestadar en mier liggur vid ad seigia það sie málbullt en ecke sannmæle, og ad su Jord hafe vered Claustursins eign en ei heimaland so sem adrar eijde Jarder er liggia á Vjidedal og á gaunguskordumm, þessar Jarder eru so nafnkiendar, þufnaveller, þveraa, Helgastader, Gvendastader(!), og þa þessar, Hriger, Kiellingarstader, Hrolfsveller, Stopull, ... þessar allar nefndar Jarder hefur Claustred átt, hveria med sýnum landamerkiomm en vered ecki heimalönd ad minne higgiu.<sup>305</sup>

Um þessa gömlu hjáleigu frá Reynistað, er ekki fjallað sérstaklega í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*.

Á Hryggi er þó minnst í kafla um Reynistað í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1713. Þar segir:

[F]rá fardögum 1708 til 1709, þegar fyrnefndur sýslumann [Benedikt Magnússon] bygði þetta klaustur lögmanninginum Páli Vídalín, var kallað hjer af skyldi gánga ii c [þ.e. 2 hundruð] í landskuld, með því móti að Hryggir og Melur væri undir þeirri landskuld skilin so sem staðarins heimalönd, [...].<sup>306</sup>

Í *Jarðabók Reynistaðarklausturs* árið 1728 kemur fram að Hryggir tilheyri heimalandi klaustursins og að klaustrið hafi haft þar nokkra vetrararbeit:

N.13. Hriger

Reinernesstadar Clostur Jörd, [...] underrettast, ad þesse Jörd sie Reinessstadar Closturs heimaland, og allrei hefur þar af tyund vered golldenn i Ellstu manna minne, hvörke til prests nie fatækra, og clostursens eigned heimaland liggur þar umm kring, hefur og þar nálægt vered brukud til forna i þeirra minne, sem nu lifa, fiárbeit á vetrardag fyrer Clostursens heimafie, og uppbygdt hus handa því, sem alltyd hefur vered hallded heimaland. Enn Anno 1719, þegar sýslumadurenn Seig. Spendrup tók vid clostrennu, leigdest þesse Jörd fyrer 60 al. landskuld, med 2 kug. og med sama leigumála byggest hun enn nu.<sup>307</sup>

Líklegt má telja að byggð á Hryggjum hafi að mestu verið samfelld frá 1728 til 1913 eftir því sem Ögmundur Helgason og Hjalti Pálsson telja.<sup>308</sup> Um endalok byggðar á Hryggjum segir Hjalti svo frá í *Byggðasögu Skagafjarðar* II:

---

<sup>305</sup> Ögmundur Helgason, „Bæjarnöfn og byggð á Hryggjadal og Víðidal, Skagafjarðarsýslu.“ *Saga* VII (1969), bls. 201. Frumrit er í: A.M. 216 c, 4to.

<sup>306</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 73.

<sup>307</sup> Skjal nr. 2(144).

<sup>308</sup> Ögmundur Helgason, „Bæjarnöfn og byggð á Hryggjadal og Víðidal, Skagafjarðarsýslu.“ *Saga* VII (1969), bls. 206-208; Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 156, 158-159.

---

Árið 1913 fóru Hryggir endanlega í eyði eftir að síðasti ábúandinn, Hjörtur Benediktsson, hafði misst þar konu sína haustið áður. Hann vildi því hætta þar búskap með vorinu og landeigandi ákvað þá jafnframt að leggja þar af búsetu til frambúðar. Síðvetrar 1913 gerði Sigurður Jónsson bóndi á Reynistað Upprekstrarfélagi Staðarafréttar tilboð um að kaupa jörðina fyrir 1.000 krónur með 9 ám, þ.e. 1 ½ kúgildi, og jarðarhúsum öllum. Að þessu var gengið, samningur gerður og kaupum þinglýst 22. maí 1914. Jörðin var þar með lögð til afréttar en húsaviðir teknir og fluttir út að Steini á Reykjaströnd þar sem þeir voru notaðir í baðstofu.<sup>309</sup>

Afsalið fyrir Hryggjum sem hér getur um, frá 22. maí 1914, er svohljóðandi:

Með því að hreppar þeir, er mynda upprekstrarfjelag Staðarafrjettar hafa greitt mjer umsamið kaupverð jarðarinnar Hryggir hjer í hreppi þannig:

Seiluhreppur	kr. 266,00
Staðarhreppur	– 396,00
Skarðshreppur	– 86,00
Sauðárkrókshreppur	– 69,00
Rípurhreppur	– 183,00

Samtals kr. 1000,00 – eitt þúsund krónur, þá lýsi jeg nefnt upprekstrarfjelag hjer með rjettan eiganda að ofannefndri jörð með þeim landamerkjum, sem tiltekin eru í landamerkjaskrá jarðarinnar og afhent verður síðar, svo og með þeim gögnum og gæðum, er henni hafa fylgt og fylgja ber, þó að undanskildum námum er í landi jarðarinnar kynnu að finnast.

Eg svara til vanheimildar.

Tilstaðfestu nefn mitt undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Reynistað 22. maí 1914.

Sigurður Jónsson<sup>310</sup>

Hjalti Pálsson lýsir takmörkum jarðarinnar eftirfarandi í 2. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* frá 2001:

Hryggir (65°42'261/19°46'327) voru ysti bær í Staðarhreppi á svonefndum Hryggjadal og eru landamerki og hreppamörk við Nýpnagil syðra. Næstu bæir voru því Tunga að norðan, Gvendarstaðir að sunnan og Kálfárdalur að vestan um háfjall.<sup>311</sup>

Landamerkjabréf fyrir Hryggjum hefur ekki fundist.

---

<sup>309</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 156.

<sup>310</sup> Skjal nr. 11(19).

<sup>311</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 154.

#### 5.5.1.10 Kimbastaðir

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709 fylgir Kimbastöðum ekki afrétt.<sup>312</sup>

Landamerkjabréf Kimbastaða var útbúið 16. maí 1890 og þinglesið samdægurs:

Úr miðju Miklavatni frá garði þeim er skilur Gils og Kimbastaðaland og er það suðausturhorn landeignarinnar, og eptir því, sem sami garður ræður fyrir utan Klofastein, og beina stefnu í suðurenda Svartaskúta, og þaðan beina stefnu yfir fjallið í Sandfellið, utanvert við Grettisskika, og þaðan í hið svonefnda Ófærugil og ræður síðan Ófærugil vestur í Ranghalaá og síðan ræður Ranghalaá þangað til hún fellur í Gönguskarðsá til norðurs þartil syðra Húsgilið kemur saman við hana og er það norðvesturhorn landeignarinnar; síðan ræður fyrrnefnt Húsgil til austurs upp hlíðina fyrir utan Fannhól og alla leið í sunnanverða tjörnina í Molduxaskarði; þaðan ræður bein stefna yfir fjallið á milli hinna tveggja moldgilja sem liggja niður fjallshlíðina þartil þau koma saman að neðan og ræður síðan lækur sá, er úr þeim fellur, beina stefnu í vörðu þá, er stendur á þrætureitsholti, og þaðan í vörðu þá, er hlaðin er á garði þeim, er liggur að austan frá Miklavatni og næst liggur við Borgargerðisland, og er það norðausturhorn landeignarinnar, og síðan ræður bein stefna í suður í áðurnefnt suðausturhornmerki.

Lögfestum við hjer undirritaðir alla jörðina Kimbastaði liggjandi í Sjávarborgarkirkjusókn með öllum hennar gögnum og gæðum, töðum og engjum, veiðivötnum og sjerhverjum landsnytjum. Lögfestum við fyrrnefnda jörð Kimbastaði til allra þeirra yztu ummerkja, sem aðrir menn með rjettu móts við hana eiga að áðurnefndum landamerkjum tilgreindum.

Fyrirbjóðum vjer einum og sjerhverjum manni greindar jörð innan tiltekinna landamerkja, yrkja, beita nje í að vinna eðr sjer á nokkurn máta að nýta, hvort heldur vera kann til landsgagns eða veiðiskapar án okkar heimildar eða leyfis.

Þessa lögfestu vitnum við til allra málugra manna sem hana heyra.<sup>313</sup>

S. Blöndal skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði Dherrer B. Muus & Co í Kaupmannahöfn eigenda hálfra Kimbastaða og Sigurjón Markússon skrifaði undir í umboði Markúsar Arasonar eigenda hálfra Kimbastaða. Landamerkjabréfið var samþykkt af Ólafi Briem umráðanda Sauðár, P. Sigurðssyni umráðanda Borgargerðis, Jóni Guðmundssyni umráðanda Brennigerðis og Jóh. Ólafssyni vegna Gils

#### 5.5.1.11 Gil í Borgarsveit

Um selstöðu Gils í Borgarsveit segir svo í sóknalýsingu séra Jóns Reykjalíns um Fagraness- og Sjóarborgarsóknir frá 1840:

<sup>312</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 55-56.

<sup>313</sup> Skjal nr. 2(43).

---

Selstöður eru frá báðum þessum bæjum [þ.e. Gil og Kimbastaðir] vestur á Ranghaladalnum, en fyrir löngu síðan ekki notaðar.<sup>314</sup>

Hjalti Pálsson lýsir Gilsseli svo í *Byggðasögu Skagafjarðar I* frá árinu 1999:

**Gilssel.** (65.41.30/19.44.66). Gil átti land allt vestur á Ytri-Rangala, öðru nafni Miðdal, milli Ófærugils að norðan og Svartagils að sunnan. Þar er svonefndur Gilspartur utan frá Ófærugili suður til Gilshlíðargils. [...] Á grónu framhlaupi alllangt neðan við mynni Gilshlíðargils eru minjar Gilssels 100-200 m norðan við lækinn sem grafið hefur sér djúpan farveg í suðurjaðri hávaðans. Rústirnar eru fornar og óljósar orðnar og mynda lítið grasrjóður í l yngmóunum. Þetta land var sumarbeitiland en nýttist ekki á vetrum vegna fjarlægðar frá bænum.<sup>315</sup>

Landamerkjabréf fyrir Gil í Borgarsveit hefur ekki fundist en Hjalti Pálsson lýsir merkjum jarðarinnar svo í *Byggðasögu Skagafjarðar I* frá 1999:

Gil á land að Birkihlíð að sunnan, Staðarafrétt að vestan, Kimbastöðum, Lyngholti, Tröð og Bergstöðum að norðan, Miklavatni að austan.<sup>316</sup>

#### 5.5.1.12 Hólkot / Birkihlíð

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 er Dæluhóll hið forna og rétta heiti þó hún kallist almennilega Hólkot.

Landamerkjabréf Hólkots í Borgarsveit var útbúið 12. maí 1890 og þinglesið 17. maí sama ár:

Landamerkjaskrá fyrir Hólakoti. Í norðausturhorni niður við vatn á milli Gils og Hólakots þarí melklöpp ofan við götur á svonefndum bríkum, þaðan rjettsýnis í hávörðumel, þaðan rjettsýnis utanhallt við langa graslaut, sem er utan og neðan við svonefnda Hólkotskatla og þaðan rjettsýnis í Nónhól og þaðan beint vestur í hágilsbungu og þar beint fram svonefndan Þröskuld og þar frammí öxl á móti Víkurmerkjum og þaðan beint ofanum Votaberg og þaðan rjettsýnis fyrir sunnan Hólkotsstekk og þaðan beint ofan að vatni utan við há Tröllhöfða, og fyrir þessu landi vatnið til allrar arðsemis notkunar, sem fyrir getur komið og hugsast getur, og svo hefur áður nefnd jörð frían upprekstur. Hólkoti 12. Maí 1890 Benedikt Þorsteinsson. Gísli Magnússon eigendur jarðarinnar. Samþykkur sem eigandi Glæsibæjar: Árni Jónsson samþykkur vegna Ögmundarstaða: Jón Björnsson samþykkur vegna ½ Víkur: Þorbergur Þorleifsson samþykkur vegna ½ Víkur Þorleifur Bjarnason samþykkur vegna Gils: Jóh. Ólafsson. Þinglýst á manntalsþingi að Reynistað 17. Maí 1890, og rituð í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu, vottar Jóh. Ólafsson. Gjald í landssjóð: þingl. 0.75 bókun 0.25 ein króna.<sup>317</sup>

---

<sup>314</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873 II*, (1954), bls. 36.

<sup>315</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I* (1999), bls. 321.

<sup>316</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar I* (1999), bls. 318.

<sup>317</sup> Skjal nr. 2(163).

---

Hjalti Pálsson lýsir takmörkum Birkihlíðar eftirfarandi í *Byggðasögu Skagafjarðar* frá árinu 2001:

Birkihlíð á land að Útvík, Vík og Glæsibæ að sunnan, Staðarafrétt um Þróskuld að vestan, Gili að norðan, Miklavatni að austan.<sup>318</sup>

#### 5.5.1.13 Vík í Sæmundarhlíð vegna Víkursels

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Staðarhrepp í Skagafjarðarsýslu frá árinu 1713 segir um selstöðu jarðarinnar Víkur í sama hreppi:

Selstaða í Heiðarlandi er jörðunni eignuð fyrir hrossabeit á vetur í þessarar jarðar landi. Hverigt hefur brúkast um lánan aldur so nálægir viti.<sup>319</sup>

Um selstöðu Víkur segir í sóknalýsingu Reynistaðarprestakalls frá 1839 eftir Gísli Konráðsson:

Vík hefir í seli haft einhvern tíma fyrrum á Ytri-Rangala. Nefnd er og selstöð Víkur í fornum skjölum norður á *Fannlagastöðum* (Fannlaugarstöðum), sem nú eru byggðir, og það þriðja á mýrunum niður við suðausturenda Miklavatns.<sup>320</sup>

Ítarlega umfjöllun um Vík í Sæmundarhlíð er að finna í II. bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* eftir Hjalta Pálsson, frá árinu 2001. Þar kemur fram að Vík hefur verið „höfuðból og stórbýli að fornu og nýju, eitt þriggja aðalbýla í utanverðri Sæmundarhlíð.“<sup>321</sup> Þar segir einnig um eignarhald á jörðinni og um hálfkirkju sem mun hafa verið þar um tíma:

Vík hefur um aldaraðir verið bændaeign og aldrei svo kunnugt sé komist beinlínis í eigu konungs eða kirkjuvalds. Vík kemur fyrst við sögu í Sturlungu um 1240, en síðan finnst jarðarinnar ekki getið í fornbréfasafni fyrr en 1440 í sambandi við tíundir og ljóstolla til hálfkirkjunnar í Vík.<sup>322</sup>

Um selstöðu jarðarinnar Víkur skrifar Hjalti Pálsson í *Byggðasögu Skagafjarðar*:

Árið 1394 var Heiði í Gönguskörðum gefin Reynistaðarklaustri í próventu en undanskilið að Benedikt Brynjólfsson auðmaður á Stóru-Ökrum eigi ítak í jörðinni: tveggja mánaða beit fyrir hundrað ær, þrjár kýr og þrjú hross og selför á Breiðstaði. Benedikt hefur að öllum líkindum verið eigandi Víkur og hefur þá lagt þetta ítak undir Vík, en Breiðstaðir voru í landi Heiðar og síðar hjáleiga þaðan. Jarðabókin 1713 getur þess að Vík eigi selstöðu í land Heiðar í Gönguskörðum en láti á móti hrossabeit á vetrum. Þessi ítök höfðu á ekki

---

<sup>318</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 86.

<sup>319</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, Skagafjarðarsýsla, bls. 71.

<sup>320</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873* II, (1954), bls. 52.

<sup>321</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 98.

<sup>322</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 99; *DI*, IV, nr. 646, bls. 606-607.

---

verið brúkuð í manna minni. Selstöðurétturinn var á Breiðstöðum og er þessi réttur ítrekaður í landamerkjabréfi frá 1890.<sup>323</sup>

#### 5.5.1.14 Geirmundarstaðir

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 eru Geirmundarstaðir í eigu Reynistaðaklausturs.

Landamerkjabréf Geirmundarstaða var útbúið 31. desember 1889 og þinglesið 17. maí 1890:

Að austan ræður Sæmundará til suðurs frá vörðu, sem hlaða skal á eyrinni fram undan Glyttingsdalslæknum, þangað til komið er móts við landamerkjagarð þann, er skilur Geirmundarstaða og Dúkslönd, sem er nokkuð utar enn mitt á milli bæjanna. Síðan ræður garðurinn í fjall upp, og svo eptir sömu stefnu upp af brúninni. Þaðan eptir beinni stefnu vestur eptir utanvert á Engjabungu yfir Sauðafell allt vestur í Miðdalsá. Þaðan ræður Miðdalsá út á móts við Holtsmúlasel. Þaðan beint austur yfir Sauðafell sunnan við Sauðafellsgrænur, ofan í Melsgil niður í fjallsrætur, og svo bein stefna úr því ofan í fyrstnefnda vörðu við Sæmundará.<sup>324</sup>

Ólafur Briem skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Ólafi Sæmundssyni vegna Dúks og Árna Jónssyni vegna Reynistaða.

Árið 1914 voru Geirmundarstaðir seldir úr eigu ríkisins. Kaupandi var ábúandinn Sigurður Sigurðsson. Afsalsbréf fyrir kaupnum var gefið út 9. október það ár og í því var tekið fram að jörðin sé seld „með þeim landamerkjum, sem tiltekin eru í landamerkjaskrá jarðarinnar.“<sup>325</sup>

#### 5.5.1.15 Dúkur

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 er Dúkur, sem er í eigu konungs, talin í Sæmundarhlíð.<sup>326</sup>

Landamerkjabréf Dúks var útbúið 28. ágúst 1885 og þinglesið 17. maí 1890:

Að austan ræður Sæmundará frá landamerkjagarði þeim er skilur Dúks og Geirmundarstaðalönd, suður á móts við Hvíthól, sem er lítið eitt sunnar og neðar, en mitt á milli Dúks og Lands; skal þar hlaða merkjavörðu við ána. Úr vörðunni uppí nefnan Hvíthól. Þaðan uppí syðri enda Rauðalækjarbjarga. Þaðan í landamerkjalaut í fjallinu, sem er næsta laut fyrir sunnan Guladý. Þaðan eptir sömu stefnu vestur yfir fjöllin allt í Miðdalsá, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ræður Miðdalsá út að Geirmundarstaðamerkjum. Þaðan eptir sömu merkjum austur eptir utanvert á Engjabungu og svo niður fjallið beint á fyrstnefndan landamerkjagarð.<sup>327</sup>

---

<sup>323</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 103-104.

<sup>324</sup> Skjal nr. 2(46).

<sup>325</sup> Skjal nr. 2(136).

<sup>326</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 75-76.

<sup>327</sup> Skjal nr. 2(47).

---

Ólafur Sigurðsson, umboðsmaður Reynistaðarklausturs, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Steinunni Jóhannsdóttur vegna Geirmundarstaða og Jóni Ingvarssyni vegna Varmalands. Jón handsalaði samþykki sitt.

Árið 1908 var Dúkur seldur úr eigu ríkisins. Kaupandi var ábúandinn Ólafur Sæmundsson. Afsalsbréf fyrir kaupunum var gefið út 9. maí það ár og í því var tekið fram að jörðin sé seld „með þeim landamerkjum, sem tiltekin eru í landamerkjaskrá jarðarinnar.“<sup>328</sup>

#### 5.5.1.16 Hóll í Sæmundarhlíð

Landamerkjabréf fyrir Hól var útbúið 21. mars 1890 og þinglesið 17. maí [sama ár]:

Landamerkjaskrá fyrir Hóli með eyðihjáleigunni Hjallalandi

Jörðin Hóll í Sæmundarhlíð með eyðihjáleigunum Hjallalandi, sem er neðan til í fjallinu uppundan Hólsbæ, og Bakkakoti, sem er fyrir austan Sæmundará móti Hóli, hefur eptirfylgjandi landamerki:

Vestan Sæmundarár að norðan milli Hóls og Varmalands liggja landamerkin yfir svokallaða Dokkueyri í gamlan garð, er sjest í mounum ofan við svokallaða Dokk, og ræður sá garður beinni stefnu í foss norðantil í Háubjörgum, og þaðan eptir sömu stefnu í einsatkan klett í svonefndum Fjallabjörgum, og þaðan beina stefnu vestur á fjöll norðanvert við austara Hólsvatn og þaðan eptir sömu stefnu sunnan við Sauðahnjúk og vestur yfir Sauðatungu ofan í Miðdalsá, og er það norðvesturhorn. Að sunnan vestan Sæmundarár milli Hóls og Bessastaða ræður landamerkjælækur upp í svokallaðan Svartafoss í Svartafossbrekku, þaðan ræður bein stefna vestur í Sandskarð sunnan við Vatnöxl, og þaðan bein stefna vestur yfir Hrafnntinumel ofan í miðja Aurriðatjörn, og er þar suðvesturhorn. Að vestan ræður Aurriðatjörn frá áðurnefndum stað og lækurinn, sem í hana rennur úr vestara Hólsvatni, síðan ræður bein stefna úr nefndum læk norður yfir vatnsvirkið og norður í Miðdalsá að áðurnefndu norðvesturhorni. – En austan Sæmundarár, milli Hóls og Bessastaða ræður skurður í austari árbakkann, sem er undan norðari endanum á Bessastaðatúninu, og þaðan beina stefnu í austur í gamlan garð upp í ásnum, sem liggur austur fyrir ásbrúnina, og er þar suðausturhorn; þaðan liggur garður til norðurs, sem aðskilur Hóls og Þramarland, austan við ásbrúnina og ræður hann á meðan hann sjest, síðan ræður bein stefna úr honum í þúfu á melnum norðanvið Nautalá, og er þar norðausturhorn, þaðan liggja merkin beint ofan í Sæmundará. Jörðin á nægilegt upprekstrarland innan áðurnefndra takmarka.<sup>329</sup>

Jón Jónsson, eigandi og umráðamaður Hóls og Bessastaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Ólafi Briem umráðamanni Varmalands og

---

<sup>328</sup> Skjal nr. 2(137).

<sup>329</sup> Skjal nr. 2(48).



---

Þramar og Árna Jónssyni í umboði séra Jóns Hallssonar í Glaumbæ. Árni skráði eftirfarandi:

Undirskrifaður er samþykktur merkjunum milli Hóls og Reynistaða frá Urriðatjörn norður í Miðdalsá, og hefi ekkert við merkjabrjefið að athuga.

#### **5.5.1.17 Bessastaðir í Sæmundarhlíð**

Landamerkjabréf fyrir Bessastöðum var útbúið 9. maí 1890 og þinglesið átta dögum síðar:

Að austan liggja merkin milli Bessastaða og Þramar uppá ásnum úr garði þeim, sem aðskilur Hóls og Þramarlönd eptir sömu stefnu og garðurinn hefur alla leið suður fyrir austan Arnstapa og í gamlan landamerkjagarð millum Bessastaða og Elvoga og er þar suðaustur hornið. Þaðan liggur garðurinn til vesturs nokkuð fyrir sunnan Arnstapa og ræður hann merkjum beint vestur í Sæmundará, gegnt því, er Sólheimalækurinn rennur í hana að vestan. Þaðan ræður Sæmundará landamerkjum milli Bessastaða og Sólheima út í Bessastaðafoss; þaðan liggja merkin til vesturs yfir holtið og í vörðu sunnantil á Ytri-Stekkjadal-smel, og beint upp fyrir utan Fornusel, og í melhrygg í brúninni, og sömu stefnu vestur yfir fjall og yfir Einbúann og ofan í Vatnadalsá, og er þar suðvesturhornið. Þaðan ræður Vatnadalsá merkjum milli Bessastaða og Reynistaða alla leið norður í miðja Urriðatjörn, og er þar norðvestur hornið. Þaðan liggja merkin milli Bessastaða og Hóls yfir Hrafn-tinnemel, og austur í Sandskarð sunnan við Vatnaöxl; þaðan beina leið yfir brúninar ofan fjallið og ofan í Svartafoss í Svartafossbrekku. Þaðan ræður landamerkjalækur ofan í Sæmundará; þaðan ræður áin til suðurs í gamlan skurð, sem er í gegnum austari árbakkann, gagnvart ytri enda Bessastaðatúns; þaðan liggja merkin til austurs í gamlan garð uppá ásbrúninni, sem liggur austur í áðurnefndan garð milli Hóls og Þramar og er þar norðaustur horn.

Engin ítök eru frá öðrum jörðum í landi jarðarinnar og á jörðin nægilegt upprekstrarland innan nefndra takmarka.<sup>330</sup>

Jón Jónsson, eigandi og umráðamaður Hóls og Bessastaða, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Hallssyni eiganda og umráðamanni Eldborgar, E. Briem vegna Þramar, A. Jónssyni vegna Reynistaða og A. Sveinbjörnssyni vegna Sólheima.

#### **5.5.1.18 Árgerði í Sæmundarhlíð**

Nýbýli úr Sólheimalandi, stofnað 1976.

Landamerkjabréf fyrir Árgerði í Sæmundarhlíð hefur ekki en Hjalti Pálsson lýsir takmörkum jarðarinnar eftirfarandi í *Byggðasögu Skagafjarðar* II frá 2001:

---

<sup>330</sup> Skjal nr. 2(49).

---

Árgerði á land að Sólheimum og Lindabæ að sunnan og ræður bæjarlækurinn merkjum, Staðarafrétt að vestan, Fosshóli að norðan, Sæmundará að austan móts við Elivoga og Fosshólsland austan árinna.<sup>331</sup>

#### 5.5.1.19 Sólheimar í Sæmundarhlíð

Landamerkjabréf fyrir Sólheima var útbúið 13. maí 1890 og þinglesið fjórum dögum síðar:

Að austan ræður Sæmundará úr Bessastaðafossi suður fyrir nes það, er gengur austur í ána vestur undan Elvogabæ, og er þar varða suðausturhornmerki. Þaðan liggja merkin milli Auðna og Sólheima til vesturs beina stefnu í vörðu þá, er stendur á brúninni fyrir sunnan Leiningslæk, þaðan beina línu í skurð sunnan við Fögruhlíðarmel, og bein stefna í Mosavörðu syðst á Mosavörðumel og svo beint vestur yfir fjall og í Pollsgilslæk og ræður svo lækurinn þartil hann fellur í syðri Valbrandsdalslæk, og er það suðvesturhornið; og þaðan liggja merkin eptir miðjum Flóanum norður í læk þann, er rennur norður ytri part Valbrandsdals út í Hrossagilslæk, og svo ræður lækur þessi vestur þartil hann fellur í á þá, er rennur ofan þröngadalinn, og svo ræður áin norður fyrir Einbúann að vestan, og er þar norðvesturhornið; þaðan liggja merkin milli Sólheima og Bessastaða til austurs beina línu norðan til yfir Einbúann og sunnan til yfir Sandfell og beina línu í vörðu er setja skal á melhrygg í brúninni að austan, og þaðan beina línu ofan fjallið fyrirutan Fornusel og í vörðu sunnarlega á ytri Stekkjardalsmel og þaðan sömu stefnu í áðurnefndan Bessastaðafoss og er þar norðausturhornið. Jörðin hefur nægilegt upprekstrarland innan nefndra takmarka; jörðin á ítök í Elvogalandi, Teiginn fyrir sunnan Holt undan Hólmavaði og tveggja mánaða beit sem stendur í landamerkjabrjefi jarðarinnar frá 1378.<sup>332</sup>

Árni Sveinbjörnsson, eigandi og umráðamaður jarðarinnar, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Ólafi Sigurðssyni vegna Auðna og Jóni Jónssyni eiganda og umráðamanni Bessastaða.

#### 5.5.1.20 Þverárdalur á Laxárdal

Landamerkjabréf fyrir Þverárdal var útbúið 16. maí 1890 og þinglesið þremur dögum síðar:

Að norðanverðu, milli Þverárdals og Mjóadals, eru landamerki: Geirbjarnargil í austurhlíð Laxárdals, það sem gilið endar ræður bein stefna eptir gömlum lækjarfarveg úr gilinu niður að Flóalæk, sunnan-vert við jarðbrýr, þar sem nefnist Kattaraugu. Þaðan til suðurs, móts við Skyttudal, ræður merkjum bein stefna að upptökum Rauðalækjar, og ræður hann merkjum síðan, suður á móts við Þórunnarlæg. Frá Rauðalæk ræður bein stefna til vesturs upp eptir nefndri Þórunnarlæg móts við landamerkjastein á Dældabrúnum, þaðan ræður

---

<sup>331</sup> Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* II, (2001), bls. 51.

<sup>332</sup> Skjal nr. 2(50).

---

merkjum bein stefna til suðurs eptir fyr nefndum Dældabrunum, og liggja þar stórir steinar eptir merkjalínunni, svo liggur hún í stein vestanvert við Þverárdalshöfða, og síðan ofan Höfðabrekkur, samkvæmt hlöðnum vörðum að upptökum að upptökum Miðlækjar, er fellur ofan Votahvamm, og sem ræður þaðan af merkjum, þar til hann fellur í Hlíðará. Frá fyr nefndu Geirbjarnargili ræður merkjum bein stefna austur yfir fjall, að Útburðarskál, þaðan Útburðarskálarlækur, þartil hann fellur í læk, er rennur suður Víðidal, og ræður hann merkjum þar til hann fellur í Vatnsdalsá, og rennu hún þaðan af að austan og sunnan við Þverárdalsland ofan hjá Þverárdal, og ræður merkjum, þaðan nefnist áin Hlíðará, og ræður hún merkjum þar til fyr nefndur Miðlækur fellur í hana.<sup>333</sup>

Brynjólfur B. Bjarnason skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði Hildar Bjarnadóttur. Það var samþykkt af eigendum og umráðamönnum næstliggjandi jarða þeim Jóh. Fr. Sigvaldasyni, Guðm. Klemenssyni og Þorl. Klemenssyni.

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi um upprekstur Þverárdals:

Upprekestur á afrétt, sem er sveitareign.<sup>334</sup>

#### 5.5.1.21 Mjóidalur

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 á Mjóidalur afrétt á Víðidal fyrir vissan toll.<sup>335</sup>

Landamerkjabréf fyrir Mjóadal í Bólstaðarhlíðarhreppi var útbúið 1. ágúst 1882 en ekki þinglýst fyrr en 19. maí 1890:

Að sunnan milli Mjóadals og Þverárdals, er Geirbjarnargil, og úr því gamall farvegur í syðsta Kattarauga í Flóalæk; þaðan ræður nefndur lækur merkjum, þar til Smjörskálarlækur fellur í hann; ræður svo síðan nefndur lækur merkjalínu milli Mjóadals og Skyttudals í vestur-fjallshlíð Laxárdals. Frá upptökum hans í Smjörskál gildir beinstefna vestur á mitt fjallið; þaðan skilur bein stefna til norðurs á Auðólfstaðaskarðsbrún Mjóadals og Æsustaða lönd. Af tjeðri skarðsbrún, þar sem hún er hæst, ræður merkjum milli Mjóadals og Auðólfstaða bein stefna neðan til um Gautskálar í vestari endann á Skeiðmel við Gautsdalsá (fremri Laxá); þaðan skilur áin milli Gautsdals og Mjóadals, þar til Oddsá fellur í hana; því næst ræður merkjum milli Hvamms og Mjóadals Oddsá upp að fjallsbrún; þaðan bein stefna um Syðrahorn austur yfir fjall í Grákolludal; og Grákolludalslækur til Víðidalsár. Ræður svo merkjum millum Mjóadals- og Reynistaðarafrjettar Víðidalsá allt að upptökum hennar fyrir sunnan Mjóadalsskarð; þaðan bein stefna suður yfir Víðidalsflóa til uppsprettu lækjar þess er fellur til suðurs í Þröngvadal. Með framhaldandi stefnu til suðurs ræður tjeður lækur merkjum þar til

---

<sup>333</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>334</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>335</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 376 og 384-385.

---

Útburðarskálarlækur fellur í hann; gildir hann síðan sem landamerki að Útburðarskál; þaðan bein stefna vestur yfir fjall að Geirbjarnargili.<sup>336</sup>

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi um upprekstur Mjóadals:

Upprekstur á afrétt, sem er sveitareign.<sup>337</sup>

Í yfirlýsingu, dags. 30. október 1978, innfærðri í landamerkjabók Húnavatnssýslu segir eftirfarandi um breytingu á merkjum milli Mjóadals og Þverár:

Með afsalsbréfi dags. 9. september 1943, selur Örn Gunnarsson bróðir minn [bróðir Árna Gunnarssonar eiganda Þverárdals], þeim Guðlaugi Péturssyni, Sigmari og Sigurjóni Ólafssonum eignarjörð sína, Mjóadal, að undanskilinni landspildu, er liggur að Þverárdal. Samkvæmt þessu breytast merki milli Mjóadals og Þverárdals og verða þessi:

“Frá landamerki Þverárdals, (samkv. landamerkjaskrá 16. maí 1980) að nýjum merkjum er fylgja fjallsbrún að austan í Hrafshólagil, sem er norðan við Hrafshólana, og að norðan þaðan eftir gömlum lækjarfarvegi niður fyrir Hrafnhóla, en beygir þaðan út í djúpt gil og fylgir því niður að læk, sem á upptök sín neðan Hrafshóla og síðan þeim læk niður að Flóalæk, sem ræður merkjum að vestan.”<sup>338</sup>

Árni Gunnarsson eigandi Þverárdals skrifaði undir bréfið og einnig Sverrir Haraldsson eigandi Mjóadals.

#### 5.5.1.22 Hvammur á Laxárdal

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 á Hvammur afrétt á Víðidal.<sup>339</sup>

Landamerkjabréf fyrir Hvammi í Laxárdal í Bólstaðarhlíðarhreppi var útbúið 17. maí 1886 og þinglýst þremur dögum síðar:

Að sunnan milli Hvamms og Mjóadals ræður merkjum Oddsá ofan til Gautsdalsár; frá Oddsá ræður merkjum Gautsdalsá til norðurs gagnvart læk þeim, er fellur í hana vestan úr Langadalsfjalli, og talinn er landamerkjælækur milli Gautsdals og Auðúlfsstaðaparts. Móts við tjeðan læk ræður merkjum bein stefna til austurs milli Hvamms og Merkur í Tungulæk, þar sem hann fellur af fjallsbrún í norðaustur frá Hvammi, og þaðan framhaldandi bein stefna í Ytrahorn; þaðan beinlínis austur yfir fjall í Harðarlæk til Víðirdalsár; ræður svo Víðirdalsá merkjum til suðurs að Grákolludalslæk, sem fellur ofan úr Laxárdalsfjalli í ána. Frá upptökum lækjar þessa, eða úr Grákolludalsbotni ræður bein stefna til vesturs á Syðrahorn og þaðan til fyrnefndrar Oddsár, þar sem hún fellur í svonefnda Oddsárkatla.<sup>340</sup>

---

<sup>336</sup> Skjal nr. 2(135).

<sup>337</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>338</sup> Skjal nr. 2(56).

<sup>339</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 384 og 386.

<sup>340</sup> Skjal nr. 2(58).

---

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi um upprekstur Hvamms:

Upprekestur á afrétt, sem er sveitareign.<sup>341</sup>

### 5.5.1.23 Mörk

Í Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar er varðveitt skjal, dagsett 22. maí árið 1650, sem hefur að geyma landamerkjalyýsingu Markar. Þar kemur eftirfarandi fram:

Wm Mörk Anno 1650.

Anno 1650 þann 22 dag Maij a Mork afhendte Thorvalldur Skulason Dada Dadasijne j vmmbode byskupsinz jordena Mork sem er xx<sup>c</sup> j göodra manna vidurvist, þeirra sem sijn noffn hier under skriffa, edur skriffa lata, med husum, todum, eingium og landi, sem þeim adurnefndum xx<sup>c</sup> a ad filgia med riettu, sem eru tueir hluter jardar, ad þessum landamerkium thilteknum, sem allre jordunne ad öschifftu. Fyrst ad vestann j Balkagrundargil, og vt j Sliadal og alla Krakumijre j Vatzskardzaa helldur, sudur j Grakolludal, og þar gagnvart, og vestur a mille horna og j þann læk sem rennur næst Hvamme fyrer nordann. Sijdann afsaladi sier Þorvalldur Skulason þessu adurgreind xx<sup>c</sup> byskupenum herra Thorlake Skulasyne thil handa, effter þeirra kaupbrieffe, sijdann handsaladi Þorvalldur Skulason Dada Dadasijne j vmmbode bijskupsinz, þessa adurnefnda jord þessum vottum vidverandi, sem sijn nofn hier under skriffa, j sama stad og dag sem fyrr greinir.<sup>342</sup>

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1708 er Mörk skipt í tvö býli, sem nefnast Stóramörk og Litlamörk, og liggja tún þeirra nærri saman. Stóramörk á afrétt á Víðidal.<sup>343</sup>

Landamerkjabréf Markar var útbúið 18. maí 1886 og því var þinglýst tveimur dögum síðar:

Að sunnan ræður landamerkjum bein lína úr Skurðskjapti og í Tungulæk þar sem hann fellur af fjallsbrúninni, þaðan aptur sjónhending í ytra hornið. Austan megin fjallsins ræður Harðarlækur landamerkjum uns hann fellur í Víðidalsá. Að austan ræður Víðidalsá landamerkjum út að læk þeim, er fellur að vestan úr Litlavatnsskarði, en hann ræður merkjum að norðan uns hann þrýtur, en þaðan bein lína eptir holtum þeim tveimur, er liggja hvort vestur undan öðru í Merkurflóa, en úr vestara holtinu sjónhending í Grundarhól, og þaðan í tjörnina sunnanverða, en eptir tjörninni liggja merkin að lækjarós þeim, er úr henni fellur. Eptir það ræður landamerkjum lækur þessi, er nefnist Vatnsskarðsá ofar gagnvart Stóranesi, en þaðan bein lína í landamerkjavörðu þá, sem hlaðin er við sýki það, sem fellur beint til suðurs eptir lágflóanum. Að vestan ræður merkjum fýrgreint sýki, uns það fellur í Vatnsskarðsá, en hún

---

<sup>341</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>342</sup> Skjal nr. 2(113).

<sup>343</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII, bls. 384 og 386-387.

---

síðan til Skurðskjapts þess, er áður var nefndur, en hann liggur að vestanverðu árinna.<sup>344</sup>

Guðmundur Jónsson skrifaði undir bréfið. Það var samþykkt af eigendum og umráðamönnum aðliggjandi jarða þeim Hannesi Kristjánssyni og Gísla Bjarnasyni, sem handsöluðu samþykki sitt og Jóh. Fr. Sigvaldssyni sem skrifaði undir í umboði Árna Sigurðssonar eiganda Litlavatnsskarðs.

Í fasteignamatinu 1916 segir eftirfarandi um upprekstur Markar:

Upprekstur hefur jörðin í landi, sem er sveitareign.<sup>345</sup>

#### 5.5.1.24 Móbergssel

Landamerkjabréf fyrir Móbergssel var útbúið 10. maí 1890 og það var þinglesið ellefu dögum síðar:

Að sunnan ræður landamerkjum Dýjalækur sá, sem fellur í Móbergsselstjörn að norðan, þaðan bein lína norður eptir í Grundarhól og eptir holtum tveim, sem liggja í Merkurflóa, svo eptir læk þeim, sem úr flóanum rennur og fellur í Víðidalsá, þá ræður merkjunum að austan Víðidalsáin, þar til að Grjótá fellur í hana að vestan, sem ræður landamerkjum að norðan upp að Grjótártungu, þá eptir ytri Grjótárbotni upp á eggjar, svo eptir eggjunum, þar til maður kemur svo langt vestur eptir, að hægt er að draga beina línu um vestari endann á svo kölluðum Þyrli (Skugga) og ofan í Móbergstjörn, en hún ræður merkjum að læk þeim, sem í hana fellur að norðan og fyr var frá sagt, og fellur í norðurendann á Móbergsselstjörn.<sup>346</sup>

Hannes Kristjánsson handsalaði samþykki sitt. Það var samþykkt af eigendum og umráðamönnum aðliggjandi jarða þeim Guðmundi Jónssyni vegna Merkur og Guðmundi Friðrikssyni vegna Litla-Vatnsskarðs.

Í svari hreppstjóra Engihlíðarhrepps, dagsettu 5. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu kemur fram að Móbergssel sé notað fyrir afréttarland.<sup>347</sup>

#### 5.5.1.25 Vesturá

Landamerkjabréf fyrir Vesturá var útbúið 10. maí 1890 og það var þinglesið ellefu dögum síðar:

Merkin að sunnan frá Laxá, eru úr svokölluðum Kelduskurði, og svo bein sjónhending austur í Stórhól, svo þaðan upp í Grensnybbu, og svo upp á háfjall, liggur svo merkjalínan norður fjallið, sem vötn að draga móts við Digrubungu, ræður svo þaðan bein sjónhending yfir Vesturárskarð í vörðu á svokölluðum Kambi, þaðan bein lína í vörðu norðan við Landamerkjálág, og

---

<sup>344</sup> Skjal nr. 2(57).

<sup>345</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>346</sup> Skjal nr. 2(60).

<sup>347</sup> Skjal nr. 4(7).

---

þaðan rjettlínis í vörðu á mel niður undir Laxá, og ræður svo Laxá merkjum fram að áður nefndum Kelduskurði.<sup>348</sup>

Sigríður Pjetursdóttir eigandi Vesturár handsalaði samþykki sitt. Landamerkjabréfið var samþykkt af J. Jónatanssyni eiganda 2/3 úr Höllustöðum, Stefáni Jónssyni eiganda 1/3 úr Höllustöðum og Guðmundi Þorkelssyni vegna Refsstaða.

#### 5.5.1.26 Sneis

Landamerkjabréf fyrir Sneis var útbúið 10. maí 1890 og það var þinglesið ellefu dögum síðar:

Merkjalínan að sunnan er úr vörðu á mel niður undir Laxá, og liggur svo merkjalínan þaðan austur í vörðu norðan við Landamerkjálág, og svo þaðan beina sjónhending í vörðu á svo kölluðum Kambi, og svo þaðan rjettlínis yfir Vesturárskarð og í Digrubungu, svo þaðan á fjall upp og norður fjallið, sem vötn að draga móts við botninn á Vesturárskarði, svo þar vestur yfir upp á háfjall, og svo fram og vestur í Strimpulækjardrög, sem vötn aðdraga, ræður svo Strimpulækur, þar til hann fellur fram úr gilinu, þaðan er bein sjónhending í merkjavörðu niður við Laxá móts við læk þann er fellur ofan úr hlíðinni að vestan, norðan við Skollaklett, að vestan ræður Laxá fram að fyrst nefndri vörðu.<sup>349</sup>

Sigríður Pjetursdóttir eigandi Sneisar handsalaði samþykki sitt. Landamerkjabréfið var samþykkt af J. Jónatanssyni eiganda 2/3 úr Höllustöðum og Stefáni Jónssyni eiganda 1/3 úr Höllustöðum.

---

<sup>348</sup> Skjal nr. 2(62).

<sup>349</sup> Skjal nr. 2(63).

---

## 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um Almennar niðurstöður óbyggðanefndar og fyrirbyggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð.<sup>350</sup> Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

#### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinnna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Sú útgáfa *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem fylgdi með úrskurðum á svæði 7B hafði með sama hætti verið uppfærð með hluta af kafla úr úrskurðum á svæði 7A, sem innihélt almenn atriði. *Almennu niðurstöðurnar* hafa enn á ný verið uppfærðar, nú með almennum köflum úr úrskurðum á svæði 7B, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Formála hinna *Almennu niðurstöðna* hefur að sama skapi verið breytt með tilliti til þeirra uppfærslna sem gerðar hafa verið.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, samanber kafla 6.3–6.7 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og vísa til þeirra.

#### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

##### 6.1.2.1 Yfirlit

Nú liggja fyrir samtals 60 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri

---

<sup>350</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.



---

úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi níu dóma Hæstaréttar: Dómur frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð); dómur frá 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (vesturhluti Hofsafréttar og Lambatungur); dómur frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga og hluti Mela); dómur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur); dómur frá 19. september 2013 í máli nr. 656/2012 (Möðruvallafréttur); dómur frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða); dómur frá 26. september 2013, í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár); dómur frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar); dómur frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin) og loks dómur frá 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur).

Allir framangreindir dómar fjalla um efnisleg atriði og í átta þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í tveimur af dómunum var niðurstöðu nefndarinnar hins vegar hnekkt. Í öðrum þeirra var dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann dóm er varðar landsvæði sunnan Ölfusafréttar. Í máli því sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu var aftur á móti hnekkt þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri eignarland og dæmt að um þjóðlendu væri að ræða. Þá var mörkum umræddra jarða gagnvart þjóðlendu breytt nokkuð, nánar tiltekið á þann veg að landsvæði sem óbyggðanefnd hafði talið innan marka jarðanna var dæmt þjóðlenda.

Í næstu þremur köflum er gerð nánari grein fyrir tilteknum atriðum í umræddum dómum og því hvort þeir gefi tilefni til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar. Nánar tiltekið verður í fyrsta lagi fjallað um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil þeirra við aðrar heimildir, í öðru lagi um áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi ágreiningssvæða og í þriðja lagi um réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna.

#### **6.1.2.2 Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir**

Af forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar um mörk framangreindra jarða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu má ráða að það sé einkum tvennt sem ráði því að niðurstaða réttarins um afmörkun jarðanna er frábrugðin niðurstöðu óbyggðanefndar. Fyrri atriðið er að í tilvikum Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða er afmörkun jarðanna til fjalla að nokkru leyti miðuð við almenna staðhætti sem einkenna fjalllendið á svæðinu en ekki ákveðin náttúruleg kennileiti eða örnefni sem unnt er að staðsetja með nákvæmum hætti. Nánar tiltekið er fjallað um „eyðigrót og

---

sanda“ í landamerkjabréfi Sörlastaða og „fjallið“ og „öræfi“ í landamerkjabréfi Hjaltadals. Taldi óbyggðanefnd að þrátt fyrir að landamerkjabréf jarðanna væru óljós um afmörkun þeirra til suðurs fengi sú afmörkun jarðanna sem krefjendur beins eignarréttar héldu fram, stoð í landamerkjabréfum þeirra og öðrum heimildum um þær. Hæstiréttur leit aftur á móti svo á að kröfur eigenda jarðanna um merki þeirra ættu sér ekki stoð í landamerkjabréfum þeirra að þessu leyti.

Síðara atriðið sem veldur mismunandi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðar samspil landamerkjabréfs og yngri heimildar um jörðina Mjóadal. Nánar tiltekið taldi Hæstiréttur að um merki Mjóadals til suðurs og vesturs yrði ekki byggt á landamerkjaskjali frá 1897 svo sem gert hafði verið í úrskurði óbyggðanefndar, þar sem leggja yrði til grundvallar að með því að eigandi jarðarinnar hefði látið útbúa og þinglýsa skrá yfir afréttarlönd árið 1904, sem tók m.a. til lands Mjóadals, hefði hann í raun felld landamerkjaskjalið úr gildi að því leyti sem ekki gætti samræmis milli umræddra skjala. Óbyggðanefnd hafði aftur á móti lagt landamerkjabréfið til grundvallar um afmörkun Mjóadals og taldi að lýsing þess á vesturmerkjum Mjóadals samræmdu öðrum heimildum um merkin, þ.m.t. afréttarskránni. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum Mjóadals lýst þannig að frá „hágrjóti“ liggja merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Í afréttarskránni er vesturmerkjunum lýst þannig að þeim ráði bein stefna vestan við öll drög er liggja að tilteknum ám að botni Syðri-Bótarár. Taldi óbyggðanefnd að samræmi væri milli þessara tveggja merkjalýsinga en Hæstiréttur ekki.

Í þessu samhengi skal þess ennfremur getið að þrátt fyrir að niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar um mörk jarðarinnar Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu væri hin sama má sjá af forsendum fyrir niðurstöðu dómsins að Hæstiréttur metur heimildir um tiltekinn hluta ágreiningssvæðisins með öðrum hætti en óbyggðanefnd gerði. Var þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur handan við fjallgarðana sem liggja austan Mývatns og suður að línu sem liggur frá Veggjafelli í Bræðraklif í Hafragjá og þaðan beina stefnu til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Umrætt svæði er innan lýstra merkja Reykjahlíðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en mat Hæstaréttar og óbyggðanefndar á tilteknum eldri heimildum um viðkomandi hluta ágreiningssvæðisins var ólíkt. Einkum voru það þrjú efnisatriði í þeim sem rétturinn taldi mæla gegn því að umræddur hluti ágreiningssvæðisins væri háður beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi var þar um að ræða heimildir um að Möðrudal tilheyrðu tiltekin afnotaréttindi á svæðinu án þess að tiltekið væri að um væri að ræða ítak í landi annarra jarða. Í öðru lagi taldi rétturinn það sem fram kom í heimildunum um tilkall eigenda Reykjahlíðar til ómerkinga á svæðinu mæla gegn því að það væri háð beinum eignarrétti. Í þriðja lagi taldi rétturinn að umfjöllun í úrskurði frá 1506 um átölulaus afnot til rökstuðnings eignarrétti, m.a. með vísan til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, mælti gegn því að svæðið væri háð beinum eignarrétti.

---

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar voru með úrskurðum á svæði 1 og fylgja í viðauka með úrskurði þessum er m.a. fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa. Fram kemur að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hins vegar sé þó ljóst að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Í köflum 6.1.1 í úrskurðum óbyggðanefndar á svæði 5 er frekari umfjöllun um gildi landamerkjabréfa jarða og hefur sá kafli verið felldur inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þar er fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar sem þá höfðu nýlega fallið og varða mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða. Fram kemur það mat að í tilteknum dómum hafi enn verið hnykkst á þýðingu þess að landsvæði teldist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu sé óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, samanber umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé. Lýst er þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hafi verið lagt til grundvallar og samrýmist vel almennri afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa. Eftir sem áður sé ljóst að dómstólar geri nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, samanber einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu.

Afstaða óbyggðanefndar hefur samkvæmt framansögðu frá upphafi verið sú að þrátt fyrir meginregluna um að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar sé háð beinum eignarrétti sé ljóst að meta þurfi sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Dómarnir sem að framan er getið um mörk jarðanna Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka, Sörlastaða, Mjóadals og Reykjahlíðar gagnvart Þjóðlendu fá að mati óbyggðanefndar fyllilega samræmst umræddri meginreglu, enda er hún háð tilteknum undantekningum. Mismunandi niðurstæða óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðandi mörk Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða gagnvart Þjóðlendu skýrist af mismunandi túlkun á landamerkjabréfunum að því leyti sem merkjalýsingar þeirra eru óljósar. Þá skýrist mismunandi afstaða nefndarinnar og réttarins til tiltekinna hluta þeirra landsvæða sem eru innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mjóadals og Reykjahlíðar af ólíkum ályktunum af öðrum heimildum um viðkomandi landsvæði. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar í þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um kunna að kalla á breytt sönnunarmat óbyggðanefndar ef upp koma tilvik sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg en kalla að mati nefndarinnar ekki, fremur er dómarnir sem raktir eru í köflum 6.1.1 í úrskurðum á svæði 5, á að nefndin herði

---

almennt kröfur um sönnun þess að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar teljist eignarland.

### **6.1.2.3 Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis**

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 snéri ágreiningurinn að því hvort tiltekið landsvæði sunnan Ölfusafréttar væri þjóðlenda eða eignarland. Umræddu ágreiningssvæði hafði verið skipt út úr landi tiltekinna jarða sunnan afréttarins og selt til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999. Íslenska ríkið var meðal seljenda. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að rétturinn túlkar landamerkjabréf umræddra jarða á þann veg að ágreiningssvæðið sé samkvæmt þeim innan merkja jarðanna. Rétturinn taldi hins vegar að eldri heimildir mæltu gegn því að land jarðanna hafi náð svo langt til norðurs áður en landamerkjabréf þeirra voru gerð á ofanverðri 19. öld.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við söluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir

---

óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum [...], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Hellisheiði sunnan Ölfusafréttar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirbyggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við samningsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess verði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hafi tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs“ fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við söluna“. Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við söluna. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalinu samkvæmt fyrirnefndu afsali „til ríkissjóðs“ og að „framkvæma landskipti milli samningsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells“. Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinn eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin

---

Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessum þætti málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram komi að umrætt ágreiningssvæði liggi utan þjóðgarðsins og sé í eigu lögbýlisins. Var þar um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu [...] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaust en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að lítið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Á svæði 8 norður sem hér

---

er til umfjöllunar reynir á slíkt mat í úrlausn um ágreiningssvæði vegna Auðkúluheiðar, Grímstunguheiðar, Staðarhreppsafriðttar og Húksheiðar. Aðrir fyrirbyggjandi dómur hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.<sup>351</sup>

#### **6.1.2.4 Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna**

Í tveimur af þeim dómum Hæstaréttar sem hafa fallið frá því óbyggðanefnd kvað upp úrskurði á svæði 7B reyndi á hvaða þýðingu eldri dómsúrlausnir hefðu við úrlausn um eignarréttarlega stöðu viðkomandi ágreiningssvæðis.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfírréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfírréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfírréttar deildu Munkaþverárklostur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leytinu til staðfestur af Landsyfírrétti, segir meðal annars:

Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á ad tilheyra Munkaþverár klostri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfírréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirbyggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklosturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfírréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklostri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfírréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau

---

<sup>351</sup> Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafriðttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

---

málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð héraðsréttarins, sem Landsyfirréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afréttarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyrði Munkaþverárklaustri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfirréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirbyggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklaustur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekins samnings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppanna í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppanna sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluáðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áður nefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nytu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppanna til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekkt yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega



---

stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess beri þó að líta að dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hljóti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lægju ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómur Landsyfírréttar kunni að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum þeim skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómur þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfírrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrirnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðanefndar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómur Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómþings Árnæssýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem

---

Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómsþings Árnessýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómsþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignardómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómsnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra“. Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvalla. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. Á svæði 8A er eitt tilvik þar sem reynir á sambærileg álitaefni og uppi voru í varðandi Eyvindarstaðaheidi í máli nr. 5/2008, þ.e. ágreiningur um eignarréttarlega stöðu Auðkúluheiðar sem er til úrlausnar í máli nr. 2/2013. Aðrir fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.

---

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>352</sup> Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins numið var. Í reynd verður ekki af þeim ráðið hvort Skaginn hafi verið numinn í heild. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

## 6.3 Fannlaugarstaðir

### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Fannlaugarstaðir. Blönduósþing gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.3.

Landsvæði það sem hér er um ræðir liggur á sunnanverðum Skaga sem er breitt nes sem liggur milli Húnaflóa að vestan og Skagafjarðar að austan. Laxá afmarkar ágreiningssvæðið að austanverðu, þar sem hún rennur til norðurs. Að norðanverðu afmarkar Ambáttará ágreiningssvæðið og rennur hún til austurs út í Laxá. Rís land skarpt upp af ánum úr rúmlega 200 m y.s. en hæst rís fjallið Fannstóð í 567 m hæð. Landsvæðið er gróið.

Frá 560 m hæðarlínu í Fannstóði austur í ós Gönguskarðarár á Sauðárkróki eru 13,9 km og frá sama punkti í Fannstóð til vesturs í ós Laxár í Húnavatnssýslu eru 14,6 km, mælt í beinni loftlínu.

### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að landsvæði innan þjóðlenduafmarka ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlenduafmarkir ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlenduafmarka ríkisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

---

<sup>352</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Að því er varðar Fannlaugarstaði sérstaklega er því haldið fram að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti. Ekkert landamerkjabréf hafi fundist fyrir jörðinni Fannlaugarstöðum og ekki sé heldur fjallað um jörðina í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þá er vísað til umfjöllunar um Fannlaugarstaði í *Byggðasögu Skagafjarðar I*, en þar segi um Fannlaugarstaði að þar sé eyðibýli og að það hafi verið talið með eyðibýlum 1775–1777. Einhverjar rústir séu á svæðinu sem séu taldar benda til þess að selstaða hafi verið á þessum stað á einhverjum tíma. Segi þar einnig að Fannlaugarstaðir og Ássel séu talin vera eitt og hið sama en að Ássel hafi Skrapatungubóndi lánað bóndanum að Ási til selstöðu fyrir hrossabeit á vetrum. Fannlaugarstaðir hafi svo verið byggðir Sigurði Gíslasyni 1823–1851 en það hafi verið vegna þeirrar nýbýlastofnunar sem áreið hafi verið farin árið 1823. Ágreiningur hafi hins vegar verið uppi um heimild til þessa enda hafi Húnvetningar talið að landið tilheyrði Skrapatunguafrétt en enginn hafi hins vegar mætt við áreiðina fyrir þeirra hönd. Mikill ágreiningur hafi verið um jörðina allt til ársins 1852 en þá hafi hreppstjóri Vindhælishrepps óskað eftir því að fá jörðina til uppreksturs og að hún yrði ekki byggð aftur. Hafi þá jörðin fyrst verið leigð til afréttar en síðar seld upprekstrarfélaginu með afsalsbréfi 8. september 1896. Hafi Fannlaugarstaðir síðan tilheyrt Skrapatunguafrétt.

Af framangreindu megi ráða að Fannlaugarstaðir hafi ekki haft stöðu jarðar í eignarréttarlegum skilningi, heldur hafi einungis verið búið þar um skamman tíma, og tilheyrri svæðið nú sannanlega Skrapatunguafrétt. Þar sé því að finna þjóðlendu.

Af hálfu Blönduósbæjar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á Dómsmálabók Skagafjarðarsýslu 1820–1823 og öðrum skráðum eignarheimildum fyrir þessari eign sem og þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því að áreið og útmæling Fannlaugarstaðalands fór fram.

Þá er byggt á því að gagnaðilar íslenska ríkisins hafi farið með öll hefðbundin afnot, svo sem beit, veiði og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og öll nýting verið háð leyfi sveitarfélagsins. Er vísað um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum sé beinum eignarrétti háð, jafnvel þótt það hafi verið lagt til afréttar.

Byggt er á því að sveitarfélagið hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti sem þeir verði ekki sviptir án bóta. Um þetta er vísað til eignarheimilda sveitarfélagsins og þess að jörðin hafi athugasemdalaust frá útmælingu gengið kaupum og sölum sem sérstök jörð og eignarhaldið sé því m.a. byggt á viðskiptavenju. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og því að ríkið verði að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls.

---

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Fannlaugarstaða er rakin í kafla 5.2 hér að framan. Í kaflanum eru raktar heimildir um fornt eyðibýli efst í Laxárdal vestan Laxár sem ýmist er nefnt Fannlaugarstaðir, Fannstöð eða Fannstaðir, auk þess sem rakin er saga selstöðujarðarinnar Ássels. Þá er rakin saga nýbýlisins Fannlaugarstaða sem byggt var innan Skrapatunguafréttar á síðari hluta 19. aldar. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir er ýmist fjallað um Fannlaugarstaði, Fannstöð, Fannstaði eða Ássel, en í öllum tilvikum er um tilvísun að ræða til hins umdeilda svæðis í máli þessu.

Ágreiningssvæðið sem um ræðir liggur á norðausturhluta þess landsvæðis sem áður tilheyrði Skrapatunguafrétt og dregur nafn sitt af nýbýlinu Fannlaugarstöðum sem byggt var innan afréttarinnar á síðari hluta 19. aldar. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu gerir ekki ráð fyrir sérstakri afmörkun landsvæðis Fannlaugarstaða frá landi Skrapatunguafréttar og því fellur landsvæðið innan afmörkunar afréttarinnar samkvæmt kröfum þess.

Af þeim heimildum sem getið er um í kafla 5 og ná allt aftur til 15. aldar má ráða að Skrapatunga hefur verið sjálfstæð kirkjujörð og að Skrapatunguafrétt hafi heyrt undir jörðina og þar með Fannlaugarstaðir. Vottorð séra Bersa Svartssonar frá árinu 1471 er elst þeirra heimilda sem geta um jörðina Skrapatungu. „Fannstaða“ er fyrst sérstaklega getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1713 og þá sem selstöðu jarðarinnar Áss í Rípurhreppi „fyrir vestan Skolahnjúk“. Jörðin Skrapatunga liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá svæðinu af öðrum landsvæðum.

Ekki er til sérstakt landamerkjabréf fyrir Fannlaugarstaði en merkjum þess landsvæðis sem um ræðir er lýst í heild eða að hluta í fjölda heimilda og þá oftast sem hluta af Skrapatunguafrétt. Þann 10. júlí 1823 var framkvæmd áreið og útmæling jarðarinnar Fannlaugarstaða, þar sem til stóð að reisa þar nýbýli, og var útskrift eftir áreiðinni í kjölfarið skjalfest í Dómsmálabók Skagafjarðarsýslu 1820–1823. Í dómsmálabókinni er að finna fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Fannlaugarstaða. Aðilar að máli þessu byggja afmörkun kröfusvæðisins einkum á landamerkjabréfum aðliggjandi jarða en gagnaðilar íslenska ríkisins byggja að auki á merkjalýsingu þeirri sem fram kemur í dómsmálabókinni.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Fannlaugarstaða er lýst í framangreindu áreiðarskjali og öðrum fyrirbyggjandi heimildum en í því sambandi verður m.a. litið til landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Skrapatunguafrétt liggur vestan og sunnan megin við Fannlaugarstaði. Fjallað er sérstaklega um Skrapatunguafrétt í kafla 6.5. Til annarra átta eru óumdeild eignarlönd, jörðin Illugastaðir að norðanverðu og jarðirnar Heiði í Gönguskörðum og Veðramót/Þórðarsel að austanverðu. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Fannlaugarstaða þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar

---

málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Austurmerkjum Fannlaugarstaða er lýst svo í áreiðarskjalinu frá 1823: „En Fannstóðsland er eftir allra gamalla manna sögu milli Rauðagils og Ambáttará.“ Þá segir einnig að Fannlaugarstöðum tilheyri „allt það land sem vötn falla af til Laxár að vestan“. Í lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur frá 1817 fyrir eignarjörð sinni Skrapatungu auk Skrapatunguafréttar er að finna fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Skrapatunguafréttar. Samkvæmt merkjalýsingu lögfestunnar fellur ágreiningssvæði vegna Fannlaugarstaða innan Skrapatunguafréttar en ekki er minnst sérstaklega á Fannlaugarstaði. Í lögfestunni er austurmerkjum lýst svo: „Ad nordann verdu frá ambáttar aa, fram med nordann laxaa.“. Í kaupsamningi um Fannlaugarstaðaland frá 24. apríl 1832 er austurmerkjum lýst með sama hætti og í áreiðarskjalinu, en þar segir að landsparturinn sé „milli Ambáttar ár og Rauðagils fyrir vestan Laxá“. Í sýslu- og sóknalýsingu Hvamms- og Ketusókna frá 1839 er Fannlaugarstaða getið meðal jarða og þeir sagðir standa „vestan til við Laxá“. Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er fjallað um að Fannlaugarstaðir standi „á Laxárbökkum vestan fram“. Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er einnig fjallað um Skrapatunguafrétt og landsvæði Fannlaugarstaða talið innan afreitarinnar. Þar er austurmerkjum afreitarinnar, og þar með Fannlaugarstaða, lýst svo: „... þá Ytri-Laxá, unz í hana fellur Ambáttará“. Í *Byggðasögu Skagafjarðar I* frá árinu 1999 segir að Fannlaugarstaðir sé eyðibýli efst á Laxárdal „vestan Laxár“. Þá er í ritinu einnig tekið fram að Fannlaugarstaðir hafi átt land að „Laxá að austan“.

Austan við Fannlaugarstaði liggja jarðirnar Heiði í Gönguskörðum og Veðramót/Þórðarsel.<sup>353</sup> Í landamerkjabréfi fyrir Heiði, sem er dagsett 6. maí 1886 og þinglesið 17. maí 1886, er vesturmerkjum lýst svo að þau liggja frá Bakdalsá og „þaðan ræður Laxá norður að Mörá..“. Landamerkjabréfið er undirritað af eiganda Heiðar og undirritað um samþykki vegna ábúenda Þórðarsels (Veðramóta) og Skarðs. Árið 1919 var Heiði seld ábúanda jarðarinnar og í afsalsbréfi dagsettu 5. maí sama ár er strikað yfir texta um að hann sé réttur eigandi jarðarinnar „með þeim landamerkjum, sem tiltekin eru í landamerkjaskrá jarðarinnar“. Rúmum mánuði áður, þann 20. mars 1919, hafði Ólafur Briem umboðsmaður Reynistaðarklausturs gefið skýringu á ósamræmi í landamerkjaskrá fyrir Heiði í bréfi til Stjórnarráðs Íslands. Í bréfinu kom fram að ósamræmi væri í landamerkjaskrá fyrir Heiði er snerti merki milli Heiðar og Veðramóta. Verður því að ætla að yfirstrikun sú, sem er að finna í fyrrnefndu afsali fyrir jörðina Heiði frá árinu 1919, varði merki jarðanna Heiðar og Veðramóta en hafi ekki áhrif við mat á merkjum Heiðar og ágreiningssvæðis vegna Fannlaugarstaða.

---

<sup>353</sup> Þórðarsel var hjáleiga sem byggð var upp í landi Veðramóta. Í heimildum er ýmist vísað til Veðramóta eða Þórðarsels.

---

Í landamerkjabréfi fyrir Veðramót, sem er dagsett 6. maí 1886 og þinglesið 17. maí 1886, er vesturmerkjum lýst svo að Tröllá (Laxá) ráði „norður til Bakdalsár“. Landamerkjabréfið var undirritað af eiganda Veðramóta og undirritað um samþykki vegna ábúenda Heiðar og Skarðs. Árið 1918 voru Veðramót seld ábúanda jarðarinnar og í afsalsbréfi dagsettu 10. júlí s.á. var tekið fram að jörðin væri „seld með þeim landamerkjum, sem tiltekin eru í landamerkjaskrá jarðarinnar“. Í janúar árið 1920 fór upprekstrarfélag Staðarafréttar þess á leit við sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að Þórðarselsland yrði framvegis smalað til Staðarréttar en þá stóð til að upprekstrarfélagið keypti Þórðarselsland. Mörkum landspildunnar sem til stóð að kaupa er lýst í bréfi til sýslunefndar og þar er vesturmörkum hennar lýst svo að landið liggi „meðfram Laxá vestur á sýslutakmörkum“. Í febrúar árið 1920 ritaði oddviti Skarðshrepps bréf til sýslunefndar Skagafjarðar vegna fyrirhugaðra kaupa á Þórðarselslandi. Þar er mörkum landspildunnar lýst og vesturmörkum lýst svo: „að vestan skilur Laxá land þetta frá afrétt Húnvetninga“. Annað landamerkjabréf var gert fyrir Veðramót, dagsett 10. júní 1923 og þinglýst 16. júní 1923, og samkvæmt því var búið að skipta upp jörð Veðramóta. Landamerkjabréfið er undirritað af eiganda Veðramóta og undirritað um samþykki vegna ábúenda Heiðar, Tungu og Skarðs. Það sama ár keypti Skarðshreppur þann hluta af heimalandi Veðramóta sem liggur að ágreiningssvæðinu og var sá hluti þá nefndur Þórðarselsland. Kaupsamningur og afsal glataðist en um söluna er fjallað í bréfi frá seljanda Þórðarsels til þáverandi oddvita Skarðshrepps sem er dagsett 26. apríl 1959. Í bréfinu er mörkum hins selda Þórðarselslands lýst og segir svo um vesturmörk þess: „Að vestan Laxá.“ Bréfi þessu var þinglýst sem landamerkjabréfi og afsali þann 4. júlí 1962.

Aðilar að máli þessu miða kröfugerðir sínar við það að Laxá ráði austurmörkum Fannlaugarstaða, en kröfulínur gagnaðila íslenska ríkisins eiga upphaf sitt við Rauðagil og síðan til norðurs eftir ánni, allt upp að Ambáttará. Heimildir benda til þess að mörk Fannlaugarstaða til austurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins.

Norðurmerkjum Fannlaugarstaða er ekki sérstaklega lýst í áreiðarskjalinu frá 1823 en samkvæmt skjalinu eru Fannlaugarstaðir staðsettir „milli Rauðagils og Ambáttará“ og tekið fram að Fannlaugarstöðum skuli tilheyra „allt það land sem vötn falla af til Laxár að vestan“ og svo ræður „Fífugil að utan“. Af lýsingunni má ráða norðurmörk séu miðuð við Ambáttará eins og hún rennur frá Fífugili og niður í Laxá. Í lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur frá 1817 er norðurmerkjum lýst svo: „nordur aa Rædur tilþess ad Ambátta lækur til tekur, og beint frá læknum, eptir midium dalnum i teda ambattaraa.“ Í kaupsamningi um Fannlaugarstaðaland frá 24. apríl 1832 er norðurmerkjum lýst með sama hætti, en þar segir að landsparturinn sé „milli Ambáttar ár og Rauðagils fyrir vestan Laxá“. Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er fjallað um Skrapatunguafrétt og Fannlaugarstaðir taldir innan afréttarinnar. Þar er norðurmerkjum afréttarinnar, og þar með Fannlaugarstaða, lýst svo að þau liggi frá

---

þeim punkti sem Laxá og Ambáttará mætast og „þá til vesturs Ambáttará“. Í *Byggðasögu Skagafjarðar I* frá árinu 1999 segir að Fannlaugarstaðir sé eyðibýli og að land jarðarinnar hafi verið talið „milli Rauðagils að sunnan og Ambáttará að norðan“ og jafnframt tekið fram að Fannlaugarstaðir hafi átt land að „Illugastöðum að norðan“. Í ritinu er einnig fjallað um minjar og jarðlýsingar á svæðinu og þar er vísað til landamerkjagjarðs Fannlaugarstaða og Illugastaða upp frá Laxá u.b.b. 600 metrum framan við Ambáttará.

Norðan við Fannlaugarstaði liggur jörðin Illugastaðir. Í landamerkjabréfi fyrir Illugastaði, sem er dagsett 31. janúar 1890 og þinglesið 28. maí 1890, er suðurmerkjum lýst svo að þau liggja frá hól þeim er nefndur er Sjónarhóll, sem sé hornmerki og „þaðan austur í garð sem liggur fram eptir mýrunum norður frá Árbæli (Fannlaugarstöðum). Þaðan á milli Skrapatungu afrjettarlands, og Illugastaða beina leið til Laxár“. Landamerkjabréfið var undirritað um samþykki vegna eigenda Höskuldstaðakirkjulands og Þverár.

Svo sem rakið er hér að framan ber heimildum um landamerki Fannlaugarstaða og Illugastaða ekki saman að öllu leyti. Er þá einkum til þess að líta að ekki er samræmi á milli landamerkjabréfs Illugastaða og eldri heimilda um afmörkun ágreiningssvæðisins til norðurs. Engin frekari gögn hafa fundist til stuðnings landamerkjabréfi Illugastaða. Svo sem fram hefur komið í dómum Hæstaréttar var það ekki á valdi þeirra sem gerðu landamerkjabréf að auka einhliða með því við land sitt eða annan rétt umfram það sem áður hafði verið. Landamerkjabréf Illugastaða getur því að mati óbyggðanefndar ekki ráðið úrslitum um afmörkun landsvæðisins.

Þá voru upphaflegar kröfulínur aðila ekki samhljóða um norðurmörk Fannlaugarstaða. Við aðalmeðferð í máli þessu, dags. 9. september 2013, var bókað um samkomulag milli aðila um að Ambáttará skyldi afmarka ágreiningssvæðið. Milli punkta 2 og 3 skyldi kröfulína ríkisins því fylgja Ambáttará. Er það því niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Fannlaugarstaða til norðurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í samkomulagi aðila frá 9. september 2013.

Verður þá vikið að suður- og vesturmerkjum Fannlaugarstaða sem liggja að Skrapatunguafrétt. Suðurmerkjum Fannlaugarstaða er ekki sérstaklega lýst í áreiðarskjalinu frá 1823 en samkvæmt skjalinu eru Fannlaugarstaðir staðsettir „milli Rauðagils og Ambáttará“ og tekið fram að jörðinni tilheyri „allt það land sem vötn falla af til Laxár að vestan“. Í kaupsamningi um Fannlaugarstaðaland frá 24. apríl 1832 er suðurmerkjum lýst með svipuðum hætti og í áreiðarskjalinu, en þar segir að landsparturinn sé „milli Ambáttará og Rauðagils fyrir vestan Laxá“. Í *Byggðasögu Skagafjarðar I* frá árinu 1999 segir að Fannlaugarstaðir séu eyðibýli og að land jarðarinnar hafi verið talið „milli Rauðagils að sunnan og Ambáttará að norðan“ og jafnframt tekið fram að Fannlaugarstaðir hafi átt land að „Skrapatunguafrétt að



---

sunnan“. Af lýsingunum má ráða suðurmörk séu miðuð við Rauðagil eins og það liggur vestur frá Laxá.

Vesturmerkjum Fannlaugarstaða er ekki sérstaklega lýst í áreiðarskjalinu frá 1823 en samkvæmt skjalinu eru Fannlaugarstaðir sem fyrr segir staðsettir „milli Rauðagils og Ambáttará“ og tekið fram að jörðinni tilheyri „allt það land sem vötn falla af til Laxár að vestan“ og Fífugil ráði „að utan til Bárðardals“. Af lýsingunni má ráða að vesturmörkin liggja frá Fífugili við Ambáttará og suður að Rauðagili. Ekki er jafn ljóst hvað átt er við með orðalaginu „að utan til Bárðardals“, enda nær Rauðagil ekki svo langt til vesturs. Í kaupsamningi um Fannlaugarstaðaland frá 24. apríl 1832 er vesturmerkjum landsvæðisins lýst svo að hann sé „milli Ambáttar ár og Rauðagils fyrir vestan Laxá og liggjandi við Skrapatungu afréttarland“. Í sýslu- og sóknarlýsingum Hvamms- og Ketusókna frá 1839 er Fannlaugarstaða getið meðal bæja og hann sagður standa „austan Fannstóðsfjallinu“. Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er fjallað um að Fannlaugarstaðir standi á Laxárbökkum vestan „fram undir Fannstóði“. Í *Byggðasögu Skagafjarðar I* frá árinu 1999 segir að Fannlaugarstaðir séu eyðibýli og að land jarðarinnar hafi verið talið „milli Rauðagils að sunnan og Ambáttará að norðan“ og að fellið vestur af bænum heiti Fannstóð. Þar er jafnframt tekið fram að Fannlaugarstaðir hafi átt land að „Skrapatunguafrétt að vestan“.

Sunnan og vestan við Fannlaugarstaði er Skrapatunguafrétt. Fjallað er sérstaklega um Skrapatunguafrétt í kafla 6.5. Eins og þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að það landsvæði sem þar er til umfjöllunar falli innan marka Skrapatunguafréttar. Þar er afmörkun Skrapatunguafréttar að austan og norðan gagnvart Fannlaugarstöðum byggð á framangreindum heimildum um afmörkun Fannlaugarstaða, m.a. vegna þess að ekki er fyrir að fara sjálfstæðum heimildum um afmörkun Skrapatunguafréttar að þessu leyti.

Svo sem rakið er hér að framan eru heimildir ekki skýrar að því er varðar vesturmörk Fannlaugarstaða en samkvæmt áreiðarskjalinu frá 1823 er miðuð við „allt það land sem vötn af falla til Laxár að vestan“ milli Rauðagils og Ambáttará. Orðalagið gefur til kynna að átt sé við vatnaskil á Fannstóðsfjalli sem liggur á vesturmörkum ágreiningssvæðisins. Þá benda heimildir til þess að landsvæði Fannlaugarstaða hafi verið austan megin við Fannstóð.

Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfugerð sína um suðurmörk Fannlaugarstaða við Rauðagil. Þá miðar hann kröfugerð sína um vesturmörk við upphafspunkt við Fífugil, þaðan sem merkin liggja suður í Fannstóð og að lokum suður að Rauðagili. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu gerir hins vegar ekki ráð fyrir sérstakri afmörkun lands Fannlaugarstaða frá landi Skrapatunguafréttar. Heimildir benda til þess að mörk Fannlaugarstaða til suðurs og vesturs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð gagnaðila ríkisins.

---

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan merkja Fannlaugarstaða.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Af kaupum Engihlíðarhrepps á Fannlaugarstöðum árið 1896 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Óbyggðanefnd fjallar sérstaklega um Skrapatunguafrétt í kafla 6.5 og hefur komist að þeirri niðurstöðu að Skrapatunguafrétt sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Hér á eftir kemur því til skoðunar hvort ástæða sé til að ætla að Fannlaugarstaðir hafi aðra eignarréttarlega stöðu heldur en Skrapatunguafrétt eða hvort svæðið sé hluti afréttarinnar. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Fannlaugarstaðir hafi verið hluti af landi jarðarinnar Skrapatungu, nýtt til beitar, eða afrétt hennar í þeim skilningi að hún hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður að telja líklegt að umrætt landsvæði hafi verið numið a.m.k. að einhverju leyti. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

---

Þessu næst verður tekið til skoðunar hvernig Fannlaugarstaðir birtast í sögulegum heimildum og er þá grein gerð fyrir þeim sem mesta þýðingu eru taldar hafa, samanber hins vegar ítarlegri umfjöllun þar að lútandi í kafla 5.2. Elsta heimild um Fannlaugarstaði er fyrrnefnd *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1713. Þar segir að jörðin Ás í Rípurhreppi eigi selstöðu „vestur á Fannstaði fyrir vestan Skolahnjúk“.

Á manntalsþingi að Vindhæli árið 1817 lögfesti Rannveig Sigurðardóttir eignarjörð sína Skrapatungu auk „tieda Jarðar af Rett“. Í lögfestunni er að finna fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Skrapatunguafréttar en samkvæmt merkjalýsingu lögfestunnar fellur ágreiningssvæði vegna Fannlaugarstaða innan Skrapatunguafréttar en ekki er minnst sérstaklega á Fannlaugarstaði. Á manntalsþingi að Sauðá árið 1823 var upplesin lögfesta Jóhanns Þorleifssonar ábúanda Skrapatungu fyrir Skrapatunguafrétt og tekið fram að þar í „se innifalid Fannstód sem sé í lögfestu mr. Biarna“. Lögfesturnar fundust ekki þrátt fyrir kerfisbundna leit.<sup>354</sup>

Þann 10. júlí 1823 var framkvæmd á vegum Jóns Espólín sýslumanns í Skagafjarðarsýslu áreið og útmæling svokallaðrar Fannstóðar eður Fannlaugarstaða, sem sumir kölluðu Ássel. Var það gert til að „áqveda þar land, þared mr. Biarni Þorleifsson á Reinistad hefir þau skjöl, sem eigna það utþryckilega Vík, og flejri lönd þar nærverandi, enn enginn hefir getad þar á móti haft, og hann hefir þessarar areidar óskad vid bygging á tédu landi til Sigurdar Gíslasonar.“ Í dómabókinni segir enn fremur að „bóndinn Jóhan Þorleifsson í Skrapatungu, sem afrettarbóndi hefir viljad eigna landid tedri afrétt, er h(ann) þ(ví) advaradur ad mæta á stadnum þennan dag, og flejri vestanmenn ef vilja.“ og var „bedid eptir þeim til nóns, og komu ecki; höfdu þeir og eckert haft hingad til fyrir sig ad bera, og svo synist sem líóst liggi f(yrir) ad med því landamerkja lysingar frá ímsum Jörðum fara ad svokölludu Fannstódslandi enn engin helgar ser það, muni Víkur skjöl einsömul verda ad rada.“ Í apríl árið 1827 sendi Bjarni Þorleifsson á Reynistað prestinum að Höskuldsstöðum svarbréf og umbeðna útskrift af skjali vegna áreiðarinnar á Fannlaugarstaði. Þar minnist hann á Fannlaugarstaði og segir: „því svosem eg í fyrstunni vildi dyggil(ega) tilsiá, ad mér tilheyrandi Fanlaugarst(ada) land væri svo skýrlega ransakad, takmarkad, og útskipt, ad eckert kynni nærliggjandi lönd ad meida“ og „Sigurdr [Sigurður Gíslason ábúandi nýbýlisins að Fannlaugarstöðum] frambar f(yrir) ockr öllum, ad það advörunar bréf, sem Johanni í Sk(rapa)tún[gu] var tilskrifad, ad hann hefde það sama afhendt honum snemma morguns í Rúmi hans, og í vissri von um einhverjer koma kynnu vestanad á[00]inn, var forgefins beded til nóns.“ Í apríl árið 1832 keypti Guðmundur Ólafsson á Hellulandi, þá eigandi Skrapatungu, landspart þann sem mældur var út í áreiðinni á Fannlaugarstaðaland 1823. Seljandi jarðarinnar

---

<sup>354</sup> Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

---

var Bjarni Þorleifsson á Utanverðunesi (áður Reynistöðum) og eigandi Víkur í Sæmundarhlíð, hverjum Fannlaugarstaðir voru tileinkaðir í fyrrnefndri áreið.

Í sýslu- og sóknalýsingum Hvamms- og Ketusókna frá 1839 er Fannlaugarstaða getið meðal bæja og þeir sagðir byggðir fyrir 16 árum [þ.e. árið 1823]. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Reynistaðarprestakalls árið 1842 segir að nefnd sé selstöð Víkur í fornum skjölum norður á „Fannlagastöðum“, sem nú væru byggðir. Í Jarðamatinu 1849–50 eru Fannlaugarstaðir taldir upp meðal jarða og hún metin „6 ½ hndr“.

Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er fjallað um Fannstaði. Þar er vísað í Ferðabók Olavíusar og tekið fram að Olavíus hafi talið Ássel við laxá meðal eyðijarða í Höskuldsstaðasókn og Fannlaugastaði meðal eyðijarða í Fagranessókn. Samkvæmt sóknarlýsingunni mun Olavíus hafa tvítalið hið sama eyðiból sem bæði hafði tvö nöfn og vafi var um hvar skyldi staðsett. Þá er vísað í vottorð gamalla manna frá árinu 1831 þar sem segir að Ássel hafi Skrapatungubóndi léð bóndanum að Ási í Hegranesi fyrir selstöðu á vetrum. Þá segir enn fremur í sóknarlýsingunni að á „þessari öld (fyrir og eftir 1840)“ hafi verið þar byggð, en hún hafi aftur verið lögð í eyði til þess að rýmka afréttina, þ.e. Skrapatunguafrétt, og hafi Skrapatungueigandi tekið afgjald af meðan byggð var. Í sóknarlýsingunni eru Fannlaugarstaðir (Ássel) einnig taldir upp á meðal eyðijarða í sókninni og sagðir vera í Skrapatunguafrétt. Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er einnig umfjöllun um á Skrapatunguafrétt. Þar er vísað til hennar sem almennings og merkjum hennar lýst heildstætt. Samkvæmt lýsingunni telst ágreiningssvæði vegna Fannlaugarstaða vera innan Skrapatunguafréttar. Þar kemur einnig fram að hluti afréttarinnar sé þrætuland og að því er varðar Fannlaugarstaði segir: „Svo er sagt, að Vík í Staðarsveit sé í máldagaskjölum eignað „Fannstöð á fjalli“, og hafi eigandi eða eigendur Víkar á dögum Jóns Espólíns [gert tilkall], en ekki áunnið, og kenna sumir ólögkænsku eða óskörungsskap sýslumanns.“

Árið 1895 seldu eigendur Skrapatungu jörðina með Skrapatunguafrétt, ásamt Fannlaugarstöðum. Afsalið var þinglesið á manntalsþingi að Skefilsstöðum 1896. Sama ár keypti Engihlíðarhreppur Skrapatungu með afréttarlandi, ásamt eyðijörðinni Fannlaugarstöðum. Í bréfabók Engihlíðarhrepps segir um kaupin að jarðirnar hafi átt að nota sem afréttarland og voru ástæður fyrir kaupunum sagðar vera til þess gerðar að eyða allri réttaróvissu þar að lútandi. Árið 1898 var Skrapatunga „með afréttarlandi, Fannlagarstöðum sem er eyðiland“ talin upp meðal eigna Engihlíðarhrepps í skýrslu um eignir og skuldir sveitarsjóðsins. Í svari hreppstjóra Engihlíðarhrepps árið 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns, er „Skrapatungu afrétt með landi því sem Fannlagastöðum tilheyrði“ talin upp meðal almenninga og afréttarlanda í Húnavatnssýslu og þar kemur einnig fram að land Fannlaugarstaða sé í eigu og notkun Engihlíðarhreppsmanna sem afréttarland.

---

Í *Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781–1958* segir að hjónin Sigurður Gíslason og Ingibjörg Vigfúsdóttir hafi búið á Fannlaugarstöðum frá árinu 1823 fram um miðja sömu öld. Sigurður hafi andast þann 30. júní árið 1851 og Ingibjörg brugðið búi árið 1852 og eftir það hafi bóndinn að Skrapatungu ráðið býlinu. Fram kemur að Fannlaugarstaðir hafi upp frá því legið í eyði fram til ársins 1899 en þá hafi þessi eyðijörð verið gerð að afréttarlandi. Í *Byggðasögu Skagafjarðar I* frá árinu 1999 fjallar Hjalti Pálson ítarlega um Fannlaugarstaði og þar kemur fram að þeir séu að líkindum taldir fornbyli sem lagst hefði í eyði um aldir og orðið selstaða frá Vík í Staðarhreppi og síðar Ási í Hegranesi. Í ritinu er lýst ýmsum merkjum um mannvistarleifar, svo sem fornu garðlagi og fornum rústum. auk þess sem vísað er til þess að eftir að búi hafi verið brugðið á Fannlaugarstöðum, árið 1852, hafi hreppstjóri Vindhælishrepps og fleiri sótt fast að fá jörðina til uppreksturs og að hún yrði ekki byggð aftur. Hafi niðurstaðan verið sú að eigendur jarðarinnar, þá Áss- og Hofdalamenn, hafi leigt hana til Skrapatunguafréttar og að Skrapatungubóndi hafi ráðið landinu. Þá hafi Fannlaugarstaðaland legið undir Skrapatunguafrétt síðan Engihlíðarhreppur keypti jörðina árið 1896. Í ritinu *Skaginn og Skagaheiði* frá árinu 2005 er minnst á búsetu á Fannlaugarstöðum, seinast árið 1852.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er landsvæðið sem Fannlaugarstaðir tilheyrir tilgreint sérstaklega í fjölda heimilda, þá yfirleitt sem hluti af Skrapatunguafrétt. Heimildir um Fannlaugarstaði sem sérstaka einingu eru hins vegar takmarkaðri en þær fyrstu eru frá 1713. Heimildir um afnot landsvæðisins fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not ef frá eru talin árin 1823 – 1852 þegar nýbylið Fannlaugarstaðir virðist hafa verið í byggð. Ýmsar jarðir tengjast svæðinu, flestar í því samhengi að eigendur þeirra þurfi að greiða toll til umráðamanna Skrapatunguafréttar. Þá er land Fannlaugarstaða landfræðilega aðskilið frá jörðinni Skrapatungu af öðrum jörðum. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Eins og að framan greinir byggja gagnaðilar íslenska ríkisins kröfu sína um beinan eignarrétt einkum á útskrift í Dómsmálabók Skagafjarðarsýslu 1820–1823 um áreið og útmælingu jarðarinnar Fannlaugarstaða. Útreiðin hafi verið framkvæmd á vegum sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu í samræmi við ákvæði nýbýlatilskipunar, sem þá var í gildi og er frá 15. apríl 1776, en í tilskipuninni hafi falist heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Þá sé einnig liðinn fullur hefðartími frá því að áreið og útmæling Fannlaugarstaðalands fór fram.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimiluð var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897. Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í eignarlandi annarra, sbr. 3. gr. nýbýlatilskipunarinnar, eða „afréttaralmenningum og óbyggðum

---

landplázum fyrir ofan bygðir“, sbr. 4. gr. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt, sem síðan skyldi þinglýst og „álíttast og gilda sem viss og óbrigðul heimild“. Hafi byggð tekist utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Útgáfa byggingarbréfs og þinglýsing þess tekur þannig af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum, sbr. dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Að öðru leyti þarf að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan.<sup>355</sup>

Byggingarbréf fyrir stofnun nýbýlisins Fannlaugarstaða hefur ekki fundist þrátt fyrir kerfisbundna leit á Þjóðskjalasafni Íslands og heima í héraði<sup>356</sup> og engar heimildir hafa fundist sem benda til þess að slíkt bréf hafi verið gefið út. Að því virtu að formaskilyrðum nýbýlatilskipunarinnar um útgáfu slíks bréfs virðist ekki hafa verið fullnægt standa ekki rök til að viðurkenna að til fullnaðrar nýbýlastofnunar hafi komið á Fannlaugarstöðum í samræmi við ákvæði nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776, sem fengið hafi breytt eignarréttarlegri stöðu þess svæðis sem lýst er í áreiðarskjali vegna upptöku nýbýlisins að Fannlaugarstöðum.

Að öllu framangreindu virtu verður ekki talið að til eignarréttar eigenda Víkur í Sæmundarhlíð hafi stofnast við áreiðina eða lögskipti henni tengd. Þá er raunar alls óljóst á hvaða grundvelli hann gerði tilkall til þessa hluta Skrapatunguafréttar eða á hvaða forsendum eigendur Skrapatungu keyptu landið aftur. Því til viðbótar liggur ekkert fyrir um það hvert inntak þeirra réttinda var í raun. Framangreind áreið og lögskipti á grundvelli hennar á fyrri hluta 19. aldar geta því að mati óbyggðanefndar engum úrslitum ráðið um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var

---

<sup>355</sup> Sbr. kafli 7.1.2. í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

<sup>356</sup> Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

---

ákvæðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.<sup>357</sup>

Hvað Fannlaugarstaði varðar er óumdeilt að ekki hefur verið búið þar síðan árið 1852 og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að Fannlaugarstöðum getur því ekki hafa stofnast handa þeim, sem leiddu rétt sinn frá ábúanda og eiganda Fannlaugarstaða, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, samanber dóm Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarreit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkjara jarða þar sem háttar til eins og í tilviki Fannlaugarstaða. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á það með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að Fannlaugarstöðum fyrir hefð.

Ekkert liggur fyrir um hvernig eigendur Skrapatungu voru upphaflega komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis sem lengst af var hluti af Skrapatunguafreitt. Eins og áður er getið um kann að háttá svo til að a.m.k. hluti þess svæðis sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Fannlaugarstöðum liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu. Eins og rakið er í kafla 5.2 hér að framan benda heimildir og mannvistarleifar til þess að búseta hafi verið fyrr á öldum á a.m.k. hluta svæðisins, en óljóst er um upphaf hennar, endalok og landfræðilega afmörkun. Skammvinn heilsársbúseta á árunum 1823–1852 fær ekki breytt því mati en ekki var stofnað til nýbýlis í samræmi við löggjöf þess tíma. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarþingar fyrir búþening og ef til vill annarrar takmarkaðrar notkunar. Þá voru snemma settar

---

<sup>357</sup> Sbr. kafla 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

---

opinberar reglur um afréttarnotkun og fjallskil sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Fannlaugarstaðir séu eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>358</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign Blönduósbæjar.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið Fannlaugarstaðir, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Upphafspunktur er Rauðagil við Laxá. Þaðan er Laxá fylgt til norðurs þar til Ambáttará rennur í hana. Er Ambáttará fylgt vestur í Fífugil. Ræður Fífugil að utan í Fannstóð. Þaðan er línan dregin sömu stefnu suður í Rauðagilsbotna. Úr Rauðagilsbotnum er farið eftir Rauðagili í upphafspunkt í Laxá.*

Sama landsvæði er í afréttareign Blönduósbæjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, , sem nýtur veiðiréttar í ám á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006..

## **6.4 Skálahnjúkur**

### **6.4.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Skálahnjúkur. Sveitarfélagið Skagafjörður gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands en Blönduósbær gerir kröfu um að viðurkenndur verði óbeinn eignarréttur sveitarfélagsins til upprekstrar og beitar á svæðinu. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1, 3.2 og 3.4.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur á sunnanverðum Skaga. Afmarkast ágreiningssvæðið af Tröllá að sunnan og Laxá að austan og liggur í um 300–1000 m y.s. Er land gróið og hallalítið austan til en rís skarpt vestan til. Suðvestantil á ágreiningssvæðinu eru Tröllárbotnar og fjallið Tröllakirkja á sunnanverðum vesturmörkum þess.

### **6.4.2 Sjónarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem

---

<sup>358</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



---

afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfufusvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Að því er varðar Skálahnjúk sérstaklega er því haldið fram að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti. Vísað er til umfjöllunar um Skálahnjúk í *Byggðasögu Skagafjarðar I*, en þar er því lýst að um eyðihjáleigu hafi verið að ræða og byggð þar verið mjög stopul á 18. öld og ágreiningur um svæðið tekinn fyrir á Sauðárþingi 1751. Þar segir einnig að ágreiningur hafi verið milli Skrapatungu og Skálahnjúks á 19. öld um landamerki jarðarinnar að hluta. Landið hafi upphaflega verið hjáleiga frá Kálfárdal en árið 1804 hafi Skálahnjúkur verið seldur undan heimajörðinni. Hafi jörðin loks verið lögð til afréttar og seld Upprekstrarfélagi Sauðárhrepps árið 1906, sem hafi selt Upprekstrarfélagi Staðarhrepps þriðjung jarðarinnar 1907.

Af framangreindu megi ráða að Skálahnjúkur hafi ekki haft stöðu jarðar í eignarréttarlegum skilningi, heldur hafi einungis verið búið þar mjög stopult og um skamman tíma, og tilheyri svæðið nú sannanlega afrétt. Þar sé því að finna þjóðlendu.

Af hálfu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á lögfestu fyrir Skálahnjúk frá 1751, landamerkjabréfi Skálahnjúks frá 1885 og afsali fyrir jörðinni til Sauðárhrepps hins forna frá árinu 1906. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að framangreindum landamerkjagjörðum var þinglýst.

Byggt er á því að um sé að ræða jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, er hafi stuðning af eldri heimildum og sé það í samræmi við dómaframkvæmd að land, sem hafi stöðu jarðar samkvæmt elstu heimildum, og sé m.a. að finna heimildir um í jarðabókum, sé eignarland. Sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrði fyrir því. Þá hafi umræddur gagnaðili íslenska ríkisins í gegnum tíðina farið með öll hefðbundin eignarréttindi á svæðinu, sem hafa m.a. lýst sér í því að hann hafi bannað öðrum not eignarinnar og öll nýting hafi verið háð leyfi sveitarfélagsins. Er vísað um þetta til fyrri dóma Hæstaréttar þess efnis að jarðir, eða þau landsvæði sem áður voru með óyggjandi hætti hluti af jörð samkvæmt eldri heimildum, séu beinum eignarrétti háð. Sérstaklega er vísað til úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt.

Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og því að ríkið verði að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls.

Af hálfu Blönduósbæjar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að sveitarfélagið, og áður þeir sem bærinn leiðir rétt sinn frá, hafi í yfir 100 ár nýtt upprekstur og beit á Skálahnjúkslandi og skipulagt þar göngur. Þá hafi sveitarfélagið farið með öll hefðbundin afnot, s.s. beit og veiði, sem m.a. hafa lýst sér í því að það hafi bannað öðrum not eignarinnar og hafi nýting verið háð leyfi þess. Samkvæmt þessu eigi sveitarfélagið óbeinan eignarrétt yfir landinu á grundvelli hefðar.

---

Þá er á því byggt að ákveðnar venjur hafi skapast varðandi upprekstur, beit og göngur á svæðinu og að sveitarfélagið hafi lengi haft réttmætar væntingar til þess að upprekstrar- og beitarréttur á svæðinu sé háður eignarrétti þess og það verði ekki svipt honum án bóta.

Að lokum er byggt á meðalhófsreglu stjórnisýsluréttar og að samkvæmt henni beri ríkisvaldinu að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls.

### 6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Skálahnjúks er rakin í kafla 5.3 hér að framan. Í kaflanum eru raktar heimildir um eyðihjáleigu jarðarinnar Kálfárdals í Skálahnjúksdal auk þess sem raktar eru heimildir um selstöðu jarðarinnar Sjávarborgar í „Kálfárdals landi“. Þá mun hafa verið búið á staðnum 1791 til 1903 og býlið nefnt Skálahnjúkur.

Ágreiningssvæðið sem um ræðir liggur á syðsta hluta þess landsvæðis sem áður tilheyrði Skrapatunguafrétt. Austasti hluti landsvæðis Skálahnjúks, samkvæmt afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins, fellur utan kröfulínu íslenska ríkisins um þjóðlendu og dregur kröfusvæðið nafn sitt af fjallinu Skálahnjúk og samnefndu býli sem eru austan megin við Laxá og því utan ágreiningssvæðisins. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu gerir ekki ráð fyrir sérstakri afmörkun landsvæðis Skálahnjúks frá landi Skrapatunguafréttar og því fellur ágreiningssvæðið innan afmörkunar afréttarinnar samkvæmt kröfum þess.

Af þeim heimildum sem getið er um í kafla 5.3.1.3 og ná allt aftur til 15. aldar má ráða að Kálfárdalur hefur verið sjálfstæð jörð og að Skálahnjúkur hafi heyrt undir jörðina. Elsta heimild sem getur um jörðina Kálfárdal er ódagsettur máldagi, sem þó er a.m.k. ekki yngri en frá árinu 1421. Heimildin getur um selstöðu Sjávarborgar í Kálfárdalslandi, en hún er samkvæmt heimildum talin hafa verið í Skálahnjúki. Skálahnjúks er fyrst sérstaklega getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 og þá sem eyðihjáleigu jarðarinnar Kálfárdals „í fjarska við heimajörðina“. Jörðin Kálfárdalur er aðliggjandi austurhluta Skálahnjúks, eins og landsvæðið er afmarkað í landamerkjabréfi fyrir Skálahnjúk og kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins, en liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu.

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Skálahnjúk árið 1885. Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja afmörkun kröfusvæðisins á merkjalýsingu þeirri sem fram kemur í landamerkjabréfinu auk þess sem byggt er á landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Íslenska ríkið gerir kröfu til þessa sama landsvæðis en byggir á því að um hluta af Skrapatunguafrétt sé að ræða og leggur til grundvallar afmörkun sinni heimildir um afmörkun Skrapatunguafréttar og landamerkjabréf aðliggjandi jarða. Landsvæði Skálahnjúks, samkvæmt afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins, fellur að stórum hluta innan kröfusvæðis ríkisins vegna þjóðlendu en austasti hluti þess fellur utan kröfulínu ríkisins, þ.e. land austan Laxár (austan línu milli punkta 3 og 6 í kröfulýsingu

---

gagnaðila). Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Mun óbyggðanefnd því ekki taka afstöðu til þess hluta kröfusvæðis gagnaðila íslenska ríkisins sem fellur utan kröfugerðar íslenska ríkisins í málinu.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Skálahnjúks er lýst í fyrrgreindu landamerkjabréfi Skálahnjúks og landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Skrapatunguafrétt liggur norðan og norðvestan megin við ágreiningssvæðið en nær jafnframt til þess samkvæmt flestum heimildum. Fjallað er sérstaklega um Skrapatunguafrétt í kafla 6.5. Til suðurs er ágreiningssvæði vegna Staðarafréttar sem jafnframt er til meðferðar í máli þessu, samanber kafla 6.6. Til annarra átta eru óumdeild eignarlönd, jörðin Sneis að vestanverðu og jörðin Selhólar að suðaustanverðu. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Skálahnjúks, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Þess skal enn getið að land jarðarinnar Skálahnjúks nær sannanlega út fyrir kröfusvæði í máli þessu. Í kröfugerð ríkisins vegna þjóðlendu er hins vegar gert ráð fyrir að vesturmörk Skálahnjúks séu um Laxá meðan gagnaðilar íslenska ríkisins gera kröfu um að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að landsvæði sem nær allt að merkjum jarðarinnar Sneis í Laxárdal eins og nánar verður útskýrt hér í framhaldinu. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Suður- og suðausturmerkjum Skálahnjúks er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1885: „[Frá Jörundarlæk] í Tröllá, sem ræður upp í botninn. Þaðan beint upp úr botninum á háfjall, hvar setja skal útsuður hornmerki.“ Svo sem að framan greinir liggur Skrapatunguafrétt norðan og norðvestan megin við ágreiningssvæðið og nær jafnframt til þess samkvæmt flestum heimildum. Þannig er suður- og suðausturmörkum Skrapatunguafréttar lýst svo í lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur frá 1817 að þau liggi frá ármótum Laxár og Tröllár og „þaðan beint i vestur til Mioa dals ár“. Í sóknalýsingum á Fagraness- og Sjávarborgarsóknum frá árinu 1840 er fjallað um suðurmörk Skrapatunguafréttar gagnvart Reynistaðarafrétt. Þar segir: „Tröllá skilur Reynistaðarafréttar NV horn frá Skrapatunguafrétt“. Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er fjallað um Skrapatunguafrétt og þar er suður- og suðausturmerkjum afréttarinnar lýst svo: „Skrapatungu er eignað land úr Mjóadalsdrögum í Bárðardalsdrög og þaðan í Tröllárdrög eða Tröllárbotna. (Tröllabotnar eru þeir venjulega nefndir.) Þá ræður Tröllá, unz hún rennur í Laxá ytri“. Heimildum þessum ber því saman um afmörkun til suðurs gagnvart Staðarafrétt og til suðausturs frá Tröllá að ármótum Laxár.

---

Suðaustan megin við Skálahnjúk er jörðin Selhólar. Í landamerkjabréfi fyrir Selhóla, sem er dagsett 16. maí 1890 og því þinglýst sama dag, er vesturmerkjum lýst svo að Tröllá ráði í Tröllafoss þaðan sem Jörundarlækur rennur í hana.

Aðilar að máli þessu miða kröfur sínar um suðausturmörk ágreiningssvæðisins við landamerki Selhóla en kröfulínur eru dregnar frá ármótum Laxár og Tröllár, þaðan sem Jörundarlækur rennur í þær, og Tröllá fylgt að Tröllafossi. Heimildir benda til þess að mörk ágreiningssvæðisins til suðausturs hafi verið með framangreindum hætti.

Sunnan megin við Skálahnjúk er ágreiningssvæði vegna Reynistaðarafréttar (Staðarafréttar). Fjallað er sérstaklega um Reynistaðarafrétt í kafla 6.6. Svo sem fram kemur þar er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan marka Reynistaðarafréttar. Í niðurstöðu óbyggðarnefndar er merkjum Staðarafréttar til norðvesturs gagnvart þessu ágreiningssvæði lýst með þeim hætti að þau liggi frá eggjum háfjalls norður til upptaka Tröllár og þaðan ráði Tröllá merkjum frá vestri til austurs að Tröllafossi. Er það sama afmörkun og gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á í afmörkun sinni á landsvæði Skálahnjúks. Er það því niðurstaða óbyggðanefndar að mörk gagnvart Reynistaðarafrétt til suðurs séu með framangreindum hætti.

Vestur- og norðurmerkjum Skálahnjúks er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1885: „Þaðan [frá útsuður hornmerki á háfjalli] ræður háfjallið norður eptir, og síðan í Miðaftansfjallið móti bænum, allt þar til komið er út á móts við landamerkjagarð þann, er liggur upp frá Tröllá að austan, og skal þar hlaða útnorðurhornmerki á fjallinu. Þaðan niður fjallið beint í fyrnefndan garð.“ Í *Byggðasögu Skagafjarðar I* frá árinu 1999 er norðurmerkjum Skálahnjúks lýst með sama hætti og í landamerkjabréfinu, en þar segir að þinglesin norðurlandamerki Skálahnjúks vestan Laxár séu „ofan úr vörðu á Miðaftansfjall í fornan landamerkjagarð austan Laxár milli Þórðarsels og Skálahnjúks“.

Vestan við Skálahnjúk liggur jörðin Sneis. Í landamerkjabréfi fyrir Sneis, sem er dagsett 10. maí 1890 og þinglesið 21. maí 1890, er austurmerkjum lýst svo að þau liggi þaðan „sem vötn draga móts við botninn á Vesturárskarði, svo þar vestur yfir upp á háfjall, og svo fram og vestur í Strympulækjardrög, sem vötn aðdraga ... “. Eigandi Sneisar handsalaði samþykki sitt vegna bréfsins. Af lýsingunni má ráða að austurmörkin séu miðuð við sama útsuður hornmerki á háfjallinu og gert er í lýsingu landamerkjabréfs Skálahnjúks og háfjallinu svo fylgt að Strympulækjardrögum.

Aðilar að máli þessu miða kröfur sínar um vesturmörk ágreiningssvæðisins við landamerki Sneisar en kröfulínur eru dregnar frá útsuður hornmerki á háfjallinu og vestur eftir háfjallinu í vörður á svokölluðum Kambi, þaðan sem haldið er áfram í norður að Strympulækjardrögum. Heimildir benda til þess að mörk ágreiningssvæðisins til vesturs hafi verið með framangreindum hætti.

---

Norðan við landsvæði þetta liggur land Skrapatunguafréttar. Fjallað er sérstaklega um Skrapatunguafrétt í kafla 6.5. Svo sem fram kemur þar er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um þar falli innan marka Skrapatunguafréttar. Í niðurstöðu óbyggðanefndar er afmörkun Skrapatunguafréttar að sunnan gagnvart ágreiningssvæði þessu miðuð við landamerkjabréfið fyrir Skálahnjúk frá 1885, sem er eina heimildin um afmörkun þessa, og miðast hún við að merkin fylgi línu sem dregin er frá Strympulækjardrögum, þaðan sem háfjallinu er fylgt norður í Miðaftansfjall og svo áfram norður í landamerkjagarð þann er liggur upp frá Tröllá að austan. Með sama hætti verður miðað við þá sömu afmörkun hér um norðurmörk Skálahnjúks.

Um austurmörk ágreiningssvæðis vegna Skálahnjúks vísast til þess sem að framan getur en þau mörk liggja um Laxá. Óumdeilt er síðan með aðilum að eignarland Skálahnjúks liggi austan Laxár svo sem það er nánar afmarkað.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan marka Skálahnjúks, svo sem þeim er lýst í landamerkjabréfi fyrir Skálahnjúk frá 1885.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka með úrskurði þessum. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafarétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án e.k. aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitabýðingu um að þar sé

---

þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Auk þess sem að framan er rakið kann að vera að í landamerkjabréfi sé afmarkað landsvæði sem að hluta til er háð er beinum eignarrétti og að hluta til takmörkuðum rétti án þess að mörkum þar á milli sé sérstaklega lýst. Skal um þetta efni sérstaklega vísað til dóma Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell) og 5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður).

Af kaupum upprekstrarfélags Sauðárhrepps á landsvæði Skálahnjúks árið 1906 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku þjóðlendlaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendlaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Svo sem fram hefur komið gera ýmsar heimildir ráð fyrir því að þrætuland þetta hafi verið hluti Skrapatunguafréttar. Óbyggðanefnd fjallar sérstaklega um Skrapatunguafrétt í kafla 6.5, og hefur komist að þeirri niðurstöðu að Skrapatunguafrétt sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Hér á eftir kemur því til skoðunar hvort ástæða sé til að ætla að ágreiningssvæðið hafi upphaflega verið hluti Skrapatunguafréttar eða hvort svæðið hafi verið sjálfstæð eind með aðra eignarréttarlega stöðu heldur en Skrapatunguafrétt. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða svæðisins var fyrir kaup upprekstrarfélagsins, annars vegar hvort ágreiningssvæðið hafi verið hluti af landi jarðarinnar Kálfárdals eða eftir atvikum annarra jarða, eða hins vegar hvort svæðið hafi eingöngu verið nýtt til beitara og/eða talist afrétt þeirra í þeim skilningi að þær hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður að telja líklegt að umrætt landsvæði hafi verið numið a.m.k. að einhverju leyti. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Þessu næst verður tekið til skoðunar hvernig Skálahnjúkur birtist í sögulegum heimildum og er þá grein gerð fyrir þeim sem mesta þýðingu eru taldar hafa, sbr.

---

hinsvegar ítarlegri umfjöllun þar að lútandi í kafla 5.3. Eins og áður segir er elsta heimild sem getur sérstaklega um Skálahnjúk *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709. Þar segir að Skálahnjúkur sé eyðihjáleiga Kálfárdals „bygð upp á fornum seltóttum í úthögum, þar sem ekki hafði áður bygð verið, fyrir 34 árum og varaði bygðin í 15 ár. [...] Þetta land brúkar nú enginn, því það er í fjarska við heimajörðina.“ Á manntalsþingi að Sauða árið 1751 var upplesin lögfesta Sveins Þorlákssonar eiganda/ábúanda Sjávarborgar fyrir sellandi Sjávarborgar í „Kálfárdals landi, þar sem að fornu verið hefur, er líklegast er og bevýsingar kunna til að fást að vereð hafe í þeim stað sem Gísli Gíslason núverandi eigandi Kalfardals hefur Bæ sett í Skolahnjúk“. Samkvæmt lögfestunni bannaði Sveinn þessi hverjum manni, þ.m.t. fyrrnefndum Gísla Gíslasyni að byggja sellandið, beita það eða reisa þar hús, nema með sínu leyfi. Á sama manntalsþingi var gerð sætt á milli Sveins Þorlákssonar og Gísla Gíslasonar og í dómabók er ritað að Gísli lofi þaðan í frá að greiða Sveini vegna selstöðunnar í Skálahnjúk sem sé tilheyrandi Sjávarborg. Í ágúst árið 1804 seldi Bjarni Jónsson Skálahnjúk til Jóns Jónssonar. Kaupunum var þinglýst í ágúst 1805. Á manntalsþingi að Vindhæli árið 1817 lögfesti Rannveig Sigurðardóttir eignarjörð sína Skrapatungu auk „tieda Jardar af Rett“. Í lögfestunni er að finna fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Skrapatunguafréttar en samkvæmt merkjalýsingu lögfestunnar fellur ágreiningssvæði (vestan Laxár) vegna Skálahnjúks innan Skrapatunguafréttar en ekki er minnst sérstaklega á jörðina Skálahnjúk. Í mars 1832 seldi Jón Jónsson Skálahnjúk til Sigurðar Árnasonar. Kaupunum var þinglýst í júní sama ár.

Í sóknalýsingum Fagraness- og Sjávarborgarsókna frá árinu 1840 skrifar séra Jón Reykjalin um bæi í sóknunum og þar segir: „... sunnar [en Þórðarsel] er Skálahnjúkur, 5 hndr., bóndaeign.“ Samkvæmt lýsingunni er jörðin Skálahnjúkur þannig staðsett sunnan megin við jörðina Þórðarsel. Stuttu síðar í sama kafla kemur fram að jörðin Sjávarborg eigi selstöðu í Skálahnjúksdal og að beitin hafi verið „vestur í Tröllabotnum, bezta land, en hefir nú í langa tíma ekki verið notað.“ Tröllabotnar falla innan þess ágreiningssvæðis sem hér er til umfjöllunar.

Í maí árið 1841 seldi Sigurður Árnason Skálahnjúk til Steins Jónssonar. Kaupbréfinu var þinglýst sama dag. Í mars 1842 seldi Steinn Jónsson Skálahnjúk aftur til Sigurðar Árnasonar. Kaupbréfinu var þinglýst í júní 1843. Í *Sögu Skagstrendinga og Skagamanna* er fjallað um þessi viðskipti Sigurðar og Steins og samkvæmt frásögninni var málum þannig háttáð að Sigurður í Skálahnjúki hafði stolið tveimur sauðum frá Steini og varð síðan að sættum með þeim að Sigurður skyldi selja Steini Skálarnjúk en Steinn þegja yfir þjófnaðinum. Málið komst þó upp og kaupin látin ganga til baka. Eftir það hafi Sigurður selt Skálarnjúk þeim manni er Ingimundur hét úr Kolbeinsdal. Í mars árið 1848 seldi Guðmundur Ingimundarson í Kolbeinsdal Skálahnjúk til Ásmundar Þorleifssonar. Kaupbréfinu var þinglýst í júní 1849. Í framangreindum kaupbréfum er ekki að finna lýsingar á merkjum hinnar seldu jarðar.

---

Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er fjallað um Fannlaugarstaði og land Fannlaugarstaða sagt liggja litlu norðar en „jörðin Skálahnjúkur“. Í sóknarlýsingunni er einnig að finna umfjöllun um Skrapatunguafrétt. Þar er vísað til hennar sem almennings og merkjum hennar lýst heildstætt. Samkvæmt lýsingunni telst ágreiningssvæði vegna Skálahnjúks til Skrapatunguafréttar. Þar kemur einnig fram að hluti afréttarinnar sé þrætuland en þar segir: „Þann hluta Skrapatunguafréttar, er virðist liggja í Skagafjarðarsýslu, vilja Skagfirðingar (Staðarsveitungar) eigna sér, einkum Tröllárbotna og niður til Rauðagils, en Skrapatunga nýtur þess þó að mestu.“

Landamerkjabréf Skálahnjúks var útbúið 20. ágúst 1885 og því var þinglýst 16. maí 1891. Landamerkjabréfið er undirritað af Ólafi Sigurðssyni eiganda Skálahnjúks sem var jafnframt eigandi Áss í Hegranesi, og það var samþykkt af Gunnari Hafliðasyni ábúanda Skálahnjúks. Bréfið var ekki áritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða. Í mars árið 1906 seldi Guðmundur Ólafsson, fyrir hönd föður síns Ólafs Sigurðssonar, Upprekstrarfélagi Sauðárhrepps jörðina Skálahnjúk í Sauðárhreppi með öllum gögnum og gæðum. Í kaupbréfinu kemur fram að jörðinni fylgi engin hús, en landamerki séu framtekin í þinglýstu landamerkjabréfi. Undir kaupbréfið kvitta Guðmundur Ólafsson fyrir hönd föður síns og Jónas Sveinsson fyrir hönd upprekstrarfélagsins. Bréfinu var þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkróki í maí sama ár. Í mars árið 1907 seldi Upprekstrarfélag Sauðárhrepps 1/3 úr Skálahnjúkslandi til Upprekstrarfélags Staðarhrepps til fullra nota sem afréttarlands. Undir kaupbréfið kvittar Jónas Sveinsson fyrir hönd Sauðárhrepps og Jón Jónsson fyrir hönd Staðarhrepps. Bréfinu var þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkróki í maí sama ár. Þann 11. desember árið 1908 árétaði Guðmundur Ólafsson að faðir hans hefði selt Sauðárhreppi jörðina Skálahnjúk í Sauðárhreppi og afsalaði sér og sínum erfingjum öllu tilkalli til téðrar jarðar.

Árið 1935 birtist klausa í dagblaðinu *Vísi* þar sem fjallað var um Skálahnjúk. Þar segir: „að Skálahnjúkur hafi nýlega verið farinn í eyði er hér var komið. Lagðist byggð þar niður í fardögum 1903. Þá voru flest hús rifin og viðir á brott færðir. Síðan hefir þar ekki verið byggð. Síðast bjuggu í Skálahnjúk langan aldur, líklega fram undir hálfu öld (frá því um eða fyrir 1860 til vordaga 1903) hjónin Gunnar Hafliðason og Ingibjörg Gunnlaugsdóttir.“ Þar er ennfremur minnst á það að Engihlíðingar ættu afréttarland um Fannlaugarstaðahlíð og Tröllabotna. Í ritinu *Göngur og réttir V* frá árinu 1953 er umfjöllun um afrétt í Staðarfjöllum í Skagafirði. Þar segir að vestan Hryggjafjalls sé mjög grösugur dalur sem heiti Skálahnjúksdalur og að dalurinn dragi nafn af býli norðar á dalnum er Skálahnjúkur hét og hafi það farið í eyði árið 1903. Samkvæmt umfjölluninni hét síðasti ábúandi Skálahnjúks Gunnar Hafliðason og hafi hann búið þar yfir 40 ár. Samkvæmt *Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781–1958* hefur Skálahnjúkur verið í byggð samfelld frá 1791 til 1903, að undanskildum árunum 1804–1805 þegar hann var í eyði. Í *Skagfirðingabók* frá árinu 1966 er umfjöllun um Skálahnjúk þar sem segir að árið 1856 hafi Hafliði Hafliðason



---

og kona hans Guðríður Pálsdóttir búið í Skálahnjúk, en vorið 1859 er bróðir hans Gunnar Hafliðason „talinn taka við búsför ráðum í Skálahnjúki og bjó hann þar í 44 ár eða til 1903“.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er landsvæði það er nefnt hefur verið Skálahnjúkur tilgreint sérstaklega í fjölda heimilda. Heimildir um heildstæð merki svæðisins eru hins vegar mjög takmarkaðar ef frá er talið landamerkjabréf Skálahnjúks, sem útbúið var 20. ágúst 1885, auk síðari tíma heimilda sem vísa með beinum hætti til landamerkjabréfsins. Eldri heimildir sem vísa til þess hluta Skálahnjúks sem ágreiningur stendur um, þ.e. vestan Laxár, einkum þær sem fjalla um Skrapatunguafrétt og Staðarafrétt, lýsa flestar svæðinu sem hluta af Skrapatunguafrétt. Þó er ljóst að deilur hafi staðið um fyrrnefnda Tröllabotna vestast á þrætusvæðinu. Þá lýsa heimildir staðsetningu bæjarhúsa Skálahnjúks ýmist í Kálfárdals landi eða í Skálahnjúksdal og því ljóst að býlið hefur staðið austan megin við Laxá og því utan ágreiningssvæðisins. Heimildir um tilkall og afnot eigenda Skálahnjúks innan ágreiningssvæðisins lúta því fyrst og fremst að beit eða öðrum þrengri og sambærilegum notum. Þá tengjast ýmsar jarðir landsvæði Skálahnjúks samkvæmt heimildum, flestar í því samhengi að eigendur þeirra hafi átt þar selstöðu eða beit, en heimildirnar virðast flestar vísa til þess hluta Skálahnjúks sem fellur utan ágreiningssvæðisins.

Eins og að framan greinir byggir Sveitarfélagið Skagafjörður kröfu sína um beinan eignarrétt einkum á lögfestu fyrir sellandi í Skálahnjúk frá árinu 1751, landamerkjabréfi Skálahnjúks frá árinu 1885 og afsali til Sauðárhrepps hins forna frá árinu 1906. Þá er einnig á því byggt að liðinn sé fullur hefðartími frá því að framangreindum landamerkjagjörðum var þinglýst.

Í lögfestunni, sem var upplesin á manntalsþingi að Sauða árið 1751, er að finna yfirlýsingu eiganda Sjárborgar um að hann eigi rétt á selstöðu í landi Kálfárdals á þeim sama stað og eigandi Kálfárdals var sagður hafa reist bæ í Skálahnjúk. Á sama manntalsþingi var gerð sátt á milli eigenda Sjárborgar og Kálfárdals um greiðslu fyrir téða selstöðu. Í lögfestu þessari er ekki að finna neina lýsingu á merkjum þess landsvæðis sem á í hlut. Þá er ekki heldur að finna tilvísun til Skálahnjúks sem sérstaks landsvæðis, heldur er um tilvísun að ræða til landsvæðis Kálfárdals og bæjarhúsa þeirra sem óumdeilt er að voru reist í Skálahnjúksdal austan megin við Laxá. Framangreind lögfesta er því eingöngu yfirlýsing um tiltekin réttindi í landi Kálfárdals og nær ekki til þess landsvæðis sem ágreiningur stendur um í máli þessu, þ.e. landsvæðis vestan Laxár. Getur hún því að mati óbyggðanefndar engum úrslitum ráðið um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis.

Svo sem fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* þá ræður tilvist landamerkjabréfs ein og sér ekki úrslitum við mat á eignarrétti heldur staða landsvæðisins sem jarðar og þarf því að meta sönnunargildi hvers og eins fyrir sig. Er þá einkum litið til þess hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem falla að lýsingu í

---

landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli önnur heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur um afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar þá þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.<sup>359</sup>

Fyrir liggur að eldri heimildir er varða ágreiningssvæðið styðja ekki þá lýsingu sem fram kemur í landamerkjabréfinu frá 1885. Þá liggur einnig fyrir að landamerkjabréf Skálahnjúks var útbúið og samþykkt af þáverandi eiganda Skálahnjúks auk ábúanda, en það var ekki áritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða. Verður því að líta á landamerkjabréfið sem einhliða yfirlýsingu eiganda Skálahnjúks og raunar óljóst á hvaða grundvelli hann gerði tilkall til þess hluta landsins sem liggur vestan Laxár. Er þá jafnframt minnt á að samkvæmt öðrum heimildum virðist það land hafa tilheyrt Skrapatunguafrétt. Svo sem fram hefur komið í dómum Hæstaréttar gátu menn ekki með gerð merkjalýsingar einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Framangreint landamerkjabréf og lögskipti á fyrri hluta 20. aldar geta því að mati óbyggðanefndar engum úrslitum ráðið um eignarréttarlega stöðu þessa landsvæðis. Þá er áréttað að engin afstaða er með þessu tekin til eignarréttarlegrar stöðu þess hluta Skálahnjúks sem staðsettur er utan kröfusvæðis, þ.e. austan Laxár.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkir en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.<sup>360</sup>

Hvað Skálahnjúk varðar er óumdeilt að ekki hefur verið búið þar síðan árið 1903 og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttáð þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Þá ber einnig að gæta þess að óumdeilt er að býli Skálahnjúks stóð austan megin við Laxá, og því utan ágreiningssvæðisins, og því líta heimildir um tilkall og afnot eigenda Skálahnjúks innan ágreiningssvæðisins fyrst og fremst að beit eða öðrum þrengri og sambærilegum notum.

Beinn eignarréttur að þeim hluta Skálahnjúks sem eignarréttarlegur ágreiningur er um getur því ekki hafa stofnast handa þeim, sem leiddu rétt sinn frá ábúanda og eiganda Skálahnjúks, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal

---

<sup>359</sup> Sbr. kafli 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

<sup>360</sup> Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

---

sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á það með Sveitarfélaginu Skagafirði að forverar þess eða það sjálft hafi unnið beinan eignarrétt að hinu umdeilda landsvæði Skálahnjúks fyrir hefð. Slík réttindi geta heldur ekki hafa orðið til vegna þess eins að landamerkjabréf fyrir Skálahnjúk hafi verið skráð eftir ákvæðum landamerkjalaga nr. 5/1882 og lesið á manntalsþingi 16. maí 1891 eða að fyrrnefndu kaupbréfi Upprekstrarfélags Sauðárhrepps frá 25. mars 1906 hafi verið þinglýst 30. maí sama ár.

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða sambærilegum svæðum. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til.

Ekkert liggur fyrir um hvernig eigendur Kálfárdals voru upphaflega komnir að rétti sínum til ágreiningssvæðisins eða hvort þeir áttu þar einhvern rétt yfir höfuð en samkvæmt eldri heimildum um svæðið var það hluti af Skrapatunguafrétt. Eins og áður er getið um kann að háttá svo til að a.m.k. hluti þess svæðis sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Skálahnjúki liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í máli nr. 1/2013 hjá óbyggðanefnd. Eins og rakið er í kafla 5.3 hér að framan benda heimildir ekki til þess að búseta hafi nokkurn tíma verið á ágreiningssvæðinu, þ.e. vestan Laxár og á því finnast ekki mannvistarleifar. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds landsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarþeirrar fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Þá voru snemma settar opinberar reglur um afréttarnotkun og fjallskil sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að sá hluti Skálahnjúks sem hér er til meðferðar sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar

---

sé þjóðlenda.<sup>361</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Blönduósþéjar.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að sá hluti Skálahnjúks sem fellur innan kröfusvæðis íslenska ríkisins, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Upphafspunktur er þar sem Tröllá rennur í Laxá. Þaðan er Tröllá fylgt til vesturs í upptök hennar í Tröllabotnum og beint upp á háfjall. Þaðan ræður háfjallið til norðurs í vörður á svokölluðum Kambi. Þaðan er dregin lína til norðurs í Strympulækjardrög. Úr Strympulækjardrögum er háfjallinu fylgt norður og í Miðaftansfjall. Úr Miðaftansfjalli er farið austur í Laxá þar til komið er út á móts við landamerkjagard þann, er liggur upp frá Tröllá að austan. Ræður Laxá suður í upphafspunkt þar sem Tröllá rennur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Blönduósþéjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem njóta veiðiréttar í ám á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

## **6.5 Skrapatunguafrétt**

### **6.5.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Skrapatunguafrétt. Blönduósþé gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.5.

Landsvæði það sem hér um ræðir er á sunnanverðum Skaga og liggur í um 300–1000 m y.s. Á vesturmörkum svæðisins liggur Mjóidalur með leguna norður-suður. Austan við Mjóadal og samsíða honum er Bárðardalur sem opnast að norðan í Ambáttardal. Norðurhluti ranans milli Mjóadals og Bárðardals nefnist Gulltungur. Austur af Bárðardal liggur Fannstóð (Fannastóð) (567 m) og við suðvesturenda ágreiningssvæðisins rís Tröllakirkja (1000 m). Þá liggur Miðaftansfjall (784 m) austan framhluta Bárðardals. Laxá í Skefilsstaðahreppi rennur á austurmörkum svæðisins.

### **6.5.2 Sjónarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggja utan landnáms og eingöngu hafi verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem

---

<sup>361</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Að því er varðar Skrapatunguafrétt sérstaklega er því haldið fram að heimildir bendi til þess að svæðið hafi aldrei verið nýtt til annars en hefðbundinna afréttarnota. Þannig virðist afréttarsvæðið hafa verið aðskilið frá jörðinni Skrapatungu og frá fornu fari verið sérstakt svæði sem nýtt hafi verið til sumararbeitar fyrir búfé. Aðliggjandi jarðir lýsi landamerkjum sínum þannig að ljóst sé að um sérstakan afmarkaðan almenning sé að ræða, auk þess sem heimildir greini frá svæðinu með sjálfstæðum hætti og að það hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi. Réttur Skrapatungu til svæðisins hafi því takmarkast við afréttarnot en svæðið hafi takmarkast við afréttarnot en ekki verið háð beinum eignarrétti.

Af framangreindu megi ráða að Skrapatunguafrétt hafi ekki haft stöðu jarðar í eignarréttarlegum skilningi heldur sé þar að finna þjóðlendu. Heimildir um landnám á svæðinu séu litlar og heimildir um notkun svæðisins, staðhættir og landfræðileg lega bendi ekki til annars en að hafi svæðin verið numin í öndverðu, hafi þau eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Svæðið hafi þannig aldrei verið undiropið beinum eignarrétti.

Af hálfu Blönduósbæjar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á dómi 12 presta í svokölluðu Mjóadalismáli sem fram kemur í Fornbréfasafni, V. bindi á bls. 612, og öðrum skráðum eignarheimildum, svo sem síðari afsölum sem þeir hafa fyrir jörðinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Þá er byggt á lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur fyrir eignarjörðinni Skrapatungu frá 17. júní 1817.

Þá er byggt á því að fullur hefðartími sé liðinn frá því að Blönduósbær festi kaup á jörðinni sem áður tilheyrði jörðinni Skrapatungu og að sveitarfélagið hafi farið með öll hefðbundin afnot, svo sem beit, veiði og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafi lýst sér í því að það hafi bannað öðrum not eignarinnar og öll nýting verið háð leyfi þess.

Er einnig vísað um þetta atriði til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum sé beinum eignarrétti háð, jafnvel þótt það hafi verið lagt til afréttar.

Byggt er á því að sveitarfélagið hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti sem það verði ekki svipt án bóta. Um þetta er vísað til eignarheimilda sveitarfélagsins og þess að jörðin Skrapatunga/Skrapatunguafrétt hafi athugasemdalaust gengið kaupum og sölum sem sérstök jörð og eignarhaldið sé því m.a. byggt á viðskiptavenju. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og því að ríkið verði að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls.

---

Að lokum er á því byggt að jörðin Skrapatunga, og þar með Skrapatunguafrétt, sé innan upphaflegs landnáms, þ.e. innan byggðar. Heimildir sem liggja frammi í málinu sýni að allt land umhverfis Skrapatunguafrétt hafi verið numið.

### 6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Skrapatungu og Skrapatunguafréttar er rakin í kafla 5.4 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að Skrapatunga hafi verið sjálfstæð jörð og að Skrapatunguafrétt hafi heyrt undir jörðina.

Ágreiningssvæðið sem um ræðir er Skrapatunguafrétt, að undanskildum landsvæðum Fannlaugarstaða og Skálahnjúks, eins og gagnaðili íslenska ríkisins afmarkar þau landsvæði í kröfum sínum. Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu gerir ekki ráð fyrir sérstakri afmörkun landsvæða Fannlaugarstaða og Skálahnjúks frá landi Skrapatunguafréttar og því falla þau landsvæði einnig innan afmörkunar Skrapatunguafréttar samkvæmt kröfum þess. Fjallað er sérstaklega um Fannlaugarstaði og Skálahnjúk í köflum 6.3 og 6.4

Vottorð séra Bersa Svartssonar frá árinu 1471 er elst þeirra heimilda sem geta um jörðina Skrapatungu. Afréttar Skrapatungu er fyrst getið sérstaklega í jarðamatinu 1804 en þar er ekki tilgreint um staðsetningu hennar. Jörðin Skrapatunga liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá svæðinu af öðrum landsvæðum.

Ekki er til sérstakt landamerkjabréf fyrir Skrapatunguafrétt en merkjum afréttarinnar er lýst í heild eða að hluta í ýmsum eldri heimildum. Í lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur fyrir eignarjörðinni Skrapatungu frá 17. júní 1817 er að finna fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Skrapatunguafréttar. Merkjalyásing lögfestunnar nær einnig til ágreiningssvæða vegna Fannlaugarstaða og Skálahnjúks án þess að að þau séu sérstaklega tilgreind. Aðilar að máli þessu byggja afmörkun kröfusvæðisins einkum á landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja að auki á merkjalyásingu þeirri sem fram kemur í lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur, að undanskildum þeim svæðum sem lýst er í áreiðarskjali fyrir Fannlaugarstaði frá 1823 og landamerkjabréfi fyrir Skálahnjúk frá 1885.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Skrapatunguafréttar er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Er þar sérstaklega um að ræða lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur frá 1817 en jafnframt verður litið til annarra fyrirliggjandi heimilda þar að lútandi, þ.á m. landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Að norðaustanverðum hluta þess svæðis sem hér er til umfjöllunar er ágreiningssvæði vegna Fannlaugarstaða, sem fjallað er um í kafla 6.3, og til suðurs og suðausturs er ágreiningssvæði vegna Skálahnjúks, sem fjallað er um í kafla 6.4. Til annarra átta eru óumdeild eignarlönd, þ.e. jörðin Hvammshlíð til norðurs og jarðirnar Mánaskál, Núpur og Kirkjuskarð að vestan og suðvestan. Til austurs er svo jörðin Þórðarsel (Veðramót). Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Skrapatunguafréttar, þar á meðal hvort

---

samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norðurmerkjum Skrapatunguafréttar er lýst svo í lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur frá 1817 að Mjóadalsá ráði „til gálgagils á móti við Kyrkiu bæiar land, við norduraa, norduraa Rædur tilþess að Ambátta lækur til tekur, og beint frá læknum, eptir midium dalnum i teda ambattaraa.“ Af lýsingunni má ráða að norðurmörk séu miðuð við Gálgagil við ármót Mjóadalsár og Hvammhlíðardalsár (Norðurár), þaðan sem merkin liggja austur Ambáttardal og í Ambáttará við Fífugil. Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er fjallað um Skrapatunguafrétt. Þar er norðurmerkjum afréttarinnar lýst svo að þau liggi frá þeim punkti sem Laxá og Ambáttará mætast og „þá til vesturs Ambáttará, miður Ambáttardalur og Ambáttarlækur, unz hann fellur í Bárðardalsá, og þá Bárðardalsá, unz hún sameinast Mjóadalsá“.

Norðan við Skrapatunguafrétt liggur jörðin Hvammshlíð. Sérstakt landamerkjabréf fyrir Hvammshlíð hefur ekki fundist. Verður því að leita í aðrar heimildir um þá afmörkun. Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er fjallað um Höskuldsstaðafrétt og þar er vísað í ýmsar lögfestur sem lýsa réttindum fyrir Höskuldsstaðafrétt og kirkjujarðirnar Þverá og Hvammshlíð. Samkvæmt þeim sýnist land Hvammshlíðar hafa verið hluti Höskuldsstaðafréttar. Í sóknarlýsingunni er lögfesta frá árinu 1713 lögð til grundvallar í umfjöllun um Höskuldsstaðafrétt og merkjum afréttarinnar samkvæmt lögfestunni lýst. Þar er suðurmerkjum lýst með þeim hætti að þau liggi frá Sjónarhól og svo „í Fannstóðsöxlina, eftir því sem gömul skjöl segja í garðinn, er liggur fram eftir mýrunum norður frá Ásseli. Ræður svo garðurinn merkjum suður á móts við þúfur þær, sem eru vestan í Fannstóðsfjallsbrúninni, sín hvorum megin Fífugils, og svo rétt sjónhending til suðvesturs í steininn austan til, á hlíðarhorninu, síðan rétt eftir garðspartinum niður frá steininum ofan í Bárðardalsá. Þaðan ræður hún, til þess hún kemur í Norðrá“. Frumrit lögfestunnar hefur ekki fundist. Landamerki Hvammshlíðar voru svo tilgreind í kaupsamningi og afsali, dagsettu 15. júní 1897, þegar presturinn á Höskuldsstöðum seldi jörðina til hreppsnefndar Vindhælishrepps. Þar er mörkum jarðarinnar gagnvart Skrapatunguafrétt lýst með þeim hætti að Sjónarhóll sé hornmark og þaðan ráði bein stefna „í garð þann, sem liggur fram eptir mýrunum norður frá Ásseli (Fannlaugarstöðum); ræður svo garðurinn merkjum, allt suður í móts við þúfur þær, sem eru vestan í Fannstóðsfjallbrúninni, sín hvoru megin Fífugils, síðan rjett sjónhending til suðvesturs í steininn, sem stendur austan til í Hlíðarhorninu og frá sama steini bein stefna ofan í Bárðardalsá; þá ræður hún til þess hún kemur í Norðurá“. Undir bréfið rituðu Jón Pálsson og Árni Jónsson í umboði hreppsnefndarinnar Höskuldsstöðum og var það þinglesið fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Bergi hinn 20. maí 1898.

---

Þann 22. júní 1923 voru landamerki milli afréttarlanda Vindhælis- og Engihlíðarhreppa ákveðin. Þar er merkjum Hvammshlíðar gagnvart Skrapatunguafrétt lýst svo að frá Gálgagili (þar sem Mjóadalsá rennur í Norðurá) ráði Norðurá merkjum til Ambáttará, þá Ambáttará til upptaka (þar sem hún byrjar að mynda gil). Þaðan sjónhending í vörðu á vestari Sjónarhól (sem er neðan við Fífugilseyrar). Þaðan sjónhending í upptök lækjar þess er rennur austur úr Ambáttardal til Laxár. Landamerkjabréfið var undirritað af fulltrúum beggja hreppa og lesið fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Hólanesi 6. júlí 1925 og innfært í landamerkjabók sýslunnar. Þann 6. október 2012 voru landamerki Hvammshlíðar og Skrapatunguafréttar hnitsett í samræmi við framangreint samkomulag sem gert var milli Engihlíðarhrepps og Vindhælishrepps árið 1923. Er hnitaskráin dagsett 25. nóvember 2012 og samkvæmt henni eru landamerkin með þeim hætti hætti að Mjóadalsá ráði í austur frá ármótum Mjóadalsár og Hvammshlíðarár (Norðurár) að ármótum Ambáttarár og Bárðardalsár. Þaðan liggja merkin að upptökum Ambáttarlækjar og austur í Fífugilshól (vestari Sjónarhól) og þaðan að upptökum Ambáttarár. Þess ber að geta að í skránni er þess getið að samkvæmt kaupsamningi þeim, sem þinglesinn var á manntalsþingi 20. maí 1898, eru landamerkin töluvert sunnar.

Svo sem rakið er hér að framan ber heimildum um landamerki Skrapatunguafréttar og Hvammshlíðar ekki saman að öllu leyti. Er þá einkum til þess að líta að sóknarlýsing Höskuldsstaðasóknar frá 1873 og kaupsamningur og afsal fyrir Hvammshlíð, sem dagsett er 15. júní 1897 og þinglesið í framhaldinu, virðast vera í ósamræmi við eldri heimildir um afmörkun ágreiningssvæðisins til norðurs. Engin frekari gögn hafa fundist til stuðnings þessum merkjalýsingum og hefur síðari tíma sátt hreppana fremur stutt þá lýsingu sem fram kemur í lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur frá 1817 og öðrum heimildum um norðurmörk Skrapatunguafréttar. Sóknarlýsingin og kaupsamningurinn geta því að mati óbyggðanefndar ekki ráðið úrslitum um afmörkun landsvæðisins.

Upphaflegar kröfulínur aðila voru ekki samhljóða um norðurmörk Skrapatunguafréttar. Við aðra fyrirtöku í máli þessu, dags. 21. mars 2013, samræmdu aðilar málsins kröfulínur sínar um norðurmörk Skrapatunguafréttar og urðu aðilar ásáttir um að miða bæri afmörkun Skrapatunguafréttar til norðurs við suðurmerki Hvammshlíðar eins og þeim er lýst í framangreindu samkomulagi milli Engihlíðarhrepps og Vindhælishrepps árið 1923.

Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Skrapatunguafréttar til norðurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í samkomulagi aðila frá 21. mars 2013, þ.e. að norðurmörk liggja frá ármótum Mjóadalsár og Hvammshlíðardalsár (Gálgagili) um línu austur Ambáttará eftir Ambáttardal í Sjónarhól.



---

Vestur- og suðvesturmerkjum Skrapatunguafréttar er lýst svo í lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur frá 1817 að þau liggi frá Tröllá vestur í Mjóadalsá og „Rædur hún svo til gálgagils á móti við Kyrkiu bæjar land, við norduraa“. Af lýsingunni má ráða að vesturmörk liggi frá Tröllá, þaðan sem merkin liggja norður Mjóadal og í Gálgagil við ármót Mjóadalsár og Hvammhlíðardalsár (Norðurár). Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er fjallað um Skrapatunguafrétt. Þar er vesturmerkjum afréttarinnar lýst svo að þau fylgi Mjóadalsá „suður á Kirkjuskarðspröskuld“. Í *Húnaþingi III* er að finna ítarlega lýsingu Bjarna Ó. Frímanssonar á Skrapatunguafrétt og þar er vesturmerkjum hennar lýst svo: „Að vestan takmarkast hún af Mjóadalsá, sem hefur upptök í Þröskuldi milli Kirkjuskarðs og Mjóadalsbotns“.

Vestan við Skrapatunguafrétt liggja jarðirnar Mánaskál og Núpur. Landamerki Mánaskálar eru fyrst tilgreind í kaupbréfi dagsettu 12. maí 1835. Þar er austurmerkjum lýst svo að þau liggi þaðan sem lækur fellur norðaustur í Mjóadalsá og „Þaðan rædur Mjóadalsá allt framm í Smjörskalarlæk, svo beinlínis til útsudurs eptir sem Smjörskalarlækur rædur“. Í landamerkjabréfi fyrir Mánaskál, sem var dagsett 6. júní 1887 og þinglesið 22. maí 1890, er austurmerkjum lýst svo að þau liggi þaðan sem lækur fellur í Mjóadalsá, „og rædur svo Mjóadalsá að austan landamerkjum, suður á móts við svo nefnda Smjörskál eða lækjargil, sem liggur ofan úr áður nefndri Smjörskál“. Landamerkjabréfið var undirritað af eiganda Mánaskálar og það undirritað um samþykki vegna ábúenda Núps og Balaskarðs.

Í landamerkjabréfi fyrir Núp, sem var dagsett í apríl 1891 og þinglesið 23. maí sama ár, er austurmerkjum lýst svo að þau liggi beint frá Smjörskál og í Mjóadalsá sem rædur svo landamerkjum að austan. Landamerkjabréfið var undirritað af eiganda Núps og Núpsaxlar og það undirritað um samþykki vegna ábúenda Mánaskálar og Skrapatungu.

Aðilar að máli þessu miða kröfugerðir sínar við vesturmörk afréttarinnar við Mjóadalsá, en kröfulínur eru dregnar frá ármótum Mjóadalsár og Hvammshlíðardalsár (Gálgagili) til suðurs eftir ánni í Mjóadalsbotn og þaðan í Kirkjuskarðsbotn. Svo sem hér að framan er rakið lýsa landamerkjabréf Mánaskálar og Núps merkjum gagnvart Skrapatunguafrétt þaðan sem lækur fellur í Mjóadalsá frá vörðu á miðjum Þröskuldi og suður eftir Mjóadalsá þar til kemur að hornpunkti við Kirkjuskarðsbotn. Hins vegar fellur landsvæði það sem liggur frá Gálgagili til suðurs að fyrrnefndum læk, ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum og þrátt fyrir kerfisbundna leit óbyggðanefndar<sup>362</sup>, auk sérstakrar leitar heima í héraði, hafa ekki fundist neinar eldri heimildir sem lýsa merkjum svæðisins. Hins vegar liggur fyrir að samkvæmt elstu heimildum um Skrapatunguafrétt mun þetta svæði ekki hafa tilheyrt henni. Að þessu

---

<sup>362</sup> Sbr. „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. Þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013“.

---

virtu er það niðurstaða óbyggðanefndar mörk Skrapatunguafréttar til vesturs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð aðila.

Þar sem framangreint landsvæði, sem liggur frá Gálgagili til suðurs að fyrrnefndum læk, fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins og sýnt er að kröfugerð þess um mörk Skrapatunguafréttar gagnvart þessu landsvæði tekur að þessu leyti eingöngu mið af heimildum sem lýsa afmörkun Skrapatunguafréttar. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annara, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða.

Suðvestan við Skrapatunguafrétt liggur jörðin Kirkjuskarð. Í landamerkjabréfi fyrir Kirkjuskarð, sem er dagsett 13. maí 1890 og þinglesið 21. maí 1890, er austurmerkjum lýst svo að þau liggi frá Kirkjuskarðsbotninum og þaðan „suður fjallið eins og vötn að draga, suður í Strimpulækjardrög“. Landamerkjabréfið var undirritað af eigendum Kirkjuskarðs og undirritað um samþykki vegna umráðamanns Skrapatunguafréttar og vegna eigenda Núpsaxlar og Tungubakka. Einnig handsalaði eigandi Vesturáar og Sneisar samþykki sitt.

Svo sem getið er hér að framan er lögfesta Rannveigar Sigurðardóttur frá 1817 ekki skýr hvað varðar suðvesturmörk Skrapatunguafréttar, en einungis er vísað til þess að þau liggi frá Tröllá vestur í Mjóadalsá, en ekki er getið nánar um með hvaða hætti. Séu kröfur aðila bornar saman í málinu virðist sem kröfupunktur taki mið af sömu kennileitum, enda er ekki uppi ágreiningur milli aðila málsins um afmörkun svæðisins, hvað sem líður ágreiningi um eignarréttarlega stöðu þess. Þannig miða báðir aðilar kröfur sínar um suðvesturmörk afréttarinnar við kröfulínu sem dregin er frá Kirkjuskarðsbotni (punktur 23 í kröfugerð íslenska ríkisins og punktur 4 í kröfugerð gagnaðila) vestur í Strimpulækjardrög (punktur 22 í kröfugerð íslenska ríkisins og punktur 5 í kröfugerð gagnaðila). Er það því mat óbyggðanefndar að mörk Skrapatunguafréttar til suðvesturs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð aðila.

Suðurmerkjum Skrapatunguafréttar er lýst svo í lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur frá 1817 að þau liggi frá ármótum Laxár og Tröllár og „þadann beint í vestur til Mioa dals ár“. Í sóknalýsingum Fagraness- og Sjávarborgarsókna frá árinu 1840 er fjallað um suðurmörk Skrapatunguafréttar gagnvart Reynistaðarafrétt. Þar segir: „Tröllá skilur Reynistaðarafréttar NV horn frá Skrapatunguafrétt“. Í

---

sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er fjallað um Skrapatunguafrétt. Þar er suðurmerkjum afréttarinnar lýst svo: „Skrapatungu er eignað land úr Mjóadalsdrögum í Bárðardalsdrög og þaðan í Tröllárdrög eða Tröllárbotna. (Tröllabotnar eru þeir venjulega nefndir.) Þá ræður Tröllá, unz hún rennur í Laxá ytri“.

Á suður- og suðausturhluta þess svæðis sem lýst er í lögfestu Rannveigar frá 1817 og fleiri tilgreindum yngri heimildum er ágreiningssvæði vegna Skálahnjúks sem þó er ekki sérstaklega getið í þeim heimildum. Fjallað er sérstaklega um umþrætt landsvæði vegna Skálahnjúks í kafla 6.4. Svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan marka Skálahnjúks, svo sem þeim er lýst í landamerkjabréfi fyrir Skálahnjúk frá 1885. Í landamerkjabréfi Skálahnjúks er að finna einu lýsinguna á afmörkun Skálahnjúks sem til er. Um þá afmörkun vísast til kafla 6.4 en hún kemur einungis til skoðunar hér hvað varðar nyrðri mörk Skálahnjúks gagnvart Skrapatunguafrétt. Í niðurstöðu óbyggðarnefndar er þeim merkjum lýst með þeim hætti að þau fylgi línu sem dregin er frá Strympulækjardrögum, þaðan sem háfjallinu er fylgt norður í Miðaftansfjall og svo áfram norður í landamerkjagarð þann er liggur upp frá Tröllá að austan. Í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins vegna Skrapatunguafréttar er sömu merkjum lýst eftir línu sem dregin er frá Strimpulækjardrögum norður í Tröllabotna, þaðan í Miðaftansfjall og svo beina línu í Landamerkjagarð. Ekki er notast að öllu leyti við sömu kennileiti við framangreinda afmörkun en skoðun óbyggðanefndar staðfestir að um sömu landfræðilegu afmörkun er þó að ræða. Er það því mat óbyggðanefndar að mörk Skrapatunguafréttar til suðurs séu með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins.

Austurmerkjum Skrapatunguafréttar er lýst svo í lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur frá 1817: „Ad nordann verdu frá ambáttar aa, fram med nordann laxaa, í svokallada trola aa fornu“. Af lýsingunni má ráða austurmörk séu miðuð við ármót Ambáttarár og Laxár og þaðan suður til ármóta Laxár og Tröllár. Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er fjallað um Skrapatunguafrétt. Þar er austurmerkjum afréttarinnar lýst svo að þau liggi þaðan sem Tröllá rennur í Laxá ytri og þaðan ráði Laxá uns í hana fellur Ambáttará.

Austan við Skrapatunguafrétt liggur jörðin Þórðarsel (Veðramót).<sup>363</sup> Í landamerkjabréfi fyrir Veðramót, sem er dagsett 6. maí 1886 og þinglesið 17. maí 1886, er vesturmerkjum lýst svo að Tröllá (Laxá) ráði „norður til Bakdalsár“. Landamerkjabréfið er undirritað af eiganda Veðramóta og undirritað um samþykki vegna ábúenda Heiðar og Skarðs. Árið 1918 voru Veðramót seld ábúanda jarðarinnar og í afsalsbréfi dagsettu 10. júlí s.á. var tekið fram að jörðin væri „seld með þeim landamerkjum, sem tiltekin eru í landamerkjaskrá jarðarinnar“. Í janúar árið 1920 fór upprekstrarfélag Staðarafréttar þess á leit við sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að

---

<sup>363</sup> Þórðarsel var hjáleiga sem byggð var upp í landi Veðramóta. Hluti heimalands Veðramóta var síðar seldur og kallast nú Þórðarsel. Í heimildum er ýmist vísað til Veðramóta eða Þórðarsels.

---

Þórðarselsland yrði framvegis smalað til Staðarréttar en þá stóð fyrir dyrum að upprekstrarfélagið keypti Þórðarselsland. Mörkum landspildunnar sem til stóð að kaupa er lýst í bréfi til sýslunefndar og þar er vesturmörkum hennar lýst svo að landið liggja „meðfram Laxá vestur á sýslutakmörkum“. Í febrúar árið 1920 ritaði oddviti Skarðshrepps bréf til sýslunefndar Skagafjarðar vegna fyrirhugaðra kaupa á Þórðarselslandi. Þar er mörkum landspildunnar lýst og vesturmörkum lýst svo: „að vestan skilur Laxá land þetta frá afrétt Húnvetninga“. Annað landamerkjabréf var gert fyrir Veðramót, dagsett 10. júní 1923 og því þinglýst 16. júní 1923, og samkvæmt því var búið að skipta upp jörð Veðramóta. Landamerkjabréfið er undirritað af eiganda Veðramóta og undirritað um samþykki vegna ábúenda Heiðar, Tungu og Skarðs. Það sama ár keypti Skarðshreppur þann hluta af heimalandi Veðramóta sem liggur að ágreiningssvæðinu og var sá hluti þá nefndur Þórðarselsland. Kaupsamningur og afsal glataðist en um söluna er fjallað í bréfi frá seljanda Þórðarsels til þáverandi oddvita Skarðshrepps sem er dagsett 26. apríl 1959. Í bréfinu er mörkum hins selda Þórðarselslands lýst og segir svo um vesturmörk þess: „Að vestan Laxá.“ Bréfi þessu var þinglýst sem landamerkjabréfi og afsali þann 4. júlí 1962.

Aðilar að máli þessu miða kröfur sínar um austurmörk afréttarinnar milli kröfusvæða vegna Skálahnjúks og Fannlaugarstaða við Laxá. Heimildir benda til þess að mörk Skrapatunguafréttar til austurs á því svæði hafi verið með þeim hætti.

Á norðausturhluta Skrapatunguafréttar er sem fyrr segir ágreiningssvæði vegna Fannlaugarstaða. Samkvæmt lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur frá 1817 fellur ágreiningssvæði vegna Fannlaugarstaða innan Skrapatunguafréttar sem þó er ekki sérstaklega getið í lögfestunni. Fjallað er sérstaklega um umþrætt landsvæði vegna Fannlaugarstaða í kafla 6.3. Svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deili umfalli innan marka Fannlaugarstaða svo sem þeim er lýst í heimildum. Um þá afmörkun vísast til þeirrar úrlausnar en hún kemur einungis til skoðunar hér hvað varðar vestur- og suðurmörk Fannlaugarstaða gagnvart Skrapatunguafrétt. Í niðurstöðu óbyggðarnefndar var þeim merkjum lýst með þeim hætti að þau nái frá Rauðagili við Laxá og fylgi gilinu vestur í Rauðagilsbotna, þaðan sem merkin liggja norður í Fannstóð og að lokum norður að Fífugili. Í tilviki Skrapatunguafréttar er þessum merkjum lýst með nákvæmlega sama hætti af gagnaðila íslenska ríkisins. Er það því mat óbyggðanefndar að mörk Skrapatunguafréttar til norðausturs séu með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan marka Skrapatunguafréttar svo sem þeim er lýst í heimildum.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á

---

sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, í viðauka. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hveirrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargagn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Af kaupum Engihlíðarhrepps á Skrapatunguafrétt og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Skrapatunguafrétt hafi verið hluti af landi jarðarinnar Skrapatungu, nýtt til beitar og nefnd svo af þeirri ástæðu, eða afrétt hennar í þeim skilningi að hún hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður að telja líklegt að umrætt landsvæði hafi verið numið a.m.k. að einhverju leyti. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Þessu næst verður tekið til skoðunar hvernig Skrapatunga og Skrapatunguafrétt birtast í sögulegum heimildum og er þá grein gerð fyrir þeim sem mesta þýðingu eru taldar hafa, sbr. hinsvegar ítarlegri umfjöllun þar að lútandi í kafla 5.4. Elsta heimild um Skrapatungu er fyrrnefnt vottorð séra Bersa frá 1471. Þar segir: „Jordin skrapatvnga er liggj j hoskolldzstadaþingvm var eignadr allr miouadalr firir avstan fram miofuadalsa. gulltvngur. bardardal og ambattardal til motz vid þvera j

---

nordrarda ...“. Í V. bindi hins íslenska fornbréfasafns er að finna dóm 12 presta í svokölluðu „Mjóvadalsmáli“ frá árinu 1472. Ólafur biskup á Hólum mun hafa kært ábúanda Mánaskálar fyrir að hafa „geingit jnn j fasta eign kirkiunnar ok giort sel fyrir avstan fram ana j miofadæl beitt dælen ok haft þar selfor vpp æ tvo sumur edur meir...“, en biskup taldi dalinn eign Skrapatungu, jarðar Hólakirkju. Í kjölfarið útnefndi biskup tólf presta til þess að dæma um eignarrétt á svæðinu. Í dómsmáli vegna þessa voru lagðir fram vitnisburðir fjögurra nafngreindra presta, sem sóru þess fullan bókaeið að þeir hugðu það „eina landareign vera er kalladar erv gulltungur er akallzlaus er halldin eign skrapatungv ok miofadal fyrir austan ana ...“. Þá voru lagðir fram vitnisburðir fjögurra votta „... þa er aller villdv sveria ath fyrskrifadur miofadallr hafdi verit hafdur ok hallden eign skrapatungu med gulltungu. Bardardal ok ambattardæl“. Í dóminum var komist að þeirri niðurstöðu að landeign í Mjóadal fyrir austan ána væri Skrapatungu í Laxárdal „epter þeirre hefd sem hier hefer verit svarit j dagh til æuinligrar eignar nema þosteinn [ábúandi Mánaskálar] late sveria af tueimur skilrikum vottum ath þat sie eign jardarenar a manaskal ...“. Þá var ábúandi Mánaskálar dæmdur til „ath luka heilagre holakirkiu sextige marka vpp a hvort þat svmarit sem hann hefer haft selfor j fyr skrfaudvm dal firir austan ana ...“. Dómurinn var staðfestur af Ólafi biskup á Hólum fimm dögum síðar. Í þessum heimildum er ekki minnst á afrétt en vísað er til hluta þess svæðis er fellur undir skilgreiningu aðila á Skrapatunguafrétt.

Í jarðamatinu 1804 er fyrst minnst á að jörðin Skrapatunga í Vindhælishreppi eigi afrétt en ekki er tilgreint nánar hvar. Í ályktun sem lesin var upp á manntalsþingi höldnu að Vindhæli árið 1805 kemur fram að bændur allir [...] skuli reka fé sitt á Skrapatunguafrétt að viðlagðri sekt. Þar kemur ekki fram lýsing á merkjum afréttarinnar. Á manntalsþingi að Vindhæli árið 1817 lögfesti Rannveig Sigurðardóttir eignarjörð sína Skrapatungu auk „tieda Jardar af Rett“. Í lögfestunni er að finna fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Skrapatunguafréttar, svo sem að framan er getið. Á manntalsþingi að Sauðá árið 1823 var upplestin lögfesta ábúanda Skrapatungu fyrir Skrapatunguafrétt og á manntalsþingi að Vindhæli árið 1830 var upplestin lögfesta eiganda Skrapatungu fyrir afréttarlandi Skrapatungu. Í lögfestunum er ekki tilgreint nánar hvar afréttin liggur en síðarnefndu lögfestunni var mótmælt af prestinum á Höskuldsstöðum að því leyti sem land á Ambáttardal snerti. Á manntalsþingi að Sauðá árið 1831 var lesin lögfesta fyrir Skrapatunguafréttarlandi og aftur á manntalsþingi að Vindhæli 1845. Í lögfestunum er ekki vikið nánar að staðsetningu afréttarlandsins. Í jarðamatinu frá 1849 kemur fram að jörðin Skrapatunga hafi lambatolla af afrétt sem tilheyri jörðinni en sé fráskilin heimalandi.

Á manntalsþingi að Vindhæli árið 1861 var lesið skjal um hrossa- og geldfjárupprekstur á Skrapatunguafrétt. Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er minnst á Skrapatunguafrétt. Þar er vísað til hennar sem almennings og staðsetningu hennar nánar lýst. Þar kemur einnig fram að talsverður hluti afréttarinnar sé

---

þrætuland. Á manntalsþingi að Engihlíð 1890 var upplestið skjal um upprekstur á Skrapatunguheiði og var því mótmælt hvað varðaði upprekstrartolla. Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 er minnst á Skrapatunguafrétt sem lögafréttarland tiltekinna jarða í Vindhælis- og Engihlíðarhreppi. Árið 1895 seldu eigendur Skrapatungu jörðina „með þrætulandi“, ásamt Fannlaugarstöðum. Í afsalinu er ekki að finna lýsingu á staðsetningu þrætulandsins, leiða má líkur að því að átt sé við Skrapatunguafrétt. Afsalið var þinglesið á manntalsþingi að Skefilsstöðum 1896. Sama ár keypti Engihlíðarhreppur Skrapatungu með afréttarlandi, ásamt eyðijörðinni Fannlaugarstöðum. Í bréfabók Engihlíðarhrepps segir um kaupin að jarðirnar hafi átt að nota sem afréttarland og voru ástæður fyrir kaupunum sagðar vera til þess gerðar að eyða allri réttaróvissu þar að lútandi. Árið 1898 var Skrapatunga „með afréttarlandi“ talin upp meðal eigna Engihlíðarhrepps í skýrslu um eignir og skuldir sveitarsjóðsins. Í fasteignamati frá 1916 kemur fram að Skrapatunga eigi upprekstur á afrétt, sem sé sveitareign. Í svari hreppstjóra Engihlíðarhrepps árið 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns, er Skrapatunguafrétt talin upp meðal almenninga og afréttarlanda í Húnavatnssýslu. Árið 1944 var jörðin Skrapatunga seld og afréttarlandið Skrapatunguafrétt undanskilið sölunni án þess að vísað væri nánar til staðsetningar þess. Í ritinu *Göngur og réttir II*, frá árinu 1949, segir að til Skrapatunguafréttar sé smalað afréttarfénaði Engihlíðarhrepps og Vindhælishrepps. Í lýsingu Bjarna Ó. Frímanssonar á afréttarlöndum Engihlíðarhrepps ritinu *Húnaþing III* frá árinu 1989 er fjallað ítarlega um Skrapatunguafrétt sem afrétt Engihlíðinga og hvernig hún hefur verið nýtt af bændum til upprekstrar á hrossum og sauðfé.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er Skrapatunguafrétt tilgreind sérstaklega í fjölda heimilda, líkt og margar afréttir einstakra jarða eða stofnana. Heimildir um afnot landsvæðisins á 19. og 20. öld fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not. Fleiri jarðir en Skrapatunga eru nefndar í þessu sambandi, flestar þannig að eigendur þeirra þurfi að greiða toll til umráðamanna afréttarinnar. Af ýmsum heimildum er þó ljóst að ágreiningur hefur verið uppi varðandi rétt til hluta landsvæðisins. Annars vegar hefur verið uppi ágreiningur á milli eigenda Skrapatungu og Höskuldsstaðakirkju á 18. öld og fyrri hluta 19. aldar, varðandi réttindi yfir landsvæði á Ambáttardal gagnvart Hvammshlíð, og hins vegar hefur verið uppi ágreiningur milli eigenda Skrapatungu og Skagfirðinga frá miðri 19. öld og fram á þá 20., varðandi réttindi yfir landsvæði því sem liggur milli landamerkja Fannlaugarstaða og Skálahnjúks. Þá er afréttin landfræðilega aðskilin frá jörðinni Skrapatungu af öðrum jörðum. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Eins og að framan greinir byggja gagnaðilar íslenska ríkisins kröfu sína um beinan eignarrétt einkum á dómi 12 presta í svokölluðu Mjóadalismáli frá 4. september

---

1472, sem fram kemur í V. bindi hins íslenska fornbréfasafns, og lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur fyrir eignarjörðinni Skrapatungu frá 17. júní 1817. Þá sé einnig liðinn fullur hefðartími frá því að Blönduósbær festi kaup á jörðinni sem áður tilheyrði jörðinni Skrapatungu og að sveitarfélagið hafi farið með öll hefðbundin afnot hennar og öll nýting verið háð leyfi þess.

Í fyrrnefndum dómi 12 presta er ekki að finna tilvísun til Skrapatunguafréttar sem sérstaks landsvæðis, heldur er um tilvísun að ræða til nánar tiltekinnar kennileita sem falla einungis að hluta til innan þess ágreiningssvæðis sem á í hlut. Þó er óumdeilt er að vesturmerki Skrapatunguafréttar liggja um Mjóadal og að Gulltungu, Bárðardalur og Ambáttardalur liggja í norðvesturhluta afréttarinnar. Við úrlausn um gildi dómsins hér verður hins vegar að líta til þess að með honum var skorið úr deilu um beitarrétt og selstöðu á Mjóadal og ekki eru efni til að skýra hann á annan veg en þann að kirkjunni hafi verið dæmdur sá réttur, sem deilan stóð um. Breytir framangreint orðalag í dóminum um ævinlega eign kirkjunnar engu um það, enda felst ekki sérstök skírskotun til inntaks réttindanna í þeim orðum, samanber til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland). Þá ber einnig að geta þess að Skrapatunga var eign Hólakirkju á þessum tíma og Hólabiskup útnefndi sjálfur presta í dóminn auk þess sem hann sjálfur staðfesti dóminn 5 dögum síðar. Í ljósi þess sem að framan greinir getur dómur þessi að mati óbyggðanefndar engum úrslitum ráðið um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins.

Óbyggðanefnd og dómstólar hafa almennt lagt minna upp úr lögfestum heldur en landamerkjabréfum jarða, sem sönnunargögnum um tilvist beins eignarréttar. Ef ekki er fyrir hendi landamerkjabréf fyrir það landsvæði sem til skoðunar er verður þó, eðli málsins samkvæmt, að meta stöðu svæðisins á grundvelli annarra fyrirbyggjandi heimilda. Vægi heimilda á borð við lögfestur er því almennt meira en ella í þeim tilvikum þar sem landamerkjabréfi er ekki til að dreifa. Sé lögfesta eina heimildin um afmörkun landsvæðis eða inntak eignarréttinda kann þýðing hennar að vera enn meiri en ella, sérstaklega ef önnur atriði eru til þess fallin að auka trúverðugleika hennar, samanber t.d. dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 536/2006 (Hvítmaga). Ávallt er þó um að ræða heildstætt mat á sönnunargildi fyrirbyggjandi heimilda og þar kunna atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýtingu viðkomandi landsvæðis einnig að hafa áhrif.

Í fyrirbyggjandi heimildum er Skrapatunguafréttar getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Þá liggur fyrir að árið 1817 lögfesti Rannveig Sigurðardóttir annars vegar eignarjörð sína Skrapatungu, með nánar tilgreindum merkjum, og hins vegar afrétt téðrar jarðar með sérstakri afmörkun, en svo sem að framan greinir er Skrapatunguafrétt aðskilin frá öðru landi jarðarinnar Skrapatungu af öðrum fasteignum. Í ljósi framangreinds getur lögfestan að mati óbyggðanefndar engum úrslitum ráðið um eignarréttarlega stöðu landsvæðis Skrapatunguafréttar.



---

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrir en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirktt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.<sup>364</sup>

Hvað Skrapatunguafrétt varðar er óumdeilt er að á ágreiningssvæði því, sem hér er til umfjöllunar, hefur aldrei verið byggð<sup>365</sup> og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að Skrapatunguafrétt getur því ekki hafa stofnast handa þeim, sem leiddu rétt sinn frá fyrri eigendum Skrapatungu, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkjja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki Skrapatunguafréttar. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á það með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að Skrapatunguafrétt fyrir hefð.

Ekkert liggur fyrir um hvernig eigendur Skrapatungu voru upphaflega komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis eða hvert inntak þeirra réttinda var og svo sem rakið var hér að framan var uppi ágreiningur við nágretta um réttindi á hluta landsvæðisins. Eins og áður er getið um kann að háttá svo til að a.m.k. hluti þess svæðis sem hér er til umfjöllunar, sé innan upphaflegs landnáms. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirlærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla

---

<sup>364</sup> Sbr. kafla 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

<sup>365</sup> Um mannvistarleifar og búsetu á Fannlaugarstöðum er fjallað í úrlausn óbyggðanefndar um Fannlaugarstaði í kafla 6.3.

---

8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Skrapatunguafrétt liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í máli þessu. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumardeildar fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Þá voru snemma settar opinberar reglur um afréttarnotkun og fjallskil sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Skrapatunguafrétt sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>366</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign Blönduósbæjar.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt hefur verið Skrapatunguafrétt, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Upphafspunktur er í Fífugili og úr því er farið í Mjóadalsá við Gálgagil og upp eftir ánni í Mjóadalsbotn. Þaðan er dregin bein lína í Kirkjuskarðsbotn og úr honum austur í Strympulækjardrög. Úr Strympulækjardrögum er háfjallinu fylgt norður og í Miðaftansfjall. Úr Miðaftansfjalli er farið austur í Laxá þar til komið er út á móts við landamerkjagarð þann er liggur upp frá Tröllá að austan. Ræður Laxá til norðurs að Rauðagili. Farið er vestur eftir Rauðagili í Rauðagilsbotna og þaðan til norðurs í upphafspunkt í Fífugili um Fannstóð.*

Sama landsvæði er í afréttareign Blönduósbæjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Við mat á kröfugerð íslenska ríkisins verður ekki litið framhjá því að ekki voru gerðar þjóðlendukröfur til landsvæðis Hvammshlíðar sem liggur eins og fyrr greinir norðan við Skrapatunguafrétt. Sérstakt landamerkjabréf hefur ekki fundist fyrir Hvammshlíð og elsta heimild sem fundist hefur, sem lýsir merkjum hennar með sjálfstæðum hætti, er kaupsamningur og afsal dags. 15. júní 1897, þegar landsvæðið var selt hreppsnefnd Vindhælishrepps. Er sú lýsing hvorki í samræmi við eldri heimildir um afmörkun Skrapatunguafréttar né þá afmörkun landsvæðisins sem miðað var við í síðari tíma sátt Vindhælis- og Engihlíðarhreppa þegar þeir ákvörðuðu skiptingu á „afréttarlandinu Laxárdal“ sín á milli árið 1923. Þá fjalla flestar eldri

---

<sup>366</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

heimildir um landsvæði Hvammshlíðar sem selland eða afréttarsvæði í eigu Höskuldsstaða.

Þar sem landsvæði Hvammshlíðar, norðan við línu sem dregin er frá ármótum Mjóadalsár og Hvammshlíðardalsár (Gálgagili) um línu austur Ambáttará eftir Ambáttardal í Sjónarhól, fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast þjóðlenda þegar horft er til þess sönnunarmats sem óbyggðanefnd og dómstólar hafa byggt á. Íslenska ríkið hefur þó ekki gert þjóðlendukröfu til svæðisins og sýnt er að kröfugerð þess um norðurmörk Skrapatunguafréttar gagnvart Hvammshlíð tekur að þessu leyti mið af samkomulagi því sem gert var milli hreppanna fyrst árið 1923 og staðfest með hnitsetningu árið 2012.

Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annara, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis kemur því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þó svo að heimildir bendi ekki til annars en að þar sé um þjóðlendu að ræða.

## **6.6 Reynistaðarafrétt (Staðarafrétt)**

### **6.6.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem ýmist hefur verið nefndur Reynistaðarafrétt eða Staðarafrétt. Sveitarfélagið Skagafjörður gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði það sem hér um ræðir er á sunnanverðum Skaga. Skipta má svæðinu í grófum dráttum í tvo hluta. Annars vegar sá hluti sem liggur norðvestan til, þ.e. sunnan Tröllár, vestan Víðidalsár og suður að Ytri-Grjótárbotni, en sá hluti svæðisins liggur í allt frá því um 250 m í yfir 1000 m y.s. Rís þar hæst Digrihnjúkur (1078 m). Þessi hluti svæðisins er vel gróinn meðfram Víðidalsá. Hins vegar er um að ræða landsvæði austan og sunnan Víðidalsár, en sá hluti svæðisins liggur í um 250–800 m y.s. Háheiði er sunnan til á þessum hluta svæðisins, en hún liggur milli Miðdals og Víðidals frá suðri til norðurs og afmarkast að norðan af Gyltuskarði. Upp úr henni rísa hnjúkarnir Fáskrúður (753 m) og Fáneyti (790 m). Nærri suðurmörkum ágreiningssvæðisins er Sauðahnjúkur (691 m) og Háheiðarsporður sunnan hans.

### **6.6.2 Sjóarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að landsvæði innan þjóðlendu- krafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki

---

Þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og eingöngu verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Að því er varðar Reynistaðarafrétt sérstaklega er því haldið fram að heimildir bendi til þess að svæðið hafi aldrei verið nýtt til annars en hefðbundinna afréttarnota. Þannig virðist afréttarsvæðið hafa verið aðskilið frá jörðinni Reynistað og frá fornu fari verið sérstakt svæði sem nýtt hafi verið til sumarþeirrar fyrir búfé. Aðliggjandi jarðir lýsi landamerkjum sínum þannig að ljóst sé að um sérstakan afmarkaðan almenning sé að ræða, auk þess sem heimildir greini frá svæðinu með sjálfstæðum hætti og að það hafi frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi. Réttur Reynistaðar til svæðisins hafi því takmarkast við afréttarnot en svæðið hafi takmarkast við afréttarnot en ekki verið háð beinum eignarrétti.

Af framangreindu megi ráða að Reynistaðarafrétt hafi ekki haft stöðu jarðar í eignarréttarlegum skilningi heldur sé þar að finna þjóðlendu. Heimildir um landnám á svæðinu séu litlar og heimildir um notkun svæðisins, staðhættir og landfræðileg lega bendi ekki til annars en að hafi svæðið verið numið í öndverðu, hafi það eingöngu verið numið til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Svæðið hafi þannig aldrei verið undiropið beinum eignarrétti.

Af hálfu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á lögfestu Halldórs Vídalíns fyrir klausturlandi Reynistaðarklausturs frá 18. maí 1790 og kaupsamningi um Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstöðum frá 5. mars 1898, ásamt öðrum skráðum eignarheimildum sem sveitarfélagið hefur fyrir þessari eign, afsölum og fasteignamötum ásamt þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

Byggt er á því að landsvæðið sé innan marka upphaflegs landnáms í Skagafirði og Húnaþingi. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og nærri byggð og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það. Þá styðji heimildir um búsetu á svæðinu einnig kenningar um að landnám hafi náð til heiðarlandsins í öndverðu.

Þá er byggt á meginreglum íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að jörð, eða þau landsvæði sem áður voru með óyggjandi hætti hluti af jörð samkvæmt eldri heimildum, teljist til eignarlanda. Sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrði fyrir því. Því til stuðnings er vísað til fyrri fordæma Hæstaréttar. Þá er sérstaklega vísað til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt.

Byggt er á því á því að gagnaðilar íslenska ríkisins hafi farið með öll þau not sem möguleg hafi verið á svæðinu á hverjum tíma. Hafi þeir í gegnum tíðina getað hamlað nýtingu annarra á svæðinu og leigt landið gegn greiðslu gjalds. Þá hafi þeir sjálfir staðið að smölun á svæðinu í samráði við fjallskilastjórn og eignarhald þeirra aldrei fyrr en nú verið dregið í efa. Af þessu leiði að sveitarfélagið hafi réttmætar

---

væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti sem þeir verði ekki sviptir án bóta. Um þetta er vísað til þess að forverar sveitarfélagsins hafi keypt landið gegn gjaldi og fengið staðfestingu með opinberri þinglýsingu þess efnis að þeir væru réttir eigendur svæðisins með öllum gögnum og gæðum. Vísað er til þess að eignarheimildir sveitarfélagsins hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og byggi eignarhaldið því einnig á viðskiptavenju. Ríkisvaldið hafi í gegnum aldirnar margsinnis viðurkennt að umþrætt land sé undirorpið beinum eignarrétti landeigenda og það hafi aldrei verið dregið í efa.

Að lokum er vísað til jafnræðisreglu stjórnisýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnisýslulaga og því að ríkið verði að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls.

### 6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Reynistaðar og Reynistaðarafréttar er rakin í kafla 5.5 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 13. aldar, má ráða að Reynistaður hefur verið sjálfstæð jörð<sup>367</sup>. Þá var þar starfrækt klaustur frá því seint á 13. öld og til siðaskipta. Sturlunga er elst þeirra heimilda sem geta um jörðina Reynistað. Afréttar Reynistaðarklausturs er fyrst sérstaklega getið í Jarðabók Reynistaðarklausturs frá 1728 þar sem segir að Reynistaðarklaustur eigi afrétt á Víðidal og í fleiri síðari tíma heimildum er fjallað ýmist um Reynistaðarafrétt eða afrétt á Reynistaðarfjöllum, Staðarfjöllum eða á Víðidal. Heimildir eru um að búseta hafi verið á nokkrum stöðum í Víðidal, a.m.k. á 17. öld og mögulega á 15. öld, en óljóst er um upphaf hennar, endalok og landfræðilega afmörkun. Í lögfestu Halldórs Vídalíns fyrir klausturlandi Reynistaðarklausturs frá árinu 1790 er að finna fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Reynistaðar en í henni er merkjum lýst að meðtöldu því landi sem afréttin nær til og án þess að hún sé sérstaklega tilgreind þar eða afmörkuð. Lögfestan nær jafnframt til þess landsvæðis sem síðar heyrði undir jarðirnar Gvendarstaði, Hryggi, norðvesturhluta Kimbastaða, Syðri-Kerlingarstaði og Ytri-Kerlingarstaði, en jarðir þessar liggja utan ágreiningssvæðis í máli þessu. Lögfestunni var ekki mótmælt. Eldri heimildir um merki Reynistaðar liggja ekki fyrir.

Í gjörðabók hreppsnefndar Staðarhrepps frá árinu 1886 er að finna nákvæma afmörkun Staðarafréttar, þá aðskilinni frá heimajörð Reynistaðar. Árið 1898 keypti Jón Jónsson hreppstjóri afréttina ásamt Gvendarstaðalandi af eiganda Reynistaðar fyrir hönd þeirra er höfðu „upprekstur á Staðarfjöll“ og var þá merkjum afréttarinnar nákvæmlega lýst að meðtöldu landi Gvendarstaða. Jón hreppstjóri var þó einungis kaupandi til bráðabirgða því að hann seldi afréttina upprekstrarfélagi fjögurra hreppa á árunum 1898–1907. Á 20. öldinni hafa sveitarfélögin keypt upp fjölda jarða

---

<sup>367</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

umhverfis ágreiningssvæðið og lagt þær við það land sem upphaflega tilheyrði afréttinum. Jörð Reynistaðar liggur að Reynistaðarafrétt til austurs en er utan við ágreiningssvæði í máli þessu.

Íslenska ríkið sýnist byggja afmörkun Reynistaðarafréttar á merkjalýsingu þeirri sem fram kemur í gjörðabók hreppsnefndar Staðarhrepps frá 1886, en samkvæmt kröfulýsingu kemur hins vegar fram að byggt sé á þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Gagnaðili íslenska ríkisins byggir afmörkun sína hins vegar á fyrrgreindu kaupbréfi um Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstaðalandi frá 5. mars 1898 og þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Reynistaðarafréttar er lýst í fyrirbyggjandi heimildum. Er þar m.a. um að ræða gjörðabók hreppsnefndar Staðarhrepps frá árinu 1886, en sú lýsing fellur saman við afmörkun íslenska ríkisins á ágreiningssvæðinu, og kaupbréf um Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstaðalandi frá 1898 eins og við á. Jafnframt er við afmörkunina nauðsynlegt að líta til lögfestu Halldórs Vídalíns fyrir Reynistað frá 1790, þar sem merkjum Reynistaðar og Reynistaðarafréttar er lýst sameiginlega, þó svo afmörkun íslenska ríkisins á ágreiningssvæðinu sé ekki að öllu leyti í samræmi við hana. Í lögfestu Halldórs Vídalíns fyrir klausturlandi Reynistaðarklausturs frá árinu 1790 er að finna fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Reynistaðar en í henni er merkjum lýst að Reynistaðarafrétt meðtaldri og án þess að hún sé sérstaklega tilgreind eða afmörkuð. Lögfestan nær jafnframt til þess landsvæðis sem liggur norðan við ágreiningssvæðið og heyrði síðar undir Gvendarstaði, Hryggi, norðvesturhluta Kimbastaða, Syðri-Kerlingarstaði og Ytri-Kerlingarstaði. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Norðvestan megin við Reynistaðarafrétt er ágreiningssvæði vegna Skálahnjúks (Skrapatunguafréttar). Fjallað er sérstaklega um það landsvæði í kafla 6.4. Til annarra átta eru landsvæði Gvendarstaða og Hryggja að norðanverðu, en nánar verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þeirra síðar, og eignarlönd jarðanna Kimbastaða, Gils, Birkihlíðar/Hólkots<sup>368</sup>, Reynistaðar, Geirmundarstaða, Dúks, Hóls og Bessastaða að austanverðu. Á austanverðu suðurhorninu er svo jörðin Árgerði og til vesturs jarðirnar Þverárdalur, Mjóidalur, Hvammur, Mörk, Móbergssel og Vesturá. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Reynistaðarafréttar, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norðvesturmerkjum Reynistaðar er lýst svo í gjörðabók hreppsnefndarinnar frá 1886 að Tröllá ráði í Tröllafoss. Í lögfestu Halldórs Vídalíns frá 1790 er norðvesturmerkjum Reynistaðar lýst svo að þau fylgi Tröllá að vestan til austurs. Í sýslu- og sóknalýsingum Fagraness- og Sjávarborgarsókna frá árinu 1840 er að finna umfjöllun um Reynistaðarafrétt þar sem norðvesturmerkjum afréttarinnar er lýst svo:

---

<sup>368</sup> Jörðin gengur undir nafninu Birkihlíð í dag en eldra nafn jarðarinnar er Hólkot.

---

„Tröllá skilur Reynistaðarafréttar NV horn frá Skrapatunguafrétt“. Í kaupbréfi um Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstaðalandi frá 1898 er norðvesturmerkjum afréttarinnar lýst svo: „Ræður Tröllá svo merkjum ofan að Tröllafossi“.

Norðvestanmegin við Reynistaðarafrétt er sem fyrr greinir ágreiningssvæði vegna Skálahnjúks. Suðurmerkjum Skálahnjúks er lýst svo í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1885: „[Frá Jörundarlæk] í Tröllá, sem ræður upp í botninn. Þaðan beint upp úr botninum á háfjall, hvar setja skal útsuður hornmerki.“ Skrapatunguafrétt liggur norðan og norðvestan megin við ágreiningssvæðið vegna Skálahnjúks og nær jafnframt til þess samkvæmt flestum heimildum. Þannig er suðurmörkum Skrapatunguafréttar lýst svo í lögfestu Rannveigar Sigurðardóttur frá 1817 að þau liggi frá ármótum Laxár og Tröllár og „þaðan beint i vestur til Mioa dals ár“. Í sóknarlýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 1873 er fjallað um Skrapatunguafrétt og þar er suðurmerkjum afréttarinnar lýst svo: „Skrapatungu er eignað land úr Mjóadalsdrögum í Bárðardalsdrög og þaðan í Tröllárdrög eða Tröllárbotna. (Tröllabotnar eru þeir venjulega nefndir.) Þá ræður Tröllá, unz hún rennur í Laxá ytri“.

Gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfur sínar um norðurmörk Reynistaðarafréttar við línu sem dregin er frá eggjum háfjalls norður til upptaka Tröllár og þaðan ræður Tröllá merkjum að Tröllafossi. Heimildir benda til þess að mörk Reynistaðarafréttar til norðvesturs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð gagnaðila ríkisins.

Norðurmerkjum Reynistaðar er svo lýst í gjörðabók hreppsnefndarinnar frá 1886: „... og þaðan [frá Tröllafossi] sjónhending í suður eftir lægstu lægðinni suður vestan við Hryggjafjall suður í Þverárgil. Ræður svo Þverá þar til hún fellur í Víðidalsá fyrir sunnan Gvendarstaði. Ræður svo Víðidalsá fyrir sunnan Gvendarstaði. Ræður svo Víðidalsá norðan við Stakkfell að fyrst töldu takmarki þar sem Miðdalsá og Víðidalsá koma saman suður og ofan undan Hryggjum. Er þar kallaður Stakkafellsrani og er það norðurendi afréttarinnar.“ Fylgir kröfulína íslenska ríkisins framangreindri afmörkun í hornmark að norðaustri. Þessi afmörkun er hins vegar ekki í samræmi við lögfestu Halldórs Vídalíns frá 1790 þar sem norðurmerkjum Reynistaðar er lýst svo að þau liggi frá Tröllafossi og „... þaðan allt austur eptir fyrir norðan Kjóamýri og í Kellingarstaðagil, þaðan í gönguskarðsá, ræður hún þá í Sandhólagil.“ Þá er norðausturmerkjum lýst svo í lögfestunni að þau liggi frá Sandhólagili og „... þaðan í tjörnina í Molduxa-skarði, úr henni í Háfagil, ræður það þá í Ranghalaána ...“. Í sýslu- og sóknalýsingum Fagraness- og Sjóvarborgarsókna frá árinu 1840 er að finna umfjöllun um Reynistaðarafrétt þar sem norðurmörkum afréttarinnar er lýst svo: „Gönguskarð og Kálfsárdalur að norðan.“ Það landsvæði sem lögfestan frá 1790 og sýslu- og sóknalýsingin frá 1840 lýsa liggur þannig mun lengra til norðurs og norðausturs en ágreiningssvæðið í máli þessu, samanber kröfugerð ríkisins, og nær jafnframt til þess landsvæðis sem liggur norðan við ágreiningssvæðið

---

og heyrði síðar undir jarðirnar Gvendarstaði, Hryggi, norðvesturhluta Kimbastaða, Syðri-Kerlingarstaði og Ytri-Kerlingarstaði.

Í kaupbréfinu frá 1898 er norðurmerkjum lýst svo að þau liggi frá Tröllafossi þaðan sem sjónhending ráði „... eptir hlíðunum móts við Selhóla í Kellingaskarð. Þaðan ganga merkin suðaustur yfir Fellið beina línu í Langakamb að Víðidalsá. Ræður þá Víðidalsá norður fyrir stakkfellsrana þangað sem Ranghalaá fellur í hana, og er það norður horn landsins.“ Lýsingin tekur mið af merkjum afréttarinnar og Gvendarstaða sameiginlega og lýsir því hluta þess landsvæðis sem liggur norðan við ágreiningssvæðið. Gagnaðilar íslenska ríkisins miða kröfugerð sína við þá afmörkun.

Norðan við Reynistaðarafrétt liggja sem fyrr segir landsvæði Gvendarstaða og Hryggja. Sérstakt landamerkjabréf hefur hvorki fundist fyrir Gvendarstaði né Hryggja og ekki hafa fundist neinar eldri heimildir sem lýsa merkjum þeirra með sjálfstæðum hætti. Bæði landsvæðin falla innan merkjalýsinga þeirra sem fram koma í lögfestu Halldórs Vídalíns frá 1790 og sýslu- og sóknalýsingunni frá 1840 auk þess sem landsvæði Gvendarstaða fellur innan merkjalýsingar þeirrar sem fram kemur í kaupbréfi fyrir Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstaðalandi frá 1898 án þess þó að vera sérstaklega afmarkað frá afréttinni.

Þar sem landsvæði Gvendarstaða og Hryggja, norðan við línu sem dregin er frá Tröllafossi suður í Þverárgil, eftir Þverá þar til hún fellur í Víðidalsá og svo eftir Víðidalsá þar til hún rennur í Ranghalaá, fellur ekki innan merkja jarða samkvæmt landamerkjabréfum má ætla að svæðið ætti með réttu að teljast hafa sömu eignarréttarlegu stöðu og það landsvæði sem íslenska ríkið gerir þjóðlendukröfu til sem Reynistaðarafréttar. Við mat á kröfugerð ríkisins verður ekki litið framhjá því að hún lýtur um norðurmörk afréttarinnar hvorki lögfestu Halldórs Vídalíns frá 1790 né kaupbréfi fyrir Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstaðalandi frá 1898, auk þess sem ekki verður séð að fram hafi farið sjálfstæð könnun á landamerkjabréfum aðliggjandi landsvæða til samanburðar. Verður að telja þetta verklag ríkisins við kröfugerðina aðfinnsluvert. Af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) verður sú ályktun dregin að óbyggðanefnd sé bundin kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli. Þó svo að eignarréttarleg staða umrædds landsvæðis komi ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni þá verður að telja líkur til þess að svæðið hafi sömu eignarréttarlegu stöðu og ágreiningssvæði Reynistaðarafréttar.

Til úrlausnar í máli þessu kemur því eingöngu landsvæði það sem að norðan afmarkast við línu sem dregin er frá Tröllafossi suður í Þverárgil, eftir Þverá þar til hún fellur í Víðidalsá og svo eftir Víðidalsá þar til hún rennur í Ranghalaá.

Austurmerkjum Reynistaðarafréttar er lýst svo í gjörðabók hreppsnefndarinnar frá 1886: „Að austan ræður Miðdalsá, öðru nafni Ytri-Ranghalaá, frá því hún fellur í Víðidalsá sunnan og neðan við Hryggi og þaðan fram alla leið í syðri enda dalsins og



---

þaðan sjónhending yfir hæðina og í Vatnsdalsá og ræður hún svo þar til Víðidalsá fremri fellur í hana og eru það suðurmerki afréttarinnar og er það kallaður Heiðarsporður.“ Í lögfestu Halldórs Vídalíns frá 1790 er merkjum Reynistaðar lýst, sem fyrr segir mun lengra til norðausturs auk þess sem þau taka til heimalands Reynistaðar sem liggur austan megin við ágreiningssvæðið. Er því austurmerkjum ágreiningssvæðisins lýst að hluta í lögfestunni, annars vegar þannig að Ranghalaá ráði frá Háfagili í suður að norðvesturhorni þess landsvæðis sem nú tilheyrir Reynistað, og hins vegar þannig að Miðdalsá ráði frá suðvesturhorni þess landsvæðis sem nú tilheyrir Reynistað suður í Vatnsdalsá sem svo ræður til Víðidalsár. Í kaupbréfinu frá 1898 er austurmerkjum afréttarinnar lýst svo að þau liggi frá norðurhorni landsins og „Þaðan ræður Ranghalaá suður þangað sem Miðdalsá fellur í hana.“ Þaðan ráði svo Miðdalsá að merkjalínu þeirri sem aðskilur lönd Reynistaðar og Geirmundastaða og þaðan „suður fram Miðdalinn, þar til hún beygir upp í Myrkvaskarð, þá er þaðan bein stefna yfir hæðirnar og víkina vestur úr Hólsvatni í læk þann er rennur í Urriðatjörn. Ræður þá merkjum Urriðatjörn og Vatnadalsá suður fyrir Háheiðarsporð. Er þar suðurhorn landsins. Lýsingum þessum ber að þessu leyti saman frá þeim stað þar sem afmörkun tekur mið af Ranghalaá.

Austan megin við Reynistaðarafrétt liggja jarðirnar Kimbastaðir, Gil, Birkihlíð (Jörðin gengur undir nafninu Birkihlíð í dag en eldra nafn jarðarinnar er Hólkot), Reynistaður, Geirmundarstaðir, Dúkur, Hóll og Bessastaðir. Í landamerkjabréfi fyrir Kimbastaði, sem er dagsett 16. maí 1890 og þinglesið samdægurs, er vesturmerkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo að Ranghalaá ráði þar til hún fellur í Gönguskarðsá. Landamerkjabréfið var undirritað í umboði eigenda Kimbastaða og undirritað um samþykki vegna umráðanda Sauðár, Borgargerðis, Brennigerðis og Gils.

Sérstakt landamerkjabréf hefur ekki fundist fyrir Gil í Borgarsveit. Í *Byggðasögu Skagafjarðar I* frá árinu 1999 er umfjöllun um Gil og þar segir að jörðin eigi land að Birkihlíð að sunnan, Staðarafrétt að vestan og Kimbastöðum, Lyngholti, Tröð og Bergstöðum að norðan.

Í landamerkjabréfi fyrir Hólkot (Birkihlíð), sem er dagsett 12. maí 1890 og þinglesið 17. maí sama ár, er vesturmerkjum lýst svo að þau liggi austan frá Hágilsbungu og þaðan „... beint fram svonefndan Þröskuld og þar frammí öxl á móti Víkurmerkjum.“ Landamerkjabréfið var undirritað af eigendum Hólkots og undirritað um samþykki vegna eigenda Víkur og Gils.

Í landamerkjabréfi fyrir Reynistað, sem er dagsett 12. apríl 1916 og þinglesið 22. maí sama ár, er vesturmerkjum lýst svo að þau liggi þaðan sem Ranghalaá fellur í Miðdalsá og þaðan ráði Miðdalsá fram til móts við Holtsmúlasel. Landamerkjabréfið var undirritað af eiganda Reynistaðar og undirritað um samþykki vegna eigenda Geirmundastaða, Víkur, Holtsmúla og Ögmundarstaða.

---

Í landamerkjabréfi fyrir Geirmundastaði, sem er dagsett 31. desember 1889 og þinglesið 17. maí 1890, er vesturmerkjum lýst svo að þau fylgi Miðdalsá, beint austan frá Sauðafelli, í norður til móts við Holtsmúlasel. Landamerkjabréfið var undirritað af Ólafi Briem og það undirritað um samþykki vegna eigenda Dúks og Reynistaða.

Í landamerkjabréfi fyrir Dúk, sem er dagsett 28. ágúst 1885 og þinglesið 17. maí 1890, er vesturmerkjum lýst svo að þau liggi frá suðvestur hornmerki jarðarinnar í Miðdalsá þaðan sem áin ræður „ ... út að Geirmundarstaðamerkjum.“ Landamerkjabréfið var undirritað af umboðsmanni Reynistaðarklausturs og það undirritað um samþykki vegna eigenda Geirmundarstaða og Varmalands.

Í landamerkjabréfi fyrir Hól, sem er dagsett 21. mars 1890 og þinglesið 17. maí sama ár, er vesturmerkjum lýst svo að þau liggi frá suðvesturhorni jarðarinnar sem er ofan í miðri Aurriðatjörn (Urriðatjörn), þaðan sem Aurriðatjörn ræður og „ ... lækurinn, sem í hana rennur úr vestara Hólsvatni.“ Síðan ráði bein stefna úr nefndum læk norður yfir vatnsvirkið (Vestra-Hólsvatn) og í Miðdalsá, allt að norðvesturhorni jarðarinnar í Miðdalsá vestan við Sauðatungu. Landamerkjabréfið var undirritað af eiganda og umráðamanni Hóls og Bessastaða og það undirritað um samþykki vegna umráðamanna Varmalands og Þramar og umboðsmanns Glaumbæjar.

Í landamerkjabréfi fyrir Bessastaði, sem er dagsett 9. maí 1890 og þinglesið 17. maí sama ár, er vesturmerkjum lýst svo að þau liggi frá suðvesturhorni sem er í Vatnadalsá vestan megin við Einbúa og „ ... þaðan ræður Vatnadalsá merkjum milli Bessastaða og Reynistaða alla leið norður í miðja Urriðatjörn, og er þar norðvestur hornið.“ Landamerkjabréfið var undirritað af eiganda og umráðamanni Hóls og Bessastaða og það undirritað um samþykki vegna Eldborgar, Þramar, Reynistaðar og Sólheima.

Aðilar að máli þessu miða kröfur sínar um austurmörk Reynistaðarafréttar við línu sem dregin er frá ármótum Víðidalsár og Ranghalaár og Ranghalaá fylgt í suður þar til Miðdalsá rennur í hana, þaðan sem Miðdalsá er fylgt til upptaka. Þaðan er svo farin sjónhending suður yfir vatnsvikið í læk er rennur úr Vestara Hólsvatni, og er honum fylgt suður í miðja Urriðatjörn (Aurriðatjörn), hvaðan Vatnadalsá ræður svo úr tjörninni suður að sveitarfélagamörkum, þar sem Vatnadalsá mætir læk þeim er rennur í Þröngadal. Heimildir benda til þess að mörk Reynistaðarafréttar til austurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð aðila.

Suðurmerkjum Reynistaðarafréttar er lýst svo í gjörðabók hreppsnefndar Staðarhrepps frá 1886 að Vatnsdalsá ráði þar til „Víðidalsá fremri fellur í hana og eru það suðurmerki afréttarinnar og er það kallaður Heiðarsporður“. Í lögfestu Halldórs Vídalíns frá 1790 er suðurmerkjum Reynistaðar ekki sérstaklega lýst en tekið fram að Vatnadalsá ráði vestur í Víðidalsá. Af lýsingunni má ráða að suðurmerkin séu um Háheiðarsporð þar sem Vatnadalsá og Víðidalsá mætast. Í sýslu- og sóknalýsingum Fagraness- og Sjávarborgarsókna frá árinu 1840 er að finna umfjöllun um Reynistaðarafrétt þar sem suðurmerkjum afréttarinnar er lýst svo: „straxnefnt Stóra-

---

Vatnsskarð er það að sunnan“. Í kaupbréfinu frá 1898 er suðurmerkjum afréttarinnar lýst svo að Vatnadalsá ráði merkjum suður fyrir Háheiðarsporð og þar sé suðrhorn landsins. Heimildum þessum ber því saman um suðurmörk svæðisins að öðru leyti en því er varðar tilvísun sýslu- og sóknalýsinganna frá 1840 til Stóra-Vatnsskarðs að sunnan sem verður ekki skýrð.

Á austanverðu suðrhorni Reynistaðarafréttar liggur jörðin Árgerði. Um er að ræða nýbýli sem var skipt út úr landi Sólheima og ekki er til sérstakt landamerkjabréf fyrir jörðina. Hins vegar er til landamerkjabréf fyrir jörðina Sólheima, sem er dagsett 13. maí 1890 og þinglesið 17. maí sama ár, sem tekur til þess landsvæðis sem nú tilheyrir Árgerði. Í landamerkjabréfinu er merkjum Sólheima gagnvart Reynistaðarafrétt lýst með þeim hætti að þau liggi frá norðvesturhorni, sem er við á þá er ræður „norður fyrir Einbúann að vestan“, og þaðan ræður áin norður að suðvesturhorni Bessastaða sem er „norðan til yfir Einbúann og sunnan til yfir Sandfell“. Landamerkjabréfið var undirritað af eiganda Sólheima og það undirritað um samþykki vegna Auðna og Bessastaða. Er það niðurstaða óbyggðanefndar að lýsing þessi sé í samræmi við afmörkun málsaðila á Reynistaðarafrétt. Aðilar að máli þessu miða kröfur sínar um suðurmörk Reynistaðarafréttar við línu sem dregin er frá sveitarfélagamörkum, þar sem Vatnadalsá mætir læk þeim er rennur í Þröngadal, og ræður svo nefndur lækur í norður þar til farin er sjónhending í norður yfir Víðidalsflóa í upptök Víðidalsár (um Háheiðarsporðinn). Heimildir benda til þess að mörk Reynistaðarafréttar til suðurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð aðila.

Vesturmerkjum Reynistaðarafréttar er lýst svo í gjörðabók hreppsnefndar Staðarhrepps frá 1886: „Síðan ræður að vestan fremri Víðidalsá norður eftir Víðidal vestan við Háheiði norður að upptökum hennar á lágdalnum sjónhending í norðari Víðidalsá í upptök hennar og þaðan ræður áin þar til Grjótá fellur í hana ofan úr Grjótárbotnum og ræður Grjótá uppá eggjar og ráða svo eggjar norður í Tröllá ...“. Í lögfestu Halldórs Vídalíns frá 1790 er vesturmerkjum Reynistaðar lýst svo að þau liggi þaðan sem Miðdalsá og Víðidalsá mætast og svo ráði Víðidalsá „... úteptir Víðirdalnum allt að Vatnsskarði.“ Þá er tekið fram að lögfestur sé allur Víðidalurinn „... frá Grjótá, þó helzt að vestanverðu eptir fjallaeggjunum norður eptir og fyrir vestan alla Tröllabungu úti Tröllaa.“ Í sýslu- og sóknalýsingum Fagraness- og Sjávarborgarsókna frá árinu 1840 er að finna umfjöllun um Reynistaðarafrétt þar sem vesturmörkum afréttarinnar er lýst svo: „... fjallgarður, hár og mikill, allt fram undir Stóra-Vatnsskarð og kallast almennt Laxárdalsfjöll, takmark Reynistaðarafréttar að vestan“. Í kaupbréfinu frá 1898 er vesturmerkjum afréttarinnar lýst svo: „Þá ræður merkjum norður Víðidalinn lækur sá, er kemur að norðan allt norður að flóa. Þá eru merkin beint norður miðjan flóann, og í jarðfall það er Víðidalsá fellur úr norðast í flóanum. Síðan ræður Víðidalsá merkjum norður Víðidal allt að Grjótá. Þá ræður Grjótá upp með Grjótáröxl að norðan, alla leið að upptökum hennar. Þá ræður bein

---

lína upp í Eggjar. Úr því ráða Eggjarnar merkjum norður eptir móts við Tröllá, og þaðan sjónhending niður af fjallinu til upptaka Tröllár.“ Lýsingum þessum ber í öllum aðalatriðum saman.

Vestan við Reynistaðarafrétt liggja jarðirnar Þverárdalur, Mjóidalur, Hvammur, Mörk, Móbergssel og Vesturá.

Jörðin Þverárdalur liggur við vestanvert suðurhorn Reynistaðarafréttar. Samkvæmt merkjalýsingu í landamerkjabréfi fyrir Þverárdal, sem er dagsett 16. maí 1890 og þinglesið 19. maí sama ár, átti jörðin ekki merki að Reynistaðarafrétt heldur náði jörðin Mjóidalur suður fyrir syðsta enda afréttarinnar.

Í landamerkjabréfi fyrir Mjóadal, sem er dagsett 1. ágúst 1882 og þinglesið 19. maí 1890, er merkjum jarðarinnar gagnvart Reynistaðarafrétt lýst svo að Víðidalsá ráði merkjum þaðan sem Grákolludalslækur fellur í hana „ ... allt að upptökum hennar fyrir sunnan Mjóadalsskarð ... “. Með afsalsbréfi frá 9. september 1943 var jörð Mjóadals seld að undanskilinni landspildu sem lá að Þverárdal og spildunni aukið við land Þverárdals. Samkvæmt afsalinu breyttust merki milli Þverárdals og Mjóadals og var yfirlýsing þess efnis færð inn í landamerkjabók Húnavatnssýslu þann 30. október 1978. Eftir framangreinda breytingu landamerkjanna liggja austir Þverárdals að Reynistaðarafrétt.

Í landamerkjabréfi fyrir Hvamm, sem er dagsett 17. maí 1886 og þinglesið 20. maí sama ár, er austurmerkjum jarðarinnar gagnvart Reynistaðarafrétt lýst svo að Víðidalsá ráði merkjum þaðan sem Harðarlækur fellur í hana og til suðurs að Grákolludalslæk sem fellur ofan úr Laxárdalsfjalli í ána.

Í landamerkjabréfi fyrir Mörk, sem er dagsett 18. maí 1886 og þinglesið 20. maí sama ár, er austurmerkjum jarðarinnar gagnvart Reynistaðarafrétt lýst svo að Víðidalsá ráði merkjum þaðan sem Harðarlækur fellur í hana og til norðurs að læk þeim, er fellur að vestan úr Litla-Vatnsskarði. Landamerkjabréfið var undirritað af eiganda Merkur og það undirritað um samþykki vegna eigenda Móbergssels, Hvamms og Litla-Vatnsskarðs.

Í landamerkjabréfi fyrir Móbergssel, sem er dagsett 10. maí 1890 og þinglesið 21. maí sama ár, er merkjum jarðarinnar gagnvart Reynistaðarafrétt lýst svo að Víðidalsá ráði merkjum að austan, þaðan sem lækur rennur í hana úr flóanum (vestan úr Litla-Vatnsskarði), og þar til að Grjótá fellur í hana að vestan. Þá ráði Grjótá landamerkjum að norðan upp að Grjótártungu, þá eptir ytri Grjótárbotni og upp á eggjar. Landamerkjabréfið var undirritað af eiganda Móbergssels og það undirritað um samþykki vegna eigenda Merkur og Litla-Vatnsskarðs.

Í landamerkjabréfi fyrir Vesturá, sem er dagsett 10. maí 1890 og þinglesið 21. maí sama ár, er austurmerkjum jarðarinnar gagnvart Reynistaðarafrétt lýst svo að þau liggi frá háfjalli norður fjallið, þangað sem vötn að draga móts við Digrubungu, og þaðan ræður svo bein sjónhending yfir Vesturárskarð í vörðu á svokölluðum Kambi.

---

Eigandi Vesturár handsalaði samþykki sitt vegna landamerkjabréfsins og var það undirritað um samþykki af eigendum Höllustaða og Refsstaða.

Aðilar að máli þessu miða kröfur sínar um vesturmörk Reynistaðarafréttar við línu sem dregin er frá upptökum Víðidalsár þaðan sem ánni er fylgt í norður þar til Grjótá fellur í hana, og er Grjótá fylgt í Ytri-Grjótárbotn. Þaðan er farin sjónhending upp á eggjar Laxárdalsfjalls, og er þeim fylgt í norðvestur að Digurbungu. Þaðan er farin sjónhending yfir Vesturárskarð í vörður á svokölluðum Kambi. Heimildir benda til þess að mörk Reynistaðarafréttar til vesturs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð aðila.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða óbyggðanefndar að ágreiningssvæði það sem hér er til umfjöllunar falli innan marka Reynistaðarafréttar, eins og þeim er lýst í heimildum.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, í viðauka. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hveirrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargagn um beinan eignarrétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Af kaupum Jóns Jónssonar hreppstjóra 5. mars 1898, og síðar kaupum upprekstrarfélaga hreppanna á árunum 1898–1907, og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna,

---

nánar tiltekið hvort Reynistaðarafrétt hafi verið hluti af landi kirkjujarðarinnar Reynistaðar, nýtt til beitar og nefnd svo af þeirri ástæðu, eða afrétt hennar í þeim skilningi að hún hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Af frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður að telja líklegt að umrætt landsvæði hafi verið numið a.m.k. að einhverju leyti. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Þessu næst verður tekið til skoðunar hvernig Reynistaðarafrétt birtist í sögulegum heimildum og er þá grein gerð fyrir þeim sem mesta þýðingu eru taldar hafa, samanber hins vegar ítarlegri umfjöllun þar að lútandi í kafla 5.5. Elsta heimild um Reynistað er fyrrnefnd Sturlunga frá 13. öld. Þar segir að Gissur Þorvaldsson jarl hafi keypt Reynistað fyrir hundrað hundraða af Páli Kolbeinssyni og flutt þangað um vorið og svo setið þar í jarldómi sínum til dauðadags 1268. Samkvæmt íslensku fornbréfasafni er almennt talið að stofnað hafi verið til nunnuklausturs að Reynistað árið 1295, en þá átti kirkjan á Reynistað hálfa jörðina ásamt Holtsmúla og Hvammi en Jörundur Þorsteinsson Hólabiskup lagði klaustrinu til hálfu Reynistaðarland og 23 jarðir og jarðarhluta að auki. Sérstaks afréttar Reynistaðarklausturs er fyrst sérstaklega getið í Jarðabók Reynistaðarklausturs frá 1728 þar sem segir að Reynistaðaraklaustri fylgi „afrétt á Wydedal ...“.

Í lögfestu Halldórs Vídalíns fyrir klausturlandi Reynistaðarklausturs frá árinu 1790 er að finna fyrstu heildstæðu lýsinguna á landamerkjum Reynistaðar en í henni er merkjum lýst að afréttinni meðtaldri og án þess að hún sé sérstaklega afmörkuð. Lögfestan var upplestin fyrir rétti að Stóru-Seylu 19. maí 1790 og aftur fyrir rétti að Sauða 27. maí sama ár. Þá var hún lesin upp að Reynistaðarklaustri 20. september 1801 og vottuð af Árna Jónssyni ábúanda á Dúki og loks upplestin fyrir manntalsþingi að Stóru-Seylu árið 1825.

Í jarðamatinu 1804 segir að jörðin Móberg eigi ítök í Reynistaðarafrétt en ekki er tilgreint hvar hún er. Á manntalsþingi að Stóru-Seylu árið 1809 var upplesið bann við leyfislausri grasatekju í Reynistaðarafrétt. Á manntalsþingi að Stóru-Seylu árið 1825 voru færð til bókar mótmæli vegna ónægs uppreksturs í Reynistaðarafrétt. Í sýslu- og sóknalýsingum Húnavatnssýslu 1839–1873 eru Reynistaðarfjöll tilgreind sem afréttarsvæði í nokkrum tilvikum og minnst á Reynistaðarafrétt sérstaklega í einu tilviki. Í sýslu- og sóknalýsingum Fagraness- og Sjávarborgarsókna frá 1840 er umfjöllun um Reynistaðarafrétt og í henni er að finna takmarkaða lýsingu á afmörkun afréttarinnar til suðurs, vesturs og norðurs og samræmist sú lýsing svo langt sem hún nær lögfestunni frá 1790. Í sömu sóknalýsingum kemur fram að fjárríkustu „Strandarbúarnir“ reki fram á Reynistaðarfjöll og gjaldi fyrir það upprekstartolla til

---

bóndans að Reynistað. Á manntalsþingi að Stóru-Seylu árið 1842 var auglýst bann bóndans að Reynistað við hrossaupprekstri og grasatekju á Staðarfjöllum. Í sóknarlýsingu á Reynistaðarprestkalli frá árinu 1842 segir að bændur reki afréttarfé sitt á Reynistaðarfjöll og gjaldi þeir lambatoll að Reynistað sem ekki eigi hagaland á fjöllum. Er þar tekið fram að afrétt þessi þyki nauðsynleg og hæg þó varla megi kalla Staðarfjöll lögafrétt þar sem sellönd og heimalönd séu þar ein. Í sóknarlýsingu Glaumbæjar- og Víðimýrarprestakalls frá 1842 er minnst á afrétt á Reynistaðarfjöllum.

Árið 1843 var Reynistaður seldur úr eigu konungs á uppboði og fylgdu allar hjáleigur með, þ.á m. Gvendarstaðir og Hryggir. Merkjum er ekki lýst í afsalinu en tekið fram að heimajörðin sé seld með öllu því og innan þeirra takmarka sem „í seinustu hefðartíð hefir óátalid legid undir nefnda fasteign“. Þá er Reynistaðarafréttar ekki getið sérstaklega í heimildinni. Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 er fjallað um Reynistaðarklaustur og þar kemur fram að jörðin eigi „frí upprekstur í Reynistaðarfjall“. Í jarðamatinu 1849 segir að Reynistaður eigi nægilegt land til fjalla og hafi nokkur hlunnindi af upprekstrartollum. Í dómabók Húnavatnssýslu frá árinu 1875 er skrifað upp eftir vitni að það viti til þess að Laxdælingar hafi notað Reynistaðarfjöll til geldfjár uppreksturs í 13 ár eða lengur.

Árið 1886 kom hreppsnefnd Staðarhrepps saman til að ákvarða um afréttarland hreppsins og „hvaða takmörk skuli vera fyrir þeim plássum er undir afrjettina heyra og hver ummerki sjeu á henni samkvæmt áskorun sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu“. Ítarleg lýsing á merkjum afréttarinnar, þá aðskilinni frá heimajörð Reynistaðar, var færð inn í gjörðabók hreppsnefndar af því tilefni. Er um að ræða fyrstu heimildina sem lýsir merkjum Reynistaðarafréttar sérstaklega og aðgreindri frá öðru landi Reynistaðar. Árið 1890 var lagt fram afstöðukort af Hafsteinsstaðalandi, heimalandi Reynistaðar og Reynistaðarafrétt við aukaping í Skagafjarðarsýslu. Kortið var síðar lagt fram í yfirdómi árið 1892 vegna landamerkjadeilu Hafsteinsstaða og Reynistaðar.

Árið 1898 keypti Jón Jónsson hreppstjóri Reynistaðarafrétt ásamt Gvendarstaðalandi af eiganda Reynistaðar fyrir hönd þeirra er höfðu „upprekstur á Staðarfjöll“ og var þá merkjum afréttarinnar nákvæmlega lýst að meðtöldu landi Gvendarstaða. Sú lýsing samrýmist ekki afmörkun ágreiningssvæðisins hvað varðar merki til norðurs. Gengið var frá afsali fyrir sölnunni árið 1899 og í því tekið fram að ítök þau sem aðrar jarðir ættu í afréttinni stæðu óhöggud. Afsalið var þinglesið á manntalsþingi að Reynistað sama ár. Jón Jónsson var þó einungis kaupandi til bráðabirgða því að hann seldi afréttina upprekstrarfélagi fjögurra hreppa á árunum 1898–1907. Árið 1907 seldi Jón Jónsson 7,1 hndr. af afréttarlandi Reynistaðar til jarðeigenda í Staðarhreppi. Afsalið var þinglesið á manntalsþingi að Reynistað árið 1908 en mótmælt af bóndanum á Reynistað að því leyti er það kvað á um að Hafsteinsstöðum væri áskilið hið forna Staðarsel. Í *Byggðasögu Skagafjarðar II* frá árinu 2001 skrifar Hjalti Pálsson frásögn um afrétt Reynistaðar. Þar kemur fram að

---

eftir jarðakaup hreppanna til afréttarnota á 20. öld hafi eignarhlutfall viðkomandi sveitarfélaga í Reynistaðarafrétt verið eftirfarandi: Seyluhreppur ætti 26,3%, Staðarhreppur 31,7%, Skarðshreppur 2,6%, Sauðárkróksbær 8,6% og Rípurhreppur 30,8%.

Skriflegar heimildir og rannsóknir á sviði fornleifafraeði benda til þess að byggð hafi verið að fornu á því landsvæði sem hér nefnist Reynistaðarafrétt, og er þá átt við þann hluta afréttarinnar sem liggur í Víðidal. Elsta heimild sem nefnir byggð á Víðidal á Staðarfjöllum er Sigurðarregistur frá árinu 1525 en samkvæmt því er byggðin komin í eyði. Jarðanna Helgastaða, Þúfnavalla og Þverár á Víðidal er fyrst getið í varnarbréfi Björns Jónssonar á Skarðsá frá árinu 1654 vegna gruns um tíundarsvik og þá sem eyðjarða í eign Reynistaðarklausturs. Samkvæmt Alþingisbók frá 1672 eru Þúfnavellir byggðir á Víðidal, þá nýuppbyggðir og tilheyrandi Reynistaðarklaustri. Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1713 voru jarðirnar Helgastaðir og Þúfnavellir í byggð fyrir 40 árum, auk þess sem minnst er á jörðina Þverá. Í ferðabók Ólafs Olaviusar frá 1775–1777 eru Helgastaðir og Þúfnavellir á Víðidal nefndir í skýrslu um eyðibýli í Skagafjarðarsýslu og sagðir í kirkjusókn Reynistaðarklausturs. Í lýsingu Reynistaðarprestkalls frá árinu 1842 eru allar þrjár jarðirnar taldar upp meðal eyðjarða á Víðidal. Í *Byggðasögu Skagafjarðar II* frá árinu 2001 fjallar Hjalti Pálsson um forna byggð á Víðidal á Staðarfjöllum og telur líklegt að hún hafi lagst í eyði í annarri hvorri plágunni á 15. öld, þ.e. Svarta dauða 1402 eða Plágunni síðari 1495–6. Í ritinu er fjallað ítarlega um mannvistarleifar á svæðinu þar sem bæirnir eru taldir hafa staðið og eru þær þó nokkrar. Helgastaðir eru taldir hafa legið austan megin Víðidalsár „syðst á brekkubrúninni suður við lækjargilið“, Þúfnavellir eru taldir hafa verið fremsti bær á Víðidal, austan árinna út á móti Litla-Vatnsskarði, og býlið Þverá talið hafa verið yst á Víðidal, vestan megin árinna þar sem hún fer að beygja til norðausturs. Þá sáust greinileg merki mannvistarleifa á Víðidal í vettvangsferð óbyggðanefndar þann 9. september 2013.

Í kafla 5.5 hér að framan er einnig minnst á Atlastaði, Rauðagil og Hrafnagil á Víðidal. Þeirra er hins vegar ekki getið í skjallægum heimildum heldur virðist vera um að ræða munnmæli sem fyrst er getið í byrjun 20. aldar, sbr. umfjöllun fræðimanna á 20. og 21. öld. Þá er ekki að finna nein veruleg líkindi til mannvistarleifa á þeim stöðum sem Atlastaðir og Rauðagil eiga að hafa staðið. Hins vegar hafa töluverðar mannvistarleifar fundist við Hrafnagil en þó óljóst um hvers konar minjar sé að ræða, sbr. umfjöllun í *Byggðasögu Skagafjarðar II* frá árinu 2001, en líkur taldar á að þar hafi verið beitarhús frá Gvendarstöðum eða jafnvel Reynistað. Verða því að mati óbyggðanefndar engar afdráttarlaugar ályktanir dregnar um búsetu á þessum svæðum.

Þá er sama kafla fjallað um tvö sel innan afréttarinnar, þ.e. Holtsmúlasel í Miðdal vestan Miðdalsár og Staðarsel í austanverðu Gyltuskarði. Samkvæmt *Jarðabók Reynistaðarklausturs* frá 1728 áttu Holtsmúli og Reynistaður selstöður í landi



---

klaustursins en þær höfðu þá ekki verið notaðar í nokkurn tíma. Árið 1787 fékk Halldór Vídalín klausturhaldari á Reynistað verðlaun frá danska Landbúnaðarfélaginu fyrir að láta byggja upp á ný selstöðu klaustursins á fjöllum uppi á undanförunum 10 árum. Í sóknarlýsingu Reynistaðarprestakalls frá 1842 er skrifað um sel í sókninni og Staðarsel og Holtsmúlasel talin einu selin sem hafi verið nytjuð í manna minni. Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 kemur fram að Reynistaðarklaustur eigi selstöðu á fjöllum uppi og í jarðamatinu 1849 kemur fram að Reynistaður eigi nægilegt land til fjalla fyrir selstöðu og geldfénað. Þá eru heimildir fyrir heilsársbúsetu í Staðarseli um tveggja ára tíma árin 1868–1870, samanber prestþjónustubók Glaumbæjar og Víðimýrar fyrir árin 1849–1885. Í frásögn um sel í *Byggðasögu Skagafjarðar II* segir Hjalti Pálsson Holtsmúlasel vera í fornu heimalandi Reynistaðar og lýsir nánar staðsetningu þess. Þá tekur hann fram að þar sem Holtsmúli hafi löngum verið uppeldisjörð klausturprestanna hafi Reynistaður úthlutað jörðinni þessari selstöðu. Í frásögn um Staðarsel segir hann miklar mannvirkjaleifar sjáanlegar í Staðarseli og telur það gefa til kynna að mikið hafi verið umleikis í Staðarseli. Þá hafi þar verið brúkuð selstaða langt fram eftir 19. öld, eftir að slíkir búskaparhættir voru víðast aflagðir.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er Reynistaðarafrétt tilgreind sérstaklega í fjölda heimilda, líkt og margar afréttir einstakra jarða eða stofnana. Heimildir um afnot landsvæðisins frá 18. öld og fram til 20. aldar fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not. Fleiri jarðir eru nefndar í þessu sambandi, flestar þannig að eigendur þeirra þurfi að greiða toll til Reynistaðar. Þá er svæðið töluvert hálent og bratt upp af byggð. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn benda heimildir um Reynistaðarafrétt til þess að eigendur Reynistaðar hafi farið með umráð og hagnýtingu svæðisins allt frá 13. öld. Í lögfestu Halldórs Vídalíns frá 1790 er merkjum lýst að afréttinni meðtaldri og án þess að hún sé sérstaklega afmörkuð. Þá er Reynistaðarafréttar ekki getið sérstaklega í afsali frá 1843 þegar „heimajörðin Reinistadur“ ásamt hjáleigum var seld úr eigu konungs. Bendir það til þess að landsvæði afréttarinnar hafi verið hluti af jörð Reynistaðar en verið aðskilin sem sérstök afrétt síðar.

Óbyggðanefnd og dómstólar hafa almennt lagt minna upp úr lögfestum heldur en landamerkjabréfum jarða, sem sönnunargögnum um tilvist beins eignarréttar. Ef ekki er fyrir hendi landamerkjabréf fyrir það landsvæði sem til skoðunar er verður þó, eðli málsins samkvæmt, að meta stöðu svæðisins á grundvelli annarra fyrirbyggjandi heimilda. Vægi heimilda á borð við lögfestur er því almennt meira en ella í þeim tilvikum þar sem landamerkjabréfi er ekki til að dreifa. Sé lögfesta eina heimildin um afmörkun landsvæðis eða inntak eignarréttinda kann þýðing hennar að vera enn meiri en ella, sérstaklega ef önnur atriði eru til þess fallin að auka trúverðugleika hennar,

---

samanber t.d. dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 536/2006 (Hvítmaga). Ávallt er þó um að ræða heildstætt mat á sönnunargildi fyrirbyggjandi heimilda og þar kunna atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýtingu viðkomandi landsvæðis einnig að hafa áhrif. Í máli þessu er umrædd lögfesta fyrir Reynistað frá 18. maí 1790 elsta heimildin sem hefur að geyma heildstæða lýsingu á merkjum jarðarinnar og óbyggðanefnd telur eins og áður segir að lögfestan veiti því viðhlítandi stoð að afréttin hafi verið hluti af jörð Reynistaðar.

Af heimildum um afnot Reynistaðarhaldara af svæðinu, innheimtu tolla af nýtingu þess, uppskiptingu þess frá heimajörðinni, sem og sölu þess á síðari tímum má ráða að land þetta hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Ekki verður séð að þar hafi komið fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti. Enda þótt nýting svæðisins hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en heimalandsins leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Nýting hefur verið eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og ekki einskorðast við sumarreit búfjár. Þvert á móti benda heimildir og mannvistarleifar til þess að á landsvæði því sem um er að ræða hafi verið búið á byggilegum svæðum í skjóli Reynistaðar þegar árferði og fólksfjöldi leyfði. Þá liggja að Reynistaðarafrétt eignarlönd til allra átta, ef frá er talin Skrapatunguafrétt við norðvesturmörkin, en fjallað er sérstaklega um Skrapatunguafrétt í kafla 6.5. Líkur á stofnun og viðhaldi eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland.

Að öllu því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að landsvæði það sem afmarkað er í kröfulýsingum aðila geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Reynistaðar, sem sveitarfélagið Skagafjörður leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkjja Reynistaðarafréttar sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>369</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

---

<sup>369</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

## 6.7 Almennitur á Skaga

Við sjöttu fyrirtöku máls nr. 1/2013, þann 17. júlí 2013, var lögð fram sátt um ágreiningssvæði aðila vegna Almennings á Skaga, með fyrirvara um að gagnaöflun var ekki að fullu lokið af hálfu óbyggðanefndar og með fyrirvara um staðfestingu af hálfu umbjóðenda lögmanna. Við áttundu fyrirtöku, 30. ágúst 2013, lögðu lögmenn málsaðila fram undirritað eintak sáttarinnar, ásamt korti, og staðfesti óbyggðanefnd sáttina.

Sáttin er svofelld:

Landsvæði það sem afmarkað er með línu sem dregin er milli eftirgreindra hnitsettra punkta þar sem X merkir austurhnit og Y norðurhnit, þ.e. Almennitur á Skagaheiði, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., samanber einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

**(P 1)**- *Miðá við Melhól, móts við fremri Hraunhóla. ( X 452397,96 – Y 597875,30) – GPS mælt.*

*Þaðan ræður Miðá frá (P 1) að (P 2).*

**(P 2)**- *Miðá, beint vestur undan Austara-Þverfelli þar sem fellið er hæst. (X 452282 Y 599901 ) - mælt af loftmynd.*

**(P 3)**- *Bein lína úr (P 2) í vesturenda tjarnar þeirrar, sem er norðanvert við Fossbreið. (X 445922 Y 606854 ) - mælt af loftmynd.*

**(P 4)**- *Þaðan bein lína í Syðra-Hábrekkuhorn. (X 449697 Y 610327) – GPS mælt.*

**(P 5)**- *Bein lína í Aravatnshaug. (X 448210 Y 613073 ) - mælt af loftmynd.*

**(P 6)**- *Þaðan bein lína um vörðu (X 447802 Y 615173) á miðjum Kili í mitt Trafalaskarð. (X 447578 Y 615759 ) - mælt af loftmynd.*

**(P 7)**- *Svo þvert yfir Aravatn í Holdjúphól. (X 446455,00 – Y 614661,00)- GPS mælt.*

**(P 8)**- *Varða á lítilli hæð á norðurenda Svínafells. (X 443377,29 – Y 614301,95).*

*Bein lína frá Holdjúphól í þessa vörðu.*

**(P 9)**- *Langalækjarhóll. (X 443450,32 – Y 612186,00). Bein lína frá (P8) á Langalækjarhól.*

**(P10)**- *Grásteinn. (X 443522,14 – Y 610112,97). Bein lína frá (P9) á Grástein.*

**(P11)**- *Þúfa á klöpp á norðurenda Skjaldbreiðar. (X 443250,14 – Y 608753,86).*

*Bein lína frá (P10) að Skjaldbreið.*

**(P12)**- *Langavatnsárós ytri við Skjaldbreiðarvatn. (X 443992,00 – Y 607868,00).*

*Bein lína milli punkta 11 og 12.*

**(P13)**- *Upptök Langavatnsár. (X 444630,00 – Y 606168,00). Áin ræður merkjum frá (P12).*

---

**(P14)**- *Merkjapunktur í Langavatni. (X 446624,93 – Y 605496,01).*

*Miðlína Langavatns ræður frá (P13).*

**(P15)**- *Fjallabaksárós. (X 447447,68 – Y 603498,00). Miðlína vatnsins ræður frá (P14).*

**(P16)**- *Upptök Fjallabaksár. ( 447385,00 – Y 601619,00) Áin ræður frá (P15).*

**(P17)**- *Suðurendi gils við Fossdalsá. Fossdalsá ræður merkjum frá (P16).*

**(P18)**- *Steinbjarg, grasi vaxið. (X 450053,42 – Y 595645,40). Bein lína frá (P17).*

**(P19)**- *Steinvarða austarlega á Urðum. (X 451385,76 – Y 598382,23). Bein lína frá (P18).*

*Frá (P19) bein lína í upphafspunkt (P1).*

Sá hluti landsvæðisins sem liggur innan Sveitarfélagsins Skagafjarðar er afréttur jarða í fyrrum Skefilsstaðahreppi norðan Fossár, sá hluti sem liggur innan Skagabyggðar er afréttur jarða í fyrrum Skagahreppi og sá hluti svæðisins sem liggur innan Sveitarfélagsins Skagastrandar er afréttur jarða í fyrrum Höfðahreppi, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, þar sem fram kemur að upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði, nema þar frá sé, að fengnu samþykki jarðeiganda, gerð undantekning í fjallskilasamþykkt. Einnig ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, þar sem fram kemur að þeim jörðum sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt í þjóðlendu fylgir veiðiréttur í vötnum þeim sem á þeim afrétti eru, með sama hætti og verið hefur. Á það bæði við um straumvötn og stöðuvötn, sbr. 43. tölulið 3. gr. sömu laga.

Málkostnaðarkröfur aðila eru lagðar í úrskurð óbyggðanefndar en skv. 17. gr. laga nr. 58/1998 greiðist nauðsynlegur kostnaður annarra en ríkisins vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni úr ríkissjóði.

Sátt þessi er gerð með fyrirvara um að gagnaöflun er ekki að fullu lokið af hálfu óbyggðanefndar. Sáttin er sömuleiðis gerð með fyrirvara um staðfestingu af hálfu umbjóðenda þeirra lögmanna sem undir hana rita. Hún öðlast ekki gildi fyrr en fjármála- og efnahagsráðherra hefur staðfest hana fyrir hönd íslenska ríkisins og sveitarstjórar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar sem og oddviti Skagabyggðar fyrir hönd umræddra sveitarfélaga.

Sátt þessi var gerð með fyrirvara um að gagnaöflun var ekki að fullu lokið af hálfu óbyggðanefndar en gerð sáttarinnar haggar ekki hinni lögbundnu rannsóknarskyldu óbyggðanefndar sem kveðið er á um í 10. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998. Við staðfestingu óbyggðanefndar á sáttinni var það mat óbyggðanefndar eftir

---

rannsókn þeirra gagna sem komið höfðu í leitirnar samkvæmt framansögðu að sáttin fæli í sér efnislega rétta niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu þess landsvæðis sem sáttin lýtur að. Á vegum óbyggðanefndar hefur farið fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur eru taldar á að varpað geti ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Í málinu hafa ekki komið fram frekari gögn sem óbyggðanefnd telur að haggi þeirri efnislegu niðurstöðu sem komist var að með sáttinni.

Í framangreindum niðurstöðum óbyggðanefndar felst ekki afstaða til mögulegs ágreinings um staðarmörk sveitarfélaga.

Við áttundu fyrirtöku málsins úrskurðaði óbyggðanefnd einnig um málskostnað málsaðila sem hér segir:

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjanda þeirra, Ólafs Björnssonar hrl., greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo: Sveitarfélagið Skagafjörður, 720.000 kr., Skagabyggð, 720.000 kr. og Sveitarfélagið Skagaströnd 360.000 kr.

Var málskostnaðurinn greiddur út í kjölfarið.

Landsvæði það sem nefnt hefur verið Almenningur á Skaga, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er við Miðá við Melhól, móts við fremri Hraunhóla, og þaðan ræður Miðá beint vestur undan Austara-Þverfelli þar sem fellið er hæst. Þaðan beina línu í vesturenda tjarnar þeirrar, sem er norðanvert við Fossbreið. Þaðan bein lína í Syðra-Hábrekkuhorn, þá beina línu í Aravatnshaug. Þaðan bein lína um vörðu á miðjum Kili í mitt Trafalaskarð. Svo þvert yfir Aravatn í Holdjúpshól, þaðan beina línu í vörðu á lítilli hæð á norðurenda Svínafells. Þá beina línu í Langalækjarhól, þaðan beina línu á Grástein, þá beina línu í þúfu á klöpp á norðurenda Skjaldbreiðar. Þaðan beina línu í Langavatnsárós ytri við Skjaldbreiðarvatn í Langavatnsá sem ræður merkjum í upptök hennar. Þá ræður miðlína Langavatns í merkjapunkt í Langavatni, þá áfram eftir miðlínu vatnsins í Fjallabaksárós. Þaðan eftir Fjallabaksá að upptökum. Þá ræður Fossdalsá að suðurenda gils við Fossdalsá. Þaðan beina línu í grasi vaxið steinbjarg, beina línu í steinvörðu austarlega á Urðum, þá beina línu í upphafspunkt við Miðá.*

Sá hluti landsvæðisins sem liggur innan Sveitarfélagsins Skagafjarðar er afréttur jarða í fyrrum Skefilsstaðahreppi norðan Fossár, sá hluti sem liggur innan Skagabyggðar er afréttur jarða í fyrrum Skagahreppi og sá hluti svæðisins sem liggur innan Sveitarfélagsins Skagastrandar er afréttur jarða í fyrrum Höfðahreppi, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber

---

sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, og 7. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

### **6.8 Um málskostnað**

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

Í tilefni af álitum umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega, að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

---

## 7 ÚRSKURÐARORÐ<sup>370</sup>

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Fannlaugarstaðir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er Rauðagil við Laxá. Þaðan er Laxá fylgt til norðurs þar til Ambáttará rennur í hana. Er Ambáttará fylgt vestur í Fífugil. Ræður Fífugil að utan í Fannstóð. Þaðan er línan dregin sömu stefnu suður í Rauðagilsbotna. Úr Rauðagilsbotnum er farið eftir Rauðagili í upphafspunkt í Laxá.*

Sama landsvæði er í afréttareign Blönduósbæjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Skálahnjúkur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er þar sem Tröllá rennur í Laxá. Þaðan er Tröllá fylgt til vesturs í upptök hennar í Tröllabotnum og beint upp á háfjall. Þaðan ræður háfjallið til norðurs í vörður á svokölluðum Kambi. Þaðan er dregin lína til norðurs í Strympulækjardrög. Úr Strympulækjardrögum er háfjallinu fylgt norður og í Miðaftansfjall. Úr Miðaftansfjalli er farið austur í Laxá þar til komið er út á móts við landamerkjagarð þann, er liggur upp frá Tröllá að austan. Ræður Laxá suður í upphafspunkt þar sem Tröllá rennur í hana.*

Sama landsvæði er í afréttareign Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Blönduósbæjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem njóta veiðiréttar í ám á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Skrapatunguafrétt, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er í Fífugili og úr því er farið í Mjóadalsá við Gálgagil og upp eftir ánni í Mjóadalsbotn. Þaðan er dregin bein lína í Kirkjuskarðsbotn og úr honum austur í Strympulækjardrög. Úr Strympulækjardrögum er háfjallinu fylgt norður og í Miðaftansfjall. Úr Miðaftansfjalli er farið austur í Laxá þar til komið er út á móts við landamerkjagarð þann er liggur upp frá Tröllá að austan. Ræður Laxá til norðurs að Rauðagili. Farið er vestur eftir Rauðagili í*

---

<sup>370</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirbyggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra landsvæða.

---

*Rauðagilsbotna og þaðan til norðurs í upphafspunkt í Fífugili um Fannstóð.*

Sama landsvæði er í afréttareign Blönduósbæjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám á svæðinu skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Landsvæði það sem nefnt hefur verið Almennigur á Skaga, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er við Miðá við Melhól, móts við fremri Hraunhóla, og þaðan ræður Miðá beint vestur undan Austara-Þverfelli þar sem fellid er hæst. Þaðan beina línu í vesturenda tjarnar þeirrar, sem er norðanvert við Fossbreið. Þaðan bein lína í Syðra-Hábrekkuhorn, þá beina línu í Aravatnshaug. Þaðan bein lína um vörðu á miðjum Kili í mitt Trafalaskarð. Svo þvert yfir Aravatn í Holdjúpshól, þaðan beina línu í vörðu á lítilli hæð á norðurenda Svínafells. Þá beina línu í Langalækjarhól, þaðan beina línu á Grástein, þá beina línu í þúfu á klöpp á norðurenda Skjaldbreiðar. Þaðan beina línu í Langavatnsárós ytri við Skjaldbreiðarvatn í Langavatnsá sem ræður merkjum í upptök hennar. Þá ræður miðlína Langavatns í merkjapunkt í Langavatni, þá áfram eftir miðlínu vatnsins í Fjallabaksárós. Þaðan eftir Fjallabaksá að upptökum. Þá ræður Fossdalsá að suðurenda gils við Fossdalsá. Þaðan beina línu í grasi vaxið steinbjarg, beina línu í steinvörðu austarlega á Urðum, þá beina línu í upphafspunkt við Miðá.*

Sá hluti landsvæðisins sem liggur innan Sveitarfélagsins Skagafjarðar er afréttur jarða í fyrrum Skefilsstaðahreppi norðan Fossár, sá hluti sem liggur innan Skagabyggðar er afréttur jarða í fyrrum Skagahreppi og sá hluti svæðisins sem liggur innan Sveitarfélagsins Skagastrandar er afréttur jarða í fyrrum Höfðahreppi, sbr. 1. mgr. 5. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málkostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Ólafs Björnssonar hrl.: Sveitarfélagið Skagafjörður vegna Reynistaðarafréttar, Skálahnjúks og Skrapatunguafréttar, kr. 2.400.000. Landsbankinn hf. vegna Hvammshlíðar kr. 120.000



---

Vegna Stefáns Ólafssonar hrl.: Blönduósbær vegna Skálahnjúks, Skrapatunguafréttar, Fannlaugarstaða og Móbergssels, kr. 2.210.000.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

---

Karl Axelsson

---

Allan V. Magnússon

---

Hulda Árnadóttir

---

## II. Aðilaskrá

Þjóðlendur

Fjármála- og efnahagsráðherra  
f.h. íslenska ríkisins

Fannlaugarstaðir

Blönduósbær

Hvammshlíð

Landsbankinn

Móbergssel

Blönduósbær

Reynistaðarafrétt (Staðarafrétt)

Sveitarfélagið Skagafjörður

Skálahnjúkur

Blönduósbær

Skálahnjúkur

Sveitarfélagið Skagafjörður

Skrapatunguafréttur

Blönduósbær

Skrapatunguafréttur

Sveitarfélagið Skagafjörður

---

### III. Skjalaskrá<sup>371</sup>

#### Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 2.7.2012.
- 1(1) Skjalaskrá, dags. 2.7.2012.
- 1(2) Tilvísanaskrá, dags. 2.7.2012.
- 1(3) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytis til óbyggðanefndar um kröfulýsingu íslenska ríkisins vegna þjóðlendna á svæði 8A, dags. 2.7.2012.
- 1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra um meðferð á svæðum 7B og 8A hjá óbyggðanefnd, dags. 6.7.2012.
- 1(5) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra. Svæði 8 norður tekið til meðferðar. Frestur til að skila inn kröfulýsingu, dags. 23.6.2012.
- 1(6) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra. Frestur fjármálaráðherra til að skila kröfulýsingu á svæði 8A. Framlenging, dags. 28.12.2011.
- 1(7) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar. Viðbögð fjármálaráðuneytis við bréfi óbyggðanefndar, dags. 28.12.2011, um frest fjármálaráðherra til að skila kröfulýsingu á svæði 8A, dags. 17.1.2012.
- 1(8) Afrit af bréfi óbyggðanefndar til sýslumannsins á Blönduósi, varðandi frest fjármálaráðherra til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum, sent til upplýsinga til fjármálaráðherra, dags. 18.1.2012.
- 1(9) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins. Þjóðlendumál á árinu 2012, hvort gerður sé ágreiningur um að frestur til að setja fram þjóðlendukröfum á svæði 8A geti runnið út 31.3.2012, dags. 26.1.2012.
- 1(10) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar. Ráðuneytið staðfestir að frestir til að skila inn kröfuleysingum hafi byrjað að líða 1.1.2012, dags. 9.2.2012.
- 1(11) Bréf lögmanns ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 8A, dags. 26.3.2012.
- 1(12) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 30.3.2012.
- 1(13) Bókun um breytingar kröfulína ríkisins, dags. 21.3.2013.
- 1(14) Landamerkjabréf fyrir Örlygsstaði, dags. 22.5.1890.
- 1(15) Landskipti á Kaldrana milli þjóðeignarhlutans og bænda, dags. 8.5.1890.
- 1(16) Landamerkjaskrá á milli Hrafnagils og Hafragils, dags. 28.5.1890.
- 1(17) Landamerkjaskrá fyrir Mjóadal, dags. 1.8.1882.
- 1(18) Greinargerð, dags. 29.4.2013.
- 1(19) Afstaða lögmannna fjármála- og efnahagsráðherra til viðbótargagna lögmannna gagnaðila, dags. 21.2.2014.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Heildaskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 1.12.2014.  
*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*
- 2(1) Foss á Skaga, dags. 13.6.1922. *Merkt 207 a-b.*
- 2(2) Hóll á Skaga, dags. 13.6.1922. *Merkt 208.*
- 2(3) Selá á Skaga, dags. 20.8.1886. *Merkt 209 a-b.*
- 2(4) Hvalnes á Skaga, dags. 18.11.1887. *Merkt 210.*
- 2(5) Kleif á Skaga, dags. 20.5.1890. *Merkt 211 a-b.*
- 2(6) Kleif á Skaga (yfirlýsing), dags. 20.5.1892. *Merkt 212 a-b.*
- 2(7) Keta á Skaga, dags. 29.5.1890. *Merkt 213.*
- 2(8) Syðra-Malland, dags. 15.1.1884. *Merkt 214 a-b.*

---

<sup>371</sup> Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í rétttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 
- 2(9) Ytra Malland, dags. 24.2.1924. *Merkt 215.*
- 2(10) Efra-Nes á Skaga, dags. 15.1.1884. *Merkt 216 a-b.*
- 2(11) Neðra-Nes á Skaga, dags. 21.4.1888. *Merkt 217 a-b.*
- 2(12) Hraun á Skaga, dags. 14.12.1886. *Merkt 218 a-b.*
- 2(13) Hraun á Skaga, dags. 5.4.1894. *Merkt 219 a-c.*
- 2(14) Ásbúðir á Skaga, ódags. *Merkt 206.*
- 2(15) Keta og Syðra-Malland, dags. 24.2.1924. *Merkt 238.*
- 2(16) Ásbúðir og Mánavík á Skaga, ódags. *Merkt 220 a-b.*
- 2(17) Mánavík á Skaga, ódags. *Merkt 221.*
- 2(18) Víkur, ódags. *Merkt 222.*
- 2(19) Kaldrani á Skaga, dags. 10.4.1890. *Merkt 223.*
- 2(20) Tjörn í Nesjum, dags. 4.8.1886. *Merkt 224.*
- 2(21) Sviðningur í Nesjum, dags. 25.4.1889. *Merkt 225*
- 2(22) Björg-Ytri, ódags. 13.9.1960. *Merkt 226 a-b.*
- 2(23) Hróarsstaðir undir Brekkum, dags. 9.7.1992. *Merkt 227.*
- 2(24) Örlygsstaðir undir Brekkum, dags. 24.2.1965. *Merkt 228 a-c.*
- 2(25) Kelduland undir Brekkum, dags. 18.7.1889. *Merkt 231.*
- 2(26) Fjall, dags. 16.2.1884. *Merkt 229.*
- 2(27) Hof undir Brekkum, dags. 1.1.1988. *Merkt 230 a-b.*
- 2(28) Bakki, dags. 5.5.1890. *Merkt 232.*
- 2(29) Brandaskarð undir Brekkum, dags. 22.5.1890. *Merkt 233.*
- 2(30) Spákonufell á Skagaströnd, dags. 25.7.1885. *Merkt 234 a-b.*
- 2(31) Sæunnarstaðir í Hallárdal, dags. 6.5.1889. *Merkt 235.*
- 2(32) Bergsstaðir, dags. 17.6.1889. *Merkt 236.*
- 2(33) Herjólfstaðir í Laxárdal, dags. 28.7.1916. *Merkt 165.*
- 2(34) Heiði í Gönguskörðum, dags. 6.5.1886. *Merkt 166.*
- 2(35) Dalsá (Heiðarsel) í Gönguskörðum, dags. 15.6.1923. *Merkt 167.*
- 2(36) Breiðstaðir í Gönguskörðum, dags. 23.4.1923. *Merkt 168.*
- 2(37) Skálarhnjúkur, dags. 20.8.1885. *Merkt 169 a-b.*
- 2(38) Selhólar í Gönguskörðum, dags. 16.5.1890. *Merkt 170.*
- 2(39) Kálfárdalur við Kálfá, dags. 28.6.1924. *Merkt 171.*
- 2(40) Veðramót í Gönguskörðum, dags. 6.5.1886. *Merkt 172 a-b.*
- 2(41) Sauða, dags. 25.5.1885. *Merkt 173 a-b.*
- 2(42) Áshildarholt, dags. 10.5.1890. *Merkt 174 a-b.*
- 2(43) Kimbastaðir, dags. 16.5.1890. *Merkt 175 a-b.*
- 2(44) Hólkot (Birkihlíð) í Borgarsveit, dags. 15.6.1923. *Merkt 176 a-b.*
- 2(45) Reynistaður, dags. 12.4.1916. *Merkt 177 a-b.*
- 2(46) Geirmundarstaðir í Sæmundarhlíð, dags. 31.12.1889. *Merkt 178.*
- 2(47) Dúkur í Sæmundarhlíð, dags. 28.8.1885. *Merkt 179.*
- 2(48) Hóll í Sæmundarhlíð með eyðihjáleigunni Hjallalandi, dags. 21.3.1890. *Merkt 180 a-b.*
- 2(49) Bessastaðir í Sæmundarhlíð, dags. 9.5.1890. *Merkt 181 a-b.*
- 2(50) Sólheimar í Sæmundarhlíð, dags. 13.5.1890. *Merkt 182 a-b.*
- 2(51) Kálfárdalur í Bólstaðarhlíðarhreppi, dags. 3.5.1890. *Merkt 183.*
- 2(52) Hlíðarsel í Flosaskarði, ódags. en þingl. 19.5.1890. *Merkt 184.*
- 2(53) Þverárdalur í Laxárdal, dags. 16.5.1890. *Merkt 185.*
- 2(54) Bólstaðarhlíð, dags. 3.5.1890. *Merkt 186.*
- 2(55) Skyttudalur, dags. 3.5.1890. *Merkt 187.*
- 2(56) Mjóidalur, dags. 30.10.1978. *Merkt 188.*
- 2(57) Mörk, dags. 18.5.1886. *Merkt 190.*
- 2(58) Hvammur í Laxárdal, dags. 17.5.1886. *Merkt 189.*
- 2(59) Litla-Vatnsskarð, dags. 3.5.1887. *Merkt 191.*
- 2(60) Móbergssel, dags. 10.5.1890. *Merkt 192.*
- 2(61) Refsstaðir, dags. 10.5.1887. *Merkt 193.*

- 2(62) Vesturár, dags. 10.5.1890. *Merkt 194.*
- 2(63) Sneis, dags. 10.5.1890. *Merkt 195.*
- 2(64) Kirkjuskarð, dags. 13.5.1890. *Merkt 196.*
- 2(65) Núpsöxl, dags. apríl 1891. *Merkt 197.*
- 2(66) Núpur (vegna Núpsaxlar), dags. apríl 1891. *Merkt 198.*
- 2(67) Höskuldsstaðir, dags. 4.7.1975. *Merkt 199.*
- 2(68) Bessastaðir og Pröm, dags. júní 1913. *Merkt 200 a-b.*
- 2(69) Skrapatunga, dags. maí 1980. *Merkt 201.*
- 2(70) Illugastaðir í Laxárdal nyrðri, dags. 31.1.1890. *Merkt 202 a-b*
- 2(71) Sæunnarstaðir, dags. 6.5.1889. *Merkt 203.*
- 2(72) Herjólfstaðir í Laxárdal, dags. 28.7.1916. *Merkt 165.*
- 2(73) Mánaskál í Laxárdal, dags. 6.6.1887. *Merkt 205.*
- 2(74) Höskuldsstaðafrétt, dags. 22.6.1923. *Merkt 204 a-b.*
- 2(135) Mjóidalur, dags. 1.8.1882. *Merkt 241.*
- 2(140) Hólkot (Birkihlíð, dags. 12.5.1890. *Merkt 176 a.*
- 2(162) Keta og Syðra-Malland. *Merkt 215.*
- 2(163) Hólkot, dags. 12.5.1890. *Merkt 176.*
- Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*
- 2(75) Uppdráttur af landi Reynistaðar og Hafsteinsstaða Staðarhreppi, ásamt nokkrum jörðum í kring, dags. 2.2.1891. Merkt sem "Afstöðu uppdráttur ..." Lagt fram í merkjadóminum að Hafsteinsstöðum þann 2.2.1891 og í yfirdómi þann 22.2.1892. *Merkt 10 a-b.*
- 2(76) Uppdráttur af Bjálfaseli í Hafsteinsstaðalandi, dags. 3.2.1891. Lagt fram í merkjadómi þann 3.2.1891 og í yfirdómi þann 22.2.1892. *Merkt 11 a-b.*
- 2(77) Halldór Vídalín lögfestir klausturland Reynistaðarklausturs. Landamerkja getið, a-b dags. 18.5.1790. Lagt fram í yfirdóminum þann 22.2.1892, ásamt uppskrift. *Merkt 12 a-b.*
- 2(78) Lögfesta. Rannveig Sigurðardóttir lögfestir eignarjörð sína Skrapatungu, 20 a-b hndr. Landamerkja getið, dags. 17.6.1817, ásamt uppskrift. *Merkt 13 a-b.*
- 2(79) Uppdráttur af heimalandi Reynistaða og Reynistaðarafrétt, ódags. en lagt fram í aukapingi 22.3.1890 og í yfirdómi 22.2.1892. *Merkt 7 a-b.*
- 2(80) Uppdráttur af mörkum milli lands Hafsteinsstaða og Reynistaða. Lagt fram í merkjadómi 2.2.1891 og í yfirdómi 22.2.1892. *Merkt 8 a-b.*
- 2(81) Uppdráttur af Hafsteinsstaðarlandi og Reynisstaðarlandi ásamt landi og jörðum í kring. Lagt fram í merkjadómi 7.7.1890 og í yfirdómi 22.2.1892. *Merkt 9 a-b.*
- Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*
- 2(82) Bann við upprekstri stóðhrossa í heimalönd bænda í Víðidal eða norður á Reynistaðarafrétt, dags. 20.4.1877. *Merkt 18 a-b.*
- 2(83) Árni Jónsson bóndi á Þverá (líklega í Hallárdal) auglýsir og fyrirbýður allan ágang af stóði og fjallafé á land sitt, dags. 18.5.1878. *Merkt 19.*
- 2(84) Kaupbréf. Sveinn Kárason selur eignar- og ábýlisjörð sína Kirkjubæ í Vindhælishreppi, dags. 26.2.1819. *Merkt 20 a-c.*
- 2(85) Kaupbréf fyrir jörðinni Mánaskál í Vindhælishreppi, landamerki tilgreind, dags. 12.5.1835. *Merkt 21.*
- Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):*
- 2(86) Fasteignamat 1804: Hróarsstaðir, Hof, Móberg, Skrapatunga og Hraun. *Merkt 12-16.*
- 2(87) Jarðamat 1849: Bólstaðarhlíð, Móberg, Reynistaður, Skrapatunga, Bakki, Harastaðir, Hof, Mjóidalur, Móbergssel og Hraun. *Merkt 22-31.*
- 2(88) Fasteignamat 1916-1918 - undirmat: Mörk, Hvammur Laxárdal, Mjóidalur, Skyttudalur, Þverárdalur, Kálfárdalur, Selhagi, Bólstaðarhlíð, Núpur, Mánaskál, Skrapatunga, Þverá Norðurárdal, Kirkjubær, Höskuldsstaðir, Þverá Hallárdal, Bergsstaðir, Sæunnarstaðir ½, Spákonufell, Brandaskarð, Kelduland með Hrafnsvöllum, Bakki, Hof með Hofsselslandi, Kirkja, Fjall, Örlygsstaðir,

---

Hróarsstaðir, Sviðningur, Tjörn, ½ Kaldrani, Víkur, Mánavík, Ásbúðir, Hlíð, Sauða, Kálfárdalur, Illugastaðir, Herjólfsstaðir, Foss, Hóll, Selá, Hvalnes, Klauf, Keta, Syðra-Malland, Ytra-Malland, Neðra-Nes, Efra-Nes, Hraun og Tunga. *Merkt 33-46, 48-66, 150-166.*

2(147) Jarðamat 1849: Þrætupartur milli Skálahnjúks og Skrapatungu. *Merkt b. 32.*  
*Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda*  
*(skjalaflokkur A.6.):*

- 2(94) a-b Við yfirheyrslur í réttarhaldi gegn Jóhanni F. Sigvaldasyni bónda í Mjóadal vegna gangnaskila haustin 1873 og 1874, kom fram í máli eins vitnisins, Björns Guðmundssonar á Gautsdal, að Laxdælingar hafi notað Reynistaðarfjöll til geldfjáruppreksturs í 13 ár eða lengur, dags. 15.3.1875, ásamt uppskrift. *Merkt 64 a-b.*
- 2(95) a-b Á manntalsþingi að Reynistað, var þinglesið afsalsbréf Jóns Jónssonar á Hafsteinsstöðum til allra jarðeigenda í Staðarhreppi fyrir hluta úr Staðarafrétt. Sigurður Jónsson bóndi á Reynistað mótmælti afsalsbréfinu, dags. 27.5.1908, ásamt uppskrift. *Merkt 65 a-c.*
- 2(96) a-b Á manntalsþingi að Vindhæli var ályktað að bændur allir frá Hallárdalsá og inn að Laxá, allt fram að Núpi skuli reka fé sitt á Skrapatunguafrétt, eins og gert hafði verið að undanfögnu, að viðlagðri sekt. Skrapatunguábúanda jafnframt til sagt að hreinsa heiðina forsvaranlega, dags. 25.6.1805, ásamt uppskrift. *Merkt 69 a-c.*
- 2(97) a-b Sýslumaður útnefndi þrjá menn til þess að ákveða takmarkalínu milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslu, dags. 21.5.1885, ásamt uppskrift. *Merkt 80 a-c.*
- 2(98) a-b Áreið í svokallað Fannstöð eður Fannlaugarstaði sem sumir kalla Ássel, til að skera úr um hver á þar land og til meta nýbýli sem þar skyldi reisa, dags. 10.7.1823, ásamt uppskrift. *Merkt 71 a-c.*
- 2(99) a-b Á manntalsþingi að Engihlíð var lesið skjal, dags. 10.5.1890, um upprekstur á Skrapatunguheiði og mótmælti þingheimur hvað upphæð upprekstrartollanna snerti, dags. 21.5.1890, ásamt uppskrift. *Merkt 76 a-b.*
- 2(112) a-b Á manntalsþingi á Skefilsstöðum var upplestin yfirlýsing frá þremur bændum um að þeir ætli sér að nota land á Skagaheiði fyrir vestan Bruna sem almenning, ásamt uppskrift, dags. 13.6.1842. *Merkt 77 a-b.*
- 2(117) a-b Á manntalsþingi á Tindum var upplesið bann eða aðvörun á móti leyfislausri grasatekju á Skagaheiði, ásamt uppskrift, dags. 30.5.1844. *Merkt 78 a-c.*
- 2(118) a-b Á manntalsþingi á Stóru-Seylu var upplesið bann við leyfislausri grasatekju í Reynistaðarafrétt samt hrossarekstrar, ásamt uppskrift, dags. 27.5.1809. *Merkt 59 a-b.*
- 2(119) a-b Á manntalsþingi á Stóru-Seylu voru upplestin mótmæli vegna ónægs uppreksturs í Reynistaðarafrétt, ásamt uppskrift, dags. 30.5.1825. *Merkt 60 a-b.*
- 2(120) a-b Á manntalsþingi á Stóru-Seylu var upplesið bann, dags. 18.5.1830, frá 14 bændum í Sæmundarhlíð við því að bændur í Seylu- og Rípurhreppum reki hross á Reynistaðarfjöll, ásamt uppskrift, dags. 7.6.1830. *Merkt 61 a-b.*
- 2(121) a-b Á manntalsþingi á Stóru-Seylu var auglýst bann frá E. Stephanssyni á Reynistað á móti hrossaupprekstri og grasatekju á Staðarfjöllum, ásamt uppskrift, dags. 9.6.1842. *Merkt 62 a-b.*
- 2(122) a-b Á manntalsþingi á Stóru-Seylu var þinglýst banni frá bændum í Staðarhreppi á móti því að reka á Reynistaðarfjöll, ásamt uppskrift, dags. 25.6.1852. *Merkt 63 a-b.*
- 2(123) a-b Á manntalsþingi á Sauða var upplestin lögfesta Jóhanns Þorleifssonar á Skrapatungu fyrir Skrapatunguafrétt og tekið fram að Fannstöð væri innifalin þar í, ásamt uppskrift, dags. 23.5.1823. *Merkt 70 a-b.*
- 2(124) a-b Á manntalsþingi á Vindhæli var lesin lögfesta fyrir afreitarlandi Skrapatungu og mótmælt af prestinum á Höskuldsstöðum að því leyti sem land á Ambáttardal snerti, ásamt uppskrift, dags. 8.6.1830. *Merkt 72 a-c.*

- 2(125) a-b Á manntalsþingi á Sauðá lét bóndinn Guðmundur Ólafsson á Hellulandi lesa lögfestu fyrir Skrapatunguafréttarlandi, ásamt uppskrift, dags. 9.6.1831. *Merkt 73 a-b.*
- 2(126) a-b Á manntalsþingi á Vindhæli var lesin lögfesta bónda Guðmundar Daníelssonar fyrir hans ábýlisjarðarlandi Skrapatungu, ásamt hennar afréttarlandi, ásamt uppskrift, dags. 31.5.1845. *Merkt 74 a-c.*
- 2(127) a-b Á manntalsþingi á Vindhæli var lesið skjal um hrossaupprekstur og trippatoll á Skrapatunguafrétt og svo um geldfé, ásamt uppskrift, dags. 31.5.1861. *Merkt 75 a-c.*
- 2(128) a-b Á manntalsþingi á Skefilsstöðum var upplesið forboð hreppsbænda til grasatekju í Skagaheiði í óleyfi þeirra, ásamt uppskrift, dags. 23.5.1870. *Merkt 79 a-b.*
- 2(129) a-b Á manntalsþingi á Viðvík var upplesin lögfesta fyrir Hólum í Hjaltadal. Björn í Ási segist ekki agta lögfestuna upp á Ásselsland, nema framfylgt verði með fimmtarstefnu, ásamt uppskrift, dags. 7.6.1806. *Merkt 117 a-b.*
- 2(130) a-b Á manntalsþingi á Skefilsstöðum var þinglesið kaupbréf, dags. 11.5.1895, fyrir eyðijörðinni Fannlaugastöðum, ásamt uppskrift, dags. 2.6.1896. *Merkt 118 a-c.*
- 2(131) a-b Á manntalsþingi að Vindhæli var þinglesið forboð á móti hrossarekstri á Fannlaugarstöðum, dags. 28.5.1845, ásamt uppskrift, dags. 31.5.1845. *Merkt 119 a-c.*
- 2(148) Á manntalsþingi að Sauðá var gerð sátt vegna selstöðu í Skálahnjúks, dags. 29.4.1751. *Merkt b. 145.*
- 2(154) a-b Frumvarp til reglugjörðar um notkun afrétta fyrir Húnavatnssýslu, ásamt uppskrift, dags. 24.2.1894. *Merkt 1 a-g.*
- 2(159) a-b Sáttarfundur. Pétur Guðmundsson á Bergsstöðum kærir Ingjald Þorsteinsson á Balaskarði fyrir að hafa of mörg stóðhross sem hann beiti á Skrapatunguafrétt án þess að borga hestatoll. Sættir nást, ásamt uppskrift, dags. 20.6.1864. *Merkt 140 a-b.*
- 2(160) a-b Sáttarfundur. Jón Sigurðsson í Skrapatungu kærir Indriða Jónsson á Ytríey fyrir að hafa ekki greitt afréttartoll, ásamt uppskrift, dags. 31.3.1894. *Merkt 141.*
- 2(161) a-b Á manntalsþingi að Viðvík var upplesin landamerkjaskrá fyrir Almenni Skagaheiðar. Landamerkjaskráin hefur ekki verið skráð í viðeigandi landamerkjabók og hefur ekki fundist hjá Þjóðskjalasafni Íslands, ásamt uppskrift, dags. 17.5.1887. *Merkt 81 a-b.*
- Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):*
- 2(116) a-b Afrit áreiðagerðar á Fannlaugarstaði (Fannstöð), einnig kallað Ássel, dags. 10.7.1823, og bréf Bjarna Þorleifssonar varðandi áreiðagerðina, dags. 21.4.1827, ásamt uppskrift. *Merkt 29 a-c.*
- Vísitasúbækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):*
- 2(106) a-b Vísitasía. Eignir Spákonufellskirkju, talin landamerki, ásamt uppskrift, ódags. en líkl. frá því eftir 1590. *Merkt 2 a-c.*
- 2(107) a-b Vísitasía Hofs á Skagaströnd með staðarins landamerki, ásamt uppskrift, dags. 24.8.1833. *Merkt 16 a-b.*
- 2(108) a-b Vísitasía Höskuldsstaðarkirkju. Merki Spákonuarfs er m.a. milli Laxár og Fossár, ásamt uppskrift, dags. 3.8.1750. *Merkt 22 a-d.*
- 2(109) a-b Vísitasía Höskuldsstaðarkirkju. Merki Spákonuarfs, ásamt uppskrift, dags. 23.8.1833. *Merkt 25 a-b.*
- 2(110) a-b Vísitasía Holtastaðarkirkju. Merki Spákonuarfs, ásamt uppskrift, dags. 29.7.1750. *Merkt 40 a-d.*
- 2(111) a-b Vísitasía Holtastaðarkirkju. Merki Spákonuarfs, ásamt uppskrift, dags. 22.8.1833. *Merkt 46 a-c.*
- Skjalasöfn presta og prófesta (skjalaflokkur A.9.):*
- 2(103) a-b Úttekt Hofs á Skagaströnd, merkja Hofs getið, dags. 28.4.1834, ásamt uppskrift. *Merkt 8 a-e.*
- 2(104) Um heimildir um Höskuldsstaðarkirkju, dags. 27.6.1887, ásamt uppskrift. *Merkt*

- a-b 14 a-c.
- 2(105) Úttekt Hofa á Skagaströnd, merkja Hofa getið, dags. 14.9.1841, ásamt uppskrift.
- a-b *Merkt 9 a-g.*
- 2(132) Vísitasía Höskuldsstaðakirkju. Kirkjan á selland fyrir framan Þverá á Norðurárdal hvar nú er byggt kot eitt, kallað Hvammshlíð, ásamt uppskrift, dags. 27.10.1819. *Merkt 12 a-c.*
- 2(133) Vísitasía Höskuldsstaðakirkju. Kirkjan heldur sellandinu Hvammshlíð, ásamt uppskrift, dags. 27.11.1824. *Merkt 13 a-b.*
- 2(134) Vísitasía Höskuldsstaðakirkju. Í Hvammshlíð eru hús niðurtekin og jörðin í eyði, ásamt uppskrift, dags. 17.6.1890. *Merkt 15 a-d.*
- 2(141) Prestþjónustubók Glaumbæjar- og Víðimýrarprestkalls 1849-1885. Rósmunda Guðmundsdóttir bjó í Staðarseli frá 1868-1870, ódags. *Merkt 94 a-b.*
- 2(164) Vísitasía Höskuldsstaðakirkju. Kirkjan á m. a. heimaland allt og heldur öllum ítökum, ásamt uppskrift, dags. 8.6.1844. *Merkt. 91 a-c.*
- 2(165) Úttekt að Höskuldsstöðum. Kirkjan á m.a. heimaland allt og heldur öllum sínum eignum og ítökum, ásamt uppskrift, dags. 13.6.1871. *Merkt 92 a-c.*
- Skjalasafn Stjórnarráðs Íslands (skjalaflokkur A.11.):*
- 2(136) Ráðherra Íslands selur Geirmundarstaði í Staðarhrepp til ábúandans. Uppkast að afsali dags. 9.10.1914, matsgerð dags. 12.7.1913 og skýrsla umboðsmanns dags. 31.3.1913. *Merkt 16 a-d.*
- 2(137) Ráðherra Íslands selur Dúk í Staðarhrepp til ábúandans. Uppkast að afsali dags. 9.5.1908, matsgerð dags. 3.8.1907 og skýrsla umboðsmanns dags. 30.3.1907. *Merkt 17 a-d.*
- 2(138) Ráðherra Íslands í atvinnu og samgöngumálum selur Heiði í Skarðshreppi ásamt hjáleigunni Breiðastöðum til ábúandans. Uppkast að afsali dags. 5.5.1919, matsgerðir dags. 28.4.1916 og skýrslur umboðsmanns dags. 20.3.1916. *Merkt 18 a-h.*
- 2(139) Ráðherra Íslands selur Veðramót í Skarðshreppi til ábúandans. Uppkast að afsali dags. 10.7.1918, matsgerð dags. 28.4.1916, skýrsla umboðsmanns dags. 20.3.1916 og greinargerð umboðsmanns varðandi ósamræmi í landamerkjaskrá fyrir Heiði og Veðramót dags. 20.3.1919. *Merkt 19 a-g.*
- 2(145) Gvendarstaðir og Þórðarsel. Vitnisburður hreppstjóra Staðarhrepps um endurreisn fimm eyðibýla í landi Reynistaðarklausturs, dags. 8.6.1781. *Merkt 79 a-b.*
- 2(146) Selhólar og Þórðarsel. Skýrsla sýslumanns yfir eyðingar í Skagafirði, dags. 1.9.1786. *Merkt 80 a-d.*
- 2(158) Mat og lýsing á Höskuldsstöðum, dags. 17.3.1909. *Merkt 66 a-c.*
- 2(162) Vitnisburður hreppstjóra Staðarhrepps um að klausturhaldari á Reynistað hafi látið endurreisa fimm eyðibýli, þ. á m. Gvendarstaðir og Sel, ásamt uppskrift, dags. 8.6.1781. *Merkt 79 a-b.*
- Klausturumboð (skjalaflokkur A.13.):*
- 2(89) Byggingarbréf fyrir Fjall í Vindhælishreppi, dags. 7.8.1909. *Merkt 5 a-d.*
- 2(142) Reynistaðarklausturumboð 1728: Segir að Holtsmúli hafi átt selstöðu í landi Reynistaðar til forna, ódags. *Merkt 6 a-c.*
- 2(143) Reynistaðarklausturumboð 1728: Segir að Reynistaður eigi forna selstöðu til fjalls og afrétt á Víðidal, ódags. *Merkt 7 a-c.*
- 2(144) Reynistaðarklausturumboð 1728: Segir að jörðin Hryggir sé heimaland klaustursins og að klaustrið hafi þar vetrarþing, ódags. *Merkt 8 a-c.*
- Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1):*
- 2(90) Skrá um landamerki Hofa á Skagaströnd til móts við aðrar jarðir í grenndinni Þá segist almenningur fyrir austan ána til annarra landa sem skjöl segja Er almenningur kallaður frá miðju Skjaldbreiðarvatni og að Laxárdrögum. Hof og Keta eiga hrossabeit í Svínafjalli. Þær eiga og álfaregg í almenningi og hrisaríf. Í.f. IX. b., bls. 640-642. *Merkt 53 a-c.*



- 2(91) Próventusamningur. Loðinn Skeggjason leggur á borð með sér m.a. jörðina Heiði í Gönguskörðum. Selstaða í jörðina frá Breiðstöðum og getið landamerkja Heiðar, dags. 11.1.1394. Í.f. III. b., bls. 496-498. *Merkt 47 a-c.*
- 2(92) Elsti hlutinn af Sigurðarregistri 1525, máldagi Hóladómkirkju. Heiði og Veðramót talin upp á meðal Reynistaðaklausturs jarða. Item eyðijarðir, Hryggir með öllum Víðidal. (Þetta jarðagóss átti Hólakirkja) Á Skaga [...] Skrapatungu. Í.f. IX. b., bls. 293, 301-302 og 320-321. *Merkt 48 a-c og 52 c-b.*
- 2(93) Vitnisburðarbréf Bersa prests Svartssonar um vottorð tveggja manna, að Skrapatunga ætti allan Mjóvadal fyrir austan fram Mjóvadalssá, Gulltungur, Bárðardal og Ambáttardal til móts við Þverá í Norðurárdal, dags. 17.5.1471. Í.f. V. b., bls. 612-613. *Merkt 51 a-b.*
- 2(150) Máldagi frá því skömmu fyrir 1421. Sjávarborg á selstöðu í Kálfárdalslandi. Í.f. IV. b., nr. 348, bls. 287-288. *Merkt a. 66 a-b.*
- 2(151) Kaupbréf fyrir Sauða í Skagafirði. Tekið fram að jörðinni fylgdi selför í Kálfárdalsjörð, dags. 8.1.1495. Í.f. VII. B., nr. 294, bls. 236-237. *Merkt a. 67 a-b.*
- 2(152) Jörðin Skarð á Reykjaströnd seld ásamt ítaki og selför í Kálfárdalsjörð, dags. 30.3.1545. Í.f. XI. b., nr. 345, bls. 396-398. *Merkt a. 68 a-c.*
- 2(153) Kaupbréf fyrir Kálfárdal, dags. 23.9.1439. Í.f. IV. b., nr. 640, bls. 600-601. *Merkt a. 69 a-b.*
- 2(155) Jörundur biskup Þorsteinsson á Hólum setur systraklaustur að Stað í Reynisnesi og skipar ýmsar jarðir til klaustursins, árið 1295. Biskup leggur klaustrinu til hálfu Reynistaðaland auk 23 jarða og jarðahluta. Í.f. II. b., nr. 159, bls. 300-302. *Merkt 70 a-c.*
- 2(156) Jarðaskrá 1446. Reikningur Reynistaðaklausturs. Meðal eigna eru 43 jarðir auk 3 eyðijarða í eigu klaustursins. Í.f. IV. b., nr. 733, bls. 700-702. *Merkt 71 a-c.*
- 2(157) Elsti hluti af Sigurðarregistri, 1525. Reikningar kirkjunnar og klaustursins á Reynisnesi. Klaustrið á m.a. Hryggi með öllum Víðidal. Í.f. IX. b., bls. 320-322. *Merkt 72 a-c.*

*Bréfabækur biskupa (skjalaflokkur B.8.):*

- 2(100) Bréf um jarðadeilur. Minnst á selför í Tungulandi, bls. 536-537, ódags. en líkl. frá 1601. *Merkt 3.*
- 2(101) Deilur um Víknaönd á Skaga, bls. 150-151, dags. 2.6.1647. *Merkt 4.*
- 2(102) Seðill um jörðina Skrapatungu. Vikið að beitarítaki sem tilheyrir jörðinni, bls. 481, dags. 25.6.1676. *Merkt 7.*
- 2(113) Um landamerki biskupsjarðarinnar Markar, bls. 172, dags. 22.5.1650. *Merkt 6.*
- 2(114) Um landreit sem Skrapatunga hélt, bls. 536-537, ódagsett, en líklegast frá árinu 1601. *Merkt 7.*
- 2(115) Seðill um Skrapatungu og land hennar, bls. 481, dags. 25.6.1675. *Merkt 8.*

*Alþingisbækur Íslands (B.9.):*

- 2(149) Þúfnavellir. Bréf sem kom fyrir lögmann á Alþingi árið 1672 sem sýnir að a.m.k. einn bær var í byggð á Víðidal það ár og tilheyrði Reynistaðaklaustri. *Merkt 5 a.*

*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*

- 4(107) Balaskarð, dags. 30.4.1890.
- 4(110) Landamerki Ásbúðna og Hraun og landamerki Ásbúðna og Mánavíkur, ódags. en mótt. til þingl. 29.9. 1980.

*Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*

- 4(71) Reynistaður, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Skagafjarðarsýslu.
- 4(73) Reynistaður, yfirlitssíða úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.
- 4(74) Reynistaður, spjald úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.
- 4(75) Skálarhnjúkur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar

- Skagafjarðarsýslu.
- 4(76) Skálarhnjúkur, yfirlitssíða úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.
- 4(77) Skálarhnjúkur, spjald úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.
- 4(78) Hraun, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Skagafjarðarsýslu.
- 4(79) Hraun, yfirlitssíða úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.
- 4(80) Hraun, spjald úr Afsals- og veðmálabók Skagafjarðarsýslu.
- 4(81) Reynistaður, þinglýsingarvottorð, dags. 10.5.2013.
- 4(82) Hraun, þinglýsingarvottorð, dags. 10.5.2013.
- 4(83) Skrapatunga, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
- 4(84) Skrapatunga, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
- 4(85) Skrapatunga, þinglýsingarvottorð, dags. 27.6.2013.
- 4(86) Höskuldsstaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
- 4(87) Höskuldsstaðir, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
- 4(88) Höskuldsstaðir, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.
- 4(89) Upprekstrarfélag Sauðárhrepps selur 1/3 úr Skálahnjúkslandi til upprekstrarfélags Staðarhrepps til fullra nota sem afréttarland, dags. 11.3.1907.
- 4(90) Kaupsamningur/afsal. Skálahnjúkur í Sauðárhreppi seldur upprekstrarfélaginu, dags. 25.5.1906.
- 4(91) Árétting á afsali. Skálahnjúkur í Sauðárhreppi er selt Sauðárhreppi hinum forna, dags. 11.12.1908.
- 4(94) Ákvörðun Vindhælis- og Engihlíðarhrepps um skiptingu á afréttarlandinu Laxárdal sín á milli, byggð á landamerkjabréfi dags. 22.6.1923, dags. 6.7.1925.
- 4(95) Landamerkjabréf fyrir Skrapatungu, dags. maí 1980.
- 4(96) Afsal. Jörðin Skrapatunga seld ásamt Skrapatunguafrétt, dags. 15.8.1957.
- 4(97) Yfirlýsing umráðamanns Skrapatunguafréttar um fjallatolla og upprekstur á Skrapatunguheiði, dags. 10.5.1890.
- 4(98) Kaupsamningur um Þverá í Hallárdal, dags. 9.5.1894 og afsal dags. 23.12.1895.
- 4(99) Kaupsamningur og afsal fyrir Hvammshlíð, dags. 15.6.1897.
- 4(100) Bannskjal um upprekstur um Balaskarð til Skrapatunguafréttar, dags. 1.5.1913.
- 4(101) Afsal fyrir Skrapatungu. Skrapatunguafrétt undanþegin sölunni, dags. 1.6.1947.
- 4(102) Afsal fyrir Skálahnjúki, dags. 29.5.1841.
- 4(103) Afsal fyrir Skálahnjúki, dags. 15.3.1842.
- 4(104) Afsal fyrir Skálahnjúki, dags. 17.3.1848.
- 4(111) Skrapatunga, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1801-1900.
- 4(112) Skrapatunga, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.
- 4(113) Balaskarð, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

*Fornleifaskráning (skjalaflokkur A.14.):*

- 4(17) Menningarminjar á miðhálandi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, bls. 3–27, 59–61, 127–147.
- 4(68) Menningarminjar í Austur-Húnavatnssýslu. Svæðisskráning: 1. hefti. Greinargerð og fornleifar í Sveinsstaðahreppi, bls. 3-37 og 48-68; 4. hefti. Fornleifar í Engihlíðahreppi, bls. 407-417; 5. hefti. Fornleifar í Vindhælishreppi, bls. 473-485, 490-495, 506-520, 522-533, 541-551, 555-560, 570-577, 592-598 og 603-606.
- 4(92) Fornleifaskráning Skagabyggðar: Balaskarð og Skrapatunga. 2012/123. 44 bls., auk fylgiskjala.

*Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):*

- 4(1) Símskeyti Fossanefndar til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum, dags. 3.4.1918.
- 4(2) Bréf Þjóðskjalasafns Íslands til óbyggðanefndar. Upplýsingar um gögn á safninu

- 
- er varða þingsályktun um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum, dags. 23.8.2005.
- 4(3) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta, dags. 29.12.1919.
- 4(4) Svarbréf Sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 28.4.1920, við bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
- 4(5) Svarbréf Bólstaðarhlíðahrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 18.2.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
- 4(6) Svarbréf Staðarhrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 21.2.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
- 4(7) Svarbréf Engihlíðahrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 5.2.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
- 4(8) Svarbréf Vindhælishrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, ásamt upplýsingum um mörk Almennings á Skagaheiði, dags. 1.4.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
- 4(9) Svarbréf skrifstofu Skagafjarðarsýslu, dags. 14.2.1920, við bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
- 4(10) Bréf sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu til Tryggva Gunnarssonar lögfr., dags. 29.11.1985, ásamt skrá yfir afréttir, eignarheimildir og landamerki í Skagafjarðarsýslu (Staðarafrétt, afréttarlönd Skarðshrepps, Skagaheiði, hluti af Staðarafrétt, Reynistaðarafrétt og Skálahnjúkur).
- 4(11) Fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins til sveitarfélaga um afrétti og upprekstarrett, dags. 20.2.1989.
- 4(12) Svarbréf Höfðahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstarrett í sveitarfélaginu, dags. 27.4.1989.
- 4(13) Svarbréf Skagahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstarrett í sveitarfélaginu, dags. 3.3.1989.
- 4(14) Svarbréf Sauðárkrókskaupstaðar við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstarrett í sveitarfélaginu, dags. 7.11.1989.
- 4(15) Svarbréf Vindhælishrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstarrett í sveitarfélaginu, dags. 28.2.1989.
- 4(16) Svarbréf Rípurhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstarrett í sveitarfélaginu, dags. 21.11.1989.
- 4(18) Minnispunktar Skipulags ríkisins til félagsmálaráðuneytisins varðandi skipun afrétta innan marka sveitarfélaga, ásamt bráðabirgða afréttaskrá Skipulags ríkisins, dags. 5.11.1989.
- 4(70) Hefti með ágripum og greinum um Húnavetnska náttúru, 105 bls. Náttúrustofa Norðurlands vestra, dags. 10.4.2010.
- Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.) frá héraðsskjalasafni Austur - Húnavatnssýslu:*
- 4(93) Byggingarbréf Ambáttardalssels, dags. 1.6.1848.
- Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.) frá héraðsskjalasafni Skagfirðinga:*
- 4(105) Reynistaðarafrétt. Gjörðabók hreppsnefndar Staðarhrepps 1882-1911, án blaðsíðutals. Lýsing á merkjum Reynistaðarafréttar, dags. 31.12.1886. Frumrit skjals hefur ekki fundist.
- 4(106) Skálahnjúkur. Fasteignaregistur Skagafjarðarsýslu 1831-1848. Frumrit skjals hefur ekki fundist.
- 4(108) Beiðni upprekstrarfélags Staðarafréttar til sýslunefndar Skagafjarðarsýslu um að heimila upprekstrarfélaginu að kaupa Þórðarselsland og Skálahnjúksland. Merkjum lýst, dags. 24.1.1920. (Bréf til sýslunefndar Skagafjarðarsýslu – HSK sýslunefnd O-19 B/2).
- 4(109) Bréf Sigurjóns Jónssonar til sýslunefndar Skagafjarðarsýslu um fyrirhuguð kaup upprekstrarfélags Staðarafréttar á Þórðarseli og Skálahnjúk og tilhögun

---

gangna, dags. 5.2.1920. (Bréf til sýslunefndar Skagafjarðarsýslu – HSk sýslunefnd O-19 B/2).

*Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):*

- 4(19) Ný jarðabók 1861, bls. 90-92, 107 og 99-110.
- 4(63) Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 222-281.
- 4(64) Fasteignabók 1921, bls. 99-121.
- 4(65) Fasteignabók 1932, bls. 60-71.
- 4(66) Fasteignabók 1942-1944, bls. 26-32.

*Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):*

- 4(20) Viðauki við fjallskilareglugjörð Skagafjarðarsýslu, nr. 110/1897, B-deild, bls. 180–181.
- 4(21) Reglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu um fjallskil o.fl., nr. 61/1901, B-deild, bls. 83–95.
- 4(22) Fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 76/1904, B-deild, bls. 144–155.
- 4(23) Fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 29/1918, B-deild, bls. 60–79.
- 4(24) Reglugjörð um breytingu á viðauka við fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1.5.1918, nr. 53/1919, B-deild, bls. 107.
- 4(25) Reglugjörð um viðauka við reglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1.5.1918, nr. 12/1920, B-deild, bls. 29.
- 4(26) Reglugjörð um viðauka við fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1.5.1918, nr. 13/1923, B-deild, bls. 25.
- 4(27) Reglugjörð um breytingu á viðauka við fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1.5.1918, og reglugjörð um breyting á og viðauka við sömu reglugjörð frá 3.5.1919, nr. 49/1924, B-deild, bls. 87–88.
- 4(28) Fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 89/1935, B-deild, bls. 220–240.
- 4(29) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 89, 16.8.1935, nr. 79/1940, B-deild, bls. 149.
- 4(30) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 89, 6.8.1935, nr. 42/1950, B-deild, bls. 123.
- 4(31) Fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað, nr. 535/1982, B-deild, bls. 941–950.
- 4(32) Reglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu um fjallskil o.fl., nr. 68/1993, B-deild, bls. 93–100.
- 4(33) Fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 488/1998, B-deild, bls. 1602–1612.
- 4(34) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 89/1898, B-deild, bls. 123–132.
- 4(35) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 62/1901, B-deild, bls. 95–96.
- 4(36) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 76/1905, B-deild, bls. 131–144.
- 4(37) Reglugjörð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um breyting á reglugerð fyrir Húnavatnssýslu 19.6.1905 um fjallskil o.fl., nr. 83/1914, B-deild, bls. 135–136.
- 4(38) Reglugjörð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 106/1917, B-deild, bls. 277–292.
- 4(39) Reglugjörð um breyting á reglugjörð 2.11.1917 fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 152/1919, B-deild, bls. 201.
- 4(40) Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl. frá 211.1917, nr. 60/1920, B-deild, bls. 170–171.
- 4(41) Reglugjörð um breyting á reglugjörð 2.11.1917 fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og reglugjörð um breyting á þeirri reglugjörð 23. 7.1919, nr. 60/1922, B-deild, bls. 113.
- 4(42) Reglugjörð um breyting á reglugjörð 2. nóv. 1917 fyrir Austur-Húnavatnssýslu

- um fjallskil o. fl., nr. 48/1924, B-deild, bls. 86–87.
- 4(43) Reglugjörð um breyting á reglugjörð 16.11.1920, um breyting á reglugjörð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, um fjallskil o. fl., frá 2.11.1917, nr. 80/1925, B-deild, bls. 191.
- 4(44) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl., frá 2.11.1917, nr. 60/1932, B-deild, bls. 156-157.
- 4(45) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 2.11.1917, nr. 159/1939, B-deild, bls. 256–257.
- 4(46) Reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira, nr. 98/1941, B-deild, bls. 157–168.
- 4(47) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, um fjallskil og fleira frá 15.7.1941, nr. 127/1944, B-deild, bls. 167.
- 4(48) Auglýsing um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 98 frá 15.7.1941, nr. 180/1945, B-deild, bls. 345.
- 4(49) Auglýsing um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, um fjallskil og fleira, nr. 98 frá 15.7.1941, nr. 84/1946, B-deild, bls. 157.
- 4(50) Auglýsing um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu frá 15.7.1941, nr. 127/1947, B-deild, bls. 271.
- 4(51) Reglugerð um breytingar til bráðabirgða á fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu, nr. 98 15.7.1941, er gildi meðan bannað er að reka sauðfé til heiða, nr. 100/1949, B-deild, bls. 209.
- 4(52) Reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira, nr. 19/1961, B-deild, bls. 59–71.
- 4(53) Auglýsing um breytingu á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira nr. 19 23.1.1961, nr. 96/1961, B-deild, bls. 213.
- 4(54) Reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira, nr. 177/1971, B-deild, bls. 326–339.
- 4(55) Fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 9/1989, B-deild, bls. 8–18.
- 4(56) Auglýsing um breytingu á fjallskilasamþykkt nr. 9/1989 fyrir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 400/1996, B-deild, bls. 1073.
- 4(72) Fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Húnavatnssýslu, nr. 299/2009, B-deild, 8 bls.
- 4(69) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og meðferð á óskilafjenaði, nr. 84/1892, B-deild, bls. 126-134.

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt Stjórnartíðindum (skjalaflokkur B.6.):*

- 4(57) Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, um skiptingu Vindhælishrepps í þrjú sveitarfélög, nr. 87/1938, B-deild, bls. 153-154.
- 4(58) Bréf landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um áreið á svonefndan Almennung á Skagaheiði og kostnað við áreiðagjörðina, nr. 45/1889, B-deild, bls. 57-58.
- 4(59) Bréf landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um gangnatakörk á milli 2 rjetta (Skrapatungu- og Landsendarjetta), nr. 76/1879 B-deild, bls. 72-73.
- 4(60) Samþykkt fyrir veiðifélagið Hængur, nr. 136/1952, B-deild, bls. 278-280.
- 4(61) Samþykkt fyrir veiðifélagið Langavatns í Skagahreppi, nr. 378/1995, B-deild, bls. 897-898. Arðskrá fyrir Veiðifélag Langavatns og Fjallabaksár á Skaga, nr. 707/1996, B-deild, bls. 1811.
- 4(62) Samþykktir veiðifélags fyrir Laxá í Skefilsstaðahreppi, Skagafirði, nr. 334/1972, B-deild, bls. 707-708.
- 4(67) Lög um að skipta Húnavatnssýslu í tvö sýslufélög, nr. 77/1907, A-deild, bls. 470.
- 4(61) Samþykkt fyrir Veiðifélag Langavatns og Fjallabaksár á Skaga, nr. 1078/2007, B-deild, 3 bls. Arðskrá fyrir Veiðifélag Langavatns og og Fjallabaksár, nr.

- 
- 1085/2007, B-deild, 1 bls.  
4(62) Samþykkt fyrir Veiðifélag Laxár í Skefilsstaðahreppi, nr. 1060/2007, B-deild, 2 bls.

**Lagt fram af Jörundi Gaukssyni vegna Mjóadals í Laxárdal:**

5 Kröfulýsing, dags. 29.10.2012.

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Almennings á Skagaheiði, ásamt aðliggjandi jörðum:**

- 6 Kröfulýsing ásamt skjalaská, dags. 7.2.2013.
- 6(1) Ófullgerðir uppdrættir af landamerkjum, unnið af Stoð verkfræðistofu, ódags.
  - 6(2) Yfirlýsing um landamerki milli Skagabyggðar og suðurmörk Sveitarfélagsins Skagastrandar, ásamt uppdrætti, dags. 30.11.2012.
  - 6(3) Yfirlýsing um landamerki milli Skagabyggðar og aðliggjandi jarða, ásamt uppdrætti, ódags. en þingl. 11.2.2013.
  - 6(4) Tjörn. Útrentun úr fasteignaskrá, dags. 5.2.2013.
  - 6(5) Tjörn. Veðbandayfirlit, útrent frá Creditinfo, dags. 5.2.2013.
  - 6(6) Fjall. Útrentun úr fasteignaskrá, dags. 5.2.2013.
  - 6(7) Fjall. Veðbandayfirlit, útrent frá Creditinfo, dags. 5.2.2013.
  - 6(8) Bergsstaðir. Útrentun úr fasteignaskrá, dags. 5.2.2013.
  - 6(9) Bergsstaðir. Veðbandayfirlit, útrent frá Creditinfo, dags. 5.2.2013.
  - 6(10) Þverá í Hallárdal. Útrentun úr fasteignaskrá, dags. 5.2.2013.
  - 6(11) Þverá í Hallárdal. Veðbandayfirlit, útrent frá Creditinfo, dags. 5.2.2013.
  - 6(12) Hvammshlíð. Útrentun úr fasteignaskrá, dags. 5.2.2013.
  - 6(13) Afsalsbréf. Landbúnaðarráðherra selur og afsalar hreppsnefnd Höfðahrepps Spákonufell og Höfðahóla, dags. 9.2.1971.
  - 6(14) Áreið á Skagaheiði til að ákveða merki milli almennings og aðliggjandi jarða. 20. og 21.7.1885.
  - 6(15) Engjamerki milli Syðra-Mallands og Ytra-Mallands, dags. 24.2.1924.
  - 6(16) Breyttar kröfulínur sveitarfélaga vegna Almennings á Skaga, dags. 22.6.2013.
  - 6(17) Yfirlýsing um landamerki Þverár í Hallárdal, Skagabyggð, dags. 31.1.2013.
  - 6(18) Athugasemdir við kröfulýsingu íslenska ríkisins vegna þjóðlendu á Skaga, eftir Rafn Sigurbjörnsson, dags. 7.5.2013.

**Lagt fram af Stefáni Þ. Ólafssyni hrl. vegna Fannlaugarstaða í Skagafirði:**

- 7 Kröfulýsing, dags. 30.1.2013.
- 7(1) Áreið og útmæling Fannlaugarstaða, dags. 10.7.1823, ásamt óstaðfestri uppskrift. a-b
  - 7(2) Greinargerð, dags. 4.6.2013.
  - 7(3) Afsal fyrir Fannlaugarstöðum, dags. 11.5.1895
  - 7(4) Oddviti Engihlíðarhrepps óskar eftir samþykki sýslunefndar til að kaupa fyrir reikning sveitarsjóðs Skrapatungu með afréttarlandi ásamt eyðijörðinni Fannlaugarstaði, dags. 29.2.1896. Úr Bréfabók Engihlíðarhrepps.
  - 7(5) Skýrsla um eignir og skuldir sveitarsjóðs Engihlíðarhrepps í fardögum 1898, dags. 4.11.1898.
  - 7(6) Reikningar yfir tekjur og útgjöld sveitarsjóðs Engihlíðarhrepps fardagaárið 1897-1898, dags. 4.11.1898.
  - 7(7) Kort af veiðistöðum í Laxá í Laxárdal (Skefilsstaðahreppi), ódags. en mótt. 10.9.2013.
  - 7(8) Tilvitnanaskjöl (m.a. dómar og úrskurðir þjóðlendumála) vegna Skrapatunguafreftar, Fannlaugarstaða og Skálahnjúks, dags. 7.9.2013.

**Lagt fram af Stefáni Þ. Ólafssyni hrl. vegna Móbergssels:**

8 Kröfulýsing, dags. 30.1.2013.

- 
- 8(1) Móbergssel. Veðbandayfirlit, útprentun úr fasteignaskrá, dags. 5.2.2013.
  - 8(2) Móbergssel. Útprentun úr fasteignaskrá, dags. 5.2.2013.

**Lagt fram af Stefáni Þ. Ólafssyni hrl. vegna Skálahnjúks:**

- 9 Kröfulýsing, dags. 30.1.2013.
- 9(1) Greinargerð, dags. 24.5.2013.
- 9(2) Gangnaseðill fyrir Engihlíðarhrepp, dags. 7.9.1889.

**Lagt fram af Stefáni Þ. Ólafssyni hrl. vegna Skrapatunguafréttar:**

- 10 Kröfulýsing, dags. 30.1.2013.
- 10(1) Greinargerð, dags. 4.6.2013.
- 10(2) Afsal fyrir Skrapatungu og þrætulandi til Árna Þorkelssonar á Geitaskarði nr. 1780, dags. 11.5.1895.
- 10(3) Afsal fyrir Skrapatungu, dags. 24.5.1944. Skrapatunguafrétt undanþegin sölunni. Upplesið á manntalsþingi að Höskuldsstöðum 10.8.1944.
- 10(4) Dómur tólf presta vegna Mjóadals og Skrapatunguafréttar, dags. 4.9.1472. Biskup staðfestir dóminn, dags. 9.9.1472. Í.f. bls. 676-681.
- 10(5) Skýringar og kortlagning á túlkun skjala skv. beiðni óbyggðanefndar, dags. 14.2.2014. Sjá kort nr. 14(1) a-c.

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Staðarafréttar og aðliggjandi svæða:**

- 11 Kröfulýsing, dags. 7.2.2013.
- 11(1) Skjalaskrá, dags. 7.2.2013.
- 11(2) Afrit af lögfestu Reynisstaða, dags. 18.5.1790. Kennileiti númeruð.
- 11(3) Sala og afsal á Staðarafrétt og Gvendarstaðalandi, vitnað í kaupsamning frá 5.3.1898, dags. 25.2.1899.
- 11(4) Kaupsamningur um Reynistaðarafrétt, dags. 5.3.1898.
- 11(5) Sala og afsal á Staðarafrétt, dags. 21.12.1907.
- 11(6) Sala og afsal fyrir Fannlaugsstaði og Skrapatungu, dags. 11.5.1895.
- 11(7) Lögfesta fyrir Skálahnjúki, dags. 29.4.1751, ásamt óstaðfestri uppskrift.
- a-b
- 11(8) Afsal fyrir Skálahnjúk í Sauðárhreppi til Sauðárhrepps hins forna, dags. 11.12.1908.
- 11(9) Kaupsamningur og afsal fyrir Hvammshlíð, dags. 15.6.1897.
- 11(10) Jarðakaupasamningur fyrir landsparti milli Ambáttarár og Rauðagils við a-b Skrapatunguafréttarland, dags. 24.4.1832, ásamt óstaðfestri uppskrift.
- 11(11) Halldór Vídalín lögfestir klausturland Reynistaðarklausturs. Landamerkja getið, dags. 18.5.1790. Númer kröfupunkta merkt inn í textann. Sjá einnig skjal nr. 2(77) a-b.
- 11(12) Greinargerð, dags. 10.6.2013
- 11(13) Landamerki Hvammshlíðar og Skrapatunguafréttar. Sveitarfélagamörk milli Skagabyggðar og Blönduóss, skráð 25.11.2012.
- 11(14) Loftmynd af Staðarafrétt með kröfulínunum og jarðamerkjum svæðisins, unnið af Ingvari Páli Ingvarssyni starfsmanni sveitarfélagsins Skagafjörður. Kort af suðurhluta Skaga sem búið er að merkja inn á það ár sem byggð lagðist af tilteknum jörðum og seljum, ódags. en mótt. 9.9.2013.
- 11(15) Skýringar og kortlagning á túlkun skjala skv. beiðni óbyggðanefndar, dags. 14.2.2014, ásamt skjalaskrá og fjórum loftmyndakortum með afmörkun landsvæða út frá heimildum.
- 11(16) Landamerkjaskrá fyrir Veðramóti, dags. 10.6.1923.
- 11(17) Sala Reynistaðar ásamt hjáleigum, dags. 7.3.1843.
- 11(18) Afsal fyrir Skrapatungu og þrætulandi til Árna Þorkelssonar á Geitaskarði nr. 1780, dags. 11.5.1895.

- 11(19) Afsal fyrir Hryggjum til upprekstrarfélags Staðarafréttar, dags. 22.5.1914.
- 11(20) Sala á hluta Illugastaða í Skefilsstaðahreppi, sunnan Engjalækjar svo sem vötn að draga vestur í sýslumerki, dags. 22.10.1921.
- 11(21) Afsal. Kálfárdalur seldur og afsalaður til Rípurhrepps, dags. 23.8.1968.
- 11(22) Listi yfir skjöl frá sýslumannsembættinu á Sauðárkróki vegna gagnaöflunar, dags. 13.3.2014.
- 11(23) Kaupsamningur um jörðina Dalsá (Heiði), dags. 24.5.1928.
- 11(24) Kaupsamningur um jörðina Dalsá (Heiði), dags. 6.11.1921.
- 11(25) Bréf frá seljanda Þórðarsels til þáverandi oddvita Skarðshrepps, merkjum jarðarinnar lýst, dags. 26.4.1959. Þinglýst sem landamerkjabréfi og afsali, 4.7.1962.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- 12 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, dags. 13.11.2014.
- 13 13(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 4.3.2013.
- 13(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 21.3.2013.
- 13(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 29.4.2013.
- 13(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 12.6.2013.
- 13(5) Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 28.6.2013.
- 13(6) Fundargerð 6. fyrirtöku, dags. 17.7.2013.
- 13(7) Fundargerð 7. fyrirtöku, dags. 9.8.2013.
- 13(8) Fundargerð 8. fyrirtöku, dags. 30.8.2013.
- 13(9) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 9 og 10.9.2013.
- 13(10) Fundargerð endurupptöku, dags. 9.12.2014.

**Lagt fram af málsaðilum:**

- 14 a-b Yfirlitskort, mælikvarði 1:50.000 í A1. Mál nr. 1/2013. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 29.4.2013 og 6.9.2013.
- 14(1) Kort sem sýna skýringar á túlkun skjala vegna ágreiningssvæða Staðarafréttar,
- a-c Skrapatunguafréttar, Fannlaugarstaða og Skálahnjúks, dags. 11.2.2014. Mælikvarði 1:45000 í A1.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- 15 Sátt um eignarréttarlega stöðu Almennings á Skagaheiði, dags. 17.7.2013.

**Hliðsjónargögn**

**Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:**

- Ónr. Íslensk fornrit 1. bindi. Íslendingabók Landnámabók, síðari hluti, bls. 211-229.
- Ónr. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II Skagafjarðarsýsla. Bókaútgáfan Norðri, bls. 37, 52 og 64.
- Ónr. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. I Húnavatnssýsla. Bókaútgáfan Norðri, bls. 11, 18, 29, 53, 54, 61, 67, 73, 74, 80, 85, 93, 101, 102, 103, 104, 136, 137, 139, 140, 142 og 165.
- Ónr. Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi. Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur, bls. 18, 72, 164, 176, 186, 256, 270, 272, 276, 285 og 318.
- Ónr. Byggðarsaga Skagafjarðar II. bindi. Staðarhreppur – Seyluhreppur, bls. 20, -22, 51, 53, 60, 86 og 154-159.
- Ónr. Húnaþing I. bindi. Húnavatnsping e. Halldór Jónsson, bls. 1, 3.
- Ónr. Húnaþing III. bindi, bls. 1- 2, 19-22, 111, 117, 123, 132-136, 173, 182-183, 194, 209 -214, 251, 257-262, 277, 314, 330, 338 og 341.



- 
- Ónr. Árbók F.Í. 1964. Austur-Húnavatnssýsla, eftir Jón Eyþórsson, bls. 6-7.
- Ónr. Árbók F.Í. 2007. Húnaþing eystra frá jökklum til ystu stranda, eftir Jón Torfason, bls. 48, 97, 219 og 224.
- Ónr. Göngur og réttir, III.b., Hnappadalssýsla – Húnavatnssýslur, bls. 142-143, 204-205, 218-219 og 268-269.
- Ónr. Göngur og réttir, IV.b., Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, vestanverð, bls. 36-41.
- Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 8. b., bls. 3-4, 6-8, 39-40, 48-53, 58, 59-64, 67-74, 131-134, 145-149, 151-153, 195-197, 228-231, 248-251, 276-277, 282-287, 291-292, 295-296, 330-334, 424-432 og 451-452.
- Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 9. b., bls. 3, 4, 6-18, 25, 27-28 og 73-78.
- Ónr. Yfirlit Þjóðskjalasafns, ódags. Fyrirspurnir sýslumanna 1999 og afréttarskrár 1985.
- Ónr. Yfirliti Þjóðskjalasafns, ódags. Svör við fyrirspurnum félagsmálaráðuneytis 1999.
- Ónr. Yfirlit Þjóðskjalasafns, ódags. Svör hreppsstjóra.

#### **Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:**

- Ónr. Skýrslur í máli 1/2013 hjá óbyggðanefnd (19 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).
- Ónr. Frásögn úr *Sagnir um slysfarir í Skefilsstaðahreppi 1800-1950* um ábúanda / eiganda að Skálahnjúki, án blaðsíðutals.
- Ónr. Frásögn úr *Sögu Skagstrendinga og Skagamanna* um eigendaskipti að Skálahnjúk, bls. 141-142.
- Ónr. Frásögn úr *Skagfirðingabók* um ábúendur Skálahnjúks á árunum 1856 – 1903, bls. 56-61.

#### **Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Almennings á Skagaheiði, ásamt aðliggjandi jörðum:**

- Ónr. Útdráttur úr Húnaþingi. Landamerki Þverár í Hallárdal, bls. 12-13.

#### **Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Staðarafréttar:**

- Ónr. Byggðarsaga Skagafjarðar II. bindi. Staðahreppur – Seyluhreppur, bls. 8-19, 138-139 og 164-171.
- Ónr. Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi. Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur, bls. 176-179 og 270-277.
- Ónr. Landið og Landnáma, Norðlendingafjórðungur. I. b., bls. 266-272.
- Ónr. Hliðsjónargögn, m.a. landamerkjalog, nýbýlatilskipun 1776, kandidategðir, úrskurðir og dómar í þjóðlendumálum, afhent við aðalmeðferð málsins 10.9.2013,

#### **Lagt fram til hliðsjónar af Stefáni Þ. Ólafssyni hrl. vegna Skrapatunguafréttar:**

- Ónr. Mjóidalur og Skrapatunga. Í.F. V. b., bls. 612-613 og 676-681.

#### **Lagt fram af óbyggðanefnd til upplýsinga fyrir aðila:**

- Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum, dags. 22.9.2011.
- Ónr. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013.
- Ónr. Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007, ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl gætu verið varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.
- Ónr. Útprintun af tölvupósti Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi gagnaöflun óbyggðanefndar. Ritað af tilefni greinar Einars Gunnars Péturssonar í Morgunblaðinu, dags. 5.6.2007: „Um vinnubrögð í þjóðlendumálum.“
- Ónr. Efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. „Heimildaskráning jarða“, fyrir Húnavatnssýslur og hluta Skagafjarðarsýslu.